**ÁRNI MÁR ERLINGSSON**

*Málar hauskúpur og fiska á skóna sína*

Tíska Heilsa Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**HAFNARFJÖRÐUR**

*Samfélag með mikla sál*

Sérblað um Hafnarfjörð

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. október 2006 — 287. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**FIMMTUDAGUR**



**Færa íbúum Coventry jól**

Stelpurnar í Nylon kveikja á jólaljósum ensku borgarinnar.

FÓLK 50



**Samdi þakkaróð til Björgvins**

Eyjólfur Kristjánsson heiðrar stórsöngvarann með nýju lagi.

FÓLK 62

**Tvítugur helgidómur**

Boðið verður upp á þriggja daga afmælisdagskrá í tilefni af tuttugu ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju.

TÍMAMÓT 36

**Tryggvi áfram hjá FH**



Tryggvi Guðmundsson segir ekkert hæft í þeim sögum að hann sé á leið frá Íslandsmeistaraliði FH.

ÍÞRÓTTIR 56

**VEÐRIÐ Í DAG**




**RIGNING EÐA SLYDDA** - Í dag verður stíf suðaustan átt við suðurströndina, annars hægari. Rigning vestan til, annars lítilsháttar skúrir eða slydduél. Hiti 2-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

**Lestur föstudaga**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.

# Fleiri útlendingar hér en á hinum Norðurlöndunum

**Allt að 30 þúsund erlendir ríkisborgarar eru hér á landi og 13 þúsund þeirra eru á vinnumarkaði. Talsmaður Samtaka atvinnulífsins segir útlendinga halda fyrirtækjum gangandi og án þeirra hefðu mörg þeirra þurft að flytja starfsemi sína til útlanda. Formaður BSRB segir þróunina hafa verið óheppilega.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Útlendingastofnun hafði seint í október fengið 12.995 umsóknir um dvalarleyfi. Það eru fleiri umsóknir en stofnuninni bárust allt árið í fyrra. Halldór Grönvold hjá Alþýðusambandi Íslands telur hátt í 30 þúsund erlenda ríkisborgara dvelja í landinu, en talsmaður Alþjóðahúss segir töluna liggja nær 25 þúsundum. Samkvæmt tölum frá Vinnumálastofnun eru á bilinu 12 til 13 þúsund erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði, eða um 7 prósent af öllu starfandi fólki. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að nú sé hlutfall starfandi erlendra ríkisborgara hið hæsta á Íslandi miðað við önnur Norðurlönd. Danmörk er í öðru sæti, en þar er hlutfall erlendra ríkisborgara um 4 til 5 prósent af öllu vinnuafli. Þetta kom fram í pallborðsumræðum hjá Útlendingastofnun í gær, en þátt tóku fjölmargir fulltrúar ýmissa stofnana sem starfa að málefnum útlendinga hérlendis.

> Enn er þörf á mörgum þúsundum í viðbót til að koma í veg að fyrirtæki verði undirmönnuð
>
> **RAGNAR ÁRNASON**
> HJÁ SAMTÖKUM ATVINNULÍFSINS

Í umræðunum var einnig bent á að mörg íslensk fyrirtæki eru nú háð erlendu vinnuafli og að rekja megi hagvöxt og uppgang síðustu ára að miklu leyti til þess. Ragnar Árnason, hjá Samtökum atvinnulífsins, telur að án erlends vinnuafls hefðu mörg fyrirtæki þurft að flytja starfsemi sína til útlanda. „Enn er þörf á mörgum þúsundum í viðbót til að koma í veg fyrir að fyrirtæki verði undirmönnuð og fari að missa verkefni.“

Einar Skúlason í Alþjóðahúsi benti á að flestir innflytjendanna væru á aldrinum 20-40 ára, og því mætti búast við mikilli fjölgun barna sem eru af erlendu bergi brotin.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, sagðist í setningarræðu á þingi BSRB í gær hafa þungar áhyggjur af stöðu mála. Markaðurinn hér sé opnari en dæmi séu um. Þegar saman fari opinn vinnumarkaður og þensla sé ekki að sökum að spyrja – hingað streymi fólk án afláts. „Á þessu ári hafa sjö þúsund manns komið inn á vinnumarkaðinn að utan, í september um tólf hundruð manns. Er þetta heppileg þróun? Ég segi nei,“ sagði Ögmundur í ræðu sinni. - kóþ, - ghs / sjá síðu 8




**VIÐ ÖLLU BÚNIR** Mikill viðbúnaður var í gær eftir að flugstjóri bandarískrar farþegaþotu óskaði eftir að lenda á Keflavíkurflugvelli vegna hreyfibilunar. Bilunin reyndist minni háttar og vélin hélt ferð sinni áfram. Sjá síðu 2 MYND/VÍKURFRÉTTIR

Gagnanotkun í Baugsmálinu:

## Deilt um gögn frá Lúxemborg

**BAUGSMÁL** Jón H. B. Snorrason saksóknari neitar því að málsgögn í Baugsmálinu, sem aflað var í Lúxemborg árið 2004, séu notuð í öðrum tilgangi en nefndur var í réttarbeiðni til lögregluyfirvalda.

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., lagði fram bréf við yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóra á mánudaginn, en hann var þá yfirheyrður vegna meintra skattalagabrota í tengslum við starfsemi Fjárfestingafélagsins Gaums og Baugs Group. Byggir rannsóknin meðal annars á kæru sem barst frá skattrannsóknarstjóra til Ríkislögreglustjóra í nóvember 2004.

Martine Solovieff, saksóknari í Lúxemborg, fékk ekki svar við bréfi sem hún sendi til Ríkislögreglustjóra árið 2004. - mh / sjá síðu 6

Borgarstjóri boðar úrbætur til að auka öryggi borgarbúa í samstarfi við lögreglu:

## Ólíðandi að borgarbúar geti ekki gengið öruggir um götur

**BORGARMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri Reykjavíkur, segist líta þær nauðganir sem átt hafa sér stað í borginni á undanförnum vikum mjög alvarlegum augum. Hann segir það ólíðandi að borgarbúar geti ekki gengið öruggir um götur borgarinnar. „Mér finnst þetta stórmál. Það er ekkert dýrmætara fyrir borgarana en að búa við öryggiskennd. Ég ræddi við Stefán Eiríksson, verðandi lögreglustjóra, í dag út af þessum málum og við ætlum að hittast aftur eftir helgi til að fara yfir þau. En lögreglan tekur þessi mál mjög alvarlega og er að leggja mikinn kraft í þau.“



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON**

Vilhjálmur segir að það sé stefna sín og Stefáns að auka samskipti og upplýsingaflæði milli lögreglunnar og borgarinnar. Þegar séu hafnar umræður og komnar fram hugmyndir um hvernig eigi í sameiningu að auka öryggi borgarbúa.

Hann nefnir þrjú atriði sem hann vill að verði bætt úr. Í fyrsta lagi að öryggismyndavélar séu á viðkvæmum svæðum og vill Vilhjálmur ekki útiloka að þeim verði fjölgað á næstunni. Í öðru lagi sé ástæða til að bæta lýsingu á svæðum sem gætu mögulega verið hættuleg og í þriðja lagi vill borgarstjóri leggja áframhaldandi áherslu á aukna hverfislöggæslu. „Hún hefur þegar gefið góða raun í hverfum borgarinnar. En allt þetta verður gert í góðu og nánu samstarfi við lögregluna.“ - þsj



## SPURNING DAGSINS



*Steingrímur, eiga hagamýs yfirhöfuð eitthvert erindi í jólaboð?*

„Þær verða þá að halda sig við malt og appelsín.“

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að níu ára börn læsu um hagamýs sem drekka áfengi í jólaboðum í samræmdum prófum sínum. Steingrímur Sigurgeirsson er aðstoðarmaður menntamálaráðherra.

Ný viðhorfskönnun meðal Norðurlandabúa til norræns samstarfs:

# Samstarfið enn mikils metið

**NORÐURLÖND** Tveir af hverjum þremur Norðurlandabúum telja samstarf við hin Norðurlöndin mjög mikilvægt. Þetta er meðal niðurstaðna í nýrri viðhorfskönnun sem Norðurlandaráð hefur látið gera, en niðurstöður hennar verða birtar í dag, fimmtudag. Síðast var sambærileg könnun gerð fyrir þrettán árum.

Athygli vekur að spurningu um það hvort þeir telji samstarf við tiltekin lönd sérstaklega mikilvægt til lengri tíma litið svara 69 prósent Íslendinga með því að nefna Norðurlönd, 52 prósent nefna Evrópusambandslönd en einungis 23 prósent Bandaríkin.



**NORRÆN SAMSTAÐA** Nýja könnunin er óbeint framhald af könnun sem Norðurlandaráð lét gera árið 1993.

Nærri því sama hlutfall íslenskra svarenda, 22 prósent, nefnir Kína í þessu sambandi.

Könnunin var gerð fyrr í þessum mánuði með slembiúrtaki úr símaskrám Norðurlandanna fimm. Samningu könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna annaðist Research International, í samstarfi við skrifstofu Norðurlandaráðs. Könnunin er birt í tengslum við Norðurlandaráðsþing, sem fer fram í Kaupmannahöfn um mánaðamótin. - aa

Berklafaraldur í Noregi:

# Innflytjendur í mestri hættu

**NOREGUR** Berklasmit er nú algengara í Noregi en þekkst hefur í hálfa öld. Faraldursins hefur einkum orðið vart í Björgvin og flestir hinna smituðu eru innflytjendur, sem voru með sjúkdóminn áður en þeir komu til Noregs.

Norska dagblaðið Aftenposten skýrði frá þessu í gær. Þar kemur einnig fram að milli 250 og 300 ný smit greinist á hverju ári í Noregi.

Heilbrigðisyfirvöld hafa þó einkum áhyggjur af því að hælisleitendur, sem eru berklasmitaðir, láti sig hverfa áður en meðferðinni er lokið, en það eykur hættu á útbreiðslu sjúkdómsins. - gb

Arngrímur Sveinsson:

# Lét lífið í bílslysi

**Maðurinn sem lést í umferðarslysi á fáförnum vegaslóða ofan við Hrauneyjar aðfaranótt síðastliðins laugardags hét Arngrímur Sveinsson, til heimilis að Vindási 4 í Reykjavík. Arngrímur var fæddur 8. mars 1949 og var því 57 ára þegar hann lést. Hann var ógiftur en lætur eftir sig einn uppkominn son.**



ARNGRÍMUR SVEINSSON

# Lögregla rannsakar þrjú nauðgunarmál

**Þrjár nauðganir hafa verið kærðar til lögreglu á tveimur vikum. Þær eiga það sameiginlegt að vera sérlega harkalegar og að vera framdar af mönnum sem eru fórnarlömbum sínum ókunnugir. Ekkert bendir til þess að málin tengist.**

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítug stúlka hefur kært mann til lögreglu fyrir að hafa nauðgað sér að morgni síðastliðins sunnudags. Að sögn Harðar Jóhannessonar aðstoðaryfirlögregluþjóns hafði stúlkan verið úti að skemmta sér í miðborg Reykjavíkur þegar hún þáði far hjá ókunnugum manni á Laugaveginum. Þau hafi síðan keyrt víða um og að endingu farið út fyrir íbúðabyggð. Þar hafi maðurinn ráðist á stúlkuna og nauðgað henni.

Stúlkan er erlend en er búsett hér á landi tímabundið vegna náms. Hún er því ekki kunnug staðarháttum í borginni og gat ekki staðfest hvert maðurinn hefði farið með hana. Einn af þeim stöðum sem eru til skoðunar er Öskjuhlíðin. Þá gat hún hvorki gefið greinargóða lýsingu á manninum né bílnum sem hann ók að öðru leyti en að bíllinn hafi verið ljós á litinn.

Þetta er þriðja nauðgunin sem er kærð á rúmum tveimur vikum þar sem ókunnugir menn ráðast að ungum stúlkum eftir að þær hafa verið við skemmtanahald um helgi í miðborginni.

Aðfaranótt 8. október neyddu tveir menn tvítuga stúlku inn í húsasund bak við Menntaskólann í Reykjavík. Þar hélt annar mannanna stúlkunni á meðan hinn nauðgaði henni.

Snemma morguns síðastliðinn laugardag réðust síðan tveir menn að átján ára stúlku við Þjóðleikhúsið á Hverfisgötu. Mennirnir þvinguðu stúlkuna inn á svæði þar sem ekki sást til þeirra og nauðguðu henni báðir. Samkvæmt upplýsingum lögreglu er ekkert sem bendir til þess að málin tengist á nokkurn hátt þótt ekki sé hægt að útiloka það. Öll þrjú málin eru óupplýst og hafa vakið mikinn óhug meðal borgarbúa.



**MIÐBORG REYKJAVÍKUR** Þrjár nauðganir hafa verið kærðar á síðustu tveimur vikum. Í öllum tilvikum höfðu fórnarlömbin verið að vera að skemmta sér í miðborginni.

> Ef nauðgarar ætla að nauðga þá nauðga þeir.“
>
> **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
> TALSKONA STÍGAMÓTA

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, segir að 20 til 30 prósent nauðgana séu framin af ókunnugum og því sé þetta því miður ekkert nýtt. Hún segir að það sé algerlega óþolandi að konur geti ekki gengið um götur óhultar og öruggar líkt og aðrir frjálsir borgarar. Þó sé erfitt að ráðleggja konum sérstaklega um hvernig þær ættu að beita sér til að reyna að fyrirbyggja árásir sem þessar. „Ef nauðgarar ætla að nauðga þá nauðga þeir. Ég held að maður eigi ekki að beina varnarorðum til kvenna heldur til mögulegra nauðgara.“

thordur@frettabladid.is



**LÚLLI** Kominn heim eftir hrakfarirnar.

Hundsræningjar gáfust upp:

# Lúlli kominn heim eftir sólarhrings prísund

**LÖGREGLUMÁL** Lúlla, hvítum og rauðbrúnum Cavalier King Charles Spaniel hundi, var stolið fyrir utan verslunarmiðstöðina í Gerðubergi á föstudagskvöldið. Eigandi Lúlla batt hann við grindverk á meðan hann brá sér inn í verslunarmiðstöðina; á meðan námu tveir menn Lúlla á brott að sögn sjónarvotta.

Tæpum sólarhring eftir ránið hringdu ræningjarnir í lögregluna og sögðust vera með hund „í óskilum“. Þeir báðu lögregluna að hafa samband við eigandann og segja honum að hitta sig á ákveðnum stað á tilteknum tíma, en þegar eigandinn mætti á staðinn hitti hann litla telpu sem lét hann fá Lúlla og kunni eigandinn ekki við að vera með „nein leiðindi“ við telpuna. - ifv

Hvalveiðarnar ganga vel:

# Þriðja langreyðin veidd í gær

**HVALVEIÐAR** Áhöfnin á Hval 9 náði í sína þriðju langreyði fljótlega eftir að varð leitarbjart í gærmorgun. Hvalurinn er talinn vera 62 fet og veiddist djúpt vestur af Snæfellsnesi. Um vænan hval er að ræða og búist er við Hval 9 í land með feng sinn í morgunsárið.



SIGURÐUR NJÁLSSON

Sigurður Njálsson, skipstjóri á Hval 9, var ekki bjartsýnn þegar hann lagði af stað á miðin í fyrradag vegna bræluútlits. Hann var þó sáttur við að nokkuð var um hval á þeim stað sem þeir hafa sótt til veiða að undanförnu. Þar hafa hefur áhöfnin séð til sandreyðar og langreyðar auk smáhvala. - shá

## HÉRAÐSDÓMUR

**Fjórir dæmdir**

Fjórir einstaklingar voru dæmdir í Héraðsdómi Norðurlands eystra í sektargreiðslur fyrir að hafa fíkniefni undir höndum. Greiðslurnar voru frá 40 þúsundum upp í 120 þúsund krónur.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Öryggislending bandarískrar þotu á Keflavíkurflugvelli:

# Hreyfill drap á sér vegna tölvubilunar

**FLUGUMFERÐ** Farþegaþota lenti óvænt á Keflavíkurflugvelli laust eftir klukkan fjögur í gær vegna þess að flugstjórinn hafði þurft að drepa á öðrum hreyflinum út af truflunum í mælitækjum.

Þotan, sem er frá bandaríska flugfélaginu Continental Airlines, var á leið frá Gatwick-flugvelli í Englandi til New Ark á austurströnd Bandaríkjanna þegar bilunarinnar varð vart. Vélin var stödd 583 sjómílur suðvestur af Íslandi þegar flugstjórinn lýsti yfir neyðarástandi og óskaði eftir að fá að lenda á Keflavíkurflugvelli. Þá vantaði klukkuna fimmtán mínútur í þrjú. Vélin lenti síðan í Keflavík tæpum einum og hálfum tíma síðar, eða klukkan tíu mínútur yfir fjögur.

Á landi niðri var viðbúnaður settur á hættustig. Skipum og bátum á hafi úti var gert viðvart. Skömmu áður en flugstjórinn lenti þotunni í Keflavík tókst honum að ræsa hreyfilinn að nýju. Lendingin gekk eðlilega og engan af 172 farþegum eða 8 manna áhöfn sakaði.

Við skoðun flugvirkja á búnaði vélarinnar sem er af gerðinni Boeing 757 kom í ljós að bilun í tölvunbúnaði hafði orsakað það að hreyfillinn stöðvaðist. Eftir að því hafði verið kippt í liðinn var ákveðið að vélin héldi áfram á upprunalegan áfangastað og var henni flogið á braut eftir að flugvallarstarfsmenn höfðu bætt eldsneyti á tanka hennar. - gar



**ÞOTAN VIÐ LEIFSSTÖÐ** Enginn sem var í Continental-vélinni, að undanskildum flugstjóranum einum, fór frá borði hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA




Er asmi eða ofnæmi á heimilinu?




nýtt







Gljástig 10

**1.080 kr.** Lady Vegg 1 ltr. 100% akrýl - Veggmálning - Þekur vel (2 umferðir) - Þornar fljótt - Slitsterk og auðvelt að þvo
7122200-204

Gljástig 15/40/80

**1.755 kr.** Lady Panel/Dør/List 1 ltr. Olíumálning án terpentínu - Þekur vel - Lítil lykt, þornar fljótt - Mjög slitsterk
7118010-014/7118066-071/7118150-154

Vatnsþynnanleg

**1.436 kr.** Lady Vegglasur 1 ltr. Til að bæsa og skreyta málaða veggi - Notendavæn - Grunnað með Lady Vegg 10/25
7122258










Gljástig 25

**3.196 kr.** Lady Veggmálning 3 ltr. 100% akrýl - Þekur vel - Þornar fljótt - Slitsterk og auðvelt að þvo
7122230-35

Gljástig 40

**1.596 kr.** Lady Lakk 1 ltr. Hefðbundin olíumálning - Mjög gott flot - Engin pensilför - Auðveld í notkun
7118050

Gljástig Matt

**1.759 kr.** Lady Interiørbeis 1 ltr. Olíubæs án terpentínu á; veggi, gólf, loft og húsgögn - Fegrar tréverkið - Spennandi litaval
7122253

www.egg.is

EGG

## GENGIÐ 25.10.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,94 | 68,26 |
| Sterlingspund | 127,6 | 128,22 |
| Evra | 85,48 | 85,96 |
| Dönsk króna | 11,463 | 11,531 |
| Norsk króna | 10,238 | 10,298 |
| Sænsk króna | 9,277 | 9,331 |
| Japanskt jen | 0,5701 | 0,5735 |
| SDR | 99,96 | 100,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,4238

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bild birtir ljósmyndir af þýskum hermönnum í Afganistan:

# Létu mynda sig með hauskúpu

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska varnarmálaráðuneytið lætur nú rannsaka ljósmyndir sem sýna einkennisklædda þýska hermenn í Afganistan stilla sér upp með hauskúpu, sem birtar voru í þýska blaðinu Bild í gær. Á einni þeirra heldur hermaður hauskúpunni við beruð kynfæri sín.

Samkvæmt frétt blaðsins voru myndirnar teknar nærri Kabúl, höfuðborg Afganistans, árið 2003. Ekki kom fram hvernig blaðið komst yfir myndirnar, en í frétt blaðsins er tekið fram að líklegt sé að hauskúpan komi úr „fjöldagröf" sem mennirnir hefðu fundið skammt frá Kabúl. Eins segir að óvíst sé hvort höfuðkúpan hafi tilheyrt Afgana eða sé frá tímum hernáms Sovétríkjanna í Afganistan.



**HROTTALEGAR MYNDIR** Þýska blaðið Bild birti í gær ljósmyndir af þýskum hermönnum með hauskúpu í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það er ljóst að slík hegðun meðal þýskra hermanna er alls ekki ásættanleg," hafði Bild eftir Franz Josef Jung varnarmálaráðherra, sem bætti því við að myndirnar væru „andstyggilegar."

Angela Merkel kanslari sór í gær að þeir hermenn sem hefðu tekið þátt í myndatökunni myndu sæta alvarlegri hegningu.

Þýski herinn hefur fundið tvo hermenn sem gætu tengst myndunum og er nú verið að yfirheyra þá. Annar hefur ekki starfað í hernum síðan árið 2003, en hinn er enn starfandi hermaður.

Yfir 2.800 þýskir hermenn eru nú á vegum NATO í Afganistan. - smk

Fannst látinn í Norrænu:

# Lést vegna innvortis blæðinga

**BANASLYS** Maðurinn sem fannst látinn í ferjunni Norrænu í síðustu viku hafði velt bíl sínum á leið sinni til Seyðisfjarðar. Hann hafði verið skoðaður af lækni á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum en var ekki lagður inn. Tveimur dögum síðar fannst hann látinn.

Talið er líklegt að banamein mannsins hafi verið innvortis blæðingar vegna áverka sem hann hlaut í bílveltunni. Hún er nú rannsökuð sem banaslys. Maðurinn hét Þórður Einar Guðmundsson. Hann var 44 ára og búsettur í Danmörku. Þórður Einar lætur eftir sig þrjár dætur. - tsj, - þsj

Rússar heimsækja Raufarhöfn:

# Smygluðu vodka og sígarettum

**LÖGREGLA** Lögreglan á Húsavík handtók í fyrrakvöld og fyrrinótt sex menn sem höfðu í sínum fórum 43 lítra af vodka og 14 þúsund sígarettupakka sem talið er að hafi verið smyglað úr rússnesku skipi sem kom með fisk til Raufarhafnar í fyrradag.

Að sögn Sigurðar Brynjólfssonar hjá lögreglunni á Húsavík voru mennirnir teknir með varninginn annars vegar á Raufarhöfn og hins vegar á leið þaðan vestur eftir þjóðveginum. Málið er ekki að fullu upplýst og voru þrír mannanna enn í haldi í gærkvöld. Meðal hinna grunuðu eru bæði Íslendingar og útlendingar. - gar

Bandaríkjamenn í Íran:

# Þurfa ekki að sýna fingraför

**TEHERAN, AP Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, bað þjóðþing landsins um að hafna frumvarpi að lögum um að taka þurfi fingraför af öllum Bandaríkjamönnum sem ferðast til Írans.**


MAHMOUD AHMADINEJAD

**„Við eigum í engum vandræðum með bandarísku þjóðina. Við erum eingöngu á móti yfirgangi og hroka bandarískra stjórnvalda," sagði Ahmadinejad.**

**„Þrátt fyrir ákvörðun Bandaríkjastjórnar um að láta taka fingraför af írönskum ferðamönnum sem koma til Bandaríkjanna, þá höfum við beðið þingmenn um að grípa ekki til gagnráðstafana."** - gb

# Bush boðar nýjar áherslur í Íraksstríði

**Stjórnmálaskýrendur segja nýjar áherslur Bush-stjórnarinnar í Írak vera kosningaáróður og að litlar líkur séu á því að bandaríski herinn geti dregið herlið sitt til baka á næstunni, þrátt fyrir yfirlýsingar þar um.**

**BANDARÍKIN, AP** Talsmenn Bandaríkjastjórnar hafa undanfarið reynt að sannfæra landsmenn um réttmæti Íraksstríðsins og að sigur þar sé í augsýn. Segja stjórnmálaskýrendur eina helstu ástæðu þessa vera þingkosningarnar sem nú eru á næsta leiti í Bandaríkjunum.

Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins, hefur undanfarið reynt að útskýra fyrir fréttamönnum hvernig hægt sé að breyta herbragðinu án þess að það hafi áhrif á stefnu hersins í Írak og George W. Bush forseti virðist vera farinn að nota mildara orðalag þegar kemur að áætlun hersins.

Þó gengur baráttan hægt og ekki bætir úr skák að samkvæmt tölum varnarmálaráðuneytisins hafa 90 bandarískir hermenn farist í Írak það sem af er októbermánuði, en ekki hafa fleiri farist þar á einum mánuði síðan árið 2004. Jafnframt hafa yfir 300 íraskir hermenn farist í október.

Bandaríski þjóðaröryggisráðgjafinn Stephen Hadley sagði nýverið í samtali við fréttamenn að ólíklegt væri að endir yrði bundinn á átökin í Írak fyrir lok setu Bush í forsetastól, og samkvæmt nýrri skoðanakönnun CNN sjónvarpsstöðvarinnar telja eingöngu 20 prósent Bandaríkjamanna nú að hægt sé að vinna stríðið. Fyrir ári síðan var talan 40 prósent.


**HERMAÐUR KVADDUR** Níutíu bandarískir hermenn hafa fallið í Írak það sem af er októbermánuði og er myndin frá jarðarför eins þeirra sem féll 15. október. Fylgi Bandaríkjamanna við stríðið fer ört minnkandi. Alls hefur 2.801 bandarískur hermaður fallið í Írak síðan stríðið hófst fyrir 44 mánuðum.

> ❞ Ég er viss um að [tímasetningin] er ekki opinber stefna Bandaríkjastjórnar, heldur afleiðing kosningaherferðarinnar og við höfum ekki miklar áhyggjur af henni.
>
> NOURI AL-MALIKI
> FORSÆTISRÁÐHERRA ÍRAKS

Þó reyna talsmenn stjórnarinnar að sannfæra kjósendur um að Bandaríkin hafi stjórn á atburðum í Írak.

Á blaðamannafundi sem sjónvarpað var frá Bagdad á þriðjudag tilkynntu bandaríski sendiherrann í Írak og æðsti maður hersins bandarísku þjóðinni að búið væri að ákveða tímasetningar fyrir yfirtöku Íraksstjórnar á öryggismálum landsins, og yrði það á næstu 12 til 18 mánuðum. Sagði Zalmay Khalilzad sendiherra fasta dagsetningu verða setta fyrir árslok.

Talsmaður varnarmála Íraks, Mowaffaq al-Rubaie, staðfesti fregnirnar og sagði írösku stjórnina hafa samþykkt áætlunina.

En í gær kom forsætisráðherra Íraks opinberlega fram og sagði það af og frá að stjórnin hefði samþykkt að dagsetja brottför Bandaríkjahers frá stríðshrjáðu landinu.

„Þessi ríkisstjórn er fulltrúi fyrir vilja fólksins og enginn hefur rétt á að þröngva tímasetningum upp á hana," sagði Nouri al-Maliki á blaðamannafundi í gær.

„Ég er viss um að þetta er ekki opinber stefna Bandaríkjastjórnar, heldur afleiðing kosningaherferðarinnar og við höfum ekki miklar áhyggjur af henni."

Um 147.000 bandarískir hermenn eru nú í Írak, sem samsvarar um helmingi íslensku þjóðarinnar. smk@frettabladid.is

Björn Bjarnason á málþingi:

# Borgar sig að kenna nýbúum meiri íslensku

**STJÓRNMÁL** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segist telja að aukin framlög til íslenskukennslu fyrir innflytjendur á Íslandi feli í sér minni fórnarkostnað heldur en að þurfa að takast á við afleiðingar þess að kenna þessum hópi ekki íslensku. Þetta sagði dómsmálaráðherra í pallborðsumræðum á málþingi hjá Útlendingastofnun í gær.

Flestir fundarmanna tóku í svipaðan streng. Töldu þeir íslenskukunnáttu nauðsynlega fyrir innflytjendur til að aðlagast og eiga möguleika á bættum kjörum. - gar

Framsókn í Norðvestur:

# Átta gefa kost á sér í prófkjöri

**STJÓRNMÁL Átta taka þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi sem fram fer með póstkosningu 3.-17. nóvember. Alþingismennirnir Kristinn H. Gunnarsson og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sækjast eftir fyrsta sætinu og Herdís Á. Sæmundardóttir, kennari og varaþingmaður, sækist eftir öðru sæti.**

**Aðrir frambjóðendur eru Albertína Eiríksdóttir umsjónarmaður, G. Valdimar Valdemarsson kerfisfræðingur, Heiðar Þór Gunnarsson, Inga Ósk Jónsdóttir viðskiptafræðingur og Valdimar Sigurjónsson viðskiptalögfræðingur.** - bþs

BORGARMÁL

## Rannsaka ofbeldi

Hverfisráð miðborgar Reykjavíkur íhugar að láta bera saman tölfræði um ofbeldi í Reykjavík og í öðrum borgum.


Ný sending af jólasettum frá Panduro Hobby væntanleg eftir helgi




Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-16


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HLÝNANDI VEÐUR**

Hitinn er á uppleið. Ágæt hlýindi sunnan til næstu daga en heldur lægri hiti norðan til. Á laugardag eru horfur á mildu veðri á landinu, allt að 10 stiga hita og þá hlýjast vestan til á landinu í ákveðinni austan átt. Heldur dregur niður í hitanum á sunnudag þó að áfram verði frostlaust um allt land. Varðandi daginn í dag er nokkur óvissa um úrkomumagnið á austurhelmingi landsins. Að líkindum verður úkoman lítil.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur stíf suðaustan átt. Rigning. Hiti 3-6 stig.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 16°C rigning | London | 19°C rigning | Alicante | 27°C hálflskýjað |
| Þórshöfn | 7°C heiðskírt | París | 22°C hálfskýjað | Mallorca | 26°C heiðskírt |
| Osló | 4°C rigning | Frankfurt | 20°C alskýjað | Algarve | 22°C skúrir |
| Stokkhólmur | 13°C skúrir | Friedrichshafen | 22°C léttskýjað | Krít | 20°C skúrir |
| Gautaborg | 15°C rigning | Berlín | 21°C alskýjað | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín.
Aygo eyðir engu, þannig séð.
**Ofkeyrðu þig.**

## Engin útborgun & tryggingar innifaldar
## Aðeins 24.907 kr. á mánuði*

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

## AYGO

Það er gaman að keyra




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 34748 10/06

**www.aygo.is**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

KJÖRKASSINN



*Viltu aðskilnað ríkis og kirkju?*

| | |
|---|---|
| Já | 71,3% |
| Nei | 28,7% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Var í lagi að spyrja um hófdrykkju í prófi 9 ára barna?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Próf og prófspurningar þarf að hugsa í samhengi og gæta sín í nærveru sálar:

# Börn meta ekki hófdrykkju

**MENNTAMÁL** Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti í lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, telur óheppilegt og óþarfa að spyrja níu ára gömul börn í prófi um hvað það merki að drekka hóflega. Hún skilur ekki tilganginn með slíkri spurningu og telur hana ekki þjóna neinum tilgangi.

„Mér finnst þetta fáheyrt,“ segir Inga Dóra. „Það má deila um áhrifin af þessari spurningu og hvort það hafi varanleg áhrif á börnin. Það er ekki víst að það geri það, en efnislega hefur þetta ekkert með próftæknileg atriði að gera.“

Inga Dóra telur að hugsa þurfi próf og prófspurningar í samhengi. „Ég get ímyndað mér að eina ástæðan fyrir spurningunni hafi verið sú að hún hafi þótt mæla vel það sem hafi átt að prófa en það verður alltaf að gæta sín í nærveru sálar og hugsa hlutina í samhengi.“

Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, segir ekki gott að ung börn séu spurð um hófdrykkju. „Það er ábyggilega af nógu að taka þótt ekki sé fjallað um drykkju og það í fjórða bekk. Við erum alls ekki ánægð með að vita af þessu. Það er alls ekki við hæfi barna að leggja mat á það hvað sé hófleg drykkja og alls ekki tímabært að níu ára börn geti svarað slíku.“ - ghs



**SKÓLABÖRN AÐ LEIK** Inga Dóra Sigfúsdóttir segist ekki skilja tilganginn með prófspurningunni.

ASÍ vill samstarf við BSRB:

# Stóra málið að tala saman

**VINNUMARKAÐUR Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, óskaði eftir samstarfi ASÍ og BSRB við undirbúning næstu kjarasamninga í ræðu sinni á þingi BSRB í gær.**

**Hann sagði að fordæmi og fyrirmyndir væru fyrir samstarfi samtaka launafólks á vinnumarkaði á hinum Norðurlöndunum og að tækifæri væri til að mynda slíkt samband hérlendis milli BSRB, ASÍ og jafnvel annarra samtaka opinberra starfsmanna í aðdraganda næstu kjarasamninga. „Hér er sögulegt tækifæri sem við skulum ekki láta ganga okkur úr greipum. Stóra málið í þessu sambandi er að tala saman.“** - þsj

BÍLL DAGSINS
DAIHATSU TERIOS
Nýskr. 05.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 80 þús. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

# Segir Ríkislögreglustjóra misnota gögn

**Jón Ásgeir Jóhannesson segir Ríkislögreglustjóra hafa óskað eftir aðstoð við gagnaöflun á fölskum forsendum. Jón H.B. Snorrason segir ekkert athugavert við málsgagnanotkun embættisins í Baugsmálinu sem er til dómsmeðferðar.**

**BAUGSMÁL** Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, segir athugasemdir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem hann gerði grein fyrir í bréfi til Jóns H. B., ekki eiga við rök að styðjast.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær lagði Jón Ásgeir Jóhannesson fram bréf við yfirheyrslu hjá Ríkislögreglustjóra, þar sem hann segir embætti ríkislögreglustjóra hafa óskað eftir aðstoð við rannsókn á tilteknum atvikum Baugsmálsins á fölskum forsendum.

Vitnar Jón Ásgeir til sakarefna sem getið er í réttarbeiðni til lögregluyfirvalda í Lúxemborg. Í henni er tekið fram að Tryggvi Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Baugs, og Jón Ásgeir séu meðal annars grunaðir um peningaþvætti, fjárdrátt, fjársvik og innherjasvik.

Segir Jón Ásgeir í bréfinu „með ólíkindum að íslensk yfirvöld skuli hætta trausti sínu og trúverðugleika í samskiptum milli ríkja með „veiðiferðum“ RLS í leit að afbrotum“.

Jón H.B. segir ekkert athugavert við málsmeðferð ákæruvaldsins hvað þessi tilteknu mál snertir. „Jón Ásgeir spyr í bréfi sínu hver sé skýringin á því að gögnin eru notuð í málinu sem nú til meðferðar, það er málinu sem byggir á ákæru Sigurðar Tómasar Magnússonar. Það er ekkert athugavert við að nota þessi gögn, sem lögregluyfirvöld í Lúxemborg öfluðu,“ segir Jón H.B. og ítrekar að gagnanna hafi verið aflað á grundvelli þeirra sakarefna sem gerð var grein fyrir í réttarbeiðni til lögregluyfirvalda í Lúxemborg. „Þessara gagna var aflað vegna rannsóknar þeirra sakarefna sem getið er í réttarbeiðninni til lögregluyfirvalda í Lúxemborg. Síðan er ákært í málinu, það er málinu sem nú er fyrir dómstólum, meðal annars á grundvelli þessara gagna því þessi gögn eiga heima í þessu máli, og engu öðru. Þessara gagna var aflað á grundvelli þeirra sakarefna, sem að Sigurður Tómas endurútgaf ákæruna vegna.“

Jón Ásgeir segir málatilbúning ákæruvaldsins fyrst og fremst snúast um að koma sem þyngstu höggi á hans persónu. „Það kemur mér ekkert á óvart lengur í þessu máli. Ákæruvaldið svífst einskis til þess að koma á mig höggi. Varðandi gögnin sem aflað er í Lúxemborg, þá liggur fyrir að skattareglur og lagalegt umhverfi er allt annað í Lúxemborg en hér á landi. Sérstaða viðskiptaumhverfisins í Lúxemborg er meðal annars fólgin í þessum reglum. En það sem liggur fyrir er að embætti ríkislögreglustjóra kemst yfir gögn á fölskum forsendum og notar gögnin í rannsókn á öðrum hluta málsins. Jóni H.B. Snorrasyni munar ekki um að ljúga sig út úr þessu, miðað við önnur afglöp hans í málinu til þessa.“

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, var ekki tilbúinn til þess að tjá sig um þessi málefni frekar en Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs.

magnush@frettabladid.is

## FERILL BEIÐNI LÖGREGLU

**Í byrjun janúar, 4. mars og 23. apríl 2004**

Embætti Ríkislögreglustjóra óskar eftir því, með bréfum, að lögregluyfirvöld í Lúxemborg aðstoði við rannsókn á hendur Tryggva Jónssyni og Jóni Ásgeir Jóhannessyni. Í beiðninni eru Tryggvi og Jón Ásgeir sagðir meðal annars grunaðir um fjárdrátt, fjársvik, innherjasvik og peningaþvætti í tengslum við viðskipti við Kaupthing Lúxemborg.

**12. júlí og 26. júlí 2004**

Francois Prum, lögfræðilegur aðstoðarmaður Baugs Group hf., sendir Martine Solovieff, saksóknara í Lúxemborg, bréf þess efnis að nauðsynlegt sé að ítreka það við embætti ríkislögreglustjóra að aðeins sé hægt að nota gögnin sem aflað var í Lúxemborg í tengslum við áðurnefnd sakarefni.

**3. ágúst 2004**

Saksóknari í Lúxemborg sendir ítrekunarbréf til embættis ríkislögreglustjóra, þar sem tekið er sérstaklega fram að ekki sé hægt að nota gögnin sem aflað var í Lúxemborg í málum sem ekki snerta fyrrnefnd sakarefni. Embætti ríkislögreglustjóra hefur ekki svarað ítrekunarbréfinu.

**23. október 2004**

Jón Ásgeir afhendir bréf, stílað á Jón H.B. Snorrason, lögregluyfirvöldum í yfirheyrslu vegna meintra brota á skattalögum sem snerta starfsemi Fjárfestingafélagsins Gaums ehf. og Baugs Group hf. árið 2004. Jón Ásgeir biður embætti ríkislögreglustjóra að upplýsa um það, hvaða gagna var aflað í aðgerðunum í Lúxemborg árið 2004.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON



JÓN H.B. SNORRASON

4. SÆTI
Ágúst Ólafur Ágústsson
varaformaður Samfylkingarinnar
Traustur efnahagur — aukin velferð
„Svo maður hrósi nú einhvern tíma einhverjum, þá hefur sá ungi þingmaður flutt furðu mörg góð mál á þinginu.“
Illugi Jökulsson í pistli í Blaðinu 21. okt. 2006
• Afnám fyrningarfresta í kynferðisafbrotum gegn börnum
— 22.000 undirskriftir hafa safnast til stuðnings frumvarpinu
• Löggjöf um óháðar rannsóknarnefndir
• Löggjöf gegn heimilisofbeldi
• Aukin vernd heimildarmanna fjölmiðla
www.agustolafur.is



Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóvember

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Saksóknari í Lúxemborg sendi bréf eftir kvartanir frá lögmanni Baugs Group hf.:

## Fékk aldrei svar við ítrekunarbréfi

Martine Solovieff, saksóknari í Baugsmálinu, sagðist í samtali við blaðamann hafa sent bréf til Ríkislögreglustjóra 3. ágúst 2004 til þess að ítreka að aðeins mætti nota gögnin sem aflað var í Lúxemborg á grundvelli þeirra sakarefna sem tiltekin voru í réttarbeiðni. „Ég sendi bréfið til Ríkislögreglustjóra, eftir að Francois Prum, aðstoðarmaður lögmanna Baugs Group, hafði samband við okkur og kvartaði yfir því að gögn sem aflað var af lögregluyfirvöldum í Lúxemborg væru hugsanlega notuð í röngum tilgangi. Ég brást við með því að senda bréf til Ríkislögreglustjóra, þar sem ég ítrekaði að ekki mætti notast við gögn nema þegar sakarefnin væru þau sem tiltekin voru í beiðni. Ég fékk aldrei svar við mínu bréfi frá Ríkislögreglustjóra,“ sagði Martine sem ekki var tilbúin til þess að svara spurningum er vörðuðu efnisatriði ákæruliða sem eru til meðferðar fyrir dómi. Gögnin sem aflað var í Lúxemborg tengjast ákæruliðum 11, 12 og 17 í ákærunni en þeir falla allir, samkvæmt orðalagi í ákæru, undir meiriháttar bókhaldsbrot.

Jón H. B. Snorrason segir það alveg skýrt að gögn sem aflað var á grundvelli sakarefna sem tiltekin voru í beiðni hafi ekki verið notuð við rannsókn á meintu broti Jóns Ásgeirs á skattalögum, sem hann var nýverið yfirheyrður vegna.

„Það er alveg ljóst, að við notumst ekki við þau gögn sem aflað var á grundvelli sakarefna sem tiltekin voru í beiðni til lögregluyfirvalda í Lúxemborg. Það er óheimilt.“ - mh




DIOR VIKA Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG SKEIFUNNI
DAGANA 26.-31. OKTÓBER

Sérfræðingur frá Dior verður á staðnum, gefur góð ráð varðandi umhirðu húðar og förðun.

Ný varalitalína frá Dior verður kynnt. Varalitur sem mýkir, nærir og endist lengur. Hann inniheldur tvær nýjar formúlur:
- **Lip Perfecter** formúlan, sem veitir fullkomna mýkt, veitir viðvarandi raka og varirnar verða þrýstnar.
- **Color Reveal Complex** formúlan, liturinn verður dýpri og endist lengur.

GLÆSILEGT TILBOÐ*:
Með kaupum á Capture Total 50 ml fylgir, 10 ml Capture Total Serum, 5 ml Capture R60/80 augnkrem, lúxusprufa af nýja varalitnum Rouge Dior og glæsileg Dior snyrtitaska. Capture Total kremið gefur raka, næringu, vinnur á slakri húð, fínum línum og ójöfnum húðlit.
*Gildir meðan birgðir endast.



Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hver hefur verið tilnefndur sem frambjóðandi íslenskra stjórnvalda til embættis framkvæmdastjóra norrænu ráðherranefndarinnar?*

*2 Hvað heitir fyrsta sameiginlega breiðskífa Stefáns Hilmarssonar og Eyjólfs Kristjánssonar?*

*3 Hver er bæði önnum kafinn og sömuleiðis orðinn afi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Grænfriðungar eru komnir til landsins og kynntu í gær sjónarmið sín á veitingahúsinu Lækjarbrekku:

# Íslendingar tapa á hvalveiðunum

**HVALVEIÐAR** Umhverfissamtökin Greenpeace hafa safnað tæplega 90.000 undirskriftum á heimasíðu sinni þar sem fólk heitir því að heimsækja Ísland ef Íslendingar láta af hvalveiðum. Samtökin leggja megináherslu á þessa baráttuaðferð en ætla ekki að senda skip sín til landsins til að reyna að hindra hvalveiðarnar.

Greenpeace-samtökin telja að efnahagsleg rök dugi best í baráttu gegn hvalveiðum Íslendinga. Þau segja engan markað vera til fyrir hvalkjöt og benda á að Norðmenn hafi reynt að selja hvalafurðir til Japans í fimm ár án árangurs. Á heimasíðu sinni hvetja samtökin fólk til að íhuga Íslandsheimsókn ef Íslendingar láti af hvalveiðum, hvort sem er til vísindarannsókna eða í atvinnuskyni. „Við leggjum áherslu á það val sem Íslendingar hafa á milli þess að veiða nokkrar langreyðar eða stórauka tekjur sínar af ferðaþjónustu með því að hætta veiðum,“ segir Frode Pleym, talsmaður Greenpeace-samtakanna sem er hér á landi til að kynna sjónarmið samtakanna. 87 þúsund manns eru nú á lista yfir fólk sem segjist vilja koma til Íslands ef hvalveiðum verður hætt en til hans var stofnað árið 2003. „Koma þeirra gæti skilað 100 milljónum bandaríkjadala í tekjur.“

Pleym segir að ferðaskrifstofur áætli að í það minnsta 10 prósent þeirra fyrirheita muni skila sér ef hvalveiðum verður hætt þannig að tekjurnar verði aldrei minni 10 milljónir bandaríkjadala. „Þetta eru meiri tekjur en hvalveiðar hafa nokkru sinni skilað Íslendingum á ársgrundvelli.“

- shá



**FRÁ HVALFIRÐI** Umhverfissamtökin Greenpeace telja Íslendinga geta haft milljarðatekjur með því að láta af hvalveiðum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILBERG

Pétur Blöndal í nýju starfi:

## Falið eftirlit með fjárreiðum

**ALÞJÓÐAMÁL** Pétur H. Blöndal alþingismaður hefur að ósk forseta þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu tekið að sér að hafa eftirlit með fjármálum stofnunarinnar. Um nýtt starf er að ræða og er því ætlað að tryggja þinginu aukið vægi í umfjöllun um fjárreiður ÖSE. Fyrsta verkefni Péturs verður að móta starfið og yfirfara fjárhagsáætlun ÖSE fyrir árið 2007, en hún nemur um 15 milljörðum króna.



PÉTUR BLÖNDAL

Alls eiga 56 þjóðþing frá Evrópu og Norður-Ameríku aðild að ÖSE-þinginu.

- þsj

Skipulagðar aðgerðir til að draga úr nagladekkjanotkun:

## Höfða til skynsemi

**UMHVERFISMÁL** Umhverfis- og framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar ætla að ráðast í sameiginlegar aðgerðir til að draga úr notkun á nagladekkjum í borginni á næstu dögum, en dekkin eru vanalega sett undir um komandi mánaðamót.



**NAGLADEKK** Dregið hefur úr notkun nagladekkja í höfuðborginni.

Hjalti J. Guðmundsson, framkvæmdastjóri stefnumörkunar og þróunar á umhverfissviði Reykjavíkurborgar, segir aðgerðirnar fyrst og fremst eiga að höfða til skynsemi almennings með því að veita honum upplýsingar um aðra valkosti í dekkjanotkun yfir vetrarmánuðina. Hann segist ekki vera að hvetja fólk til að fórna öryggi fyrir umhverfið. „Við erum að tala um nagladekkjanotkun í þéttbýli þar sem hægt er að þjónusta fólk með mokstri, söltun og öðru slíku.“

Töluvert hefur dregið úr notkun nagladekkja í borginni á undanförnum árum en að sögn Hjalta er það ekki nóg. „Samkvæmt Evrópureglum þá þurfum við að lækka hlutfall svifryks í andrúmslofti töluvert á næstu árum. Við erum því að ráðast að rót vandans enda er uppspæning nagladekkja á malbiki helsti orsakavaldur svifryksins.“

Hjalti segir það kannski lán í óláni fyrir okkur að á Íslandi sé bæði vindasamt og töluverð úrkoma. „Um leið og það fer að hreyfa vind eða verða úrkomusamara þá minnkar svifrykið nánast strax.“

- þsj



**„ÉG SEGI NEI“** Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, spurði hvort það væri heppileg þróun að inn á íslenskan vinnumarkað streymdu þúsundir manna á þessu ári og svaraði sjálfur: „Ég segi nei.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR






# Segir nei við fólksstraumi

**Formaður BSRB telur óheppilegt að inn á vinnumarkaðinn streymi „fólk án afláts“ og hefur þungar áhyggjur. Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, telur móttöku útlendinga vandaða.**

**VINNUMARKAÐUR** Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, telur stöðuna á vinnumarkaði sérkennilega. Markaðurinn sé opnari en dæmi séu um. Þegar saman fari opinn vinnumarkaður og gífurleg þensla þá sé ekki sökum að spyrja – hingað streymi fólk án afláts.

„Á þessu ári hafa sjö þúsund manns komið inn á vinnumarkaðinn erlendis frá; í septembermánuði einum um tólf hundruð einstaklingar. Er þetta heppileg þróun? Ég segi nei,“ sagði Ögmundur í setningarræðu á þingi BSRB á Grand hótel í gær.

Þenslunni sé haldið uppi með viðskiptahalla og gífurlegri skuldsetningu. „Þegar þessu skeiði sleppir og þrengist að, þá skulum við hafa í huga að hinu aðkomna vinnuafli verður ekki hent á haugana. Þetta er lifandi fólk, iðulega með sínar fjölskyldur og að sjálfsögðu allar sínar mannlegu þarfir,“ sagði hann.

„Við verðum að gæta okkur á því að fara ekki of geyst í sakirnar. Við verðum að geta búið fólki mannsæmandi kjör og réttindi eins og þau gerast best hjá íslenskum þegnum. Að öðrum kosti verður hér klofið samfélag,“ sagði Ögmundur og lýsti yfir þungum áhyggjum.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir mikilvægt að erlent starfsfólk njóti fullra og sömu réttinda og aðrir, „út á það gengur okkar barátta,“ segir hann og telur ekki ástæðu til að þenja hagkerfið svo mikið að kalla þurfi til erlent starfsfólk og búast svo við að fólk hverfi heim til sín. „Þetta fólk er að leita sér að lífsviðurværi og kemur hingað til langdvalar,“ segir hann og spyr hvort Íslendingar séu að aðstoða þetta fólk nógu vel.

> „Við verðum að geta búið fólki mannsæmandi kjör og réttindi eins og þau gerast best hjá íslenskum þegnum.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> FORMAÐUR BSRB

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, telur að hjöðnunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar séu farnar að skila árangri. Frekar dragi úr þenslunni eftir áramót. Íslendingar hafi reynt að sýna varúð og vanda vel móttöku nýrra einstaklinga. Það sé ágæt þróun að útlendingar leiti sér vinnu og setjist hér að.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, bendir á að Íslendingar hafi búið til þetta ástand og telur að stöðugri og jafnari þróun hefði verið æskilegri.

„En við ömumst ekki við því að þetta fólk komi og erum ekki talsmenn þess að loka af eða setja upp girðingar,“ segir hann, „en auðvitað erum við hugsi yfir því hversu hratt þetta gerist og hve sveiflurnar eru miklar.“

ghs@frettabladid.is

# Kraftur til framtíðar

Guðlaugur Þór Þórðarson er einn efnilegasti ungi stjórnmálamaðurinn sem á undanförnum árum hefur komið fram á vettvangi Sjálfstæðisflokksins. Guðlaugur er mikið foringjaefni. Við eigum að styðja slíkan stjórnmálamann til að leiða Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík til sigurs í vor.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri



www.gudlaugurthor.is gudlaugurthor@gudlaugurthor.is

# Guðlaugur Þór

Verið velkomin á kosningaskrifstofu Guðlaugs Þórs að Lágmúla 9.
Opið alla virka daga frá 10-22 og um helgar frá 13-20.

2 SÆTIÐ

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir tveimur piltum um tvítugt staðfestur:

# Fangar grunaðir um íkveikju

**DÓMSMÁL** Tveir piltar um tvítugt eru grunaðir um að hafa kveikt í fangelsinu á Litla-Hrauni fyrr í þessum mánuði, en þar hafa þeir setið í gæsluvarðhaldi frá 21. september, samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness. Þetta kemur fram í greinargerð lögreglunnar í Keflavík til Héraðsdóms Reykjaness þar sem farið var fram á gæsluvarðhald yfir þeim.

Piltarnir eru grunaðir um að hafa einir, í félagi eða með öðrum staðið að margs konar afbrotum í júlí, ágúst og september á þessu ári. Grunur leikur á að þeir hafi verið að verki bæði á Selfossi og í Keflavík. Í greinargerð lögreglunnar eru nefndir til sögunnar þjófnaðir, nytjastuldir, eignaspjöll og umferðarlagabrot.

Enn fremur segir að nauðsynlegt hafi reynst að fá piltana úrskurðaða í gæsluvarðhald því að þeir hafi ekki linnt afbrotum. Veruleg hætta sé á að þeir haldi uppteknum hætti ef þeir verði frjálsir ferða sinna. Því sé nauðsynlegt að þeir sæti gæsluvarðhaldi þar til mál þeirra séu til lykta leidd.

Hæstiréttur segir að af gögnum málsins megi ráða að rökstuddur grunur sé um að þeir hafi framið allmörg hegningarlagabrot sem fangelsisrefsing sé lögð við.

Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjaness um gæsluvarðhald yfir piltunum tveim. Þeir skulu sitja inni til 10. nóvember.

- jss



**LITLA HRAUN** Tveir piltar eru grunaðir um að hafa kveikt í fangelsinu á meðan þeir sátu í gæsluvarðhaldi.

Átak gegn hvalveiðum:

# Senda áskorun til ráðamanna

**HVALVEIÐAR** Lára Marteinsdóttir, kennari í Háskóla Íslands, og Hannah Beadman kvikmyndagerðarkona hafa farið af stað með áskorun á netinu undir yfirskriftinni „Stöðvum Kristján Loftsson“. Í gær höfðu um 800 manns skráð sig.

Lára segir að um íslenskt framtak sé að ræða þar sem fólk getur ekki skrifað undir nema einu sinni. „Þessi áskorun er ákall til íslenskra ráðamanna um að sýna meiri framsækni þegar kemur að efnahagsmálum.“ Náttúruverndarfélag Íslands styður framtakið og mun birta netfang áskoruninnar á vef sínum.

- shá

Magnús Scheving í skýjunum:

# Tilnefndur til BAFTA-verðlauna

**AFÞREYING** Sjónvarpsþættirnir um Latabæ hafa verið tilnefndir til BAFTA-verðlaunanna í Bretlandi.

„Tilnefningin er gríðarleg viðurkenning fyrir Magnús Scheving, höfund og framleiðanda þáttanna, og alla þá fjölmörgu íslensku og erlendu starfsmenn sem komið hafa að gerð þeirra,“ segir í fréttatilkynningu frá Latabæ.

„Við erum í skýjunum og erum rétt að átta okkur á þessu,“ segir Magnús Scheving sem telur BAFTA-verðlaunin vera nokkurs konar Óskarsverðlaun Evrópu. Aðstandendur Latabæjar séu gríðarlega stoltir af því að vera tilnefndir.

Magnús minnir á að í vor hafi Latibær verið tilnefndur til bandarísku Emmy-verðlaunanna. „Það er greinilegt að íslenskir og erlendir kvikmyndagerðarmenn, sem komið hafa að gerð þáttanna, kunna sitt fag,“ segir hann.

Einu Íslendingarnir sen hafa áður verið tilnefndir til BAFTA-verðlauna eru Valdís Óskarsdóttir fyrir klippingu og Hilmar Örn Hilmarsson fyrir tónlist.

Úrslitin verða ljós 26. nóvember næstkomandi.

- gar




**MAGNÚS SCHEVING** Greinlegt að kvikmyndagerðarmenn á bak við Latabæ kunna sitt fag, segir skapari þáttanna.



**AF FUNDI UM VINNUAÐSTÆÐUR UNGS FÓLKS** Ungmenni af erlendum uppruna óttast um öryggi sitt á vinnumarkaði og átta sig ekki á því hve langt Íslendingar eru komnir í vinnuréttindum. FRÉTTABLAÐIÐ GV

# Telja atvinnu ekki seinka námslokum

**Atvinna framhaldsskólanema virðist ekki bitna á heimavinnu þeirra né auka líkur á óheimilum fjarvistum úr skóla. Þetta kom á fundi um vinnuaðstæður ungs fólks sem Vinnueftirlitið stóð fyrir.**

**ATVINNUMÁL** Fleiri stúlkur en drengir á aldrinum 15-19 ára stunda vinnu með námi og segjast stelpurnar vinna til að eiga vasapeninga en strákar gefa upp þá ástæðu að þeir vinni til að geta rekið bíl.

Þetta var eitt af því sem fram kom í máli Jóns Sigfússonar hjá rannsóknum og greiningu Háskóla Reykjavíkur en hann fjallaði um vinnu 15-19 ára unglinga með skóla. Rúm 40 prósent 16 ára unglinga stunda vinnu með námi en 66 prósent 19 ára unglinga.

Í rannsókninni sem Jón kynnti kom einnig fram að 9,5 prósent unglinga af íslenskum uppruna segjast vinna til að aðstoða fjölskylduna við að framfleyta sér. Hlutfallið er öllu hærra meðal ungmenna af erlendum uppruna en meðal þeirra vinna 17 prósent til að aðstoða við að framfleyta fjölskyldunni.

> „...vinna hefur ekki áhrif á ástundun heimanáms og námsmenn telja að atvinna þeirra komi ekki til með að seinka námslokum.“
>
> **JÓN SIGFÚSSON**
> HJÁ RANNSÓKNUM OG GREININGU Í HR

Í máli Jóns kom einnig fram að ekki eru tengsl á milli fjölda vinnustunda og tíðni skróps, þeir unglingar sem vinna með námi eru með öðrum orðum ekkert líklegri til að skrópa í skólann en þeir sem ekki vinna. „Þá sýnir rannsóknin að vinna hefur ekki áhrif á ástundun heimanáms og námsmenn telja að atvinna þeirra komi ekki til með að seinka námslokum.“



**GERÐUR GESTSDÓTTIR**

Gerður Gestsdóttir hjá Alþjóðahúsi segir mun á íslenskum unglingum á vinnumarkaðnum og unglingum af erlendum uppruna. Hún segir að erlendir unglingar fái síður stuðning frá fjölskyldu sinni ef eitthvað gerist á vinnustaðnum. „Þessi hópur óttast atvinnuöryggi sitt og virðist ekki átta sig á því hversu langt við erum komin í vinnuréttindum.“

Gerður segir það heldur ekki sjálfgefið að þessi hópur skilji skriflegar leiðbeiningar um öryggisútbúnað og reglur um vinnutíma og því þurfi að útskýra þessa hluti sérstaklega fyrir unglingum af erlendum uppruna.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu, segir að vinnuslysum meðal ungs fólks hafi fækkað á síðustu 20 árum. „Orsakir slysa hjá 20 ára og yngri má helst rekja til vinnuvéla og aðstæðna í vinnu eins og hálla gólfa, stiga og annarra hindrana. Algengustu vinnuslysin hjá þessum aldurshópi eru áverkar á hálsi og höfði ásamt beinbrotum.“

Fundurinn var haldinn í tilefni af evrópskri vinnuverndarviku sem nú stendur yfir en í ár er vikan helguð ungu fólki.

hugrun@frettabladid.is


VOX
RESTAURANT/BISTRO



villtur & öðruvísi

Villibráðarmatseðill í október og nóvember.

Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is

Allt um allt sem skiptir máli í Reykjavík

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Veljum sigurstranglegan lista



**73,8%** kjósenda í Reykjavík telja það styrkja framboð Sjálfstæðisflokksins í alþingiskosningunum í vor ef **Guðfinna S. Bjarnadóttir** yrði í einu af forystusætum listans samkvæmt könnun Capacent-Gallup.*

*Stuðningsfólk Guðfinnu S. Bjarnadóttur.*

*Könnunin var framkvæmd af Capacent-Gallup 4.–12. október 2006 og náði til 1050 manna slembiúrtaks kjósenda í Reykjavík.

3.

Héraðsdómur Reykjavíkur:

## Fjórir dæmdir til fangavistar

**DÓMSMÁL Fjórir menn voru í gær dæmdir til fangelsisvistar, frá fimm og upp í 15 mánuði, í Héraðsdómi Reykjavíkur.**

**Tveir þeirra voru sviptir ökuréttindum frá birtingu dómsins og öllum var þeim gert að greiða skaðabætur vegna afbrota sinna.**

**Brotaferill fjórmenninganna er af margvíslegum toga. Má þar nefna mörg fíkniefnalagabrot, þjófnaði, skjalafals og rán.**

**Allir eiga mennirnir áður komist í kast við lögin. Þá var mönnum auk ofangreinds gert að greiða allan sakarkostnað sem til féll vegna málarekstarins. - jss**

Pútín Rússlandsforseti ætlar ekki að bjóða sig fram í þriðja sinn árið 2008:

# Ætlar þó að hafa áhrif áfram

**MOSKVA, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði í gær að hann ætlaði sér að halda áfram að hafa áhrif á rússneskt þjóðfélag, jafnvel þótt hann ætlaði ekki að bjóða sig fram til forseta árið 2008, þegar seinna kjörtímabil hans rennur út.

„Þrátt fyrir þá staðreynd að mér líkar vel við starfið, þá leyfir stjórnarskráin mér ekki að bjóða mig fram þriðja skiptið í röð," sagði Pútín í spurningatíma í sjónvarpi þar sem hann sat fyrir svörum.

Pútín nýtur mikilla vinsælda í Rússlandi og bætti því við að hann ætlaði sér að „halda því mikilvægasta sem einstaklingur tengdur stjórnmálum hlýtur að hafa í hávegum – sem er traust ykkar. Og með því að nota það, þá geta bæði þið og ég haft áhrif á lífið í landinu okkar og tryggt þróun þess."

Nýleg morð á þekktum einstaklingum, bæði rannsóknarblaðakonunni Önnu Politskovskaju og seðlabankastjóranum Andrei Koslov, komu til tals í umræðutímanum. Spyrjendur í salnum sögðust óttast að ný ofbeldisalda væri í uppsiglingu.

Pútín hélt því hins vegar fram að launmorðum hefði fækkað á síðustu árum og fullyrti að stjórnvöld væru að ná betri tökum á því að ljóstra upp fjármálabrotum. - gb



**ALLIR HLUSTA Á PÚTÍN** Hann Bulat, sem er tíu ára drengur í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, horfir þarna ásamt ömmu sinni, sem heitir Nura Umayeva og er 82 ára, á Pútín svara spurningum í sjónvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forval Vinstri grænna:

## Gefur kost á sér í efstu sætin

**STJÓRNMÁL** Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi hefur ákveðið að gefa kost á sér í eitt af efstu sætunum í forvali Vinstri grænna í sameiginlegu forvali Reykjavíkur- og Suðvesturkjördæmis vegna alþingiskosninganna í vor.



**ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON**

Í fréttatilkynningu kemur fram að ástæða sameiginlegs forvals á þessum svæðum sé sú að styrkja eigi stöðu flokksins í kjördæmunum þremur á svæðinu. Árni Þór hefur starfað að sveitarstjórnarmálum í Reykjavík undanfarin 12 ár og sinnt málaflokkum eins og umhverfis-, skóla-, samgöngu- og skipulagsmálum. - hs


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Stjórn á blóðþrýstingi




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

*LH inniheldur náttúruleg lífvirk peptíð sem geta hjálpað til við stjórn á blóðþrýstingi*

LH-drykkurinn er gerður úr undanrennu og er því fitulaus. Auk peptíðanna inniheldur hann í ríkum mæli kalk, kalíum og magníum en rannsóknir benda til að þessi steinefni hafi einnig jákvæð áhrif á blóðþrýsting.



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480




**Við kynnum nýjan KIA Sorento**

**– fullbúinn alvörujeppa með ríkulegum staðalbúnaði**

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS *The Power to Suprise™*

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is



**HAUSTLITIR** Veturinn er ekki kominn enn í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, heldur skarta trén enn sínum fegurstu haustlitum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fær ekki styrk frá Tryggingastofnun til að eignast stöðugri og öflugri rafmagnshjólastól:

# Þykir of gamall fyrir öruggari hjólastól

**FÉLAGSMÁL** Lamaður maður fær ekki fjárstyrk frá Tryggingastofnun til að skipta á rafmagnshjólastól sínum og annarri tegund sem hann telur öruggari.

Manninum var synjað um styrk til kaupa á stólnum þar sem hann er eldri en átján ára.

„Hann upplifir óöryggi við að fara á stólnum yfir hindranir svo sem háar gangstéttarbrúnir, möl eða annað ójafnt undirlag,“ segir í bréfi sérfræðings til Tryggingastofnunar þar sem mælt var með að lamaði maðurinn fengi stól af tegundinni Permobil Trax Corpus í stað stóls af Balder-gerð.

„Rafmagnshjólastólar eins og Balder-stóllinn eru tiltölulega stuttir og háir sem gerir það að notandinn finnur mikið fyrir öllum hreyfingum stólsins í ójöfnum og halla. Permobil Trax er hins vegar mun lengri stóll og stöðugri, hannaður til að þola meiri ójöfnur en aðrir stólar,“ segir ennfremur í meðmælabréfinu sem ekki hafði tilætluð áhrif.



**HJÓLASTÓLARNIR** Til vinstri sést hjólastóll af tegundinni Permobil trax corpus en til hægri Balder-rafmagnshjólastóll eins og maðurinn á í dag.

Lamaði maðurinn sagðist vilja betri stól til að geta viðrað hundinn sinn, til að fylgja vinum og vandamönnum á göngutúrum og til að komast út á golfvöll í heimabæ sínum.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga sagði að þrátt fyrir að öflugri rafmagnshjólastóll myndi væntanlega auka lífsgæði mannsins þá væri reglan sú að aðeins ungmenni innan átján ára geti valið um öflugri útihjólastól eigi þau rétt á rafknúnum hjólastól. Tilgangurinn sé að efla þroska og sjálfsbjargarviðleitni barna og unglinga. Eldri einstaklingar eigi meiri möguleika á að komast leiðar sinnar í bíl. Lamaði maðurinn hafi einmitt fengið eina milljón króna til að kaupa bíl:

„Það að kærandi finni til óöryggis við að fara yfir ójöfnur eða hindranir í þeim rafmagnshjólastól sem hann hefur, er að mati úrskurðarnefndar ekki nægjanleg ástæða til þess að styrkur til kaupa á öflugri rafmagnshjólastól sé veittur.“ - gar




# Tvíhliða neyðarlausn

**Svissneski þingmaðurinn Christa Markwalder Bär segir tvíhliða samninga Sviss við Evrópusambandið vera neyðarlausn sem ekki standist samanburð við EES.**

**EVRÓPUMÁL** Tvíhliða samningar Sviss við Evrópusambandið voru neyðarlausn sem ekki stenst samanburð við EES-samninginn. Þetta segir Christa Markwalder Bär, þingmaður á svissneska sambandsþinginu og formaður Evrópusamtakanna í Sviss.

Markwalder Bär hélt erindi á málfundi á vegum Evrópusamtakanna á Grand Hótel á þriðjudag, en á honum talaði einnig Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins.

„Eftir að aðild Sviss að Evrópska efnahagssvæðinu var naumlega felld í þjóðaratkvæðagreiðslu í desember 1992 voru tvíhliða samningar eina færa leiðin,“ segir Markwalder Bär í samtali við Fréttablaðið. Það tók hins vegar langan tíma að koma tvíhliða samningunum í höfn – þeir fyrstu gengu í gildi árið 2002 – og þeir ná hver fyrir sig aðeins til mjög afmarkaðs sviðs. Gildissvið EES-samningsins er miklu víðara og engin sjálfvirk uppfærsla á sér stað á tvíhliða samningunum eins og tilfellið er með EES. Uppfærsla þeirra – sem í Sviss er kölluð „sjálfstæð eftirframkvæmd“ á Evrópulöggjöf – er mun fyrirhafnarmeira ferli og þingmaðurinn segir það ferli reyndar tæpast vera sæmandi sjálfstæðu lýðveldi með sterka lýðræðishefð.

Auk þess nefnir Markwalder Bär að réttarvernd sé tilfinnanlega ábótavant í tvíhliða samningunum; svissneskir aðilar geti ekki skotið málum til Evrópudómstólsins, telji þeir á sér brotið. Í tvíhliða samningunum er ekki kveðið á um neina stofnun hliðstæða EFTA-dómstólnum.

Markwalder Bär segir þó reynsluna af tvíhliða samningunum hingað til hafa verið jákvæða, og þeir njóti stuðnings öruggs meirihluta kjósenda í landinu; það hafi ítrekaðar atkvæðagreiðslur um samningana sýnt og sannað.



**CHRISTA MARKWALDER BÄR** Segir tvíhliða samninga tímabundna millibilslausn. Til lengri tíma litið sé hagsmunum Sviss best borgið með fullri aðild að Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hún bendir hins vegar á að stuðningur við tvíhliða samningana geti snúist á skömmum tíma, þar sem „fallaxarákvæðið“ geti valdið því að samningarnir komist allir í uppnám af tiltölulega litlu tilefni. Dæmi um slíkt tilefni er atkvæðagreiðsla sem fer fram í landinu þann 27. nóvember, þar sem Svisslendingar taka afstöðu til þess hvort þeir leggi blessun sína yfir að Sviss leggi meira fé til þróunarsjóða til handa nýjum aðildarríkjum ESB í austri. ESB lítur svo á að samþykki Svisslendingar þetta ekki muni samningarnir um aðild Sviss að Schengen-vegabréfasamstarfinu, sem voru samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslu þar í fyrra, ekki taka gildi heldur.

Markwälder Bär segir að líklegasta leiðin sem ýtt gæti Sviss inn í ESB – ríkisstjórnin á aðildarumsókn tilbúna í skúffunni – væri ef slík alvarleg vandkvæði kæmu upp við framkvæmd tvíhliða samninganna. audunn@frettabladid.is

> „Eftir að aðild Sviss að Evrópska efnahagssvæðinu var felld í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992 voru tvíhliða samningar eina færa leiðin“
>
> **CHRISTA MARKWALDER**
> ÞINGMAÐUR Í SVISS




Björgunarsveitin Kyndill var kölluð út:

# Stjörnuhrap – ekki slys

**NÁTTÚRAN** Björgunarsveitin Kyndill frá Kirkjubæjarklaustri var kölluð út um áttaleytið á þriðjudagskvöldið.

Vegfarandi hringdi í Neyðarlínuna eftir að hafa séð ljós, sem hann taldi vera neyðarblys, á heiðskírum himninum yfir Núpsstaðaskógi.

Þrír liðsmenn Kyndils fóru í björgunarleiðangurinn inn í Núpsstaðaskóg en fundu engin merki um að slys hefði átt sér stað. Einn meðlimur björgunarsveitarinnar sá stjörnuhrap um svipað leyti og vegfarandinn sá ljósið á himninum, og þykir Eiði Ingólfssyni í Kyndli líklegt að vegfarandinn hafi ruglast á því og neyðarblysi. - ifv

KLEOPATRA KRISTBJÖRG

# HERMI KRÁKU HEIMUR



Kleopatra sér heiminn í réttu ljósi eins og hann er og þorir að segja það án orðskrúðs.




Væri ekki betra ef við öll myndum hjálpast að og breyta þessum heimi úr myrkri í ljós? Eigum við ekki að fara að hætta þessu bulli? Hætta að ráfa og ringlast um í engu? Hætta að ráfa blind um á blindgötum? Hætta að keppa á þessari tilgangslausu og lífshættulegu kappakstursbraut! Hætta að hlaupa á eftir vindinum? Hætta að berjast og slást hvert við annað? Hætta að slást við vindinn? Hætta að sofa og fara að vakna? Í stað þess að hver höndin sé upp á móti annarri, er þá ekki betra að haldast í hendur í gegnum lífið? Hvað myndum við gera ef við værum um borð á sama skipinu og það væri að sökkva? Myndum við ekki öll hjálpast að við að reyna að bjarga lífi okkar? Við erum öll um borð á sama skipinu og það er að sökkva! Er ekki kominn tími til að hætta að sofa á verðinum?

**Er ekki kominn tími til að vakna?**

Skjaldborg

Skrifuð af einurð. Opinská bók um alvarleg málefni sem hjálpar mannkyninu. Hún vísar til hjálpar sem leita má í trú á bænina og Guð almáttugan. Ég las Hermikrákuheim spjaldanna á milli í einum teyg og hún situr föst í huga mér. ***Vona að unglingar á öllum aldri lesi Hermikrákuheim.***

*Guðmunda Elíasdóttir*
*söngkona.*

## Stórkostleg bók sem er löngu orðin tímabær.

Bók um lífsspeki og sannleikann sem er besta veganestið á lífsgöngunni. Höfundur kemur hér heiðarleg og opin fram og þorir að segja sannleikann á einlægan og hispurslausan hátt. Það er kominn tími til að vakna og sjá heiminn eins og hann er og hann ört versnandi fer. Kleopatra sér heiminn í réttu ljósi eins og hann er og þorir að segja það án orðskrúðs. Margir menn telja sig finna að nýr tíðarandi sé að fæðast. Öldin sem leið var ekki eins góð og sumir halda. Um hana hefur þegar fallið sá dómur að 70 ára tímabil nasista og marxista hafi verið eitt hið versta í mannkynsögunni. Sagan hefur þegar birt þá niðurstöðu að hugmyndafræði manna sem töldu sig öðrum gáfaðri hafi ekki aðeins verið röng og mannfjandsamleg heldur beinlínis galin. Það er kominn tími til að vakna frá villum þessarar fortíðar og láta hendur standa fram úr ermum. Hinn ungi rithöfundur þessarar bókar, Kleopatra Kristbjörg, hefur greinilega hlýtt kalli hins nýja tíma. Þetta er stórkostleg bók og löngu tímabær, bók rithöfundar sem þorir að ganga á hólm við heiminn og segja hlutina á opinn og hispurslausan hátt, forðast að gera list sína skrautsýningu utan um ekki neitt. Rithöfundar hins nýja tíma hafa hér mikið verk að vinna. Ég óska þeim góðs gengis og velfarnaðar í baráttunni fyrir betri heimi.

*Gunnar Dal*
*heimspekingur og rithöfundur.*

Útgáfuteiti vegna bókarinnar Hermikrákuheimur verður haldið í FÍ- salnum að Mörkinni 6, föstudaginn 27. okt. frá kl 20-24. **Geir Ólafsson** syngur af sinni alkunnu snilld. Óperusöngur ofl. Heiðursgestur **Gunnar Dal**. Veislustjóri Sigrún Waage. Boðskort hafa verið send. **Sjáumst.**


40% afsláttur
449 kr. kg
749
Móa kjúklingur 1/1 ferskur
Ótrúlegt verð!
15% afsláttur
Fjölskylduostur
889 kr. kg
988
Goða lambalæri frosið
Frábært verð
2 fyrir 1
Myllu heilhveitibrauð
Fanta & Fanta SL 2L
89
kr/2L
Skyr.is 330ml.
10% afsláttur
Tómatar íslenskir 500g pakki
189
kr/pk
Rautt/Hvítt greip
129
kr/kg
Sojamjólk 1L súkkulaði & vanillu
199
kr/1L
KRÓNAN
KRÓNAN
KRÓNAN


Bíddu nú við!
30% afsláttur
664 kr. pk
949
Goða pítupakki
593 kr. pk
699
Borgarnes lambabógur frosinn
2 fyrir 1
Beumaris franskar strá
30% afsláttur
Goða saltkjöt blandað
667 kr/kg
Krónu kindabjúgu
159 kr/pk
Kalkúnn frosinn
664 kr/kg
Fine taste rúnstykki 15stk í poka
179 kr/pk
Knorr Lasagne/ lasgnette
349 kr/pk
Ótrúlegt verð!
Boxer 1L epla og appelsínusafi
59 kr/ltr
40% afsláttur
Cillit Bang hreinsivörur
Sprittkerti 100 stk
399 kr/pk
Svartir ruslapokar 10stk
189 kr/rúllan
KRÓNAN . . . Alltaf betra verð!



**VERKFALL KENNARA Í GRIKKLANDI** Þúsundir mótmælenda tóku þátt í útigöngu í Aþenu í gær. Mótmælagangan var skipulögð af grunnskólakennurum, sem hafa verið í verkfalli í fimm vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Unnið er að úttekt á staðsetningu og fjölda bekkja og ruslastampa í Reykjavík:

# Bekkjakerfið endurskoðað

**BORGARMÁL** Unnið er að heildarendurskoðun á staðsetningu og fjölda bekkja og ruslastampa í Reykjavík. Við þá vinnu er mið tekið af umferð gangandi vegfarenda og þörfin fyrir bekki og ruslastampa metin út frá henni.

Sighvatur Arnarsson, skrifstofustjóri hjá framkvæmdasviði borgarinnar, segir skipulagið endurskoðað í takt við breytta borg. „Reykjavík er alltaf að stækka og þroskast og við förum um og metum þörfina.“

Tillögur um staðsetningu bekkja verða tilbúnar í næstu viku og í framhaldinu verður gerð verk- og fjárhagsáætlun.

Lengra er þar til heildartillögur um staðsetningu ruslastampa liggja fyrir enda verkið ærið. „Gönguleiðirnar í borginni eru upp á sjö hundruð kílómetra þannig að það tekur tíma að fara yfir þetta allt saman,“ segir Sighvatur. Þegar er búið að setja um 130 svarta standstampa í stað grænu staurastampanna víða um miðborgina. Þeir eru staðsettir við gatnamót og á stöðum þar sem líklegt er að fólk þurfi að losa við rusl. „Það kemst miklu meira af rusli í stampana sem standa á jörðinni þannig að borgarbúar kunna að meta þetta.“ 628 bekkir eru í borginni og 997 ruslastampar. **- bþs**



**BEKKIR VIÐ HLEMM** Tugir manna geta tyllt sér niður á bekkjum sem standa ofan við Hlemm. Þeir eru oftast mannlausir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kona í Hvíta-Rússlandi:

# Dæmd fyrir að móðga forseta

**MINSK, AP** Jekaterina Sadovskaja var á mánudag dæmd í tveggja ára fangelsi í Hvíta-Rússlandi fyrir að móðga Alexander Lúkasjenko, forseta landsins. Hún hafði sagt að forsetinn þyrfti að gangast undir geðrannsókn.

„Í Hvíta-Rússlandi draga þeir mann fyrir dóm fyrir hugsanir,“ sagði hún eftir að dómurinn féll. „Lúkasjenko hefur breytt mannréttindum í Hvíta-Rússlandi í innantóman klið.“

Lögreglan fann ummælin við húsleit heima hjá henni. Við réttarhöldin staðfesti hún aldrei að hún væri höfundur orðanna. **- gb**





# Vernda leigubílstjóra fyrir áreiti og ofbeldi

**GPS-staðsetningartæki og jafnvel myndavélar eru það sem koma skal í leigubíla hjá Hreyfli - Bæjarleiðum, ef fram heldur sem horfir. Þetta er gert til að vernda bílstjórana vegna síaukins áreitis og jafnvel ofbeldisverka í þeirra garð.**

**ÖRYGGISMÁL** Farið er að huga að því að setja GPS-staðsetningartæki og jafnvel myndavélar í alla leigubíla hjá Hreyfli - Bæjarleiðum. Þetta verður gert til að auka öryggi bílstjóranna í ljósi aukins áreitis og ofbeldisverka sem þeir verða fyrir. Þetta segir Eyþór Birgisson stjórnarformaður hjá Hreyfli - Bæjarleiðum.

Nýlega varð leigubílstjóri þaðan fyrir slæmri lífsreynslu þegar æstur piltur kom inn í bílinn, veifaði hnífi ógnandi um stund, henti honum síðan á gólf bifreiðarinnar og hljóp út. Þetta var fyrsta vakt bílstjórans, ungrar konu, sem er mjög brugðið eftir atburðinn.

„Sem betur fer er það ekki algengt að leigubílstjórar verði fyrir áreiti,“ segir Eyþór. „En það kemur engu að síður alltaf upp annað slagið. Þetta er allt frá því að flokkast undir áreiti og upp í beinar árásir,“ bætir hann við og rifjar upp þegar leigubílstjóri var skorinn á háls í Vesturbænum, svo við lá að slagæð færi í sundur.

„Það væri gríðarlega mikið öryggisatriði fyrir bílstjórana að fá GPS-tæki í bílana,“ segir hann. „Það myndi virka þannig að sé ýtt á ákveðinn hnapp í bílnum kemur upp ákveðin skjámynd hjá stúlkunum í afgreiðslunni sem sýnir að bílstjóri er í neyð og staðsetur bílinn nákvæmlega.“



**LEIGUBÍLAR** GPS-staðsetningartæki virkar þannig að sé ýtt á öryggishnapp í bílnum, kemur upp ákveðin skjámynd hjá stúlkunum í afgreiðslunni sem segir að bílstjóri sé í neyð og staðsetur bílinn nákvæmlega.

Eyþór segir mikinn áhuga fyrir að efla öryggi bílstjóranna með þessum hætti. Menn vonist þó til þess að umhverfið verði ekki með þeim hætti að það kalli á nánast brynvarða bíla.

Leigubílstjórar hjá Hreyfli - Bæjarleiðum eru nú með öryggishnapp í bílunum og segir Eyþór þá vel setta að því leyti að þeir geti látið vita af sér mjög fljótt, þótt ekki sé hægt að staðsetja bílana á skjámynd.

Ingólfur Jónsson formaður bílstjórafélags á Aðalbílum sem rekur stöðvar í Hafnarfirði og Keflavík sagði engan öryggisbúnað í leigubílum stöðvarinnar. Hann sagði löngu tímabært að huga að því máli. Sjálfur kvaðst hann helst vilja neyðarhnapp í bílana, sem væri beintengdur við lögreglu.

**jss@frettabladid.is**



Frosinn KS lambabógur- slátrun 2006

FROSINN LAMBABÓGUR
Kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.

...fyrir góðan dag!

Tagliatelle: Pasta með sveppum, skinku og baunum í rjómaostasósu
400g réttur úr frystinum!

Tagliatelle með skinku, sveppum, baunum
49 KR.
400g

# -enn fleiri tilboð!

4 hamborgarar
4 hamborgarabrauð

4 hamborgarar með brauði
299 KR.

STJÖRNUSNAKK
129 KR.
90g

ORKUDRYKKUR
89 KR.
500 ml

Stutt geymsluþol
SJÁÐU VERÐIÐ!

4 GRÍSABUFF Í RASPI

30% afsláttur við kassann

GRÍSABUFF Í RASPI
4 STK. Verð nú:
139 KR.
Merkt verð 199KR.

Ferskt ungnautahakk 8-12% fituinnihald

FERSKT NAUTAHAKK
Kílóverð:
798 KR.

Lambalærissneiðar í raspi - frystivara

30% afsláttur við kassann

LAMBALÆRISSNEIÐAR
Kílóverð nú:
1398 KR.
Merkt verð 1998KR.

FERSKT GRÍSAGÚLLAS
Kílóverð nú:
1019 KR.
Merkt verð 1698KR.

40% afsláttur við kassann

Ferskt grísagúllas frá Íslandsgrís

Frosnir og forsteiktir ýsubitar í raspi-800g

FROSNIR ÝSUBITAR
800g POKI verð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.

FROSNIR ÝSUNAGGAR
800g POKI verð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.

Frosnir og forsteiktir ýsunaggar í raspi-800g

bonus.is

# Góður matur á diskinn þinn!




Þú sparar 300 kr. kg

LAXASTEIK
Í TERYAKI OG BRANDI 1.698 kr. kg




Þú sparar 300 kr. kg

SJÓBLEIKJA
M. BLÁBERJUM OG TIMJAN 1.698 kr. kg




Þú sparar 400 kr. kg

LAMBALÆRI, HÁLFÚRBEINAÐ
M. INDVERSKU ÍVAFI 1.398 kr. kg



Þú sparar 500 kr. kg

KRÓNHJARTARFILLET
HIGHLANDGAME STEIK 4.498 kr. kg




Þú sparar 300 kr. kg

GRÍSAKÓTELETTUR
M. KARTÖFLUMÚS OG PIPARSÓSU 1.698 kr. kg




Þú sparar 700 kr. kg

UNGNAUTAFILLET
MEÐ BEARNIS TOPP 2.998 kr. kg

## White Kiss & Rembrandt




Hvítar tennur!

15% afsláttur

## NIVEA VITAL

húðsnyrtivörur




## Skyr.is




15% afsláttur

NÓATÚN


Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Lambaveisla
í Nóatúni!
25%
afsláttur
KJÚKLINGABRINGUR
MÓA MAGNKAUP
1.998 kr. kg
LAMBALÆRI, SNYRT
KRYDDUÐ / ÓKRYDDUÐ
998 kr. kg
NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni
40%
afsláttur
ÍTALSKAR NAUTAHAKKBOLLUR
Í TÓMAT, ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
40%
afsláttur
REYKTUR LAX
FRÁ EÐALFISK
Kellogg's
Special K
15%
afsláttur
Minna mál
25%
afsláttur
Kristall Sport
149 kr. 0,5 l
Verði ykkur að góðu!

„ORÐRÉTT“

### Börn fái að vera börn

**„Mér finnst þetta fyrir neðan allar hellur og bið um að leyfa börnunum að vera börn og vernda þeirra bernsku.“**

HERRA KARL SIGURBJÖRNSSON BISKUP ÍSLANDS UM SPURNINGAR UM HÓFDRUKKNAR MÝS Í SAMRÆMDU PRÓFUNUM Í 4. BEKK.

Fréttablaðið 25. október.

### Pappírspukur

**„Það er óholt fyrir samfélagið að vera að pukrast með þessa pappíra.“**

KJARTAN ÓLAFSSON, FYRRVERANDI RITSTJÓRI ÞJÓÐVILJANS, UM GÖGN UM PÓLITÍSKAR HLERANIR Á TÍMUM KALDA STRÍÐSINS.

Blaðið 25. október.

nær og fjær

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ELÍAS MAR RITHÖFUNDUR

## Græðum ekkert á ESB



„Ég segi nú allt ágætt,“ segir Elías Mar, rithöfundur. „Nú er ég að bíða eftir því að mér verði sendur matur. Í dag fæ ég steiktan fisk með remúlaðisósu og salati og sveskjusúpu á eftir með tvíbökum. Þetta er afskaplega góður matur. Það eru mest gamlingjar sem fá sendan svona mat og veikt fólk. Annars hef ég verið að hugsa um afstöðu mína til Evrópusambandsins og er alfarið á móti því að við tengjumst því. Ég get nefnt sem dæmi að Spánverjar myndu fá hér ítök til að veiða fisk eins og þeir vildu. Við höfum ekkert hugsað um að þeir myndu kannski tæma miðin af þorski og væri síðan skítsama um okkur. Þegar þeir væru búnir að fá sinn saltfisk, þá myndu þeir vera ánægðir.“ Aðspurður um ritstörfin segist Elías grípa í penna af og til. „Ég er nú ekki að skrifa að staðaldri. Ég yrki annað slagið en ég er ekki eins duglegur og ég ætti að vera. Það er bara af kæruleysi; mér finnst ég hafi nægan tíma. Ég er orðinn 82 ára og get dáið hvenær sem er. En ég hugsa aldrei svoleiðis! Mér finnst ég vera eitthvað um tvítugt og eigi alla framtíðina fyrir mér. Svona er maður vitlaus.“

## AMERÍKA:

### KRISTILEGT NAMMI

■ Kristnum Bandaríkjamönnum er í nöp við Hrekkjavöku, djöfulganginn sem þá ríkir og guðlaust sælgætisátið. Því er komið á markaðinn „kristilegt“ sælgæti til að róa þá trúuðu. Til dæmis má kaupa brjóstsykur og karamellur sem er pakkað inn í pappír með áprentuðum ritningargreinum, sleikjó sem er í laginu eins og Davíðsstjarna og gúmmídýr úr örkinni hans Nóa. Þá þykir „biblíustöngin“ hressandi, en hún er unnin úr sömu hráefnum og koma fyrir í Fimmtu Mósebók 8:7-8 í Gamla testamentinu.



## SJÓNARHÓLL

SKILNAÐUR PAULS OG HEATHER

### Fortíðin Paul í hag



JÓN ÓLAFSSON Tónlistarmaður

„Maður veit náttúrulega ekkert nema það sem maður les í blöðunum, en mín tilfinning er sú að fortíðin sé Paul meira í hag en Heather,“ segir Jón „góði“ Ólafsson, sem gerði sé ferð niður á Café Romance um árið til að hitta Paul McCartney og fá hjá honum eiginhandaráritun. „Maður sem hefur ættleitt höfrung í Bandaríkjunum – eins og mér skilst að Paul hafi gert – það er erfitt að sjá hann geta verið vondan við nokkurn mann. Það hafa ótal bækur verið skrifaðar um Paul og aldrei hefur maður lesið að hann bregði svo mikið sem skapi. Þegar ég hitti hann var að minnsta kosti allt í lukkunar velstandi. Heather var þarna með honum og hvorki með sprungna vör né glóðarauga. Þetta lyktar allt af peningum og ég held að Heather sé bara að beina athyglinni frá eigin fortíð sem starfsmaður Ford Escortverksmiðjunnar. En hvað veit maður svo sem? Hver veit hvað leynist á bak við þessi sakleysislegu brúnu augu? Kannski býr þar fól.“

# Jafnréttisáætlunum sé fylgt eftir

**SPRON hefur hlotið jafnréttisviðurkenningu jafnréttisráðs fyrir árið 2006. Meginástæðan er sögð áhersla fyrirtækisins á skýra jafnlaunastefnu og árleg könnun á afstöðu starfsmanna til jafnréttis í fyrirtækinu.**



**HILDUR PETERSEN FORMAÐUR STJÓRNAR SPRON** Hildur segir jafnréttisviðurkenninguna vera mikla hvatningu og að áfram verði haldið á sömu braut innan fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Hildur Petersen, formaður stjórnar SPRON, segir þessa viðurkenningu hafa mikla þýðingu fyrir fyrirtækið. „Þetta er mikill heiður og það skiptir okkur miklu máli að vera fyrsta fjármálafyrirtækið sem hlýtur þessa viðurkenningu hér á landi.“

Frá árinu 1997 hefur verið unnið eftir virkri jafnréttisáætlun í SPRON og sérstök jafnréttisnefnd hefur haft það verkefni að fylgja henni eftir. Virk jafnlaunastefna fyrirtækisins felur í sér að árlega eru laun kynjanna skoðuð til að gæta jafnréttis og koma í veg fyrir mismunun.

Aðspurð um ánægju starfsfólks með stefnu fyrirtækisins vísar Hildur í kannanir sem sýna að starfsmenn SPRON eru ánægðustu starfsmenn fjármálafyrirtækja. „Og samkvæmt öðrum könnunum eru viðskiptavinir SPRON þeir ánægðustu í fjármálageiranum þannig að þetta er keðjuverkandi líklega.“

Hildur telur að flest stærri fyrirtæki á Íslandi séu komin með jafnréttisáætlun. „En að fylgja henni eftir er nokkuð nýnæmi og ég gæti trúað að við værum í fararbroddi þar. Við leggjum mikla áherslu á að jafnréttis sé gætt í ráðningum sem kemur fram í því að af 40 stjórnendum hjá fyrirtækinu er 21 kona.“

SPRON hefur lagt mikla áherslu á að gefa starfsfólki kost á endurmenntun að sögn Hildar og þykir þátttakan óvenju góð. „Konur hafa kannski stundum minnimáttarkennd því þeim finnst þær ekki hafa sömu undirstöðu í störfin og er ýtt undir það hér að þær geta sótt sér þessa undirstöðu.“

Aðspurð um hvað hún vilji helst sjá breytast varðandi stöðu kvenna á vinnumarkaði segist Hildur gjarnan vilja sjá fleiri konur í stjórnum fyrirtækja. „Það er erfitt að segja til um af hverju það gengur svona hægt. Kannski að einhverju leyti að konur þurfa að vera tilbúnar til þess. Þær hafa auðvitað menntunina en þurfa líka að hafa sjálfstraustið. Svo þurfa karlmenn líka að muna eftir því að konur eru valkostur í þessi störf.“

Hildur segir mikla og uppbyggilega umræðu um jafnrétti hafa átt sér stað síðustu ár. „Ég held það séu ýmis jákvæð teikn á lofti um að þessum málum fari að þokast áleiðis. Konur eru í auknum mæli að koma sér á framfæri og vilja takast á við málin.“

sdg@frettabladid.is


Höldum óhreinindum á mottunni

Úti- og innimottur fyrir íslenskar aðstæður



NOTRAX® gólfmottukerfið

…fjarlægir óhreinindi og vætu af skóm
…hindrar að gólfið innandyra verði hált
…heldur anddyrinu hreinu og snyrtilegu

Á tilboði í október 2006
Úti- og innimottur af ýmsum gerðum og stærðum

Sigþóra Gunnarsdóttir
Sölumaður í verslun RV

TUNGLIÐ RV6217

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




**HIN BYLTINGARKENNDA RUSLATUNNA** Vonandi setja unglingarnir ruslið ofan í hana.

FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Bylting í ruslatunnugerð:

# Fyrir unglinga á lóðaríi

Ný gerð af ruslatunnum var tekin í notkun við Ísafjarðarhöfn í fyrradag og er hún sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Vonast er til að nýja tunnan stemmi stigu við viðvarandi ruslvandamáli við höfnina.

„Höfnin er endapunkturinn á rúntinum hjá unglingunum,“ segir Guðmundur „Mugi“ Kristjánsson, hafnarstjóri. „Hingað koma þeir og eru á lóðaríi auk þess að borða hamborgara og nammi og drekka kók. Það eru tvær tunnur við höfnina en unglingarnir hentu samt öllu út um bílgluggana. Við höfum mikið langlundargeð en vorum samt alveg búin að fá leið á draslinu. Það er hörkuvinna að tína þetta upp og ekki það sem við höfum hugsað okkur að starfa við hérna á höfninni. Magni Guðmundsson hjá Fjarðarneti hf. tók sig því til og hannaði þessa nýju ruslatunnu. Fólk getur keyrt upp að henni, skrúfað niður gluggann og fleygt ruslinu án þess að þurfa að hreyfa sig úr bílnum.“

Ekki er enn komin reynsla á nýju tunnuna. Guðmundur segir að það hafi verið vont veður í fyrstu nóttina og fáir á rúntinum. „Við vonum bara að þetta virki,“ segir hann.

# Nýr starfskraftur

## Óþrjótandi starfsorka og ótrúleg afköst

Intel® Pentium® D inside™





Dell™ OptiPlex™ GX520 er kraftmikil vinnustöð sem kemur hlutunum á hreyfingu. Innbyggður Intel® Pentium® D örgjörvinn gerir hana að einstaklega afkastamiklum, hröðum og traustum kosti, gæddum ótal möguleikum.

Um leið og hún eykur afköst innan fyrirtækisins er hún auðveld í rekstri, áreiðanleg og hönnuð sérstaklega með lágmarksviðhald í huga.

Komdu og prufukeyrðu þessa mögnuðu tölvu hjá okkur og nýttu þér einstakt verðtilboð.

### Dell™ OptiPlex™ GX520

| |
|---|
| Intel® Pentium® D örgjörvi 820 (512 MB, 2,80 GHz/800 MHz, 2 x 1 MB FSB Cache) |
| Microsoft™ Windows® XP Professional SP2 |
| 80 GB (7.200 rpm) SATA II harður diskur |
| 512 MB 533 MHz DDR2 vinnsluminni (1 x 512 MB) |
| E176FP 17" flatur skjár |
| 48x DVD/CD-RW Combo geisladrif |
| 3 ára ábyrgð á verkstæði EJS |

**Tilboðsverð:**

**99.900 kr.**

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig**

DELL™

©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel merkið, Intel Inside, Intel Inside merkið, Pentium og Pentium Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir Internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Piton / SIA

**EJS – það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

## Svona erum við

> Hlutfall Íslendinga yfir kjörþyngd á aldrinum 15-74 ára




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** RJÚPAN OG RANNSÓKNIR

# *Rjúpan eini villti hænsnfuglinn*

Rjúpan, vinsælasta bráð íslenskra skotveiðimanna, er eini villti hænsnfuglinn sem lifir hér á landi. Hún er einnig nefnd fjallarjúpa, þar sem hún lifir oftar en ekki uppi á heiðum og upp til fjalla. Rjúpan er frekar þéttvaxin með stutta breiða vængi. Yfir varptímann er búningur hennar brúnleitur og verður karrinn, karlfuglinn, grádílóttur en kvenfuglinn guldílóttur.

Litaskipti rjúpunnar eru hennar aðaleinkenni. Meðal frekari einkenna eru rauður kambur karlfuglsins fyrir ofan augu, en kvenfuglinn er hvítur á kviðnum allt árið. Vetrarbúningur rjúpunnar er hvítur.



**Hvenær má veiða?**
Rjúpan er vinsælasti jólamatur Íslendinga. Á öðrum tímum er rjúpan sjaldan á boðstólum en veiðitímabilið stendur frá 15. október til 22. desember. Rjúpan lifir að miklu leyti á fjalldrapa, grasvíði og berjum og er kjöt rjúpunnar af þeim ástæðum dæmi um náttúrulega „kryddaða“ villibráð. Aðalfæða rjúpunnar yfir sumartímann eru kornsúrulaukar.

**Hver fylgist með stærð rjúpnastofnsins?**
Náttúrufræðistofnun hefur rannsakað íslenska rjúpnastofninn ítarlega á síðustu áratugum. Að mestu hafa rannsóknirnar snúist um að skoða vistfræði og lífsferil rjúpunnar og áhrif veiða á afkomu rjúpnastofnsins frá ári til árs. Nokkuð nákvæm vöktun á rjúpnastofninum fer fram á vegum Náttúrufræðistofnunar og fuglaáhugamanna víða um land. Með vöktuninni á vegum Náttúrufræðistofnunar hafa umfangsmiklar rjúpnarannsóknir verið stundaðar í áratugi. Þessar rannsóknir hafa snúist um að kanna ýmsa þætti í vistfræði og lífsferli rjúpunnar og einnig áhrif skotveiða á afkomu rjúpnastofnsins. Auk þessara rannsókna hefur

Náttúrufræðistofnun séð um að skipuleggja vöktun rjúpnastofnsins og sjá sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar og áhugamenn víða um land um framkvæmd vöktunarinnar. Vöktunin snýst öðru fremur um að hafa yfirsýn yfir rjúpnastofninn til þess að geta brugðist við með réttum hætti ef eitthvað kemur upp á.

## Valið á lista
### Helstu dagsetningar

**27.-28. október Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík.**
**28.-29. október Samfylkingin í Norðvesturkjördæmi.**
**31. október Póstkosningu Samfylkingar í Norðausturkjördæmi lýkur.**
**1. nóvember Póstkosning VG í Norðausturkjördæmi hefst. Lýkur 15. nóv.**
**3. nóvember Póstkosning Framsóknarflokks í Norðvesturkjördæmi hefst. Lýkur 17. nóvember.**
**4. nóvember Kjördæmisþing Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi og Samfylkingin í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.**
**11. nóvember Samfylkingin í Reykjavík og Sjálfstæðisflokkurinn í Suðurkjördæmi og Suðvesturkjördæmi.**
**15. nóv Póstkosningu vinstri-grænna í Norðausturkjördæmi lýkur.**
**17. nóvember Póstkosningu Framsóknarflokks í Norðvesturkjördæmi lýkur.**
**25. nóvember Sjálfstæðisflokkurinn í Norðausturkjördæmi.**
**2. desember vinstri-græn í Reykjavík og Suðvesturkjördæmi.**

# Upphlaup ráða ekki úrslitum

**Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fer fram á morgun og laugardag. Sex þingmenn berjast fyrir pólitísku lífi sínu en mest hefur farið fyrir baráttu Björns Bjarnasonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar um annað sætið. Nítján gefa kost á sér, tólf karlar og sjö konur.**



**UTAN KJÖRFUNDAR** Um 7.500 greiddu atkvæði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir fjórum árum. Þótt eiginleg kosning fari fram á morgun og á laugardag hafa þegar nokkur hundruð manns greitt atkvæði utan kjörfundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sjálfstæðisflokkurinn á níu þingmenn í Reykjavík. Sjö þeirra sækjast eftir endurkjöri en Guðmundur Hallvarðsson og Sólveig Pétursdóttir kveðja stjórnmálin í vor.

Þingmennirnir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, Pétur Blöndal, Sigurður Kári Kristjánsson, Birgir Ármannsson og Ásta Möller sækjast eftir endurkjöri og hafa öll rekið áberandi kosningabaráttu síðustu daga og vikur. Spenna og óvissa ríkir um uppskeru erfiðis þeirra en Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, þarf ekki að óttast um sína stöðu – hann sækist einn eftir fyrsta sætinu og hefur ekki háð prófkjörsbaráttu.

Fjórir aðrir frambjóðendur hafa rekið afar sýnilega baráttu, þau Guðfinna Bjarnadóttir rektor og Illugi Gunnarsson hagfræðingur sem bæði sækjast eftir þriðja sæti, Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður sem stefnir á fjórða sæti og Sigríður Andersen lögfræðingur sem sækist eftir 5.-7. sæti. Minna hefur farið fyrir baráttu annarra.

Mat flokksbundinna sjálfstæðismanna og annarra áhugamanna um stjórnmál sem Fréttablaðið ræddi við er að það séu einmitt helst fjórmenningarnir sem ógni sitjandi þingmönnum. Möguleikar annarra á að hljóta „öruggt“ sæti séu minni.

**Konur og ungir karlar**
Staða kvenna innan Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík var mjög til umræðu fyrir fjórum árum. Þá hlutu tvær konur kosningu í níu efstu sætin, þær Sólveig Pétursdóttir og Ásta Möller. Ásta skipaði fimmta sætið í Reykjavíkurkjördæmi norður og varð varaþingmaður eftir kosningarnar vorið 2003. Hún tók svo fast sæti á Alþingi þegar Davíð Oddsson lét af þingmennsku 2005.

Heyra má innan úr flokknum að margir ætli nú að huga betur en síðast að kynjaskiptingu við val á frambjóðendum. Það verði ekki látið spyrjast um reykvíska sjálfstæðismenn að þeir vilji ekki veg kvenna í stjórnmálum jafnmikinn og karlanna. Á því græða kvenframbjóðendur þó kjósendur horfi ekki síður – og jafnvel heldur – til annarra þátta í fari þeirra og stefnumálum.

Auk slælegrar útkomu kvenna síðast vakti helst athygli að þrír ungir karlmenn hlutu góða kosningu. Birgir Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson og Sigurður Kári Kristjánsson hlutu allir sæti ofarlega á listum og þingmennsku í framhaldinu. Allir vilja þeir halda störfum sínum og eru nú kjörtímabilinu reyndari.

**Baráttan um annað sætið**
Barátta Björns og Guðlaugs Þórs um annað sætið í prófkjörinu (sá er hlýtur það skipar efsta sætið á öðrum hvorum framboðslistanum í vor) hefur verið fréttnæmust og helst til umræðu í heitum pottum og á kaffistofum. Pétur H. Blöndal sækist raunar eftir 2.-3. sæti en í vangaveltum um annað sætið hafa sjónir manna síður beinst að honum.

Klippt og skorið má segja að eldri flokksmenn muni kjósa Björn en þeir yngri Guðlaug Þór.

Ályktun Sambands ungra sjálfstæðismanna gegn íslenskri leyniþjónustu, fundur Geirs H. Haarde með Birni í Valhöll og nafnlaus kvörtun vegna flokksskrár eru nefnd til marks um hörkuna í baráttu Björns og Guðlaugs Þórs. Ályktunin hefur verið sögð hafa beinst gegn Birni, fundurinn til að sætta hann og flokksskrármálið til að sverta Guðlaug. Sjálfstæðismaður sem hefur fylgst grannt með prófkjörum flokksins um árabil segir að þrátt fyrir áhuga afmarkaðra hópa á málum sem þessum, hafi þau lítið að segja þegar upp er staðið. Þorri flokksmanna líti til verka, stefnu og stöðu manna en ekki upphlaupa nokkrum dögum fyrir prófkjör.

### NÍTJÁN TAKA ÞÁTT

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Geir H. Haarde forsætisráðherra. |
| **2. sæti** | Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra. |
| | Guðlaugur Þór Þórðarsson alþingismaður. |
| **2.-3. sæti** | Pétur H. Blöndal alþingismaður. |
| **3. sæti** | Ásta Möller alþingismaður. |
| | Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík. |
| | Illugi Gunnarsson hagfræðingur. |
| **3.-5. sæti** | Birgir Ármannsson alþingsmaður. |
| | Steinn Kárason umhverfishagfræðingur. |
| **4. sæti** | Dögg Pálsdóttir hæstaréttarlögmaður. |
| | Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður. |
| **5.-7. sæti** | Sigríður Andersen lögfræðingur. |
| **6. sæti** | Jóhann Páll Símonarson sjómaður. |
| | Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. |
| | Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. |
| **7.-8. sæti** | Vilborg G. Hansen landfræðingur. |
| **8. sæti** | Marvin Ívarsson byggingafræðingur. |
| **9. sæti** | Grazyna M. Okuniewska hjúkrunarfræðingur. |
| | Þorbergur Aðalsteinsson, sölu- og markaðsstjóri. |

## FRAMKVÆMD

Kosið er í Valhöll á morgun en á sjö kjörstöðum á laugardag. Kosningu lýkur klukkan sex á laugardag og er þá fyrstu talna að vænta. Félagsbundnir sjálfstæðismenn sem orðnir eru sextán ára mega kjósa sem og stuðningsmenn flokksins sem hafa undirritað inntökubeiðni fyrir lok kjörfundar.

7.499 kusu í prófkjörinu fyrir fjórum árum.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006



# BAKKAVÖR

Bakkavör Group var stofnað árið 1986 og fagnar 20 ára starfsafmæli á þessu ári. Starfsemi félagsins hefur vaxið verulega á síðastliðnum 20 árum og er félagið stærsti framleiðandi ferskrar tilbúinnar matvöru í Bretlandi. Í tilefni af þessum tímamótum var ákveðið að sameina alla starfsemi félagsins undir nafni og merki Bakkavör Group. Verksmiðjur félagsins halda heitum sínum undir sameiginlegu tákni félagsins, leitt af nafni móðurfélagsins.

















Bakkavör Group rekur á fimmta tug verksmiðja í sjö löndum og starfa um 16 þúsund manns hjá félaginu. Meginhluti starfseminnar fer fram í Bretlandi en einnig í Frakklandi, Belgíu, Spáni, Suður Afríku og Kína. Félagið framleiðir yfir 4.700 vörutegundir á sviði ferskrar tilbúinnar matvöru í 17 vöruflokkum.

- ALRESFORD SALADS
- ANGLIA CROWN LTD.
- BAKKAVÖR ASIA
- BAKKAVÖR BIRMINGHAM
- BAKKAVÖR FRESH FOODS
- BAKKAVÖR FRESH PRODUCE
- BAKKAVÖR IBERIA
- BAKKAVÖR LIMITED
- BAKKAVÖR MARINER FOODS
- BAKKAVÖR PREPARED FOODS
- BAKKAVÖR RFG FRESHCOOK LTD
- BAKKAVÖR SELECT PRODUCE
- BOURNE SALADS
- BOURNE STIR FRY
- CALEDONIAN PRODUCE
- CINQUIÈME SAISON
- CRUDI & SOGESOL
- ENGLISH VILLAGE SALADS
- FRESH CUT PRODUCE
- HITCHEN FOODS LIMITED
- INTERNATIONAL PRODUCE
- ISLEPORT FOODS LTD
- KATIES
- KATSOURIS FRESH FOODS
- LAURENS PATISSERIES
- LINCS. CUISINE
- MARINER FOODS
- MELROW SALADS
- NEW PRIMEBAKE
- PASTA COMPANY
- SAXON VALLEY FOODS
- SOGESOL
- SPRING VALLEY FOODS
- THE BAKERY
- THE DELICATESSEN
- THE PIZZERIA
- TILMANSTONE SALADS
- VACO
- WELLAND FRESH FOODS
- WINGLAND FOODS
- YORKSHIRE FRESH SALADS

## Útgjöldin

> Neysla kaffis á íbúa í kílóum talið




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** BRYNDÍS SCHRAM FJÖLMIÐLAKONA

## *Eiginmaðurinn gerði verstu kaupin*

„Það sem kemur í hugann núna sem bestu kaup er leirpottur sem ég keypti í Finnlandi en í honum get ég mauksoðið mat. Það getur komið sér vel að láta matinn krauma tímunum saman og nota tímann til annars. Svo þegar ég kem heim er maturinn tilbúinn en maturinn úr þessum potti er ávallt afar ljúffengur. Í pottinum er hægt að elda mat fyrir sjö manns og hann er því tilvalinn þegar von er á gestum.“

Þegar talið berst að verstu kaupunum þarf Bryndís aðstoð Jóns Baldvins bónda síns sem rifjar upp treflakaup úti í Finnlandi en trefillinn var merkjavara og kostaði 20 þúsund krónur. „Jón komst síðar að því að sams konar trefill kostaði aðeins brot af þessari upphæð í fríhöfninni.“

Þá minnist Bryndís þess að mörgum hafi þótt þau hjónin gera slæm kaup þegar þau festu kaup á íbúð sinni á Vesturgötunni sem þarfnaðist andlitslyftingar þegar þau keyptu hana. Okkur leið hins vegar vel þarna og viðgerðirnar reyndum við að borga út í hönd í stað þess að taka lán fyrir þeim.“



Bryndís segist einnig vera hagsýn þegar kemur að fatakaupum og notar sömu fötin árum saman. „Með því að kaupa aldrei dýr föt þarf ég ekki að gjörnýta þau en legg þau hins vegar til hliðar og nota síðar ef efnin í þeim eru góð.“

Bryndís hefur búið víða erlendis og segir Íslendinga spá minna í aurinn en margar aðrar þjóðir. „Annars staðar tíðkast til dæmis ekki að nota farsíma nema í neyð því það er dýrara að hringja úr þeim, en hérna nota flestir farsíma í tíma og ótíma.“ Sjálf á Bryndís ekki farsíma og telur sig ekki þurfa á honum að halda.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SKIPULAG SPARAR TÍMA

■ *Þórhallur Heimisson prestur segir nægjanlegt að nota hálfa hreinsitöflu í uppþvottavélina og spara þannig peninga.*



„Ég hef það fyrir vana að skipuleggja máltíðir nokkra daga fram í tímann áður en ég fer að versla og með þessari aðferð gleymist ekkert og tími og peningar sparast.“ Þórhallur segir mikilvægt að láta ekkert hrúgast upp heldur gera hlutina jafnóðum til að þeir verði ekki óyfirstíganlegir. „Þessi regla á við um alla hluti, húsverk jafnt sem garðverk. Þegar ég fer með flöskur í endurvinnslu tek ég krakkana mína með þannig að þau finni hvers virði þessir litlu hlutir eru.“

■ **Dýrast / ódýrast**

## Sund



Dýrasta sund landsins er hin heimsfræga heilsulind Bláa lónið, en þangað ofan í þarf að splæsa 1400 krónum á hvern fullorðinn. Með í kaupunum fylgir Blue Lagoon-sturtugel, hárnæring og rakakrem í baðklefunum. Ódýrast í sund – fyrir utan ýmsar ókeypis óbyggðalaugar – er í þrjár 25 metra laugar í Keflavík og eina í Hafnarfirði. Þar kostar 220 krónur ofan í og því er hægt að fara rúmlega sex sinnum í sund þar í stað einnar ferðar í Bláa lónið. Annars kostar sundferðin yfirleitt í kringum 300 kall og víðast má fá magnafslátt.

■ **Reykjavíkurborg**

## Nýjar leiðir til að borga í stöðumælinn



Framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að fela Bílastæðasjóði að útfæra nýjar leiðir til að auðvelda viðskiptavinum að greiða fyrir bílastæði. Á boðstólum verða tímabundin kort og skafmiðar auk þess sem hægt verður að greiða fyrir stæði með kreditkortum. Þegar er í gildi kerfi sem gerir ökumönnum kleift að borga fyrir not á bílastæðum með farsímum.

■ **Skógrækt ríkisins:**

## 8.000 íslensk jólatré árlega



Um 40.000 jólatré seljast árlega á Íslandi, þar af 8.000 tré sem framleidd eru hérlendis. Af þeim innlendu trjám sem fara á markað framleiðir skógrækt ríkisins um 4.000 tré en önnur skógræktarfélög hinn helminginn. Þetta kemur fram í nýútkominni ársskýrslu Skógræktar ríkisins. Íslensk jólatré eru einkum rauðgreni, blágreni og stafafura en þau innfluttu eru nær eingöngu norðmannsþinur frá Danmörku.
Í seinni tíð er orðið algengara að fyrirtæki og stofnanir setji upp torgtré og á þesum markaði eru íslensk tré allsráðandi.

# Stríðið gegn kvefinu

**Tími kvefsins er runninn upp með tilheyrandi hnerra, hósta, stífluðu nefi og særindum í hálsi. Stóri bróðir kvefsins er flensan sem hefur í för með sér hita, haus- og beinverk, slappleika og rúmlegu. Nánast allir landsmenn eiga eftir að sýkjast af þessum óværum í vetur og sumir jafnvel oftar en einu sinni.**



**BENEDIKTA JÓNSDÓTTIR Í MAÐUR LIFANDI** Er með margt sem gagnast í stríðinu við kvefið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kvef og flensa eru sjúkdómar sem orsakast af veirum. Þrátt fyrir mikla leit hefur ekki verið hægt að framleiða 100 prósent virkt bóluefni gegn þessum hvimleiðu veikindum. Besta leiðin til að forðast smit er að lifa heilbrigðu lífi og borða holla fæðu. Einnig að forðast stress og svefnleysi og ekki að keyra sig út í vinnu. Þessir þættir allir veikja virkni ónæmiskerfisins.

Benedikta Jónsdóttir í heilubúðinni Maður lifandi hefur ráð undir rifi hverju og er með ýmsar vörur til að verjast kvef- og flensuplágunni. „Af því að öll vandamál byrja í þörmunum er gott að taka Asidófílus-hylki reglulega,“ segir Benedikta. „Það er stöðugt stríð í þörmunum og Asidófílus eru góðu hermennirnir í því stríði. Ýmsar tegundir eru í boði á verðbilinu 1.000-2.000 krónur. Svo er gott að fá sér teskeið af hrárri kókosfitu (einn lítri á 2.749 krónur) og matskeið af hörfræjaolíu, sem er rík af Ómega 3, 6 og 9 fitusýrum (823 krónur fyrir 250 ml flösku). Með þessu ná kvefbakteríurnar ekki fótfestu í líkamanum og renna út.“

Benedikta segir að fjölmargar rannsóknir bendi til að hvítlaukur, C-vítamín og íslenska hvannarrótin virki vel á kvefið, séu bakteríudrepandi. „Við erum með ýmsar tegundir af hvítlaukshylkjum, extra sterk tegund kostar 1.251 krónur. Hundrað millilítra glas af íslensku hvannarrótinni í fljótandi formi kostar 1.850 krónur og Ester-C er sérlega gott C-vítamín í 500 mg hylkjum, 90 hylki á 1.423 krónur. Sólhatturinn er vinsæll til að styrkja varnarkerfið, hann má fá fljótandi (60 ml á 1.010 kr) og í hylkjum. Ein mjög vinsæl tegund af sólhatti eru hylki sem innihalda líka 500 mg af C-vítamíni og sink, en sink hefur fyrirbyggjandi áhrif.“ (100 hylki á 2.947 kr)

Maður lifandi selur ýmis hómópatalyf, meðal annars Aconite 30c gegn flensu og Allium cepa gegn kvefi (998 kr flaskan). Benedikta segir þessi lyf vera „djúpvirk og algerlega skaðlaus og án aukaverkana.“

Ólívulauf er nýjasta vopnið í kvefstríðinu og 60 mg glas með þykkni úr ólívulaufi kostar 1.439 krónur. Benedikta segist hafa heyrt margar jákvæðar sögur af ólívulaufinu. „Ef allt kemur fyrir ekki og þú verður veikur er um að gera að taka því rólega, vera heima og ná þessu úr sér. Ég mæli með lestri góðra bóka og tedrykkju, til dæmis á hvítu tei eða lakkrístei. Eucalyptus hunang (500 grömm á 790 krónur) er upplagt út í teið. Þetta eru trén sem kóalabirnirnir lifa í í Ástralíu og það er hálfgert hálsbrjóstsykursbragð af hunanginu. Svo er um að gera að vera á léttu fæði, grænmetissúpur eru tilvaldar.“

Kolbrún Björnsdóttir hjá Jurtaapótekinu býður upp á jurtablönduna Mími gegn kvefi og flensu. „Þegar fólk finnur að það er að verða veikt á það að byrja að taka þetta. Margir eru rosalega hissa á því hvað þetta virkar vel því fólk er vant allskonar dóti sem á að virka en gerir það ekki,“ segir Kolbrún. „Mímir er blanda af sólhatti, piparmintu, valhumli og hvítlauk, ásamt cayenne-pipar og engiferi sem rífur í kvefið. Þetta er ónæmisstyrkjandi, slímlosandi, hóstastillandi, bakteríudrepandi, hitalækkandi og eykur blóðflæðið. Sem sé, algjör dúndurblanda sem þrælvirkar.“ Mími má fá í duftformi sem er leyst upp í heitu vatni (80 grömm, 1.705 krónur) eða sem hylki (180 stykki, 2.450 krónur).



**KOLBRÚN BJÖRNSDÓTTIR Í JURTAAPÓTEKINU** Segir Mími dúndurblöndu sem þrælvirkar á kvef.

Öll hefðbundin apótek eru svo stútfull af vörum sem eiga að gagnast við kvefi. Í Rimaapóteki í Grafarvogi starfar Jóna Björk lyfjafræðingur. „Það er ekkert lyfjafræðilega sannað sem á að verka gegn kvefi,“ segir hún. „Ég held að sá sem fyndi endanlega lækningu yrði nú aldeilis ríkur. C-vítamín og sólhattur eru þó talin byggja upp ónæmiskerfið og eru mikið keypt. Spirulina-fjölvítamín (200 stykki á 1.756 krónur) er mjög vinsælt núna. Þú færð öll vítamínin þar. Þegar veikindin hafa steypt sér yfir er ýmislegt til ráða. Til dæmis nefsprey við nefkvefi (Otrivin 453 kr og Nezeril 378 kr), Strepsils, hóstastillandi og slímlosandi mixtúrur og ýmsar verkjatöflur til að berjast við einkenni flensunnar.“

Það er ljóst að margt er til ráða þótt deila megi um niðurstöðurnar. Síðast en ekki síst er hreinlæti mikilvægt í hinu endalausa kvefsstríði. Stífur handþvottur og það að halda fyrir öndurnarfærin þegar maður hnerrar eða hóstar eru góðar reglur.

gunnarh@frettabladid.is



EXISTA

## Við bjóðum nýja hluthafa velkomna

Í dag bætast um 30 þúsund hluthafar í eigendahóp Exista, þegar Kaupþing banki greiðir hluthöfum sínum arð með hlutum í félaginu.

Við bjóðum nýja hluthafa velkomna í hópinn.

www.exista.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.500 **+0,25%** **Fjöldi viðskipta:** 267 **Velta:** 3.106 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 1,52% | **Marel** | 1,24% |
| **FL Group** | 1,27% | **Exista** | 0,90% |
| **Össur** | 0,79% | **Mosaic** | 0,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 67,00 -0,45% ... Alfesca 5,02 +0,40% ... Atlantic Petroleum 605,00 +0,00% ... Atorka 6,44 -0,31% ... Avion 34,30 +0,00% ... Bakkavör 60,10 +1,52% ... Dagsbrún 5,03 -0,40% ... FL Group 24,00 +1,27% ... Glitnir 23,60 +0,43% ... Kaupþing 865,00 +0,47% ... Landsbankinn 26,90 -0,37% ... Marel 80,00 -1,24% ... Mosaic Fashions 17,00 -0,59% ... Straumur-Burðarás 17,30 +0,58% ... Össur 127,50 +0,79%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Njósnað úr háloftunum**
Í Kaupmannahöfn hafa borgaryfirvöld tekið tæknina í sína notkun og samkeyra um þessar mundir loftmyndir af borginni og fasteignaskrá með það fyrir augum að finna viðbyggingar sem reistar hafa verið í óleyfi, eða án þess að tilkynnt væri um það. Af slíkum byggingum sem hvergi koma fram er nefnilega ekki greiddur eignaskattur. Spurning er hvort Fasteignamatið hér heima fari svipaðar leiðir. Ekki vantar myndirnar af eignunum, bæði er á vefnum borgarvefsja.is að finna ítarlegar upplýsingar og svo er náttúrulega líka að finna á netinu gervihnattamyndir Google Earth sem ná yfir allt land. Myndirnar sem notast er við í Danmörku virðast þó heldur nákvæmari en þær sem allur almenningur hefur aðgang að á netinu því þar mun víst hægt að greina smáatriði allt niður í niðurföll við gangstéttarbrúnir. Ætli þyrfti ekki heimild persónuverndar til að skoða viðlíka myndir hér?

**Vogun vinnur**
Vogun, félag sem þeir Árni Vilhjálmsson og Kristján Loftsson fara fyrir, jók hlut sinn í HB Granda í gær upp í tæp 35 prósent. Félagið er eftir sem áður stærsti eigandinn í Granda. Seljandi var Landsbankinn sem geymdi bréfin fyrir viðskiptavin sinn. Kaupþing er annar stærsti eigandinn í Granda með fjórðungshlut og hefur komið sér upp óþægilegri stöðu fyrir ráðandi hluthafa. Hins vegar hefur bankinn farið mjög leynt með áform sín. Kaupin gætu því styrkt stöðu Vogunar.



## MARKAÐSPUNKTAR

Nordea Bank, stærsti banki Norðurlandanna, skilaði jafnvirði 74,8 milljarða króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi. Greiningardeild Landsbankans segir uppgjörið gott og enda reyndist hagnaður fjórðungsins 55 prósentum hærri en á sama tíma í fyrra.

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors skilaði 115 milljóna dala taprekstri á þriðja fjórðungi ársins. Þetta svarar til taps upp á 7,8 milljarða íslenskra króna og talsvert meira en búist var við.

Hollenska fyrirtækjasamtæðan Stork NV skilaði uppgjöri sínu fyrir þriðja ársfjórðung í gær. Þar kemur fram að hagnaður af matvælavélahluta fyrirtækisins, sem Marel hefur augastað á, minnkaði um 1,2 milljónir evra eða 103 milljónir króna á milli ára.

# Fjármagna kaup í Glitni

FL Group hefur undirritað lánasamning að jafnvirði um 21,5 milljarða króna til fjármögnunar á hluta af hlutafjáreign FL Group í Glitni. Lánið er til þriggja ára með endurgreiðslu höfuðstóls í lok lánstíma. Ítalska bankasamstæðan UniCredit Group, með milligöngu þýska bankans Bayerische Hypo- und Vereinsbank AG, leiddi lántökuna sem var í formi sambankaláns.

FL Group átti í upphafi árs rétt um 10 prósent hlutafjár í Glitni en jók hann í 27,6 prósent í vor og sumar. Haft er eftir Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group, í tilkynningu frá félaginu að lántakan marki tímamót fyrir FL Group. Þátttaka erlendu bankanna sé viðurkenning og sýni það traust sem FL Group hefur áunnið sér í alþjóðlegum fjármálaheimi.

Þá segir enn fremur að sveigjanleiki til fjárfestinga aukist til muna við lántökuna og geri sala FL Group á öllum hlut félagsins í Icelandair Group það að verkum að félagið sé vel í stakk búið til að takast á við þau verkefni sem til skoðunar eru., en meðal þess eru fyrirtæki í breskum afþreyingariðnaði. **- jab**




**GLITNIR** FL Group hefur undirritað 21,5 milljarða króna lán til fjármögnunar á hluta af 27,6 prósenta eignarhlut sínum í Glitni.

# Sér Dow Jones í 36 þúsund stigum í síðasta lagi 2021

**Til að Dow Jones nái 36.000 stigum þarf 7,6 prósenta ávöxtun á ári. Annar sérfræðingur spáir hlutabréfavísitölunni í 100 þúsund stigum árið 2025.**

Dow Jones, hin kunna bandaríska hlutabréfavísitala, fór í fyrsta skipti yfir tólf þúsund stig í síðustu viku eftir nær fjögurra ára samfelldar hækkanir á bandarískum mörkuðum. Til eru sérfræðingar sem spá henni enn ofar. James Glassman, sem skrifaði metsölubókina „Dow 36,000“ árið 1999, spáir því að vísitalan fari í 36.000 stig í síðasta lagi eftir fimmtán ár. Hann segir að hlutabréf séu hreinlega betri kostur en skuldabréf til lengri tíma.

Charles Kadlec, annar metsöluhöfundur, gengur ennþá lengra. „Ég er enn sannfærðari en ég var fyrir fimm árum að við erum að hefja mikið góðæristímabil og að Dow muni rísa í 100 þúsund stig um miðjan þriðja áratug þessarar aldar,“ segir hann í samtali við fréttaveituna Bloomberg.

Meginforsendur Kadlecs fyrir áframhaldandi hækkunum eru aukin framleiðni í bandaríska hagkerfinu, fjárfestingar þeirra sem eru af „baby-boom“ kynslóðinni, lægri skattar, hófleg verðbólga og lítill stríðsrekstur. Kadlec bendir á að fyrir utan síðasttalda þáttinn hafi forsendur hans gengið eftir.

Miðað við útreikninga Glassmans þarf Dow Jones að hækka um 7,6 prósent að meðaltali á ári þannig að vísitalan verði orðin þrefalt hærri árið 2021. Árleg meðaltalsávöxtun hennar hefur verið fimm prósent frá árinu 1928 en tólf prósent á ári undanfarna þrjá áratugi. Hækki vísitalan um tólf prósent á ári gengur spádómur Kadlecs eftir.

En þeir sem hafa farið eftir ráðum þessara manna kunna þeim kannski litlar þakkir fyrir fyrri ráð. Þegar bækur þeirra komu út árið 1999 voru hlutabréfamarkaðir á mikilli uppleið. Aðeins ári síðar greip mikill skjálfti um sig meðal fjárfesta þegar netbólan sprakk og tveimur árum eftir útgáfu bókanna hafði Dow Jones-vísitalan hrunið um 29 prósent.

Glassman bendir á að spádómur sinn hafi ekki verið rangur; hann hafi bara verið aðeins fljótur á sér, enda reiknað með að vísitalan myndi þrefaldast á tímabilinu frá 1999 til 2005. „Einn lærdómur sem draga má af 12 þúsund stiga takmarkinu er sá að til lengri tíma eru hlutabréf ótrúlega stöðug. En til skemmri tíma eru hlutabréf afar, afar hættuleg,“ segir Glassman við Bloomberg.

**eggert@frettabladid.is**

### HVAÐ ER DOW JONES?

Dow Jones-vísitalan er ein elsta hlutabréfavísitala heims en hún hefur verið reiknuð frá 1896. Samanstendur hún af 30 bandarískum fyrirtækjum sem eru rótgróin framleiðslu- og iðnaðarfyrirtæki. Þau endurspegla ekki bandarískan hlutabréfamarkað og því má segja að vísitalan gefi ekki góða mynd almennt af hlutabréfaverði í Bandaríkjunum. Vægi fyrirtækjanna er ekki í samræmi við markaðsvirði þeirra þar sem vísitalan er reiknuð sem einfalt meðaltal af verði hlutabréfa fyrirtækjanna en ekki verðmæti félaganna eins og oftast tíðkast.
Heimild: Hálffimm fréttir Kaupþings 18.10.2006.

# Góðs uppgjörs vænst

Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki, Bakkavör og Landsbankinn skila í dag uppgjöri fyrir þriðja ársfjórðung og eru það fyrstu félögin í úrvalsvísitölunni til að birta níu mánaða uppgjör.

Greiningardeildir bankanna spá Bakkavör góðu gengi á fjórðungnum og gera ráð fyrir að tekjur félagsins aukist nokkuð milli ársfjórðunga. Spá bankanna hljóðar upp á hagnað á bilinu 1.464 milljónir króna til 2.043 milljóna. Yrði það nokkur aukning frá þriðja ársfjórðungi í fyrra en þá skilaði félagið 1.166 milljóna króna hagnaði.

Greiningardeildirnar gera ráð fyrir að hagnaður Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka verði á bilinu 5 til 5,3 milljarðar á þriðja ársfjórðungi. Útlánasafn bankans hefur vaxið mjög á árinu og er gert ráð fyrir áframhaldandi vexti og aukningu í hreinum vaxtatekjum.

Nokkuð ber í milli spáa Glitnis og Kaupþings um hagnað Landsbankans á þriðja ársfjórðungi. Gerir Glitnir ráð fyrir 6,17 milljarða króna hagnaði á meðan Kaupþing spáir 7,78 milljarða króna hagnaði, sem myndi nema 55,8 prósenta aukningu hagnaðar milli þriðju ársfjórðunga 2005 og 2006. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra nam hagnaður bankans tæpum fimm milljörðum króna. **- hhs**

### 3. ÁRSFJÓRÐUNGUR – SAMANBURÐUR Á SPÁM*

| | Glitnir | Kaupþing | Landsbankinn |
|---|---|---|---|
| Bakkavör | 2043,6 | 1641 | 1464 |
| Landsbankinn | 6174 | 7780 | X |
| Straumur-Burðarás | 5347 | 5000 | 5073 |

* Í milljónum króna

# Óslípaður demantur

Össur hf. er óslípaður demantur, segir fjármálafyrirtækið ABG Sundal Collier í nýrri greiningu á fyrirtækinu sem út kom í gær. Fyrirtækið mælir með því að fjárfestar haldi í bréf sín í Össuri og telur markaðsvirði þeirra sjö prósentum undir eigin verðmati.

Í greiningunni er Össuri spáð 10 prósenta vexti á ári fram til ársins 2010 og að EBITDA fyrirtækisins (hagnaður fyrir afskriftir og skatta) aukist úr 16 prósentum í að minnsta kosti 23 prósent á sama tíma. Engu að síður er haft orð á því að fjárfestingu í félagi í jafnörum vexti og Össur er fylgi ávallt nokkur áhætta, en um leið bent á að fyrirtækinu hafi hingað til gengið vel að laga fyrirtækjakaup að rekstri sínum.

Greiningin er sú fyrsta erlenda sem gefin hefur verið út um Össur, en ABG Sundal Collier er með skrifstofur í Björgvin, Kaupmannahöfn, London, Ósló, Stokkhólmi og New York. **- óká**

# Formlega lokið við kaupin á PLIVA

**Barr Pharmaceuticals er þriðja stærsta á sínu sviði. Actavis skoðar aðra kosti.**

Bandaríska fyrirtækið Barr Pharmaceuticals lauk í gær formlega við kaupin á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu PLIVA.

Barr, sem keppti við íslenska samheitalyfjafyrirtækið Actavis um að eignast PLIVA, er þar með orðið þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heiminum með starfsemi í 30 löndum og um átta þúsund starfsmenn. Hefði Actavis haft betur í slagnum væri fyrirtækið nú í sömu stöðu, þriðja stærst á sínu sviði í heiminum.

Actavis reyndi svokallaða fjandsamlega yfirtöku á PLIVA, gegn vilja stjórnenda fyrirtækisins, en fyrirtækið var ekki tilbúið að greiða jafnhátt verð og Barr sem greiddi fyrir 2,5 milljarða bandaríkjadala, eða yfir 170 milljarða íslenskra króna. Yfirtökuferlið sjálft kostaði hins vegar Actavis tæplega 2,3 milljarða króna þegar upp var staðið.




**HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA Í ZAGREB** Króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA er nú formlega hluti af Barr í Bandaríkjunum.

Núna skoðar Actavis hins vegar aðra kosti og íhugar smærri yfirtökur. Róbert Wessman, forstjóri fyrirtækisins, segir 10 til 20 fyrirtæki í siktinu, aðallega í Evrópu, og boðar fréttir af kaupum fyrir áramót. Fyrirtækið telur kostnaðinn við slaginn um PLIVA ásættanlegan miðað við umfang verkefnisins og burði félagsins. **- óká**


10%
vaxtaauki!
ARGUS / 06-0472
Kynntu þér málið á **spron.is**



spron




# Framtíðarmann í forystu!

**www.illugi.is**

## Ný verkefni • Nýjar áherslur • Illuga í 3. sæti

**Prófkjör okkar sjálfstæðismanna í Reykjavík er 27. og 28. október 2006.**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjölmiðlar eiga að sýna samfélagið eins og það er, ekki eins og það á að vera:

## Þjóð að tala við sjálfa sig

JÓN KALDAL SKRIFAR

Hvort eiga fjölmiðlar að leitast við að sýna samfélagið eins og það er, eða eins og þeim finnst það eigi að vera?

Í mínum huga er ekki nokkur efi um að hið fyrrnefnda er grundvallarskylda fjölmiðla. Þeir blaðamenn og fréttamenn sem ekki treysta sér til að undirgangast þær kvaðir sem því fylgja, heldur kjósa þess í stað að flytja fréttir eins og þeim finnst að hlutirnir eigi að vera, en ekki eins og þeir eru í raun og veru, bregðast með því trúnaði við lesendur, áhorfendur og hlustendur sína.

Í Kastljósi í fyrradag og í Morgunblaðinu á sunnudag var rætt við móður poppstjörnunnar Dr. Mister. Í þessum viðtölum kom fram sú skoðun að fjölmiðlar hafi veitt lífstíl sonar hennar of mikla athygli, sem sé slæmt fyrir hann sjálfan og „ábyrgðarlaust“ gagnvart unglingum sem eru aðdáendur hljómsveitar sonarins. Ástæðan er að Dr. Mister, eða Ívar Örn Kolbeinsson eins og hann heitir réttu nafni, hefur í viðtölum gefið út stórkarlalegar yfirlýsingar um taumlaust líferni sitt, kynlíf, sukk og ómælda kókaínást.

Nú vill svo til að Ívar Örn/Dr. Mister er ekki sköpunarverk fjölmiðla. Þeir sem bera ábyrgð á því hvernig hann kýs að lifa sínu lífi eru einhverjir allt aðrir.

Ívar Örn komst í sviðsljósið vegna þess að hann er annar helmingurinn í vinsælli hljómsveit sem heitir Dr. Mister & Mister Handsome. Ívar er fyrir sitt leyti fulltrúi ákveðins skika af íslensku samfélagi sem hverfur ekki þótt vissir fjölmiðlar kjósi að fjalla ekki um það. Og það er ekkert nýtt að kynlíf, dóp og rokk og ról þyki umfjöllunarefni í fjölmiðlum. Bubbi Morthens hefur til dæmis allt frá því að hann kom fram á sjónarsviðið fyrir tæpum þremur áratugum fjallað opinskátt um alla þessa þætti lífs sins.

Nýjasta viðtalið við Ívar Örn, sem birtist í vikublaðinu Sirkus, var hvorki töff né kúl. Það var sorglegur vitnisburður um ungan mann sem er haldinn sjálfseyðingarhvöt á háu stigi.

Við megum ekki gleyma því að Ívar Örn gerir ekkert tilkall til að vera fyrirmynd annarra um hvernig á að hegða sér. Einstaka fótboltamenn og poppstjörnur geta haft áhrif á hvernig börn og ungt fólk klippir sig og klæðir en þegar kemur að því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sækja börnin fyrirmyndir sínar til sinna nánustu. Þar liggur hin eiginlega ábyrgð.

„Gott dagblað, geri ég ráð fyrir, er þjóð að tala við sjálfa sig,“ sagði bandaríski rithöfundurinn Arthur Miller fyrir um 35 árum. Hugsunin sem felst í orðum Millers er sú sama og þegar talað er um að góður fjölmiðill sé spegill á það samfélag sem hann starfar innan. Og það gildir líka þótt myndin sem blasir við í speglinum sé ekki alltaf fögur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lýður Oddsson bestur

Tólf stjórnendur stórfyrirtækja eru spurðir í Fítonblaðinu hvaða auglýsing frá síðasta ári sé eftirminnilegust. Flestir, eða fjórir, nefna Lottó-auglýsingarnar með Lýði Oddssyni í aðalhlutverki leiknum af Jóni Gnarr. Þrír forstjórar nefna auglýsingu Icelandair sem ber nafnið „Góð hugmynd frá Íslandi“. Meira að segja framkvæmdastjóri Iceland Express viðurkennir það. Tveir forstjórar, þeir Guðbrandur Sigurðsson hjá MS og Bjarni Ármannsson hjá Glitni, gátu ekki nefnt annað en sínar eigin auglýsingar. Hverjum fannst annars auglýsingar MS eftirminnilegar?



### Hræddir kjósendur

Á árlegum fundi Landssambands kúabænda í Þingborg á dögunum flykktust þingmenn og prófkjörsframbjóðendur á fundinn og héldu miklar ræður. Það vakti athygli fundarmanna að landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, talaði af nokkrum trega og fannst mörgum eins og hann væri að kveðja. Sagði hann meðal annars að mikið hefði verið byggt í tíð tveggja landbúnaðarráðherra, Ingólfs frá Hellu og Guðna frá Brúnastöðum, og vonaði að svo yrði í tíð arftaka síns. Þegar Guðni settist spurði Kjartan Ólafsson alþingismaður Guðna: „Ertu að hætta?“ Guðni svaraði á augabragði: „Nei, ég var bara að hræða þá.“

### Sérvaldar konur

Fyrsti fundur Exedra, sem kallað er „vettvangur umræðna fyrir valinn hóp áhrifamikilla kvenna úr öllu atvinnulífinu“, var haldinn í fyrradag. Þessi hópur samanstendur af konum sem tengjast viðskiptum, fjölmiðlum, stjórnmálum, menntamálum, heilbrigðismálum og listum. Hittust þær í Iðusölum og munu gera mánaðarlega. Sex manna nefnd ákveður viðfangsefni hvers fundar. Í henni eru: Eva María Jónsdóttir, Halla Tómasdóttir Viðskiptaráði, Ingibjörg Pálmadóttir eigandi 101 hótel, Sigríður Rut Júlíusdóttir lögfræðingur, Rannveig Gunnarsdóttir forstjóri Lyfjastofnunar og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðherra.



bjorgvin@frettabladid.

## Nýjar kröfur og nýir tímar í samgöngumálum



HALLDÓR HALLDÓRSSON

**Í DAG** | Bundið slitlag í stað malarvega

Þegar litið er til framkvæmda við samgöngumannvirki þjóðarinnar síðustu 10 ár, hvað þá 20 ár, eru eflaust flestir sammála um að miklu hafi verið áorkað hvort sem er á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni. Þessi fullyrðing er sett fram vegna þess að viðmiðið er ástand veganna fyrir 10 eða 20 árum. Þá voru malarvegir víðar, eiginlega alls staðar nema á þéttbýlisstöðum og rétt út frá þeim. Núna er komið bundið slitlag víða um land þó enn séu eftir langir kaflar með gömlum úreltum malarvegum. Á þessum viðmiðunartíma voru Hvalfjarðargöngin ekki komin, ekki Vestfjarðagöng, ekki göng um Ólafsfjarðarmúla, ekki Fáskrúðsfjarðargöng og ekki göng undir Almannaskarð sem nú eru langt komin. Og framkvæmdir eru hafnar við göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Þetta eru a.m.k. sex jarðgöng. Ekki fór heldur mikið fyrir mislægum gatnamótum fyrir 10-20 árum, ég man aðeins eftir brúnum í Kópavogi, sem eru væntanlega ekki mislæg gatnamót, og svo brúm yfir ár og læki. Það er í seinni tíð sem götur eru brúaðar af kappi og byrjað er að tvöfalda þjóðvegi utan þéttbýlis.

Hvers vegna er þá endalaus umræða um samgöngumannvirkin okkar og nauðsyn þess að bæta þau? Hafa samgönguyfirvöld ekki staðið sig vel? Svarið er að það hafa þau gert og margt hefur áunnist eins og fyrr segir. Það hefur hins vegar enga þýðingu að miða við ástandið fyrir 10 árum, hvað þá fyrir 20 árum. Staða mála þá var eflaust góð miðað við hvernig samgöngumannvirki voru 10 árum á undan þeim tíma. Það þótti gott að ná því að tengja saman byggðir með einhvers konar vegi til að rjúfa einangrun byggðarlaga og geta farið á milli yfir sumarið. Vetrarsamgöngur voru víða ekki á dagskrá enda samgöngumannvirkin ekki hönnuð til þess. Í dag eru aðrar kröfur, önnur viðhorf og önnur viðmið. Tvöfalda þarf vegi innan og utan þéttbýlisstaða vegna umferðarþunga og umferðaröryggis. Það þarf að breikka vegi og tvöfalda brýr af sömu ástæðum. Og það þarf að gera átak í því að útrýma malarvegum því íbúarnir vilja ekki og eiga ekki að þurfa að aka í moldarsvaði í og úr vinnu, milli byggðarlaga eða jafnvel á milli landssvæða. Það er líka mikilvægt atriði í bættu umferðaröryggi að losa okkur við malarvegina enda verða mörg slys á þeim árlega. Það er hreinlega orðið úrelt að aka um malar- og moldartroðninga og verður hægt að lýsa því síðar meir með svipuðum hætti og Laxness gerir svo eftirminnilega í Innansveitarkroniku sinni þar sem vegfarendur á leið um hlaðið á Hrísbrú brölta í forinni.

*Sem þýðir að malarvegirnir verða að hverfa og í stað þeirra þurfa að koma vegir með bundnu slitlagi, það þýðir tvöföldun þjóðvega og stundum lýsingu þeirra, að jarðgöng eru eðlilegur hluti af vegagerð og umferðarmannvirki þarf að bæta vegna umferðarþunga.*

Samgönguráðherra hefur kallað eftir umræðu og stuðningi við aukið fjármagn til samgöngumála. Því ber að fagna enda verður að auka fjármagn til vegagerðar til að ljúka þeim verkefnum sem hér er lýst og krafa er gerð um. Nýir tímar í samgöngumálum standa fyrir viðurkenningu á auknum kröfum og þörfum. Sem þýðir að malarvegirnir verða að hverfa og í stað þeirra þurfa að koma vegir með bundnu slitlagi, það þýðir tvöföldun þjóðvega og stundum lýsingu þeirra, að jarðgöng eru eðlilegur hluti af vegagerð og umferðarmannvirki þarf að bæta vegna umferðarþunga. Og það þýðir að við þurfum að tileinka okkur þá hugsun að bætt umferðarmannvirki eru fyrir alla landsmenn – sama hvar þau eru á landinu.

*Höfundur er bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

## Þú tryggir ekki eftir á

**UMRÆÐAN**
Lífeyrissjóðir



HELGI HJÖRVAR

Friðrik J. Arngrímsson skrifar afhjúpandi grein um aðför lífeyrissjóðanna að öryrkjum undir fyrirsögninni „Öryrkjana burt úr lífeyrissjóðunum“. Þar færir hann rök fyrir því að öryrkjar eigi bara að vera á bótum Tryggingastofnunar, en hinir öflugu lífeyrissjóðir bara að vera fyrir ellilífeyrisþega. Þetta málefnalega sjónarmið má ræða, en félagshyggjufólk sér að það væri aðeins fyrsta skrefið í einkavæðingu sjóðanna.

Um aðförina að 2.300 öryrkjum gildir hinsvegar að taka átti af þeim virk lífeyrisréttindi meðan réttindi annarra sjóðfélaga voru jafnvel aukin á sama tíma. Maður tryggir ekki eftir á og því síður breytir maður reglum og framkvæmd eftir á til að skerða virk réttindi þeirra sem treysta á samtryggingarþátt lífeyrissjóðanna. Réttur lífeyrishafanna sem byrjaðir eru að taka lífeyrinn er einfaldlega varinn af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Friðrik er forystumaður LÍÚ, sem telur að úthlutun kvóta sem skapaði nokkrum mönnum tugmilljarðagróða sé varin af eignarréttarákvæðinu. Þegar í hlut á fólk sem flest hefur 1 til 2 milljónir í árstekjur og treystir á 20 þúsund króna lífeyrisgreiðslu í lífsbaráttunni þá telur Friðrik það ekki varið af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég vona að það góða fólk sem fer fyrir lífeyrissjóðunum noti þriggja mánaða frestun aðgerða til að leita leiða sem tryggja líka velferð þeirra félaga sem verða fyrir örorku, einsog hinna, í stað þess að reyna að losna bara við okkur einsog Friðrik vill.

*Höfundur er alþingismaður Samfylkingarinnar í Reykjavík.*


Samstaða til sigurs!
Við styðjum Björn Bjarnason í 2. sæti
Birgitta Haukdal
söngkona
Heiðrún Lind Marteinsdóttir
laganemi
Jónmundur Guðmarsson
bæjarstjóri
Pjetur Stefánsson
myndlistarmaður
Ragnar Þór Árnason
lögreglumaður
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi
Elva Dögg Melsteð
framkvæmdastjóri
Sr. Hjálmar Jónsson
dómkirkjuprestur og fv. þingmaður
Ingvi Hrafn Óskarsson
lögfræðingur og fv. formaður SUS
Gísli Marteinn Baldursson
borgarfulltrúi
Sr. Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur
Ólafur Stefánsson
handknattleiksmaður
Ragnhildur Helgadóttir
fv. ráðherra
Pétur Gautur Svavarsson
myndlistarmaður
Tómas Már Sigurðsson
forstjóri
Einar Benediktsson
fv. sendiherra
Guðmundur H. Garðarsson
fv. þingmaður
Katrín Pétursdóttir
framkvæmdastjóri
Torfi Arason
veitingamaður
Kristinn Tryggvi Þorleifsson
markaðsstjóri
Rúnar Freyr Gíslason
leikari
Geir Jón Þórisson
yfirlögregluþjónn
María Kristín Gylfadóttir
formaður Heimilis og skóla
Þórður Gunnarsson
forseti lagadeildar HR
Elín Pálmadóttir
blaðamaður
Birgir Ísleifur Gunnarsson
fv. seðlabankastjóri og alþingismaður
Sigurbjörn Magnússon
lögmaður
Salóme Þorkelsdóttir
formaður SES og fyrrv. forseti Alþingis
Sigríður Hallgrímsdóttir
aðstoðarframkvæmdastjóri
Gunnar I. Birgisson
bæjarstjóri
Steinunn Vala Sigfúsdóttir
bs í verkfræði
Árni Már Þrastarson
nemi
Hanna Birna Kristjánsdóttir
forseti borgarstjórnar
Jónas Haralz
fv. bankastjóri
Haraldur Johannesen
fv. aðstoðarmaður umhverfisráðherra
Helgi Árnason
skólastjóri Rimaskóla
Hafliði Pétur Gíslason
prófessor
Elsa B. Valsdóttir
læknir og fyrrv. formaður Heimdallar
Bragi Kristjónsson
bókakaupmaður
Ásdís Halla Bragadóttir
forstjóri BYKO
Jóhann Hjartarson
lögmaður og skákmeistari
Atli Rafn Björnsson
viðskiptafræðingur og fv. formaður Heimdallar
Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík fer fram dagana 27. og 28. október 2006.
Kosningamiðstöð Björns Bjarnasonar / Skúlagötu 51 / 551-6300 / www.bjorn.is
Opið alla virka daga frá kl. 14:00 til 20:00 og frá kl. 13:00 til 17:00 um helgar.



PARKETÚ
890 kr./m²
1.290
Vnr. 0113559
Plastparket
MAHOGNY plastparket, rakaþolið 8,3x195x1210 mm.
2.990 kr./m²
3.990
Vnr. 0113854
Parket
WOODLINE JATOBA PRIMA
14,5X190X1820 mm.
3.690 kr./m²
Vnr. 0113703
Parket
VITO EIK MATT LAKK
204X2280 mm.

**2.190** kr./m²

~~2.690~~

Vnr. 0113851

**Parket**

WOODLINE eik

145x19x1820 mm.

# ÚTSALA!

## Gildir 26.–31. október

**Allar vörur eru til í BYKO Breidd, minna úrval í öðrum verslunum**

**3.950** kr./m²

Vnr. 0113712

**Parket**

VITO ASKUR VITALI

14X204X2280 mm.

**4.490** kr./m²

~~5.990~~

Vnr. 0113335

**Parket**

ZICKGRAF gegnheil hnota NO.2 COM 5".

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Tvísmurður dobbeltmórall

**UMRÆÐAN**
Íslenskar dæmisögur

Ég var staddur í bókabúð um daginn þar sem blekfyllinguna hafði þrotið í prentaranum mínum. Í bókabúðinni var enginn starfsmaður sjáanlegur svo ég tók mér stöðu fyrir framan afgreiðsluborðið þar sem ég myndaði einmanalega röð ásamt dóttur minni (10 mánaða) sem ég hélt á á arminum.

Nokkrar mínútur liðu og það létti óneitanlega yfir okkur feðginum þegar afgreiðslukonan birtist. Þetta varð þó skammvinnur léttir. Kona um sextugt kemur inn í búðina og hrópar á stúlkuna hvort hún eigi til vissa gerð af glærum. Starfskonan beit strax á þetta og á nokkrum mínútum hefði ég getað lært allt um glærur. Ég vildi það hinsvegar ekki. Af dýpt samræðunnar milli kvennanna, lengd og allskyns útúrdúrum mátti ráða að kerling var alls ekki að flýta sér þegar allt kom til alls.

Þetta hefði svosem verið efni nóg í hversdagslega pirru en nú, þegar glærukonan kom upp að afgreiðsluborðinu til að gera upp fyrir sig, keyrði um þverbak. Hún beraði tanngarðinn og sagði: „Fyrirgefðu að ég treð mér svona framfyrir.“ Við brostum ekki á móti.

Á leiðinni heim vöknuðu spurningar, því framferði kerlingar á sér hliðstæðu í mörgu því sem maður sér sem nýbúi á Íslandi. Fyrst: Hver var hvöt kerlingar bakvið játninguna?

Var hún að koma mér í skilning um að hún vissi að hún væri að gera rangt? Var hún óbeint að segja að hún þekkti leikreglur siðmenntaðs samfélags (að hún væri ekki fáviti) en henni stæði bara á sama um þær?

Ég hallast helst að því að þetta hafi verið s.k. meðvituð og upplýsandi tvöfeldni, þ.e.a.s. tvísmurður dobbeltmórall, þar sem gerandinn lætur ekki hanka sig á því að vera óvitandi um sína tvöfeldnisbreytni og gerir þetta öðrum skiljanlegt. Hvernig myndi Sókrates hafa brugðist við, hann sem kenndi að fólk gerði aldrei rangt nema sökum fávisku? Það er vissulega fáviska bakvið tvöfeldnina, bara djúpræktari en vani er.


BERGSVEINN BIRGISSON

Og hér byrja dæmin að ryðjast á mann. Þetta minnti á ummæli Guðna Ágústssonar að Framsóknarflokkurinn hafi „mjög umhverfisvæna stefnu“, og á keimlík ummæli Geirs Haarde í setningarræðu hans. Framferði kerlingar minnti á ummæli Jóns Sigurðssonar iðnaðarráðherra í kvöldfréttum RÚV 27 sept., þ.e. daginn eftir fjöldamótmælin sem Ómar Ragnarsson leiddi. Jón sagði að mótmælin hefðu ekkert að segja „þar sem vísindamenn hafi ekki komið með neitt nýtt“. Nú er þekkt hvernig ýmsum vísindamönnum hefur verið bannað að tjá sig um framkvæmdirnar. 12.000 mótmælendur urðu í einu vetfangi einskonar hjátrúarfólk hvers mótmæli voru ráðherranum alls óviðkomandi.

*Á leiðinni heim vöknuðu spurningar, því framferði kerlingar á sér hliðstæðu í mörgu því sem maður sér sem nýbúi á Íslandi. Fyrst: Hver var hvöt kerlingar bakvið játninguna?*

En allra mest minnti framferðið á upplýsingafulltrúa hjá íslenskum banka sem lýsir fjálglega hvernig bankinn græðir hundruð milljóna daglega, meðan sami banki stundar okurlánastarfsemi á sínum viðskiptavinum, sem á sér engan líka meðal siðmenntaðra þjóða. Það er tvöfeldniskerfi sem leyfir fyrirtækjum en ekki einstaklingum að vera frjálsum. Við lifum enn á tímum einokunar.

Það sem er verra við þessa breytni eru hin óbeinu skilaboð sem í felast. Ráðamenn hafa fengið hugmynd, og aðrir sem eru í vegi eru hvorki séðir né virtir, eða: séðir og samt ekki. Talsmenn stóriðju ætla að byggja upp atvinnulíf og hagvöxt. Bankamenn ætla að græða sem mest: Þetta, hvað sem raular og tautar.

68-kynslóðin tók að sér verkefnið að bjarga okkur frá moldbúahættinum, iðulega nefndum með glotti þegar einhver mótmælir markaðsbarbarismanum sem hefur einkennt hugmyndafræði téðrar kynslóðar. Þetta er kynslóðin sem ruddi burt gamla burstabænum sem stóð á landnámstóftunum af því hann var svo ljótur og bara moldargólf þar. Af þessari kynslóð eru þeir sem vilja gera allt að einkavæddri féþúfu nokkurra. Skilaboðin eru send: Hagur banka, fyrirtækja og álbræðslu er mikilvægari en hagur fólksins í landinu almennt.

Mikið er til af dæmisögum af slíku framferði. Meðal norrænna heiðingja eru til kvæði sem greina frá niðurlægjandi endalokum hins drambsama konungs, sem rækti sína hugmynd meir en sitt eigið fólk. Hinsvegar eru skuggalegri sagnirnar af því þegar lýðnum gleymist að það er hann sem ræður. Lýðurinn kýs yfir sig kerfi sem tryggir hag sem flestra. Þegar kerfið hættir að þjóna því hlutverki ætti lýðurinn að knýja fram betrumbætur.

*Höfundur er rithöfundur og norrænufræðingur.*

# Styrking Íbúðalánasjóðs góðar fréttir

**UMRÆÐAN**
Leiðara svarað

Í leiðara Fréttablaðsins föstudaginn 13. október gagnrýnir Björgvin Guðmundsson orð Magnúsar Stefánssonar, félagsmálaráðherra, um að hækka þurfi hlutfall hámarkslána Íbúðalánasjóðs (ÍLS) aftur í 90 prósent og ákvörðun ríkisstjórnarinnar að auka umsvif ÍLS. Sjóðurinn gegnir því mikilvæga hlutverki að tryggja aðgang almennings, óháð búsetu, að lánsfé til íbúðarkaupa á eins góðum kjörum og hægt er. Tekju- og eignaminni einstaklingum hefur þannig verið gefinn kostur á að eignast þak yfir höfuðið á viðráðanlegu verði og kjörum.


HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON

Það að félagsmálaráðherra muni leggja fram frumvarp nú í haust, sem bæði styrkir og viðheldur þessum félagslegu markmiðum, er því mikið fagnaðarefni fyrir áðurnefnda þjóðfélagshópa og ekki síður þá sem búa á landsbyggðinni. Fasteignaverð er þar í flestum tilvikum mun lægra og alls óvíst að markmið ríkisstjórnarinnar um að tryggja öllum landsmönnum jafnan aðgang að lánum til íbúðarkaupa á sömu kjörum hvar sem er á landinu fari nokkurn tímann saman með hagsmunum fjármálafyrirtækja þar sem lánveitingar hljóta alltaf að vera á markaðslegum forsendum.

Leiðarahöfundur segir að breytingarnar, einar og sér, séu til þess fallnar að auka eftirspurn eftir fasteignum og kynda undir hagkerfinu meira en ella. Þessi niðurstaða er röng og villandi. Það eru mun fleiri þættir sem líta verður til þegar skoðað er hvað veldur hita í hagkerfinu. Ef ÍLS verður lagður niður er líklegt að efnaminni einstaklingar og fólk á landsbyggðinni ætti erfitt með að fá lán hjá bönkum og sparisjóðum. Við þær aðstæður neyðast ríki og sveitarfélög til að skerast í leikinn og endurvakið yrði úrelt félagslegt kerfi sem lagt var niður þegar ÍLS var komið á fót. Það myndi eðlilega hafa slæm áhrif á verðbólgu líka. Þær fullyrðingar leiðarahöfundar, að áform um að auka umsvif ÍLS og að hækka íbúðalán aftur í 90% eru stórfurðulegar og langt frá því að vera á rökum reistar. Þessar aðgerðir einar og sér munu ekki hafa aukna verðbólgu í för með sér. Viðbrögð fjármálastofnana við hækkuninni koma til með að ráða mestu þar um. Þá verður einnig að teljast afar ósanngjarnt að þeim sem minnst áhrif hafa haft á aukna verðbólgu eins og þeir lægst launuðu og fólk á landsbyggðinni skuli vera ætlað að taka á sig skellinn við að halda verðbólgunni í skefjum enda er ÍLS ekki síst ætlað að gæta hagmuna þeirra þjóðfélagshópa.

Ég fagna því þeim áformum félagsmálaráðherra að viðhalda og styrkja ÍLS. Sú ráðstöfun stuðlar að bættum lífskjörum og jöfnum tækifærum allra landsmanna að eignast hús yfir höfuðið.

Með framlagningu frumvarpsins hefur félagsmálaráðherra gefið tóninn á komandi kosningavetri með styrkingu á þeim félagslegu markmiðum sem ÍLS er gert að standa vörð um. Framsóknarflokkurinn er og á að vera félagshyggjuflokkur. Með þessu útspili hefur hann staðfest það í verki.

*Höfundur er Akureyringur og framsóknarmaður.*

# Samskipti barna og foreldra

**UMRÆÐAN**
Samskipti

Þar sem tímaskortur vegna anna er víða vilja margir gefa því gaum með hvaða hætti samskiptum við börnin sé best háttað þannig að þau gagnist þeim sem best. Ég held að það að hafa aðgengi að foreldrum sínum með einum eða öðrum hætti sé með því mikilvægasta fyrir þau. Heilbrigð skynsemi segir auðvitað að sitt lítið af hverju s.s. aðgengi, samvera, að tala saman og gera eitthvað saman hlýtur að vera farsælast. En ef það er nú svo að það þyrfti að forgangsraða vegna tímaskorts eða einhvers annars þá er ekki ósennilegt að aðgengið kunni að vera býsna ofarlega. Það að barnið og unglingurinn viti hvar foreldrarnir eru, hvernig hægt er að ná í þá þegar þau langar að spjalla eða þegar mikið liggur við er afar mikilvægt. Þegar börn og foreldrar eru saman heima er það ekki hvað síst einfaldlega nærveran sem börnin kunna hvað mest að meta.


KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

*Höfundur gefur kost á sér í 6. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík. (Greinin er birt í heild á Vísir.is undir Skoðanir.)*

# Ísland og alþjóðleg samkeppni

**UMRÆÐAN**
Samkeppnishæfni

Stjórnvöld gegna stóru hlutverki í alþjóðlegri samkeppni. Stefna stjórnvalda hefur áhrif á samkeppnisstöðu þjóðarinnar bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Markmið stjórnvalda á að vera að skapa umhverfi þar sem fyrirtæki geta uppfært samkeppnisyfirburði í greinum sem fyrir eru en einnig að auðvelda fyrirtækjum inngöngu í nýjar atvinnugreinar með möguleika á mikilli framlegð. Mikilvægt hlutverk hins opinbera er að stuðla að þróun framleiðsluþáttanna með því að efla og styðja við menntun, rannsóknir og nýsköpun. Beinum ríkisafskiptum á að halda í lágmarki. Hlutverk stjórnvalda á sviði upplýsingarmiðlunar er þó mikilvægt.


STEINN KÁRASON

Vaxtarmöguleikar felast í hollustu og gæðum afurða ef tekst að skapa hreina og náttúruvæna ímynd landsins á alþjóðavettvangi. Vísindaleg nýting auðlinda er nauðsyn í þeirri viðleitni.

*Höfundur gefur kost á sér í 3.-5. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. (Greinin er birt í heild á Vísir.is undir Skoðanir.)*

# Með fjölbreytni að vopni

**UMRÆÐAN**
Framboð

Það kom flestum á óvart þegar Guðfinna S. Bjarnadóttir, núverandi rektor Háskólans í Reykjavík, bauð sig fram til starfa í stjórnmálum. Það er mikið fagnaðarefni að fólk á borð við Guðfinnu skuli gefa kost á sér til þingsetu og líklegt er að hún muni laða margan nýjan kjósandann að í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík sem og í kosningum í vor. Guðfinna hefur stýrt Háskólanum í Reykjavík í gegnum árangursríka uppbygginguna síðastliðin 8 ár og markað djúp spor í menntasögu okkar þjóðar. Áður starfaði Guðfinna um langt skeið sem ráðgjafi alþjóðlegra stórfyrirtækja í Bandaríkjunum eftir að hún lauk þaðan doktorsnámi í atferlisfræði. Guðfinna hefur hvarvetna getið sér gott orð fyrir góðan árangur, áræðni, kraft og bjartsýni. Innkoma hennar er öðrum öflugum einstaklingum hvatning til að stíga slíkt skref.


HALLA TÓMASDÓTTIR

*Höfundur er framkvæmdastjóri Verslunarráðs. (Greinin er birt í heild á Vísir.is undir Skoðanir.)*

# Kynjagleraugun á nefið

**UMRÆÐAN**
Launamunur

Það er dapurlegt að heyra í formanni VR og félagsmálaráðherra þegar þeir eru spurðir út í launamun kynjanna sem er 15% þriðja árið í röð. Báðir segjast þeir ráðalausir. Undrun þessara manna undirstrikar það sem margur femínistinn hefur stagglast á í mörg ár. Eitt eða tvö góð átök breyta ekki miklu, ekki frekar en í umferðinni – því miður. Samhengi hlutanna virðist ekki öllum ljóst og það að ætla sér að lagfæra jafnrétti kynjanna með þó vel meintri auglýsingaherferð er langt frá því að vera það eina sem þarf til. Þegar aðeins má tala um einn anga óréttlætis og reynt er að vinna bug á honum einangrað er fyrirsjáanlegt að árangurinn verður ekki ýkja mikill.


BRYNDÍS ÍSFOLD

Við þurfum að setja kynjagleraugun á nefið í öllum málaflokkum. Þegar sett eru ný lög á Alþingi séu þau skoðuð sérstaklega með tilliti til áhrifa þeirra á konur og karla.

*Höfundur býður sig fram í 6. sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. (Greinin er birt í heild á Vísir.is undir Skoðanir.)*

# Skattfrelsi líknarfélaga

**UMRÆÐAN**
Líknarfélög

Líknarfélög hér á landi vinna margvísleg þjóðþrifaverk. Þau njóta samt ekki sömu skattfríðinda og líknarfélög í Evrópu og Bandaríkjunum. Þegar ég sat á Alþingi lagði ég fram þingsályktunartillögu um skattfrelsi íslenskra líknarfélaga. Í henni er lagt til að fjármálaráðherra leggi fyrir Alþingi frumvarp um að skattreglum verði breytt þannig að íslensk líknarfélög njóti sömu skattfríðinda og erlendis. Ég hef lagt mesta áherslu á undanþágu vegna fjármagnstekjuskatts, því löng reynsla mín af starfi fyrir líknarfélög sýnir mér, að það er stærsti bitinn sem ríkið klípur af þeim með skattheimtu.


SANDRA FRANKS

Líknarfélög ættu ekki að þurfa að greiða fjármagnstekjuskatt og erfðafjárskatt. Auk þess ættu þau að fá lagalegan rétt til endurgreiðslu á virðisaukaskatti á aðföngum, og einstaklingar ættu að fá rúma heimild til að draga frá skattstofni sínum framlög til líknarfélaga.

*Höfundur er frambjóðandi í prófkjöri Samfylkingarinnar í SV-kjördæmi. (Greinin er birt í heild á Vísir.is undir Skoðanir.)*

## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

**Samtök** sjúklinga með legslímuflakk voru stofnuð þann 20. október. Á stofnfundinum gengu 52 í samtökin. Ása María Björnsdóttir-Togola var kjörin formaður. Fyrst um sinn er póstfang samtakanna endo_island@yahoo.com.

**Rússneska** tískuvikan fór af stað um síðustu helgi. Hönnuðir frá Rússlandi, Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, Grikklandi, Perú, Bretlandi, Ítalíu, Bandaríkjunum og víðar héldu glæsilegar sýningar. Einnig er haldin „Ruskyi Silhouette“ hönnunarkeppni fyrir unga hönnuði.



**Sófadagar** standa nú yfir í Hagkaupum í Smáralind og á Akureyri. Veittur er 15 til 60 prósenta afsláttur af öllum sófasettum. Yfir hundrað tegundir eru í boði. Sófadögunum lýkur í dag.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 26. október, 299. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.51 | 13.12 | 17.31 |
| Akureyri | 8.44 | 12.56 | 17.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Árni Már Erlingsson málar á skó og selur þá í Gyllta kettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hauskúpur, hjörtu, fiskar og nótur

***...eru meðal þess sem Árni málar á skóna sína***

Dag einn gekk Árni Már Erlingsson inn í verslunina Gyllta köttinn og keypti sér skjannahvíta strigaskó. Ekki leið á löngu þar til hreinleiki skónna hvatti hann til listsköpunar og því fór það svo að hann málaði munstur á skóna sína. Skömmu síðar hélt hann myndlistarsýningu þar sem skórnir voru í aðalhlutverki en Árni, sem titlar sig myndlistarmann, stefnir á að halda erlendis í nám á næstunni.

Handmáluðu skórnir hans Árna hafa vakið almenna lukku og því leið ekki á löngu þar til hann gerði samning við eigendur Gyllta kattarins um að taka skóna góðu í almenna sölu. „Ég mála bara alls konar munstur sem ég fíla sjálfur. Aðeins einu sinni hef ég gert sama munstrið tvisvar en það voru hauskúpur og lítil hjörtu... svo hef ég málað blóm, fiska, nótur og margt fleira,“ segir Árni.

Skóparið kostar 5.800 en þessa dagana eru pörin óðum að klárast úr búðinni enda seljast þau sem heitar lummur. „Ég sit því bara við eldhúsborðið heima og mála þessa dagana,“ segir Árni að lokum.

*mhg@frettabladid.is*

## Armani-vika

KLÆÐSKERI FRÁ ARMANI TEKUR MÁL AF VIÐSKIPTAVINUM SÆVARS KARLS



Armani-vika stendur yfir í verslun Sævars Karls. Mikið úrval er af haust- og og vetrarfatnaði ARMANI, þá hefur verið bætt við handsaumuðum skóm og leðurfatnaði.
Sævar Karl hefur flutt inn föt frá ARMANI frá árinu 1983. Undanfarin þrjú ár hefur GEORGIO ARMANI sent klæðskera tvisvar á ári frá Mílanó til að taka mál af viðskiptavinum Sævars Karls. Að þessu sinni verður klæðskerameistarinn Pino Digrisolo í heimsókn í Bankastrætinu á fimmtudag, föstudag og laugardag.
Nánari upplýsingar á www.saevarkarl.is


**Barnahúsgögn sem stækka**

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.


3ja ára


6 ára


9 ára


12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNAHEIMILIÐ
Sérverslun með barnahúsgögn og fylgihluti

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Haustútsölur** standa nú yfir í mörgum verslunum. Nú er því hægt að gera góð kaup á ýmsum flíkum.

















Fyrirsætan Stella Tennant sýnir loðfeld frá Jean Paul Gaultier í París síðasta sumar.



Blaðamaðurinn Edward R. Murrow kveikir hér í sígarettu fyrir kyntáknið knáa Marilyn Monroe árið 1955. Í þá daga voru fáir sem mótmæltu reykingum og enn færri höfðu neikvæðar skoðanir á því að dömur klæddust pelsum.

# Unaðslegir loðfeldir

***Pelsar eru ekki bara fallegir heldur endast þeir árum saman og eru einstaklega hlýir.***

Í gömlum skrítlum sagði oft frá velmegandi eiginmönnum sem gáfu konum sínum loðfeldi þegar þeir höfðu gert eitthvað af sér. Fáar flíkur þóttu jafn eftirsóknarverðar og minkapelsar og þær sem sáust spóka sig í slíkum yfirhöfnum voru oftar en ekki yfirstéttardömur, óperusöngkonur eða leikkonur. Í dag er staðan svolítið breytt. Flestar konur hafa efni á að veita sér þann munað að klæðast loðfeldi, hvort sem hann er keyptur notaður eða nýr.

Hvenær mannskepnan byrjaði að nýta dýrafeldi til að gera yfirhafnir getur enginn sagt til um en telja má að þetta hafi tíðkast frá því löngu fyrir steinöld. Refur, kanína, selur, minkur, otur og úlfur eru meðal þeirra dýrategunda sem fólk hefur gert sér fatnað úr, allt eftir því hvaða dýr er að finna í hverju landi.

*mhg@frettabladid.is*



Fallegur svartur loðfeldur í kósakkastíl eftir Giorgio Armani.



Leður og loðfeldir fara vel saman. Kim Hersov mætir hér í partí til Ralphs Lauren íklædd gallabuxum, leðurstígvélum, litlum leðurjakka og með loðfeld yfir herðarnar.



Tara Palmer-Tomkinson mætir hér með hvítan loðfeld á frumsýningu myndarinnar The Aryan Couple í London fyrr í þessum mánuði.



Sharon Stone í fallegum loðfeldi.



Hún er vígaleg þessi fyrirsæta sem í vor sýndi nýjustu afurðir rússneska hönnuðarins Denis Simachev fyrir haustið 2006.



Gucci sá það ekki fyrir sér að hægt væri að komast í gegnum haustið 2006 án þess að klæðast pelsvesti.



Flottur pelsjakki frá Gucci.



Ástralski hönnuðurinn Camilla Franks í villtum og hráum loðfeldi.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Lúxus á leið til betri vegar

Um nokkurt skeið hefur umhverfisvernd verið að ryðja sér til rúms í tískunni, til dæmis með notkun á lífrænt ræktuðum efnum án eiturefna. Einnig með nýjungum sem valda minni umhverfisskaða eins og þráðum úr bambus í stað bómullar, en við ræktun bómullar þarf mikið vatn og mengandi efni. Nú eru maís, soja og meira að segja köngulóarvefir notaðir til að framleiða þræði sem eru notaðir í efni í stað bómullar. Að auki hrinda þessi efni frá sér bakteríum og sum þeirra vernda húðina gegn útfjólubláum geislum. Sífellt fleiri merki bjóða nú einhvern hluta af framleiðslu sinni gerðan úr umhverfisvænum efnum eða efnum sem ekki eru notuð hættuleg eiturefni við að framleiða. Sem dæmi má nefna H&M, Reebok og Marks & Spencer. Nýleg skoðanakönnun hér á landi sýnir að 60 prósent fólks á aldrinum 20-24 ára hefur áhuga á umhverfisvænni tísku. Þetta er ekki lítill markhópur og hjálpar svo sannarlega fataframleiðendum við að breyta um stefnu.

En það eru ekki aðeins ódýrari fataframleiðendur sem eru að vakna til meðvitundar um nauðsyn umhverfisverndar, hvort sem það er vegna þrýstings frá kaupendum eða umhverfissamtökum því nú eru stóru tískuhúsin og lúxusiðnaðurinn sem eru að taka við sér. Oscar de la Renta notar til dæmis maísefni í framleiðslu sína og það sama má segja um Versace sport og Bagoutta. Nýjasti fataframleiðandinn er Levi's sem nú blandar sér í hóp hinna.

Ein af ástæðum þess að stóru tískuhúsin taka nú við sér í umhverfismálum er sú að þau sem eru á hlutabréfamarkaði hafa frá 2002 verið skyldug til að gangast undir ákveðinn umhverfissáttmála sem ætlað er að beina stórfyrirtækjum í að að blómstra í sátt við jörðina. Nokkuð ný hugsun þegar verðbréfagróði er annars vegar. Stærstu lúxussamsteypurnar Gucci-groupe (Gucci, YSL, Balenciaga) og LVMH (Dior, Louis Vuitton, Celine) setja sér nú vinnureglur og ráða sérfræðinga í umhverfismálum. Markmiðið er að í lúxusiðnaðnum, þar sem gæði og falleg hönnun ráða ríkjum sem og hátt verð, eigi umhverfisvernd að vera hluti af þessari hágæðavöru. Stóru tískuhúsin sjá í framtíðinni fram á að fá nýja ástæðu til að fá fólk til að dreyma – selja umhverfisvæna lúxusvöru.

Ekki má heldur gleyma því að stóru tískuhúsin leita til fjölda minni fyrirtækja með ýmiss konar handverk. Víða um land eru til dæmis konur sem prjóna eða sauma út hluta af klæðum sem eru svo sameinuð í hátískukjóla. Tískuhúsin setja undirverktökum sínum starfsreglur, meðal annars um umhverfisvernd ef því er að skipta. Enn er þó löng leið fram undan.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Fyrirsætur skörtuðu fallegum búningum sem vísa til kínversks leikhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Klassísk kínversk fegurð

LEIKRÆN TILÞRIF Á TÍSKUSÝNINGU

Fimmta kínverska tískuvikan var haldin í Peking á dögunum. Í tilefni af því tóku nokkrir nemendur og kennarar þjóðarakademíu í kínversku leikhúsi og listum þátt í að setja upp sýningu. Voru fyrirsætur klæddar í búninga og málaðar í anda hins hefðbundna kínverska leikhúss og kom það ágætlega út.

## Glamúr og „grunge“

MARC JACOBS EKKI LENGUR SETTLEGUR OG PENN.

Nýi „grunge“-tískustíllinn fær svo sannarlega innblástur frá glansdögum Nirvana en er mun stílhreinni að þessu sinni. Marc Jacobs hefur skellt sér í allt aðra átt en í fyrra þegar allt sem frá honum kom var pent og settlegt. „Grunge“-ið hefur tekið allt aðra stefnu í höndum Jacobs og er nútímaleg útfærsla sem passar fullkomlega fyrir íslenskan vetur. Flíkurnar eru stórar og liggja í lögum úr bómull og velúr, með pallíettuskreytingum með fallegum smáatriðum. Kynslóðin sem klæddist flíkum í þessum stíl (með Nirvana) er nú orðin fullorðin og kann án efa að meta glæsileikann í bland við fortíðarþrá unglingsáranna frá Marc Jacobs.











Þrír náttúrulegir litir í einni öskju. Litina má nota bæði á augu og kinnar til að gefa ferskt og fallegt útlit og gæða húðina ljóma. Eitthvað sem þú munt eflaust kaupa aftur og aftur.



Mjúkur og góður augnblýantur sem blandast vel við augnskugga og auðvelt er að vinna með.

# *Fallegir litir frá Clarins*

***Eigulegar vörur í snyrtibudduna.***

Framleiðendurnir hjá Clarins-snyrtivörum hafa sett nokkrar nýjar vörur á markaðinn undir nafninu Horizons. Litirnir eru hlýir og náttúrulegir og henta flestum konum, hvort sem þær eru ljósar eða dökkar á hörund.



Þrír fallegir varalitir frá Clarins númer 10, 11 og 12 sem heita Guava, Raisin og Latte. Liturinn er endingargóður og mjúkur með léttu ávaxtabragði og inniheldur að auki vítamín sem nærir varirnar.




VANTAR ÞIG TÖSKU?
FRÁBÆRT ÚRVAL
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is



allt matur
Alla föstudaga



MESTA HANSKAÚRVALIÐ

einnig ný sending af leðurlúffum á dömur og herra.

kr. 2.600 kr. 3.600
Tösku- og hanzkabúðin
Stærsta töskuverslun landsins
Skólavörðustíg 7, Rvk,
Sími 551 5814







# Tíu karlmannlegir búningar

*Hrekkjavaka er framundan og um að gera að undirstrika karlmennskuna með búningavali. Hér að neðan eru tíu hugmyndir að karlmannlegum grímubúningum.*



**HERMAÐUR.** Hér er átt við landgönguliða en ekki sjóliða, sem skírskotar í allt aðra hluti! Góður hermannabúningur svíkur engan og setningar á borð við „Viltu tyggjó, elskan?" og „Sæl, kisulóra" eru vísar með að slá í gegn hjá kvenþjóðinni. Ekki verra ef þú átt sokkabuxur til að henda í skrækjandi lýðinn.



**SLÖKKVILIÐSMAÐURINN** er vís til að slá í gegn, enda alltaf nóg af eldum sem þarf að slökkva. Mættu bara í partíið einbeittur á svip og spurðu nógu djúpri, karlmannlegri röddu hvort það sé einhvers staðar eldur sem kæfa þarf. Svörin eiga ekki eftir að láta standa á sér, svo mikið er víst.



**HELLISBÚI** er gott og karlmannlegt gervi. Best er samt hversu fyrirhafnarlaust það er. Slepptu bara baði í viku fyrir Hrekkjavöku og vertu á naríunum einum fata. Ef þú átt ekki kylfu þá kemur frosið lambalæri að svipuðu gagni. Kafaðu síðan ofan í eigin karlmennsku og hleyptu dýrinu lausu. Sko þig, þú ert orðinn að fullkomnum frummanni! Spurning hvort lyktin fæli aðra frá þér.



**LÖGREGLUBÚNINGAR** geta látið hvaða væskil sem er líta út eins og kraumandi testósterón vöðvabúnt. Athugaðu að hér er auðvitað ekki átt við hallærislegu hjólreiðabúningana. Eigirðu í vandræðum með að finna búninga þá má víst nálgast einn góðan með því að hafa samband við dómsmálaráðherra, sem á nokkra í skáp heima hjá sér.



**RAPPARI.** Derhúfa, hlýrabolur, pokabuxur, sólgleraugu og nóg af gullkeðjum og þú ert kominn með efni í hinn ágætasta rapparabúning, sem jafnvel 50Cent yrði stoltur af. Fullkomnaðu gervið með því að baða út höndunum þegar þú talar, smjatta á tyggjói eins og tannlaus hestur og gakktu um eins og þú hafir gert í buxurnar.



**IÐNAÐARMAÐUR.** Hvort sem þú klæðir þig upp sem pípari, smiður eða rafvirki ertu vís með að slá í gegn. Mundu bara að sleppa gerviyfirvaraskegginu, hálsklútnum og sólgleraugunum, því annars eru góðar líkur á að þú verðir tekinn í misgripum fyrir hljómsveitarmeðlim úr The Village People.



**DRAKÚLA GREIFI.** „Hvað er eiginlega karlmannlegt við blóðsugugreifann frá Transilvaníu?", gætirðu hugsað. Taktu þig taki maður! Hér er ekki átt við gervi eins og grátkonan Gary Oldman klæddist í Dracula-mynd Francis Ford Coppola, heldur búning Christophers Lee: Svört jakkaföt og skikkja, blóðrauðar linsur og vígtennur. Mundu bara að það er í lagi að narta aðeins í dansfélagann, en láttu ógert að bíta hann. Að minnsta kosti ekki fast.



**ÞRUMUGUÐINN ÞÓR,** er sterkastur allra guða og manna eins og fram kemur í Gylfaginningu. Ef undanskilið er skiptið sem hann dulbjó sig sem ástargyðjuna Freyju, til að endurheimta hamarinn sinn Mjölni, er hann ennfremur karlmannlegastur og góð hugmynd að grímubúningi.



**FRANSKUR AÐALSMAÐUR** Fátt er eins karlmannlegt og franskur aðalsmaður frá 17. öld, púðraður með hárkollu, í blúnduskyrtu og sokkabuxum. Ertu alveg frá þér?! Hafirðu virkilega íhugað þennan valkost af einhverri alvöru ertu augljóslega fallinn á prófinu og verður að lesa alla greinina aftur frá upphafi! Tvísvar sinnum í öryggisskyni!



**HNEFALEIKARI.** Horfðu á Rocky og nokkra þætti af Contender og æfðu taktana fyrir framan spegilinn þar til þú telur þig tilbúinn. Skelltu þér síðan í stuttbuxur, íþróttaskó og boxhanska! (Vefðu þig í slopp ef veðrið er slæmt eða vöxturinn ekkert til að hrópa húrra fyrir.) Umlirðu Aaadriiiaaan þegar þú mætir í partíið færðu fullt hús stiga.


Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.

MYND
Hafnarfirði S: 565 4207
www. ljosmynd.is



Sock Shop
breytir um nafn og verður Cobra
TROÐFULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM !!
cobra
Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið



allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

# Hátæknivædd sundföt

***Ný sundfatatíska var kynnt í Tókýó á dögunum.***

Fataefnisframleiðandinn Toray Industries Inc. frá Japan kynnti nýverið sundfatatískuna fyrir sumarið 2007. Sundfötin eru öll búin til úr fljótþurrkandi og endingargóðu efni sem þolir vel sandinn á ströndum. Efnið heitir NanoMATRIX og hefur verið í þróun lengi og byggist á nanótækni.



Sundfötin eru úr efni sem er endingargott, fljótþornandi og þolir vel sandinn á ströndinni.



Sundbolir með hlébarðamunstri.



Sumarlegt blómabikiní með pilsi.

Ný úlpusending



Skoðið sýnishorn á laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S. 551 4422

# Nýtt frá Chanel

***Augnskuggi í takmörkuðu upplagi, ótrúlegur maskari og fallegur varalitur í frábærum umbúðum.***

**CHANEL ROUGE ALLURE VARALITUR**
Sá sem hannaði umbúðirnar utan um þennan fallega varalit hefur vitað hvað hann eða hún var að gera því þær eru einstaklega skemmtilegar. Við fyrstu sýn virðast þetta venjulegar umbúðir en þegar á að taka varalitinn upp úr þá kemur í ljós að það þarf ekki nema einn lítinn smell og hann hoppar upp. Þetta tryggir að erfitt verður að týna lokinu, (en eins og við allar vitum er fátt ömurlegra en varalitur sem er klístraður í tóbaki og öðru töskukuski). Liturinn er sexí og seiðandi og um leið fá varirnar góðan raka.



**INIMITABLE MASKARI**
Frábær bursti sem aðskilur hárin hárrétt og sér til þess að aldrei fari of mikið á þannig að augnhárin klessast ekki heldur haldast, löng, þétt og falleg.



**CHANEL PINK LAMÉ AUGNSKUGGI**
Áferðin minnir á hinn klassíska tweed jakka sem Jackie Onassis gerði svo frægan hér um árið. Litirnir eru gull, silfur og rósrautt en saman tvinna þessir litir lúxus, tísku og glamúr í eina litla augnskuggaöskju. Eitthvað fyrir lúxuskisur sem kunna gott að meta enda kemur þessi augnskuggi í takmörkuðu upplagi.



~~12.590 kr.~~
Kjölur, kuldaúlpa
6.295 kr.

~~26.240 kr.~~
Tindur, dúnúlpa
13.120 kr.

Komdu
og skoðaðu úrvalið

Fyrir börnin



~~2.200 kr.~~
Hnoss, húfa
1.100 kr.

~~11.340 kr.~~
Týr, kuldaúlpa
5.670 kr.

~~990 kr.~~
Hanskar
495 kr.

~~1.420 kr.~~
Óðinn, vettlingar
710 kr.

~~1.630 kr.~~
Óðinn, lambhúshetta
815 kr.

~~950 kr.~~
Óðinn, húfa
475 kr.

~~1.420 kr.~~
Óðinn, vettlingar
710 kr.

ÚTSÖLUMARKAÐUR
66° NORÐUR
Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri. Opið 9-18 virka daga og 10-16 laugardaga. www.66north.is

Veturinn er kominn í fallegum fötum frá ANAS



ANAS
Fjörður • Hafnarfirði
565 7100



**Fótheilsa** er okkur mikilvæg. Fótaaðgerðafræðingar mæla með reglulegu eftirliti á fótum rétt eins og venja er að fara til tannlæknis einu sinni á ári.



Flott í vetur
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.-
SLENDERTONE MAX 6.665.-
LÉTTARI GREIÐSLUR
HREYSTI

Sækir þú mikið í sætindi, halda þér engin bönd?
Gott ráð er að taka inn Living Food Engergy duftið frá dr. Gillian McKeith.
1 til 2 tsk. 5 mínútur fyrir t.d. morgunmat og kvöldmat
Það veldur mettunartilfinningu, jafnar blóðsykur og kemur meltingunni í jafnvægi.
Duftið er troðfullt af öllum helstu vítamínum, steinefnum, ammónísýrum, góðum fitusýrum og próteinum. Lífrænt ræktað, eykur orku, úthald og vellíðan!

Útsölustaðir: Apótek, Heilsubúðir, Fjarðarkaup og Hagkaup

allt matur
Alla föstudaga


# Berklatilfelli fleiri meðal innflytjenda

***Alþjóðleg heilbrigðisyfirvöld hafa lýst yfir áhyggjum af yfirvofandi berklafaraldri, vegna fjölgunar tilfella þar sem hefðbundin berklalyf virka ekki.***



Tryggvi segir Íslendinga ekki þurfa að óttast berklafaraldur eins og staðan er nú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Berklar eru óalgengir á Íslandi og tíðni tilfella með þeirri allra lægstu í veröldinni, en á undanförnum árum hafa ekki nema um það bil tíu berklatilfelli greinst á ári,“ segir Tryggvi Ásmundsson, lungnalæknir hjá Heilsuverndarstöðinni í Reykjavík.

Að sögn Tryggva geta menn smitast af berklum í samvistum við hóstandi berklasjúkling. Berklabakterían smitast þá í gegnum öndunarveg og niður í lungu. „Yfirleitt veikjast þó ekki nema tíu prósent hinna smituðu,“ útskýrir hann. „Þannig eru tíu prósent líkur á því að sá smitaði muni veikjast einhvern tímann í framtíðinni. Hættan á veikindum er þó mest fyrst.“

Tryggvi bætir við að veikindi, á borð við alnæmi, eða lyf, til dæmis krabbameinslyf, sem minnka mótstöðuna auki líkur á að berklarnir blossi upp. „Þetta er ástæða þess að menn beita svokallaðri varnandi meðferð eftir að berklasmit greinist, en hún byggir á níu mánaða lyfjameðferð,“ segir hann. „Hún miðar að því að minnka þessar 10 prósent líkur niður í um það bil 1 prósent til að koma í veg fyrir veikindi.“

Tryggvi ítrekar að þótt berklabaktería hafi tekið sér bólfestu í líkama einhvers, þýði það ekki að sá hinn sami veikist né smiti hann frá sér.

„Veikist einhver fær hann hins vegar berklameðferð,“ segir hann. „Viðkomandi fær þá fjórar lyfjategundir, á meðan verið er að kanna hversu vel næm bakterían er fyrir lyfjagjöf. Það tekur yfirleitt tvo mánuði áður en niðurstaða fæst, en að svo búnu er yfirleitt hægt að fækka lyfjum niður í tvær tegundir.“

Undanfarið hefur tilfellum fjölgað í Eystrasalts-ríkjum þar sem upp hafa komið berklaafbrigði, sem ekki svara hefðbundnum lyfjameðferðum og kallast fjölónæm. Tryggvi segir ákveðnar líkur á því að flytjist berklasjúklingur með fjölónæman stofn hingað til lands geti hann smitað frá sér.

„Miðað við núverandi lög er innflytjendum skylt að fara í læknisskoðun sem gengu nýlega í það, en þar hafa þessi fjölónæma stofnar verið að greinast eins og áður sagði.“

Eins og staðan er nú þá er hlutfall innflytjenda á meðal berklasmitaðra hátt að sögn Tryggva. „Það er þó ekki einskorðað við Ísland heldur í hinum vestræna heimi almennt,“ heldur hann áfram. „Ekki er hægt að tengja tilfellin við einhver ákveðin þjóðerni, þótt þau séu algengari hjá innflytjendum frá þróunarlöndum.“

Tryggvi segir enga ástæðu til að óttast berklafaraldur gangi yfir landið en bætir við að næðu þessir fjölónæmu stofnar að skjóta rótum hérlendis gæti hættuástand skapast. „Okkur yrði svipaður vandi á höndum og á öndverði 20. öld þegar við bjuggum ekki yfir lyfjum til að vinna á berklunum. Við skulum hins vegar ekki mála skrattann á vegginn, á meðan við höfum svona góða stjórn á ástandinu.“

*roald@frettabladid.is*


Helgarnámskeið fyrir konur um hluti sem skipta máli

Fjallað verður um eftirfarandi
• Sjálfsvirðingu og það að setja mörk
• Ást, bæði heilbrigða og sjúka
• Andlegan þroska
• Skapandi hugsun í samskiptum



Námskeiðshaldarar:
Ásta Kristrún Ólafsdóttir, B.A., C.C.D.P. Ráðgjafi
Lilja Ósk Úlfarsdóttir Ph.D. Sálfræðingur.

Staðsetning:
Námskeiðið verður haldið í Síðumúla 33, 2. hæð, föstudaginn 3. nóvember frá kl. 18:00 til kl. 20:00 og laugardaginn 4. nóvember frá klukkan 10:00 til klukkan 14:00.

Verð og upplýsingar:
Verð kr. 7.000.- Innifalið í verðinu eru námsgögn og hressing.
Upplýsingar og skráning í símum: 869 0907 og 694 7997.

Fyrsta flokks íslenskur harðfiskur
GULLFISKUR
HOLLUSTA Í HVERJUM BITA

NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
FÆST Í BÓNUS



# Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

## Að ná markmiðum sínum eða ekki

Það er ekki meðfæddur eiginleiki að setja sér markmið og vera svo einbeittur og viljasterkur að ná þeim. Það er eitthvað sem maður lærir og sumir þurfa fleiri tilraunir en aðrir. Hinir reyna ekki einu sinni. Það er ekkert að því að þurfa nokkrar tilraunir, en verra að reyna ekki eða gefast upp. Ef við náum almennt ekki markmiðum okkar ættum við að skoða hvort þau séu ekki bara aðeins of háleit. Mörg lítil skref geta verið jafn löng vegalengd og nokkur stór!

### Vilji og þor

En af hverju ná sumir öllum sínum markmiðum en aðrir ekki neinum? Reyndar eru margir þættir sem skipta máli, en einn veigamikill þáttur sem skilur þessa suma frá öðrum, er vilji og þor til að breytast. Það liggur algjörlega ljóst fyrir að ef við viljum fá einhverju áorkað sem við höfum/erum ekki í dag, verðum við að þora að breyta daglegri rútínu okkar eða okkur sjálfum að einhverju leyti, ekki satt? Oft þarf að breyta litlu en stundum töluvert miklu og fara út fyrir þægindarammann.

### Vaninn, einu sinni enn

Ef við notum vanann oft sem afsökun fyrir því að ná ekki markmiðum okkar, skulum við ekki gleyma því að þessi vani varð til vegna sífelldra endurtekninga. Og við erum góð í því sem við gerum oft, en hræðumst það sem við gerum sjaldan eða höfum aldrei gert. Á sama hátt náum við ekki markmiðum okkar af sjálfu sér, heldur með endurtekningum og reyndar fullt af mistökum líka, en þau eru ekki síður dýrmæt. Fjöldi endurtekninga skiptir ekki máli heldur að hætta ekki fyrr en endurtekningin er orðin þægileg eða fyrirhafnarminni. Þá er brautin greið og markmiðið á næsta leiti.

### Það breytist ekkert ef þú breytist ekki.

Ef við erum í aðstæðum sem við viljum komast út úr, hvort sem það er til að bæta líkamlegt eða andlegt ástand okkar eða vegna þess að við viljum fá meira út úr lífinu, verðum við að byrja á okkur sjálfum. Hver er okkar stærsti dragbítur? Hvaða aðstæður draga úr okkur mátt? Einhver sagði að engin keðja væri sterkari en veikasti hlekkurinn, svo honum þurfum við að skipta út eða styrkja, eftir því hvað við á.

Þessa endurskoðun verðum við að fara í gegnum sjálf. Það er víst best að leggja áherslu á það, vegna þess að við virðumst sífellt vona að einhver annar geri þetta bara allt fyrir okkur. Vona eða jafnvel treysta á að einhver annar hjálpi okkur út úr fjárhagsörðugleikum, lagi samskiptin við nágrannann, makann eða börnin, nái af okkur aukakílóum, geri okkur hamingjusöm eða geri okkur rík.

Ég rembist auðvitað og reyni eins og þið að ná mínum markmiðum og stundum gengur vel og stundum ekki. Svo nú er bara að finna sinn veikasta hlekk, hafa þor til að breytast, endurtaka breytinguna í sífellu og sjá hvað maður nær langt!

*Gangi okkur vel!*

# Nýtt andlit gefur fólki annað líf

BRESKIR LÆKNAR HAFA FENGIÐ LEYFI TIL AÐ FRAMKVÆMA ANDLITSÁGRÆÐSLU.



Isabelle Dinoire undirgekkst andlitsígræðslu í Frakklandi.

Ekki eru nema nokkrir mánuðir þar til læknunum bresku verða veitt tilskilin réttindi til að framkvæma heimsins fyrstu heildar-andlitságræðsluna.

Um það bil þrjátíu sjúklingar hafa þegar haft samband við læknana til að fá slíka aðgerð framkvæmda.

Enn sem komið er hefur enginn verið valinn til að fara í hana.

Val á umsækjendum ræðst af ýmsum þáttum, meðal annars andlegu ástandi þeirra. Læknar vilja fyrirbyggja að sjúklingar verði fyrir miklu sálrænu áfalli.

Til stendur að velja fjóra sjúklinga úr hópi umsækjenda frá Bretlandi og Írlandi. Börn verða ekki tekin til greina vegna sérstakra leyfa sem þarf.

Segja má að aðgerð af þessu tagi sé endastöð sjúklinga, sem hafa þegar farið í á bilinu 50-70 uppbyggjandi aðgerðir. Ágræðslan felst í því að húð, fita, fjórar slagæðar og fjórar æðar eru fjarlægðar af gjafanum. Nokkra klukkutíma tekur síðan að setja andlitið á viðtakandann. Eftir skurðaðgerðina tekur við lyfjagjöf.

Tölvuútreikningar hafa sýnt fram á að viðtakandinn mun ekki líkjast gjafanum í útliti.

Í nóvember á síðasta ári undirgekkst hin franska Isabelle Dinoire aðgerð þar sem hluti af nefi, varir og haka voru grædd á hana eftir að hún varð fyrir blóðugri árás hunds. Þykir Dinoire vera á góðum batavegi og hefur það fyllt heilbrigðisstéttina ákveðinni bjartsýni.

Frá þessu er greint á fréttavef BBC, www.bbc.co.uk

-rve





**Lífstílsnámskeið að hefjast í Technosport, Hafnarfirði**

**8 vikna lífstílsnámskeið er frábær leið fyrir konur á öllum aldri til að auka þol sitt og styrk, léttast og næra sálina um leið.**

**Lífstílsnámskeiðin okkar fela í sér:**
- Þrjá fjölbreytta tíma á viku í lokuðum hópi. Áhersla á brennslu og árangursríkar styrktaræfingar.
- Vandað fræðsluhefti m.a. um markmið, hreyfing og næringu, ásamt innkaupalista og spennandi uppskriftum
- Markmiðasetning
- Gott aðhald í mataræði, skil á matardagbókum
- Reglulegar þyngdar-, fitu- og ummálsmælingar
- Happdrætti
- Vatnsbrúsi fylgir

Allir sem skrá sig á lífsstílsnámskeið frá heilnudd á aðeins 2.500 kr
Komdu þér í gott form fyrir jólin!

Allar nánari upplýsingar gefur Borghildur í síma 899 9272 milli kl. 10 og 15 á daginn.

Kennt er :
**Þriðjudaga/fimmtudaga/föstudaga kl. 06.05.**
Æðislegt að vakna snemma og eiga daginn fyrir sig!!
**Námskeiðið hefst þriðjudaginn 31. október**

Skráðu þig strax í síma **565 0760**, því aðeins takmarkaður fjöldi kemst að. Við hlökkum til að sjá þig!
**Verð aðeins 16.900 kr**

TECHNOSPORT
Bæjarhrauni 2, þriðju hæð Sími 565 0760



# Reykleysið borgar sig

***Konur þyngjast að meðaltali aðeins um þrjú kíló þegar þær hætta að reykja.***

Skaðsemi reykinga hjá konum og körlum er vel þekkt. Reykingar eru algengasta ástæða lungnateppusjúkdóma, lungnakrabbameins en einnig er meiri hætta á æðakölkun í slagæðum í hjarta og heila sem síðan getur leitt til hjarta- eða heilaáfalla.

Ófrjósemi kvenna og fósturlát geta verið afleiðingar reykinga. Einnig eru börn reykjandi mæðra léttari við fæðingu og bera með sér ýmis efni úr sígarettunum við fæðingu sem illmögulegt er að brjóta niður.

Auknar líkur eru á að tíðahvörf hefjist fyrr hjá konum sem reykja og sömuleiðis virðast þær fá meiri tíðahvarfaeinkenni og beinþynningu.

Margar konur bera því fyrir sig að þær fitni ef þær hætta að reykja og finnst erfið tilhugsunin um að þyngjast. Meðalþyngdaraukning við að hætta að reykja er aðeins um þrjú kíló.

Því miður var ekki vitað um skaðsemi reykinga áður fyrr og margar eldri konur sem reykja af þeim sökum. Í dag byrja æ færri ungar konur að reykja. Meðferðarmöguleikum fjölgar og fjölda aðferða er nú beitt til að styðja bæði konur og karla til reykleysis.

Allar nánari upplýsingar og aðstoð er hægt að sækja til: www.reyklaus.is

**Jólaátak hjá Hress**
**Hefst 30. október**

8 vikna átak

25 kg farin

13 kg farin



Fyrir



Fyrir



Eftir



Eftir

**Konuátak**
kl. 06.05 mán., mið., fös.
kl. 10.15 mán., þri., fim.
kl. 17.30 mán., mið., fös.

**Karlaátak**
kl. 18.30 mán., mið., fim.
kl. 19.30 mán., mið.
og kl. 17.30 fös.

**INNIFALIÐ Í VERÐI:**
- Þrír lokaðir, árangursríkir og fjölbreyttir tímar í viku
- Kennsla í höndum fagfólks
- Vigtun, fitu- og ummálsmæling
- Fræðsluefni
- Frjáls mæting í alla opna tíma og tækjasal
- Fylgst með mataræði

Skráning og nánari upplýsingar í síma 565 2212 eða á mottaka@hress.is
**Hringdu strax og skráðu þig!**
**Verð kr. 18.990**

ROPE YOGA WORKOUT

8. vikna Ropeyoga námskeið að hefjast
Tímar á mán., mið. og fös. kl. 06.00 og 17.30 **Verð 19.900.-**

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði Sími 565 2212 www.hress.is hress@hress.is

HRESS

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Gluggatjöld** geta hjálpað til við að verja heimilið gegn kulda. Munið samt að draga reglulega frá því annars getur myndast mikill raki á rúðunum.



















Klara Thorarensen fyrir framan málað veggfóður frá Flexform. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Nýtt og framsækið fyrirtæki

***Ný húsgagna- og gjafavöruverslun, Mood, var opnuð fyrir skemmstu og hafa viðtökurnar ekki látið á sér standa.***

„Í Mood er boðið upp á húsgögn og gjafavöru í hágæðaflokki,“ segir Klara Thorarensen, rekstrarstjóri og einn eigenda verslunarinnar. „Við erum með vörur frá nokkrum af þekktustu hönnunarfyrirtækjunum í dag, B&B Italia, Flexform og Cristalia og verslunninni er skipt niður eftir þeim.“

B&B Italia var stofnað árið 1966 og hefur lengi verið leiðandi í hönnun húsgagna. „Margir af þekktustu hönnuðum heims starfa nú hjá fyrirtækinu,“ segir Klara. „Nútímalegur stíll er helsta einkenni húsgagnanna. Þau eru þó klassísk sem sést af því að sumir munirnir byggja á áratuga gamalli hönnun.

Við erum einnig með sérstaka vörulínu frá B&B sem kallast Max Alto, en hönnuðurinn Antonio Citterio stendur alfarið á bakvið hana,“ segir Klara ennfremur. „Þetta eru dökk viðarhúsgögn, sófar, stólar og svo framvegis. Þau eru heimilisleg, nýtískuleg og í hlýlegri kantinum,“ bætir hún við.

Gjafavara frá B&B, í línunni Object Collection, er einnig seld í versluninni. Klara kveður munina frá fyrirtækinu einstaklega vandaða, í raun sé nær að tala um listmuni.

Vörur frá B&B hafa um árin verið seldar jöfnum höndum inn á heimili og hótel að sögn Klöru. Í því samhengi má geta þess að Bulgari-hótelið víðfræga á Ítalíu var nýlega valið það flottasta í heimi, en það er eingöngu búið húsgögnum frá B&B og Flexform, sem sýnir vel hversu vönduð þau eru.

Flexform er rótgróið fjölskyldufyrirtæki, sem hefur verið til í hálfa öld. „Á síðustu tuttugu árum hefur það skráð sig á spjöld ítalskrar húsgagnasögu og ráðið til sín virta hönnuði,“ segir Klara. „Ákveðin notalegheit einkenna vöruna og maður er gripinn sterkri löngun til að kúra í sófunum frá fyrirtækinu.“

Christalia er aftur á móti nýtt og framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun borðstofu- og skrifstofuhúsgagna að sögn Klöru. Í búðinni eru einnig sérsniðnar mottur frá Kasthall og fyrir jól verða á boðstólum vörur frá spænska húsgagnafyrirtækinu Rafemar.

Athygli vekur að Mood er við Suðurlandsbraut 48, þar sem verslunin Heima var áður til húsa, en Klara rak hana einmitt. „Ég er því enginn nýgræðingur í verslunarrekstri, þótt ég sé ung að árum,“ segir hún. „Sjálf átti ég hlut í Heima á móti föður mínum Kristjáni Thorarensen, sem ég seldi honum nýverið. Hann á ennfremur Öndvegi húsgagnaverslun, þar sem ég vann frá átján ára aldri.“

Klara segir ákveðinn mun vera á rekstri Mood og hinna verslananna, þar sem stór hluti vörunnar í Mood sé sérpantaður. „Annars á munurinn eftir að koma betur í ljós þar sem ekki er lengra síðan en á mánudag að búðin var opnuð.“

roald@frettabladid.is



Skemill sem kallast Fat Fat og sófinn Charles, hvorir tveggja frá B&B, og gólfmotta frá Kasthall.



Sófinn Tufti Time og sófaborðin Fat-Fat frá B&B, með litríkum púðum frá Object Collection. Gólfmottan er frá Kasthall.



Fallegur lampi frá Object Collection.



Skemill og svartur stóll, sem kallast Mart, hvorir tveggja frá B&B. Borðstofusett einnig frá B&B.



Stólar og borð frá fyrirtækinu Flexform.



Bollar eftir Kristínu Sigfríði Garðarsdóttur.

# Handverk, hönnun og listiðnaður

***Stór sölusýning á íslensku handverki og listiðnaði verður í Ráðhúsi Reykjavíkur nú um helgina.***



Kertahringur úr gleri og járni eftir Steinunni Steinþórsdóttur og Slavko Velemer.

Fjölbreytnin ræður ríkjum á markaðnum sem Handverk og hönnun stendur að nú um helgina í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Þar er íslensk hönnun, handverk og listiðnaðurhöfð í hávegum. Það sem verður til sýnis og sölu verða meðal annars munir úr leðri og roði, skartgripir, glermunir, nytjahlutir úr leir, húsgögn, textílvörur, hlutir úr hornum og beinum og fjölbreyttir trémunir.

Sérstök valnefnd á vegum Handverks og hönnunar valdi sextíu þátttakendur og verða listamennirnir sjálfir á staðnum að kynna og selja vörur sínar.

Tónlistaruppákomur verða einnig í Ráðhúsinu um helgina í tengslum við sýninguna sem opnuð verður klukkan 17.30 í dag fyrir boðsgesti og verður opin fyrir almenning frá 12-19 á morgun og 12-18 laugardag og sunnudag.



Salatsett með höldum úr hreindýrshornum, eftir Guðrúnu Á. Steingrímsdóttur.

# Heimagerð freyðibaðssápa

***Eftir langan og strangan dag er gott að slaka á í freyðibaði. Nautnin verður enn meiri ef þú býrð til eigin freyðibaðssápu.***



Ekki er erfitt að gera heimagerðar búbblur.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Þegar búa á til sína eigin freyðibaðssápu skal byrja á að tína til eftirfarandi hluti: Sjampó, salt, teskeið, tvo bolla, ílát til að blanda saman hráefnum og fallega krukku til að geyma sápuna í. Svo er hafist handa við sápugerðina.

Byrjið á því að setja hálfan bolla af sjampói í ílátið. Bætið við 3/4 bolla af vatni. Hrærið upp í og látið blandast vel. Svo er 1/4 teskeið af salti bætt við blönduna. Hrærið þangað til blandan þykknar. Þá er freyðibaðssápan tilbúin. Geymið í fallegri krukku og segið öllum frá því hversu sniðug þið eruð að búa til eigin sápukúlusápu. *- jóa*







# Þegar dúka skal borð

*Í Alvörubúðinni á Selfossi fást munstraðir og litríkir indverskir dúkar og aðrir sem tilbúnir eru til útsaums.*

Eigulegir borðdúkar eru bæði nytjahlutir og skraut þar sem þeir hlífa borðplötunni um leið og þeir prýða heimilið og skapa hlýlegan blæ.

Á Selfossi fæst mikið úrval dúka í Alvörubúðinni, sem staðsett er á Eyrarvegi. Þar ræður Alda Sigurðardóttir myndlistarkona ríkjum og selur hannyrðavörur sem hún útbýr sjálf, þar með má telja áprentaða dúka sem eru fullfrágengnir að öðru leyti en því að eftir er að sauma munstrið út með hinum aðskiljanlegustu sporum.

Einnig er hún með úrval dúka og teppa úr indverskri bómull sem hún kaupir beint frá Indlandi. Hún skreppur stundum sjálf þangað út og kveðst líka vera í sambandi við mann sem kaupir ekta handverk af Indverjunum. „Þetta er þeirra heimilisiðnaður,“ segir hún og lýsir aðferðunum sem notaðar eru við framleiðsluna og eru þær með ýmsu móti. *-gun*


Heimilislegur dúkur með þrykktu mynstri sem gert er með tréstimpli. Stærðin er 140x220 cm og verðið er 3.960 krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Útsaumaður dúkur með sprengdu garni í haustbrúnum tónum. Stærðin 90x130 cm og verðið 2.300 krónur.


Sýnishorn af eigin framleiðslu Öldu en hún selur áprentaða dúka með ýmsum munstrum. Þessi er í stærðinni 105x105 cm og kostar 2.600, áteiknaður með blúndu.


Það er mikið búið að nostra við þennan dúk því þræðirnir eru litaðiráður en dúkurinn er ofinn. Stærðin er 190x115 cm og verðið 7.280 krónur.


Þessi djúprauði dúkur er settur í litabað eftir vefnaðinn. Fyrst gult og gula röndin er vaxborin áður en dúkurinn fer í pottinn með rauða litnum. Þannig koll af kolli. En þrykk kemur líka við sögu. Stærðin er 130x200 cm og verðið 2.700.


Munstrið er þrykkt á þennan riddaradúk. Einn stimpill notaður fyrir hvern lit. Stærðin er 130x180 cm og verðið 4.800 krónur.

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006

EFTIRLÆTIS HLUTIR ...?



Askalind 1, 201 Kópavogur Sími 568 9700 www.habitat.net habitat

# Postulín margra kynslóða

***Það getur borgað sig að safna hágæða postulínsborðbúnaði. Ef vel er farið með hann, getur hann gengið kynslóða á milli og er oft það dýrmætasta af húsbúnaði heimilisins. Hér er fróðleikur og nokkur ráð um meðferð á postulíni.***

Það er ekki að ástæðulausu að postulín hefur oft verið nefnt hið hvíta gull. Kínverjar framleiddu postulínið fyrstir fyrir mörg þúsundum ára og heilluðu með því Evrópubúa upp úr skónum. Eftir miklar njósnir og tilraunastarfsemi við að finna rétta aðferð leit fyrsta evrópska postulínið dagsins ljós á átjándu öld í Dresden, Þýskalandi.

Vaninn er að kaupa tólf manna stell, en þó festa sumir kaup á fleiri tegundum og fyrir færri. En samt sem áður er vaninn að stellin eigi vel saman í lit og munstri.

Ef kaupa á eina tegund, borgar sig að kaupa hlutlaust stell svo að allur matur fari vel á því. Einnig getur verið gott að athuga hjá framleiðanda hvort einhverjar líkur séu á að stellið sé á leið úr framleiðslu, því það getur verið leiðinlegt að ná ekki í aukahluti ef maður er svo óheppin að brjóta. Hágæða postulín er brennt er við mjög háan hita og er hundrað prósent þétt. Ef postulínið er gegnsætt, sem sést ef það er borið upp að ljósi, bendir það til mikilla gæða.

Hágæða postulín þolir háan hita í ofni svo framarlega sem það er ekki skreytt með gulli eða silfri. Því er hættulaust að skella diski í ofninn til að hita upp mat, þó þarf að fara varlega með hitabreytingar eða skyndilegan hita.

Postulínið endist lengur ef það er þvegið í höndunum, en ef það er þvegið í uppþvottavél þarf að þvo á um 50 gráðu hita, og stilla vélina á forrit fyrir viðkvæmt leirtau. Best er að nota glansefni því það fjarlægir matta húð sem annars vill leggjast á postulínið og gerir það mótækilegra fyrir rispum.

Hábrennt postulín brotnar ekki svo auðveldlega. Postulínskaffibolli þolir mörg hundruð kílóa þunga ef hann dreifist jafnt á bollann. En ef hann dettur í gólfið brotnar hann hins vegar auðveldlega. Það er hægt að líma postulín saman en til þess þarf sérstakt lím fyrir postulín og leir. Framleiðandi borðbúnaðarins getur líka gert við brotið



Postulín getur þjónað mörgum kynslóðum ef vel er farið með það.



Á þessu borði snýst allt um ólífur.

# Ólífur gleðja

***Ólífur eru ekki einungis yngingarmeðal og eðalmatvara heldur einnig úrvalsskraut.***

Vinsældir matreiðslu frá Miðjarðarhafslöndunum hafa beint athygli margra að ólífum. Þær eru hollar sé þeirra neytt í hófi og sérkennilega bragðgóðar. Svo eru þær líka töluvert fyrir augað. Þetta hafa framleiðendur borðbúnaðar og annarrar heimilisvöru uppgötvað og nota ólífur, bæði brúnar, grænar og svartar til að fegra með muni sína. Í Blómavali eru þessar myndir teknar.



Ólífuplantan fer vel á borðbúnaði.



Glerkertastjaki með fljótandi ólífum er fallegur á borði.



Kertakrukkurnar eru mismunandi í laginu og af nokkrum stærðum. Kosta milli tvö og fjögur þúsund krónur.





Mikið úrval af listmálaravörum

JÁRN&GLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1
Barkarvogsmegin - S :5858900

Listalagerinn
www.jarngler.is






Sept. 2006

Nicorette Fruitmint
Nýtt bragð
sem kemur á óvart

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.**
Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**

*Tilboðsverð 2006



allt tilboð
Alla föstudaga




## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Haustkaktusar

Ekki er það nú beint útlitið sem fær okkur til að telja nóvemberkaktusinn og jólakaktusinn til kaktusa. Hvorki hafa þeir þykkan bol né þyrna eins og þeir kaktusar sem oftast koma upp í hugann þegar á kaktusa er minnst. En engu að síður teljast þeir til hins stóra ættbálks kaktusanna sem svo sérkennandi eru fyrir ýmis gróðurlendi beggja hluta Ameríku, alveg frá Klettafjöllunum norður í Kanada suður á syðstu skaga Chile. Þeirra lendur eru yfirleitt kargar klettaskriður eða þurrar eyðimerkur. Tegundirnar skipta hundruðum, hver með sitt svipmót, mótað af þeim aðstæðum sem þær mættu á þróunarbrautinni.

**Heilabrot við Indlandshaf**

En auk hinna þyrnum vörðu tegunda er til nokkuð stór hópur svokallaðra blaðkaktusa sem hafa þróast sem setar hátt uppi í krónum trjáa í fjallaregnskógum Suður-Ameríku. Af blaðkaktusum vex einnig ein tegund á Srí Lanka og önnur á eynni Sansibar austan Afríku. Þær eru einu kaktusategundirnar sem eru upprunalegar utan Ameríku. Þetta hefur valdið grasafræðingum heilabrotum, en nánustu ættingjar kaktusanna eru hádegisblómin í Afríku (og svalakössunum okkar). Í íslensku flórunni telst haugarfinn skyldastur þeim, en er allfjarskyldur þó.

**Blendingsbræður**

Uppruni nóvemberkaktus er í fjallahéruðunum ofan við Sao Paulo í Brasilíu. Sem pottaplanta er hann þó tilbúin tegund sem gerð var með því að æxla saman tveimur náskyldum tegundum af þessum slóðum. Það gerði garðyrkjumaður nokkur að nafni William Buckley sem rak garðyrkjustöð utan við London um miðja nítjándu öld. Frá þessum blendingum hans hafa allir nóvember- og jólakaktusar komið. Dálítill munur er þó á þessum tveimur, einkum hvað varðar blaðgerð og blómgunartíma. En þeir eiga sömu foreldra og sáu fyrst dagsins ljós í gróðurhúsum Buckleys. Jólakaktusinn hefur sljórri blöð en nóvemberkaktusinn og blómgast ögn síðar, en aftur á móti var hann mun algengari á heimilum áður fyrr og hér og þar eru til eintök af honum sem fylgt hafa sömu fjölskyldunum í marga ættliði. Jólakaktusinn á það líka til að blómgast aukalega á vorin, eftir vetrarhvíldina.

**Markaðsvaran**

Nóvemberkaktusinn hafði samt vinninginn sem verslunarvara vegna þess að hann er ekki eins hvumpinn og jólakaktusinn og þolir betur flutning og búðastúss eftir að hann er búinn að mynda blómhnappa. Öll slík meðferð er jólakaktusnum um megn, hann fellir blóm um leið og hann verður fyrir áreiti á þessum viðkvæma tíma. Nóvemberkaktus blómgast að öllu eðlilegu um mánaðamótin október/nóvember en jólakaktusinn um mánuði síðar. Blómgunin stendur í tvær til þrjár vikur. Á síðustu árum hefur verið mikið unnið að því að fjölga valkostum í blómalit og blómgunartíma nóvemberkaktusins og nú eru til hátt í hundrað nafngreindar sortir af honum. Blómlitirnir ná yfir tugi blæbrigða í bleikum, rauðum, eirrauðum, hvítum og jafnvel gulum tónum.

**Harðgerðir – en þurfa skilning**

Enda þótt nóvemberkaktus, jólakaktus og flestir blaðkaktusar séu afar harðgerðar, langlífar og þolnar pottaplöntur, þurfa þeir samt nokkuð sérstakar aðstæður til að blómgast. Eftir blómgun á að vökva reglulega í svo sem mánuð. Svo er plantan látin hvíla sig á fremur svölum stað (15°C) og ekkert vökvuð fram í mars. Þá er aftur byrjað að vökva og gefa áburð út júlímánuð. Í lok júlí hefst annað dvalarskeið. Meðan á því stendur er lítið sem ekkert vökvað en plantan samt höfð við stofuhita. Um miðjan september fara svo blómhnappar venjulega að sjást. Þá er vökvun aukin og gefinn daufur áburðarskammtur tvisvar eða þrisvar uns plantan stendur í fullum blóma í endaðan október eða í byrjun nóvember.



Hvítur nóvemberkaktus.

**Í stuttu máli**

Ísl. nafn: Nóvemberkaktus
Vísindaheiti: Schlumbergera x buckleyi hybr.
Plöntuætt: Cactaceae – kaktusaætt.
Notkun: Blómplanta – pottablóm.
Birtuþörf: Mikil óbein birta.
Kjörhiti: Heittemprað: 15–20°C.
Vökvun: Mold ávallt rök meðan plönturnar eru í blóma. Þurr hvíldartímabil.
Áburður: Daufir skammtar af og til.
Umpottun: Eftir þörfum í stærri pott, notið kalklausa mold.
Fjölgun: Afar auðveld með greinabútum á vorin.


BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.




55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is



## SAMFÉLAG MEÐ MIKLA SÁL

*Sjaldan hefur verið jafngott að búa í Hafnarfirði* SJÁ BLS. 6



## SAMEINA FJÖLSKYLDULÍF OG HESTAMENNSKU

*Tamningafólkið Snorri Dal og Anna Björk Ólafsdóttir heimsótt í Hlíðarþúfur*

SJÁ BLS. 14

[ SÉRBLAÐ – FIMMTUDAGUR 26. OKTÓBER 2006 ]

# Hafnarfjörður


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EFNISYFIRLIT


BÝR Í LEIKHÚSI
*Eyrún Ósk Jónsdóttir á heima í Jaðarleikhúsinu í Hafnarfirði* BLS. 2





HÓTELIÐ Í HAMRINUM
*Víkingahverfið fer sístækkandi* BLS. 4





DÖFF-LEIKHÚS OG DRAUMALAND
*Margt á döfinni hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu* BLS. 6

HÖFNIN Í FIRÐINUM
*Kennileiti bæjarins* BLS. 10

ÆVINTÝRAFERÐ AFTUR Í TÍMANN
*Innlit í Byggðasafn Hafnarfjarðar* BLS. 12

ÞÝSKA BÓKASAFNIÐ
*Nýjungar hjá bókasafni Hafnarfjarðar* BLS. 12



30%









Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur

20-30% afsláttur af rúmum
Nýtt kortatímabil

Útsala
20-40% afsláttur

rúmco

Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-14



Eyrún á gott safn af postulínsdúkkum sem hún hefur safnað um tíðina. Skórinn á myndinni er af Eyrúnu eins árs gamalli. Á veggnum hangir málverk sem Eyrún fékk í stúdentsgjöf frá Rakel Eddu vinkonu sinni, sem málaði hana sjálf.



Hérna sést innrétting úr apótekinu sem var fyrir í húsnæðinu.



Hér sést móttaka Jaðarleikhússins, en þar fyrir innan hefur Eyrún svefnaðstöðu.



Eyrún er nýkomin heim til landsins af friðarráðstefnu búddista sem haldin var í Marseilles í Frakklandi, en fólk víðs vegar að úr heiminum sótti hana. Hérna sést búddaaltari þar sem Eyrún kyrjar.



Teikningar sem sýna þróunarvinnu og Eyrún gerði á meðan hún var í framhaldsnámi í leiklist og þróunarfæði í Winchester á Englandi.




Gamla innréttingin var upphaflega í apóteki í Vestmannaeyjum en var flutt í bæinn þegar gosið hófst árið 1973.



Eyrún Ósk Jónsdóttir rekur Jaðarleikhúsið í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Býr í leikhúsi

Eyrún Ósk Jónsdóttir á heima í Jaðarleikhúsinu í Hafnarfirði, þar sem apótek var áður til húsa, og er ekki frá því að hún deili húsakynnunum með draugi.

„Mig hafði alltaf dreymt um að eignast eigið leikhúsrými þegar náminu lyki," segir Eyrún, sem nam leiklist við Rose Bruford College á Englandi. „Ég festi því kaup á þessu 200 fermetra húsnæði eftir að heim kom til að hafa gott æfingarými, en áttaði mig síðan á að hér var einnig ágætis svefnaðstaða þannig að svo fór sem fór."

Eyrún segisr þennan ráðahag í skemmtilegu samræmi við orð sem leikskáldið Federico García Lorca lét eitt sinn hafa eftir sér og hún lærði meðal annars um í Rose Bruford College. „Lorca sagði að maður yrði að lifa í leikhúsinu, eða deyja ella," útskýrir Eyrún. „Auðvitað meinti hann það ekki bókstaflega heldur að maður ætti að setja leikúsið í öndvegi."

En hvernig skyldi Eyrúnu líka að búa í vinnunni og svo öfugt, að vinna heima hjá sér. „Maður þarf auðvitað að leggja sig fram við að ná ákveðnu jafnvægi þar á milli," svarar hún að bragði. „Það er annars mjög fínt að búa hérna í leikhúsinu, kannski að það verði svolítið einmanalegt stundum," bætir hún við hugsi.

„Svo er ég ekki frá því að hér búi leikhúsdraugur," heldur Eyrún áfram og hlær. „Hver veit nema þetta séu bara látnir viðskiptavinir gamla apóteksins komnir til að kaupa lyf. Maður er að minnsta kosti líklegri til að verða alls kyns hljóða var búi maður einn og þá vill ímyndunaraflið oft hlaupa með mann í gönur."

Frá því Eyrún flutti inn í húsnæðið og kom starfseminni af stað, hafa tvær leiksýningar verið settar upp í Jaðarleikhúsinu, annars vegar „Agnes High Quality", í tengslum við Bjarta daga í Hafnarfirði, og hins vegar „Leikhúsgjörningur", sem sýndur var í ágúst síðastliðnum.

Að sögn Eyrúnar má flokka sýningarnar undir tilraunaleikhús. „Fyrri leiksýningin var samin upp úr sjálfshjálparbókum og matreiðsluuppskriftum," útskýrir hún. „Nokkur minni úr klassískum kvikmyndum voru síðan tekin til umfjöllunar í þeirri seinni. Þær voru báðar á vegum alþjóðlega leikhópsins Dan Kai Teatro, sem ég er meðlimur í, en hópurinn samanstendur af krökkum frá Spáni, Bretlandi, Þýskalandi og Íslandi og eru að gera fullt af skemmtilegum og spennandi hlutum." Það er annars margt á döfinni hjá Eyrúnu, hún hefur sótt um starfsleyfi svo hægt sé að setja upp leiklistarnámskeið í húsinu og er að bæta aðstöðu fatlaðra, svo fátt eitt sé nefnt.



Plakat með Martin Luther King, Ghandi og Ikeda, forseta búddistasamtaka, en það var prentað í tilefni sögusýningar sem búddistasamtökin hérlendis stóðu fyrir í samvinnu við bandaríska sendiráðið og alþjóðlega kapellu Martins Luther King.

„Við erum líka að æfa barnaleikritið í Ljónalandið sem vonandi næst að sýna í desember næstkomandi en Ívar Helgason leikari stendur að því," segir hún. „Þetta er söngleikur með umhverfsvænum boðskap, sem allir fjölskyldumeðlimir ættu að geta haft gaman af og ég vonast til að sjá sem flesta."

*-rve*

Bullum í baði ...sturta.is

# Sturtuklefar og baðker í

# ...breiðum bunum!

# – hvað segirðu um bað?



**Kr. 199.000**
1300x1300x2150mm



**Kr. 139.000**
900x900x2150mm



**Kr. 208.000**
1520x850x2150mm

Komdu í bað, sturtan sér um það ...sturta.is

**Hátækni**

**Ótrúleg verð**

**Kr. 179.000**
1820x1320x775mm





**Kr. 175.000**
940x940x2150mm



**Kr. 147.000**
1360x1360x730mm

Nudd og nautn í baði ...sturta.is

# Bara að drífa sig!

**Reykjavíkurvegur 64,**
**220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566**
*Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi*

**www.sturta.is allan sólarhringinn!**

sturta.is

Ekki súr, farðu úr

Hreinn og beinn ...í sturtu!

# Hótelið í hamrinum


Hér má funda en líka bara sitja við kertaljós að kvöldi og leysa lífsins gátur.


Matsalurinn á hótelinu hefur á sér yfirbragð skála frá víkingatíð.


Hellirinn er dularfullur og spennandi og vinsæll áfangastaður ferðamanna.

**Víkingahverfið við Strandgötuna fer sístækkandi og hækkar að sama skapi. Nú hefur þriðja hæðin bæst við Hótel Víking**

Fjörukráin og umhverfi hennar eru eitt helsta kennileitið í Hafnarfirði og oft fyrsti viðkomustaður erlendra ferðamanna á leið frá Keflavík. Jóhannes Viðar Bjarnason, veitingamaður og hóteleigandi, hefur stundað veitingarekstur á þessum sama stað í sextán ár og byggt upp gríðarlega farsælan rekstur. Fyrst var veitingahúsið Fjaran þar sem boðið er upp á a la carte-matseðil en fljótlega bættist Fjörugarðurinn við þar sem haldnar eru hinar frægu víkingaveislur. Hótelrekstur var hafinn 1998 og von bráðar var risið veglegt hótel, Hótel Víkingur, sem stækkaði um þriðjung í sumar sem leið og er nú í stakk búið til að taka á móti hverjum sem er. „Nú eru á hótelinu fjörutíu og tvö herbergi, öll með sér snyrtingu og sum með baði og innréttuð í sönnum víkingaanda," segir Jóhannes. „Þriðja hæðin var byggð ofan á í sumar og nú gengur lyfta upp á hæðirnar til hagræðis fyrir þá sem eiga erfitt með að klifra stiga. Það stendur til að breyta gólfinu í anddyrinu svo aðgengi fyrir hjólastóla verði betra og tvö nýju herbergjanna eru einnig sniðin að þörfum fatlaðra. Sum herbergin eru með eldhúskrók því að við erum að spá í að gera út á sjóstöng í framtíðinni hérna út á fjörðinn og þá vilja sumir geta eldað veiðina jafnharðan sjálfir." Jóhannes telur að á milli áttatíu og hundrað manns geti gist á hótelinu í einu og hótelið er nánast fullbókað alla sumarmánuðina. Flestir hótelgesta yfir sumarið eru erlendir ferðamenn en Íslendingar eru að sjálfsögðu velkomnir líka enda hefur Hótel Víkingur upp á ýmislegt að bjóða allan ársins hring. „Nú erum við að búa til sérstaka pakka fyrir landsbyggðina og nágrannasveitarfélögin. Við bjóðum upp á árshátíðarpakka, leikhúspakka í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið hérna við hliðina, jólahlaðborð og þorrablót. Hér getur fólk komið, gist, borðað og skemmt sér á sama stað og líka sótt menningarviðburði og verslað í Hafnarfirði."


Jóhannes Viðar Bjarnason við Hótel Víking sem stækkaði um þriðjung í sumar.


Herbergin eru hvert öðru skemmtilegra og innréttingarnar og húsgögnin eru í fornum stíl og anda.

Á Fjörukránni er endalaust hægt að skoða sig um enda er þar fjöldi fagurra og óvenjulegra gripa. Og Hótel Víkingur fer ekki varhluta af því.

Eitt af því sem er spennandi að skoða þar er hellirinn á neðstu hæðinni. „Hellirinn var fleygaður inn í hamarinn en loftið er gert úr hafnfirsku hrauni. Frá götunni lítur þetta út eins og hótelið sé byggt inn í hamarinn." Hellirinn er inn af matsal hótelsins og er ævintýraheimur ljóss og hljóða. Innst synda gullfiskar í læk sem rennur meðfram veggnum og gestir hafa það fyrir satt að sjálfur Þór þrumuguð líti þarna við öðru hvoru. Það skortir ekki hugmyndaflugið hjá Jóhannesi fjörugoða en hvað ætli sé á döfinni hjá honum núna?

„Um helgina verður hér írskur hljóðfæraleikari og söngvari að spila, bæði á dansleikjunum en líka undir borðum á veitingastaðnum. Af því tilefni verður írskur matur á boðstólum á Fjörunni og írsk stemming." Brátt taka jólahlaðborðin við með Grýlu í helli sínum, frábærum veitingum og sanni víkingagleði. Það er alltaf eitthvað að gerast á Fjörukránni.

HAFNARBORG
MENNINGAR- OG LISTASTOFNUN HAFNARFJARÐAR THE HAFNARFJÖRÐUR INSTITUTE OF CULTURE AND FINE ART

Listasafn
Tónleikar
Myndlistasýningar
Gestavinnustofa
Kaffistofa






HAFNARBORG
Strandgata 34 220 Hafnarfjörður Tel: 585 5790 Fax 565 4480 www.hafnarborg.is

## Hamravellir á Völlum

**Nýr leikskóli sem mun rísa á Völlum 6, hefur hlotið nafnið Hamravellir.**

Efnt var til netkosningar á vef Hafnarfjarðarbæjar um nafn á nýja leikskólanum og voru niðurstöðurnar lagðar fyrir fræðsluráð og bar nafnið Hamravellir sigur úr býtum. Fræðsluráð hafði lagt til nöfnin Hamravellir, Hraunkot, Hvannavellir, Mosavellir, Vallakot og Vallarendi. Í þremur fyrstu sætunum urðu: Vallarendi, Vallakot og Hamravellir.


Eflaust verður gaman hjá börnunum sem fá að dvelja á Hamravöllum.

RAPUNZEL

## Lífrænt ræktaðar vörur frá 1974

- Frumkvöðlar í framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum
- Frumkvöðlar í sanngirnisviðskiptum „fair trade"
- Eitt elsta og virtasta fyrirtæki með lífrænt ræktaðar vörur



### Tyrklandsverkefni Rapunzel

Rapunzel hefur byggt upp starfsemi í Tyrklandi þar sem þeir hafa kennt bændum lífræna ræktun. Þeir versla beint við 450 bændur sem framleiða lífrænt ræktaðar vörur og tryggja þeim góða afkomu með því að borga þeim sanngjarnt verð fyrir vörurnar. Þar eru m.a. framleiddir þurrkaðir ávextir, hnetur, baunir o.fl. Þurrkuðu ávextirnir eru sólþurrkaðir og ekki meðhöndlaðir með brennisteini.




HAND IN HAND · ORGANIC & FAIR TRADE

**HAND IN HAND – ORGANIC & FAIR TRADE** er á öllum vörum Rapunzel sem framleiddar eru fyrir þá í þriðja heiminum. Þetta eru ýmsar vörur eins og kókosflögur, quinoa korn, kaffi, kakó, hrásykur, súkkulaði o.fl. Þessar vörur koma frá ýmsum löndum og gilda strangar reglur varðandi ræktunina, aðstöðu og afkomu starfsfólks. Meðal annars er ekki leyft að nota börn í vinnu, heldur lögð áhersla á að þau fái skólagöngu.




### Hágæða Rapunzel matarolíur

Olíurnar frá Rapunzel eru allar unnar á sérlega mildan hátt án allra kemiskra hjálparefna og eru allar úr lífrænt ræktuðum afurðum og kaldpressaðar. Vitað er hversu mikilvægt það er fyrir heilsuna að taka inn góðar olíur til að fá hinar mikilvægu omega 3-6 og 9 fitusýrur. Omega 3 og 6 eru í ríkum mæli í hörfræolíu og omega 9 er í ólívuolíu. Margar fleiri tegundir af matarolíum eru fáanlegar frá Rapunzel.

### Múslí sem gefur orku sem endist lengur

Rapunzel býður upp á margar tegundir af morgunkorni. Orginal múslí er með þurrkuðum ávöxtum og heilum heslihnetum. Ávaxtamúslí er með 40% af þurrkuðum ávöxtum. Morgunkorn sem inniheldur alla hluta kornsins er bæði mjög mettandi og næringarríkt og gefur orku sem endist lengi.







### Pasta í miklu úrvali frá Rapunzel

Bæði er til ljóst og dökkt pasta. Dökkt pasta er unnið úr heilu korni, sem gerir það mjög trefjaríkt og auðugt af næringarefnum. Speltpastað er sérlega ljúffengt og bragðmilt.

RAPUNZEL

Fæst í heilsubúðum og helstu matvöruverslunum

Dreifing: **Yggdrasill**
**Suðurhrauni 12b**

# Döff-leikhús og Draumaland

Það er margt á döfinni hjá Hafnarfjarðarleikhúsinu. Um þessar mundir standa yfir sýningar á þremur verkum og eftir jól verður Draumaland Andra Snæs Magnasonar frumsýnt.

„Sýningar standa nú yfir á Gunnlaðarsögu, sem byggir á samnefndu skáldverki Svövu Jakobsdóttur," segir Erling Jóhannesson, leikari og leikstjóri, einn aðstandenda Hafnarfjarðarleikhússins. „Hér er á ferðinni mögnuð og margslungin saga, sem við vissum að erfitt yrði að gera skil með einni leiksýningu. Hins vegar er óhætt að segja að við erum tiltölulega sátt við útkomuna."

Erling bætir við að fyrr í mánuðinum hafi síðan málþing verið haldið í Hafnarfjarðarleikhúsinu þar sem fjallað var um Gunnlaðarsögu, annars vegar um goðsagnaþemu í sögunni og hins vegar vinnu Sigurbjargar Þrastardóttir við leikgerðina.

Að sögn Erlings hafa tvær sýningar sem sýndar voru í fyrra líka verið teknar aftur upp. „Annars vegar sýnum við sýningu á morgnana, Hvað er, sem ætluð er grunnskólanemendum í 9. og 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er ætlað til uppfræðslu um ógnir fíkniefnaheimsins og er unnið í samvinnu við SÁÁ og 540 gólf."

Hins vegar hafa sýningar staðið á Viðtalinu, sem flokkast undir Döff-leikhús. „Þetta er samstarfsverkefni Draumasmiðjunnar og heyrnaskerts og -lauss fólks, sem fer með flest hlutverk í sýningunni," segir Erling. „Hún fer að hluta til fram á táknmáli, en er öllum aðgengileg engu að síður. Verkið fjallar um veruleika heyrnarlausra og sögu á Íslandi. Þetta er gríðarlega átakamikil sýning, sem oft er erfitt að horfa á."

Eftir jól verður síðan tekið til sýningar leikrit byggt á bókinni Draumalandið eftir rithöfundinn Andra Snæ Magnason. Leikstjórn er í höndum Hilmars Jónssonar, leikhússtjóra Hafnarfjarðarleikhússins. „Þeir sem til þekkja vita að bókin er laus við dramatíska framvindu og byggir á hugleiðingum um íslenskt efnahagskerfi síðustu hundrað ára," útskýrir Erling. „Það er náttúrulega viss áskorun í því að setja upp jafn vinsælt en um leið umdeilt verk. En eins og Hafnarfjarðarleikhúsinu er von og vísa er um metnaðarfulla uppsetningu að ræða, sem á vonandi eftir að standa undir væntingum." *-rve*



Erling Jóhannesson, leikari og leikstjóri, á þátt í því metnaðarfulla starfi sem unnið hefur verið í Hafnarfjarðarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.



Lúðvík vill leggja áherslu á lifandi mannlíf í miðbænum.

# Samfélag með mikla sál

Lúðvík Geirsson situr nú sitt annað kjörtímabil í stóli bæjarstjóra í Hafnarfirði. Hann efast ekki um það að sjaldan eða aldrei hafi verið eins gott að búa í Hafnarfirði og telur sóknartækifæri víða að finna.

Aðspurður segir Lúðvík að sveitarfélagið standi styrkari fótum en það gerði fyrir tíu árum síðan. „Ég get nefnt sem dæmi þjónustu fyrir íbúa þar sem við höfum verið að ryðja nýjar brautir, sérstaklega í íþrótta- og æskulýðsmálum. Með tilkomu þess að sveitarfélögin tóku við stjórnun grunnskólanna hefur líka orðið gjörbylting í skólastarfinu, reyndar eins og í öðrum sveitarfélögum. Bærinn er líka fallegur og við höfum reynt að halda því við eins og best má vera," útskýrir Lúðvík með björtum tóni.

Lúðvík lítur ekki síður björtum augum til framtíðarinnar. „Mikill uppgangur er hér í bæjarfélaginu. Íbúum hefur fjölgað verulega og stefnir í það að þeim fjölgi um annað þúsund á þessu ári, sem yrði mesta fjölgun í sögunni. Við erum einnig að verða hundrað ára kaupstaður eftir rúmt ár þannig að það eru tímamót fyrir okkar sögu hér í bænum," segir Lúðvík.

Persónulega er Lúðvík samt á því máli að styrkja þurfi miðbæjarkjarna Hafnarfjarðarbæjar. „Við höfum lagt áherslu á lifandi mannlíf í miðbænum, meðal annars með þéttingu byggðar. Hafnarfjörður er annð af tveimur sveitarfélögum hér á höfuðborgarsvæðinu sem á sér alvöru miðbæ og auðvitað er mikil saga og menning í okkar samfélagi. Það er þessi gamli sjarmi sem svífur yfir bænum sem við þurfum að tryggja en þó að samræma við nýja tíma."

Lúðvík er síðan spurður að því hverju hann myndi svara ef einhver utanaðkomandi myndi spyrja af hverju hann eða hún ætti að flytja til Hafnarfjarðar. „Vegna þess að þetta er samfélag með mikla sál og menn finna það. Hafnarfjörður er eitt fárra sveitarfélaga sem getur tryggt meirihluta íbúa atvinnu innan svæðisins og það hefur löngum einkennt Hafnarfjörð. Það er líka gaman að segja frá því að mikil eftirspurn hefur verið eftir atvinnulóðum í sveitarfélaginu og við höfum verið að sinna því. Við úthlutuðum sem dæmi landsvæði sem samsvarar 40 fótboltavöllum fyrr á þessu ári," svarar Lúðvík glaður í bragði.

Að lokum er síðan varla hægt að sleppa Lúðvíki án þess að spyrja hvort hann sé FH-ingur eða Haukamaður. „Ég er Haukamaður enda var ég formaður þeirra í tíu ár og Haukahjartað slær auðvitað innra með mér. Ég held samt að þegar út á völlinn er komið, alveg sama hvaða íþrótt það er, þá keppum við alltaf sem Hafnfirðingar, nema það sé náttúrulega innbyrðis," segir Lúðvík að lokum með bros á vör.

*steindor@frettabladid.is*


Fimmtudagar eru langir dagar…

…í Hafnarborg kl. 11-21

…á Bókasafninu kl. 9-21

…á Byggðasafninu kl. 11-21




Nú er opið lengur á fimmtudögum á Bókasafninu, Byggðasafni Hafnarfjarðar og Hafnarborg.
Fimmtudagar eru því sannkallaðir safnadagar.
Við mælum með heimsókn!




Brátt fá börnin í Hafnarfirði kærkomið vetrarfrí.

# Vetrarfrí barnanna

Skólabörn í Hafnarfirði ættu að kætast því vetrarfrí verður í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar föstudaginn 27. og mánudaginn 30. október. Þriðjudaginn 31. október eru allir grunnskólarnir nema Öldutúnsskóli með skipulagsdag og því mæta nemendur ekki í skólann þann dag. Vetrarfrí er val skóla en í Hafnarfirði er ákvörðun um vetrarfrí sameiginleg þannig að allir skólarnir taka vetrarfrí á sama tíma. Ekki verður um frekara vetrarfrí að ræða í vetur.

*sjá www.hafnarfjordur.is*



# Fyrir hann & hana




Zento skart
Brazilian tan brúnkukremið



Lee og Wrangler fyrir karla, konur og börn
Repeat kvenfatnaður – Via Vai stígvél
Love Line kremlína – Dead Sea spa vörur
Sara Keir Design vörurnar eru komnar!
...mörg önnur merki væntanleg fyrir karlmenn, konur og börn

Respekt Respekt Respekt

Respekt
tískuvara

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Firði, 2. hæð – sími 533 3931

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

© Fjarðarpósturinn/Hönnunarhúsið – 0608

Indulge baðvörur og kerti
(sem Oprah elskar!)





## Michael Black

er írskur snillingur,
sem fyrir löngu er orðinn
þekktur fyrir sinn
stórkostlega flutning á þessari
margrómuðu írsku tónlist

Hann kemur til með að flytja írska tónlist eins og hún gerist best fyrir matargesti í Fjörunni, en þar hefur verið útbúinn matseðill með írskum réttum að sjálfsögðu.

Þegar líður á kvöld kemur hann fram í Fjörugarðinum og syngur og leikur þar, eins um helgiar á dansleikjum.

# Írskir dagar

**18.-28. október**

**Nú eru dansleikir allar helgar á Fjörukránni**

**frá og með 18. okóber**

VIKING village
Fjörukráin
Sími 565-1213 - Fax 565-1891
vikings@fjorukrain.is
www.fjorukrain.is



## „Íslenskir Írar“

Hilmar Sverrisson og Hermann Ingi eru íslenskir snillingar í írskum söngvum, þeir sjá um seinni hluta kvölds á móti Michael Black - og fara létt með það þessir gömlu refir.

Hermann Ingi, fyrrum aðalsöngvari Papanna á sínum tíma hefur ávallt haft fjöldann allan af írskum lögum á dagskrá sinni í gegnum árin.

Fram að jólum verða síðan dansleikir alla laugardaga með ýmsum hljómsveitum og Hilmar Sverrisson kemur til með að leika alla föstudaga og í miðri viku þegar tilefni gefst.







ENNEMM / SÍA / NM24116

www.alcan.is

# Svona erum við!



Hlutverk okkar er að framleiða hágæða ál með hámarks-arðsemi í samræmi við óskir viðskiptavina og með þeim hætti að umhverfis-, öryggis- og heilbrigðismál séu höfð í fyrirrúmi.

Gildi okkar eru heiðarleiki, ábyrgð, traust og samvinna.

Lykillinn að árangri er hæft, áhugasamt og jákvætt starfsfólk sem skapar öruggan og eftirsóknarverðan vinnustað. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, endurgjöf á frammistöðu og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar.

ALCAN

– Hugvit, tækniþekking og samfélagsleg ábyrgð í 40 ár



Það getur verið skemmtilegt að fá sér göngutúr meðfram höfninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Höfnin í firðinum

## Hafnarfjarðarhöfn er ein stærsta og elsta höfn Íslands.

Hafnarfjarðarhöfn er ein elsta höfn landsins og hefur verið ein stærsta verslunarhöfn landsins frá 16. öld og hefur mikil útgerð verið stunduð þaðan á liðnum öldum. Hafnarfjarðar er meðal annars getið í Landnámu sem góðrar hafnar og skipalægis frá náttúrunnar hendi. Þar segir frá því er Hrafna Flóki kom til Hafnarfjarðar þar sem hann fann félaga sinn Herjólf, sem hafði orðið viðskila við hann í mynni Faxaflóa. Fann Flóki rekinn hval við eyri og nefndi Hvaleyri. Hefur Hrafna-Flóka verið reistur minnisvarði hæst uppi á Hvaleyri, með góðri aðkomu fyrir ferðamenn.

Hafnarsjóður Hafnarfjarðar var stofnaður formlega 1. janúar 1909 sjö mánuðum eftir stofnun Hafnarfjarðarbæjar, sem sjálfstæðs bæjarfélags.

Uppbygging hófst fljótlega og var hafskipabryggja tekin í notkun fjórum árum síðar, árið 1913. Þegar Gullfoss, flaggskip Eimskipafélags Íslands, lagði í fyrsta sinn við bryggju á Íslandi, var það við hafskipabryggjuna í Hafnarfirði árið 1915.



Hafnarfjarðar er einn þeirra fjarða sem minnst er á í Landnámu vegna góðrar hafnar og skipalægis frá náttúrunnar hendi.





Hafnarfjarðarhöfn hefur verið ein stærsta verslunarhöfn landsins frá 16. öld.



Gert við skip í flotkví sem liggur í Hafnarfjarðarhöfn.



Gömul akkeri eru fínasta skraut og minna á liðna tíma.



Marglitir búkkarnir í slippnum í Hafnarfirði bíða þess að komast í notkun.





Íbúðabyggðin færist nær og nær höfninni.



Minnismerki eftir þýska listamanninn Lupus (Hartmut Wolf) um fyrstu lúthersku kirkjuna á Íslandi. Kirkjan var reist árið 1533 eða 17 árum áður en Íslendingar játuðu lútherska trú á Alþingi. Kirkjan var nefnd Hannenforder Kirche eða Hafnarfjarðarkirkja. Þýskir prestar þjónuðu í kirkjunni í þau 70 ár sem hún var í notkun og önnuðust allar kirkjulegar athafnir. Árið 1602 fyrirskipaði Danakonungur að endir skyldi bundinn á alla verslunarsamninga við Hansakaupmenn og fengu Hamborgarmenn eins árs aðlögunartíma til þess að hverfa á braut. Þann 24. apríl 1608 fyrirskipaði Kristján IV svo að allar byggingar sem Þjóðverjar ættu og stæðu á jörðum konungs skyldu rifnar til grunna.


Lindu suðusúkkulaði
Súkkulaðisamleikur
sælkerans
Linda
Suðu
Súkkulaði
200 gr.
Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!
Linda
PIPAR • SÍA • 60484

# Ævintýraferð aftur í tímann

Á Byggðasafni Hafnarfjarðar er margt að sjá og margs konar sýningar í gangi sem höfða bæði til barna og fullorðinna.

Byggðasafn Hafnarfjarðar er með þrjú hús til umráða og í þeim eru nokkrar fastar sýningar. „Eins og er erum við með sex sýningar í gangi,“ segir Björn Pétursson bæjarminjavörður.

Eitt af húsum Byggðasafnsins er Siggubær sem er lítill bær frá 1902. „Siggubæ geymum við og varðveitum sem sýnishorn af verkamanna- og sjómannaheimilum frá fyrri hluta tuttugustu aldar og í skúrnum þar við hliðina á erum við með sýningu um álfa og álfatrú,“ segir Björn.



Björn Pétursson bæjarminjavörður í stofunni Sívertsenhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Annað hús safnsins er Sívertsenhús sem er elsta hús Hafnarfjarðar en það var byggt árið 1803. „Í Sívertsenhúsi erum við með sýningu um heimili yfirstéttarfjölskyldunnar á fyrri hluta 19. aldar. Við reynum að byggja sýninguna svolítið á sögu Bjarna Sívertsen sem var kallaður faðir Hafnarfjarðar og erum búin að gera húsið upp þannig að það er eins og hans heimili auk þess sem við erum með litla sýningu um hann og hans sögu.“

Pakkhúsið er síðan þriðja og stærsta hús Byggðasafnsins. „Í Pakkhúsinu erum við með þrjár sýningar. Stærsta sýningin heitir Þannig var og á henni er saga Hafnarfjarðar rakin alveg frá landnámi til okkar daga. Uppi á lofti erum við með leikfangasýningu fyrir börn en við eigum gríðarlega stórt safn leikfanga og til þess að alltaf sé eitthvað nýtt að sjá skiptum við reglulega út leikföngum. Síðan erum við með sýningu sem heitir Jæja, eru þeir þá komnir og er um hernám Breta á Íslandi. Sú sýning er unnin af ensku hönnunarfyrirtæki sem er margverðlaunað fyrir sýningar sem það hefur hannað.“




Á leikfangasýningunni í Pakkhúsinu má finna fjölda fallegra leikfanga.

Byggðasafn Hafnarfjarðar er opið á laugardögum og sunnudögum frá klukkan ellefu til fimm og á fimmtudögum frá ellefu til níu og boðið er upp á leiðsögn um safnið fyrir þá sem það vilja. „Ef óskað er eftir leiðsögn um safnið fyrir hópa þarf það ekkert að vera bundið af opnunartíma og við opnum safnið hvort sem það er fyrir skólahópa eða hópa á vegum ferðaskrifstofa,“ segir Björn og bætir við að oft séu líka sérstakar uppákomur á safninu utan hefðbundins opnunartíma. „Fyrir jólin erum við til dæmis með sérstaka jóladagskrá fyrir leikskólabörn og þá er stíf dagskrá allan daginn í tvær vikur. Það er alltaf eitthvað í gangi hjá okkur,“ segir hann. *emilia@frettabladid.is*




„JÆJA, ERU ÞEIR ÞÁ KOMNIR“

HERNÁMSSÝNINGIN Í BYGGÐASAFNI HAFNARFJARÐAR.

Opið í vetur um helgar kl. 11:00–17:00 og á fimmtudögum til kl. 21:00.

H2 hönnun


## Þýska bókasafnið komið til Hafnarfjarðar

Langir fimmtudagar og þýskar sögustundir eru meðal nýjunga á Bókasafni Hafnarfjarðar.

„Nú eru að hefjast hjá okkur barnasögustundir á laugardögum á þýsku, þannig að mikið líf verður hjá okkur á laugardögum,“ segir Anna Sigríður Einarsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar, en nýlega tók safnið við þýska bókasafninu. Hún segir þetta mikla búbót og stefnt er á að útbúin verði sérdeild með öllu þýska efninu þar sem fólk getur náð í bækur, myndbönd og hljóðbækur á þýsku.

„Hér hafa einnig hafist langir fimmtudagar, þá erum við með opið frá 9 til 9 og mælum við sérstaklega með því að foreldrar mæti hér með börnin eftir vinnu og eigi rólega stund á meðan hitt foreldrið fer í matarbúðina. Það er mun skemmtilegra en að vera með barnið grátandi í búðinni,“ segir Anna Sigríður og brosir og bætir við að barnabókadeildin sé mjög hugguleg með góðum sófum og mörgum bókum.

Bóksafnið hefur upp á margt að bjóða og má að lokum nefna að oft eru settar upp skemmtilegar sýningar. Um þessar mundir er sýning á gömlum barnabókum í eigu safnsins. Margar þeirra eru í upprunalegri útgáfu og má nefna gersemar eins og Hákon hamingjusami sem gefin var út á Seyðisfirði 1947 og Leikjabók með innileikjum frá árinu 1946.



Á fimmtudögum eru langir fimmtudagar á Bókasafni Hafnarfjarðar og þá er opið frá 9 til 9.








Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

AUGLÝSINGASTOFA ERACKMAN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf.-Ármúla 20-Sími 562 5000-Fax 562 5045-bjorninn@bjorninn.is-www.bjorninn.is



# Þín eigin brúðarsvíta

## *Svíf þú inn í svefninn*

*RB-rúm*

**Hágæðarúm á góðu verði.**
**Smíðuð eftir þínum óskum.**

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla



| Hágæða sælurúm | Nolterúm |
|---|---|



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á spring-dýnum.



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943



„JÆJA, ERU ÞEIR ÞÁ KOMNIR“

HERNÁMSSÝNINGIN Í BYGGÐASAFNI HAFNARFJARÐAR.

Opið í vetur um helgar kl. 11:00–17:00 og á fimmtudögum til kl. 21:00.

LÉTT BYLGJAN 967

GLUGG-INN

Lagersala

í Hafnarfirði !

Húsgögn og Smávara.



Bæjarhrauni 12,Hf



Snorri Dal og Anna Björk eru samhent í hestamennskunni og uppeldinu. Dæturnar Sara Dís og Katla Sif sitja keikar á Hemingi. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Tvinna saman fjölskyldulíf og hestamennsku

Hestamenn í Hafnarfirði hafa góða aðstöðu í Hlíðarþúfum og Sörlaskeiði og ekki skortir skemmtilegar reiðleiðir. Fæstir eru með hesta á húsi á þessum tíma en Snorri Dal og Anna Björk Ólafsdóttir eru undantekning frá því, enda atvinnutamningamenn.

Fáir eru á ferli við Hlíðarþúfur. Ofan úr einni kaffistofunni berast þó glaðlegar raddir. Þar eru hjónin Snorri Dal og Anna Björk með dætur sínar tvær og góða gesti í heimsókn. Þau segja hesthúsin oft ágætis félagsmiðstöðvar.

„Á veturna er mjög mikið líf hérna. Margt fólk og margir hestar. Oft koma foreldrar með börnin sín snemma á laugardags- og sunnudagsmorgnum. Byrja á að gefa og svo er farið í útreiðartúr. Kaffistofurnar eru orðnar svo fínar og stundum er eldað þar. Það er gaman hvað hægt er að tvinna fjölskyldulíf og hestamennsku saman,“ segir Snorri brosandi.

Kaffistofan sem við sitjum í er einkar vistleg. Gluggatjöldin eru alsett hestamyndum og stangirnar sem þau hanga á skreyttar skeifum. Ekki spillir útsýnið – yfir gæðingana í stíum sínum. Þau hjón segjast leigja þessa aðstöðu. „Bærinn er að fara að úthluta hesthúsalóðum og vonandi fáum við eina þeirra. Við vorum áður í Faxabóli í Víðidal en þar sem við búum hér í Áslandshverfinu langaði okkur að færa hestana hingað,“ segir Snorri. „Ég er líka innfæddur gaflari þannig að það hefur alltaf togað í mig að vera hér,“ segir Anna Björk og kveðst hafa verið félagi í Sörla lengi. „Hér eru frábærar reiðleiðir í kring og svæðið er allt mjög gott.“

Bæði segjast þau alin upp við hestamennsku frá blautu barnsbeini. Snorri er Grindvíkingur að uppruna en var í sveit hjá ömmu sinni og afa vestur á Mýrum og kynntist hestum þar. Meðan hann var enn í foreldrahúsum flutti hann í Mosfellsbæinn og fékk sér þá strax hesta. „Maður losnar ekki svo glatt við hestabakteríuna þegar hún er á annað borð búin að taka sér bólfestu,“ segir hann hlæjandi. Hann hefur tamningar að aðalstarfi en Anna Björk er líka í sölumennsku. Þau segja haustin góð til tamninga ef veðráttan sé hagstæð. „Hrossin eru róleg á þessum tíma og fáir á ferli. Þegar maður er að rassakastast í trippadóti er gott að vera dálítið í friði,“ segir Anna Björk.

Katla Sif fjögurra ára á einn hest en hann er úti í haga. Hún segir blaðamanni áhrifamikla sögu um óþekku hryssuna Vöku sem beit hana í bakið þegar hún var að hjálpa pabba sínum að gefa og hann skrapp að ná í hey. Spurð hvort hún hafi ekki orðið hrædd svarar hún hraustlega.

„Nei, en ég meiddi mig. Pabbi kom bara hlaupandi. Ég gleymdi að Vaka var þarna.“ Bætir svo við eftir smá þögn. „Hún er bara svolítil óhemja.“ *gun@frettabladid.is*

allt atvinna

Alla sunnudaga






Í Hafnarfirði opnar Taco Bell innan skamms ásamt nýjum og breyttum KFC.

Við biðjumst velvirðingar á óþægindum meðan á framkvæmdum stendur.

TACO BELL

KFC

PIPAR • SÍA • 60512


www.ora.is
Ora tómatsósa
...seiðandi, rjóð og full af ástríðu
ora
680g
ora
Tómatsósa
alvöru amerískt bragð
ora
Ástríða í matargerð
Ora tómatsósa - alvöru amerískt bragð - eins og við viljum hafa hana!

# allt - sem þig vantar

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22**

**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**
**VIRKA DAGA 8–18**
**UM HELGAR 11–16**

# TOPPBÍLAR


TOYOTA LAND CRUISER 120 GX. Árgerð 2005, Sjálfskiptur, ekinn 19 þ.km. Verð 5190.000. Útborgun 590.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 78.900 Rnr.123619


LEXUS RX350. Árgerð 2006, Sjálfskiptur, ekinn 4 þ.km. Verð 6080.000. Tilboð 5.900.000. Útborgun 590.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 89.600 Rnr.182762


LEXUS GS300 EXE, 18", SÓLLÚGA. Árgerð 2006, Sjálfskiptur, ekinn 8 þ.km. Verð 6300.000. Tilboð 5.900.000. Útborgun 590.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 89.600 Rnr.115817


DODGE RAM 2500 QUAD 4X4ST. Árgerð 2006, Sjálfskiptur, ekinn 8 þ.km. Verð 5390.000. Tilboð 5.090.000. Útborgun 1.118.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 68.800 Rnr.123907


SUBARU IMPREZA WRX 4WD. Árgerð 2006, 6 gíra ekinn 11 þ.km. Verð 2990.000. Tilboð 2.550.000. Útborgun 510.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 34.700 Rnr.182710


ISUZU TROOPER LANGUR TURBO INTERCOOLER 38". Árgerð 2001, 5 gíra, ekinn 122 þ.km. Verð 2550.000. Tilboð 1.790.000. Útborgun 358.000. Lánstími 60 mán. Meðalafb. 31.200 Rnr.995185


TOYOTA LAND CRUISER 90. Árgerð 1998, 5 gíra, ekinn 210 þ.km. Verð 1690.000. Tilboð 1.490.000. Útborgun 298.000. Lánstími 48 mán. Meðalafb. 34.700 Rnr.995309


TOYOTA LAND CRUISER 80 VX. Árgerð 1993, Sjálfskiptur, ekinn 160 þ.km. Verð 1490.000. Tilboð 850.000. Útborgun 255.000. Lánstími 36 mán. Meðalafb. 21.580 Rnr.995466


TOYOTA AVENSIS EXE. Árgerð 2006, Sjálfskiptur, ekinn 5 þ.km. Verð 3190.000. Tilboð 2.990.000. Útborgun 299.000. Lánstími 84 mán. Meðalafb. 45.600 Rnr.220294


DODGE STRATUS SE. Árgerð 2004, Sjálfskiptur, ekinn 22 þ.km. Verð 1690.000. Tilboð 1.390.000. Útborgun 139.000. Lánstími 60 mán. Meðalafb. 27.287 Rnr.220222


DODGE GRAND CARAVAN SPORT. Árgerð 2002, Sjálfskiptur, ekinn 138 þ.km. Verð 1890.000. Tilboð 1.390.000. Útborgun 139.000. Lánstími 60 mán. Meðalafb. 27.287 Rnr.182546


CHRYSLER TOWN - COUNTRY LX. Árgerð 2000, Sjálfskiptur, ekinn 150 þ.km. Verð 1250.000. Tilboð 790.000. Útborgun 79.000. Lánstími 48 mán. Meðalafb. 20.771 Rnr.182095


BMW 320 D TOURING. Árgerð 2002, Sjálfskiptur, ekinn 171 þ.km. Verð 2190.000. Tilboð 1.890.000. Útborgun 189.000. Lánstími 60 mán. Meðalafb. 36.994 Rnr.240146


DODGE STRATUS ES. Árgerð 2004, Sjálfskiptur, ekinn 3 þ.km. Verð 1990.000. Tilboð 1.690.000. Útborgun 169.000. Lánstími 72 mán. Meðalafb. 28.880 Rnr.220225


JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED 4X4. Árgerð 2003, Sjálfskiptur, ekinn 40 þ.mílur. Verð 2990.000. Tilboð 2.500.000. Útborgun 250.000. Lánstími 72 mán. Meðalafb. 42.578 Rnr.123865


SUZUKI IGNIS GL. Árgerð 2004, Sjálfskiptur, ekinn 24 þ.km. Verð 1250.000. Tilboð 1.090.000. Útborgun 109.000. Lánstími 72 mán. Meðalafb. 18.734 Rnr.240267


PEUGEOT 206 H/B. Árgerð 1999, 5 gíra, ekinn 79 þ.km. Verð 550.000. Rnr.995231


SUBARU IMPREZA W/G GL 4WD. Árgerð 1997, Sjálfskiptur, ekinn 160 þ.km. Verð 520.000. Rnr.995259


SUZUKI JIMNY JLXI. Árgerð 2000, 5 gíra, ekinn 93 þ.km. Verð 750.000. Rnr.995272


SUZUKI VITARA JLXI. Árgerð 1998, 5 gíra, ekinn 150 þ.km. Verð 590.000. Rnr.995277


SUZUKI VITARA JLXI V-6. Árgerð 1995, Sjálfskiptur, ekinn 175 þ.km. Verð 490.000. Rnr.995278


TOYOTA CARINA E S/D XLI. Árgerð 1996, 5 gíra, ekinn 164 þ.km. Verð 450.000. Rnr.995284


TOYOTA RAV4. Árgerð 1997, Sjálfskiptur, ekinn 220 þ.km. Verð 490.000. Rnr.995310


TOYOTA RAV4. Árgerð 1995, 5 gíra, ekinn 163 þ.km. Verð 550.000. Rnr.995312


VOLVO 850 W/G GL. Árgerð 1995, 5 gíra, ekinn 136 þ.km. Verð 650.000. Rnr.995316


VW POLO H/B CL. Árgerð 1998,5 gíra, ekinn 95 þ.km. Verð 380.000. Rnr.995334


VW POLO H/B M/VÖKVAST.. Árgerð 1997, 5 gíra, ekinn 112 þ.km. Verð 350.000. Rnr.995336


TOYOTA CARINA E S/D GLI. Árgerð 1996, 5 gíra, ekinn 194 þ.km. Verð 290.000. Rnr.995343


TOYOTA RAV4. Árgerð 1998,5 gírar, ekinn 156 þ.km. Verð 750.000. Rnr.995372


CITROEN XSARA PICASSO. Árgerð 2001,5 gíra, ekinn 80 þ.km. Verð 990.000. Rnr.995389

TM BÍLALÁN

TOPPBÍLAR bílasala

**Kletthálsi 2 – 110 Reykjavík Sími 587 2000**
**Opið virka daga 10-18 • Laugardaga 12-16 •Sunnudaga lokað**






FASTEIGNABLAÐ ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX®

www.remax.is

ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR

JB Byggingafélag

# Smiðir og verkamenn

**Óskum eftir smiðum í mælingu eða tímavinnu, sem og almennum verkamönnum - næg verkefni framundan**

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð. Sterkt og gott fyrirtæki

Upplýsingar gefa Kári Bessason í síma 693-7004 og Krisján Yngvason í síma 639-7005. Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333

Það er gott að búa á austurlandi

# Reyðarfjörður - Melgerði 13

**TIL SÖLU**











Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

## 2. og 3. herbergja íbúðir

Vandaðar íbúðir fyrir heldri borgara. Íbúðirnar eru hannaðar að þörfum eldri borgara og hreyfihamlaðra með góðu aðgengi í huga.

Sveitarfélagið leggur til stórglæsilega þjónustumiðstöð fyrir félagsstarf aldraða á 2. hæð hússins.

**Íbúðirnar verða afhentar kaupendum í nóvember 2006.**

| 2 herb. verð frá KR. 12.250.000* | 3 herb. verð frá KR. 16.200.000* | NÚ ER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR, ÖRFÁAR ÍBÚÐIR EFTIR! |
|---|---|---|

*Verðlisti er bundin byggingarvísitölu mars mánaðar 2006, (325,3)

ffa FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS — 567 3400

FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF. — 580 7905

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali




HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is






# Vesturvör 36, Kóp - Glæsilegt

Til sölu/leigu á þessum frábæra stað við sjávarsíðuna, glæsilegt nýtt 1012 fm. atvinnuhúsnæði. Húsnæðið skiptist þannig: Salur ca 500 fm. Lofthæð allt að 8 metrar, nokkrar góðar innkeyrsludyr. Verkstæði/lager ca 250 fm. með 3 metra lofthæð. Efri hæð ca. 250 fm: skrifstofur, starfsmannaðstaða, glæsilegt útsýni. Rúmgóð athafnalóð, hellulögð, mjög góð aðkoma. Vönduð eign. Húsnæðið er til afhendingar mjög fljótlega.

**Allar nánari upplýsingar gefa Hilmar og Helgi Jón á skrifstofu Hraunhamars.**

# UPPÁHALDSSTAÐUR

## *Finnur hamingjuna á Íslandi og Ítalíu*

Margir kannast núorðið við Heimi Sverrisson, en hann fór ásamt ungum syni sínum til Kína síðastliðið sumar og voru þættir um þá ferð, Krókaleiðir í Kína, sýndir á Skjá Einum nú í haust. Heimir hefur ferðast mikið, bæði innanlands sem utan og suma staði hefur hann sótt oftar en einu sinni og oftar en tvisvar: „Snæfellsjökull er til dæmis staður sem ég get alltaf hugsað mér að koma á, aftur og aftur. Svo leiðist mér heldur aldrei í ítölsku Ölpunum en þangað hef ég margoft farið á snjóbretti. Í hvert sinn sem ég kem á báða þessa staði verð ég brjálæðislega hamingjusamur,“ segir Heimir glaður í bragði, en þessa dagana er hann að undirbúa forvitnilegt ferðalag til Kaliforníu þar sem hann ætlar að fylgjast með tónlistarmönnum við störf sín og að öllum líkindum heldur hann jólin í Bombay.



HEIMIR GERIR EKKI UPP Á MILLI SNÆFELLSJÖKULS OG ÍTÖLSKU ALPANNA.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Vorönn 2007

Innritun nýnema á vorönn 2007 stendur y r.

Umsóknum um skólavist í dagskóla FB skal skila á skrifstofu skólans í síðasta lagi föstudaginn 10. nóvember nk. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 9 – 15.

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, **www.fb.is.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík
Sími 570 5600, fax 567 0389, vefpóstur **fb@fb.is**

## VISSIR ÞÚ ...

... að Vredofort-gígurinn nærri Jóhannesborg í Suður-Afríku er sá stærsti sem loftsteinar eru taldir hafa myndað en gígurinn er 300 kílómetrar í þvermál?

... að um 30 loftsteinar sem fundist hafa á jörðunni eru frá tunglinu, sá stærsti vegur 1.425 kíló?

... að Zagami-loftsteinninn sem féll til jarðar í Nígeríu vegur 18 kíló og kom alla leið frá Mars?

... að hægt er að sjá McKinley-fjall í Alaska af tindi Sanford-fjalls en 370 kílómetrar skilja fjöllin að?

... að vegna ljósbrots í andrúmsloftinu er mögulegt á stundum að sjá Öræfajökul frá Færeyjum en þangað eru 550 kílómetrar?

... að stærsti hellir heims er Sarawak-salurinn, Lubang Nasib Bagus, í Sarawak-þjóðgarðinum í Malasíu?

... að Lubang Nasib Bagus-hellirinn er 700 kílómetra langur hellir, sjötíu metra hár og þar inni mætti auðveldlega leggja tíu Boeing 747 júmbóþotum í röð?

... að innri kjarni jarðar er kúla sem er 2.442 kílómetrar í þvermál og að mestu úr 5000 til 6000°C heitu járni?

... að margir jarðfræðingar telja þessa risakúlu vera einn kristal sem vegur um eitt hundrað milljón milljón milljón tonn?

... að jarðfræðingarnir draga ályktun sína um kjarna jarðar á misræmi í hegðun jarðskjálftabylgna sem ferðast gegnum kjarnann úr mismunandi áttum?

... að ytri kjarni jarðar myndar 1.221 kílómetra þykkan fljótandi hjúp utan um innri kjarna jarðar?

... að þessi vökvahjúpur er 29,3 prósent af massa jarðar og 16 prósent af rúmmáli hennar?

... að í Kanin-fjalli í Slóveníu er dýpsta náttúrulega jarðopið?

... að jarðopið teygir sig 643 metra ofan í jörðina og þar mætti koma fyrir tveimur Eiffel-turnum?

... að jarðopið heitir Vrtiglavica?

... að Vrtiglavica merki lofthræðsla?

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



# Margt ógert á vettvangi Sameinuðu þjóðanna

**UMRÆÐAN**
Dagur Sameinuðu þjóðanna

Í tíunda og síðasta skipti flyt ég vinum og samstarfsmönnum um allan heim kveðjur mínar á degi Sameinuðu þjóðanna. Ég hef varið næstum allri starfsævinni hjá Sameinuðu þjóðunum og þess vegna verður þessi dagur og þau gildi sem hann stendur fyrir, mér alltaf kær.

Á síðustu tíu árum höfum við stigið nokkur stór skref fram á við í sameiginlegri baráttu okkar fyrir þróun, öryggi og mannréttindum.

- Aðstoð og skuldauppgjöf hefur aukist og efnahagslíf heimsins orðið aðeins réttlátara.
- Veröldin hefur loks tekið við sér og eflt átakið gegn HIV/alnæmi.
- Það eru færri stríð á milli ríkja en áður og mörgum borgarastyrjöldum hefur lokið.
- Fleiri ríkisstjórnir eru kosnar af fólkinu og bera ábyrgð gagnvart fólkinu sem þær ríkja yfir.
- Og öll ríki hafa viðurkennt, að minnsta kosti í orði, að þær bera ábyrgð á því að vernda þegna sína fyrir þjóðarmorði, stríðsglæpum, þjóðernishreinsunum og glæpum gegn mannkyninu.


KOFI ANNAN

En margt er enn ógert:

- Bilið á milli ríkra og fátækra heldur áfram að breikka.
- Mjög fá ríki eru á áætlun í að ná öllum átta Þúsaldarmarkmiðunum fyrir árið 2015.
- Margir búa enn við grimmdarverk, kúgun og mannskæð átök.
- Útbreiðsla kjarnorkuvopna er áhyggjuefni.
- Hryðjuverk og viðbrögð við hryðjuverkum vekja ógn og tortryggni.

Svo virðist sem við séum ekki sammála um af hverju mest ógn stafar. Þeir sem búa á litlum eyjum óttast mest hlýnun jarðar. Þeir sem búa í stórborgum óttast hryðjuverk og íbúum New York, Mumbai og Istanbul kann að þykja brýnna að ráðast til atlögu gegn hryðjverkum. Enn aðrir kynnu að nefna fátækt, sjúkdóma eða þjóðarmorð.

Sannleikurinn er sá að allt er þetta ógn gagnvart öllum jarðarbúum. Við ættum að ráðast gegn þeim öllum. Ella kann svo að fara að við höfum ekki árangur sem erfiði í baráttunni gegn neinni þeirra.

Sérstaklega á þessum tíma, megum við ekki standa sundruð. Ég veit að þið, þjóðir heimsins, skiljið það. Þakka ykkur fyrir þann stuðning og þá hvatningu sem þið hafið veitt mér á tíu erfiðum en ánægjulegum árum.

Verið svo væn að hvetja leiðtoga ykkar til að starfa með eftirmanni mínum og gera Sameinuðu þjóðirnar sterkari og skilvirkari.

Lengi lifi plánetan okkar og þjóðir hennar. Lengi lifi Sameinuðu þjóðirnar!

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna og ávarpaði framkvæmdastjóra SÞ 24. október 2006.*

# *Fáein þakkarorð*

**UMRÆÐAN**
Athugasemd

Í Fréttablaðinu 18. október síðastliðinn birtist dálítil grein um Hið íslenzka fornritafélag, eða Fornritafélagið eins og það er nefnt í daglegu tali, í tilefni af útkomu 25. bindis í ritsafni félagsins. Í þessu nýja bindi eru tvær fornar sögur, Færeyinga saga eftir ókunnan höfund og Ólafs saga Tryggvasonar eftir Odd Snorrason, sem munkur var á Þingeyrum við lok 12. aldar, og hefur dr. Ólafur Halldórsson búið sögur þessar til prentunar.


JÓNAS KRISTJÁNSSON

Í grein Fréttablaðsins er saga Fornritafélagsins rakin í stuttu en hlýlegu máli, og kunnum við aðstandendur félagsins blaðinu þökk fyrir það. Aðeins þykir okkur ástæða til að gera athugasemd við niðurlagsorð greinarinnar. Þar er kvartað yfir því, sem rétt er, að útgáfan hafi gengið undarlega hægt fram. Kennir blaðið þetta einkum „fálæti stjórnvalda“. „Þeim lætur betur að tala um menningararfinn en kosta hann,“ segir blaðið.

Þetta er af misskilningi mælt í garð stjórnvalda. Fornritafélagið hefur frá öndverðu notið nokkurs styrks árlega af almanna fé, og þótt það hafi raunar ekki búið við allsnægtir á fyrri árum, þá hafa ýmsar ástæður fleiri en fátæktin valdið því hve starfsemin hefur gengið seint. Má sérstaklega benda á það að útgáfan, sem ætluð er lestrarfúsum íslenskum almenningi, er jafnframt vísindaleg, og hin mikla undirbúningsvinna hvers bindis hefur að miklu leyti verið unnin í hjáverkum fræðimanna frá öðrum störfum. En nú hafa þau gleðilegu tíðindi gerst að hin síðari ár hafa íslensk stjórnvöld séð félaginu fyrir ríflegum tekjum sem við vonum að muni haldast um langa framtíð. Þessi stuðningur hefur gert félaginu kleift að ráða í þjónustu sína allmarga fræðimenn, eldri og yngri, og hleypa miklum krafti í starfsemina. Gerð hefur verið föst áætlun um að ljúka á næstu árum prentun þeirra níu binda sem eftir eru til að fylla töluna 35 sem um er getið í grein Fréttablaðsins, og verða þá út komnar allar hinar merkustu íslenskar fornsögur. Með vorinu kemur Sverris saga í útgáfu Þorleifs Haukssonar, og síðan mun hvert bindi reka annað.

Fyrir hinn mikilvæga stuðning vill Fornritafélagið færa ríkisstjórn Íslands og Alþingi innilegar þakkir.

*Fyrir hönd stjórnar Hins íslenzka fornritafélags, Jónas Kristjánsson.*



## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda í framhaldsskólum á landinu




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** BJÖRN BJÖRNSSON VERKFRÆÐINGUR

## *Mikil eftirspurn eftir verkfræðingum í bönkunum*

Björn útskrifaðist með MS-gráðu í iðnaðarverkfræði frá HÍ 21. október. Hann segist ánægður með verkfræðinámið í skólanum. „Kennararnir eru mjög góðir. Beintengingin við atvinnulífið er alltaf að verða meiri; það finnst mér vera góð þróun. Flestir fara að vinna á þeim sviðum sem þeir gera lokaverkefnin sín á.“



Björn starfar hjá áhættustýringu KB banka. „Það sem við gerum er í grófum dráttum að passa upp á að bankinn tapi ekki peningum.“ Björn segir að stór hluti þeirra sem útskrifast úr verkfræðinni í dag fari að vinna í bönkum. „Sumum verkfræðingum finnst þessi þróun ekki góð því slæmt sé að missa alla verkfræðingana til bankanna. Það er auðvitað spurning hversu mikið verkfræðimenntunin nýtist beinlínis í störfunum í bönkunum.“

„Ég ætla að halda því opnu hvort ég fer í framhaldsnám, núna ætla ég að vinna í eitt til tvö ár og taka svo kannski eins árs master í fjármálum í útlöndum,“ segir verkfræðingurinn nýútskrifaði sem hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands árið 2005, ásamt félaga sínum Gunnari Erni Erlingssyni. Verkefni þeirra snerist um hvernig rýma ætti miðbæinn af fólki ef hættuástand skapaðist og bjuggu þeir til hermilíkan sem líkti eftir slíkum aðstæðum til að prófa niðurstöður sínar.

### Námsstefna

## Viðmið um æðri menntun og prófgráður

Menntamálaráðuneytið og Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins bjóða til námsstefnu til að kynna verkefnið um viðmið um æðri menntun og prófgráður og þekkingu, færni og hæfni. Slík viðmið hafa verið samþykkt í tengslum við Bologna-ferlið í Evrópu. Samkvæmt nýjum lögum um háskóla er gert ráð fyrir að allir háskólar skilgreini sitt nám út frá slíkum viðmiðum. Námsstefnan verður haldin 30. október næstkomandi í Norræna húsinu og hefst klukkan 9.

### Ráðstefna

## Samtíð Hallgríms Péturssonar



Listvinafélag Hallgrímskirkju og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum boða til ráðstefnu um Hallgrím Pétursson og samtíð hans, laugardaginn 28. október. Ráðstefnan verður haldin í Hallgrímskirkju og hefst hún klukkan 10 með því að Svanhildur Óskarsdóttir fundarstjóri mun setja þingið. Með kaffi- og hádegisverðarhléi mun ráðstefnan standa til 15.40 og eru allir velkomnir.

### Hönnunarmaraþon og viðskiptahugmyndir

## Rjómi íslenskrar hönnunar

Á laugardag munu tuttugu og fjórir íslenskir hönnuðir kynna verk sín í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi á milli klukkan 13 og 18. Jafnframt munu nemendur Listaháskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur kynna viðskiptahugmyndir sínar sem allar eiga það sammerkt að lýsa spennandi tækifærum þar sem sérkenni íslenskrar hönnunar eru dregin fram.

### Ráðstefna um lífstærðfræði

## Til minningar um Kjartan G. Magnússon

Ráðstefna um lífstærðfræði til minningar um Kjartan G. Magnússon verður haldin í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, laugardaginn 28. október klukkan 9. Kjartan G. Magnússon var prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, en hann lést langt fyrir aldur fram nú fyrr á árinu.

Markmið ráðstefnunnar er að kynna rannsóknir sem tengjast helstu áhugasviðum hans innan lífstærðfræði. Frekari upplýsingar um dagskrána má finna á www.raunvis.hi.is/KGM






# Kynjaskiptir skólar eru vopn í jafnréttisbaráttu

**Peggy Burks er skólastjóri opinbers skóla í Ohio-fylki í Bandaríkjunum. Hún mælir með kynjaskiptum opinberum skólum og segir kynjaskiptingu fyrri tíðar hafa verið á röngum forsendum. Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnuskólanna, segir Burks nota aðferðina sem jafnréttisáhald til að jafna aðstöðumun ríkra og fátækra.**



PEGGY BURKS Bandarískur skólastjóri sem hélt fyrirlestur um kynjaskipt skólastarf á ráðstefnu Hjallastefnunnar.

Peggy Burks, skólastjóri opinbers skóla fyrir 5 til 8 ára stúlkur í fátækrahverfi í Dayton í Ohio, hélt fyrirlestur á 300 manna ráðstefnu Hjallastefnunnar sem var haldin á Selfossi dagana 19. til 21. október.

Skólinn hefur verið starfandi í eitt ár og eru um 80 prósent nemendanna blökkustúlkur. „Vísindalegar rannsóknir sýna að stúlkur og strákar eru ólík og að þau þurfi að læra á mismunandi hátt,“ segir Peggy sem viðurkennir að kynjaskiptur skóli kunni að hljóma eins og skref aftur til fortíðar, því í gamla daga hafi skólar gjarnan verið kynjaskiptir. „Munurinn er hins vegar sá að hér áður fyrr voru skólar kynjaskiptir á röngum forsendum, en þær rannsóknir sem ég byggi skólastarfið á eru vísindalegar og byggjast á rannsóknum sem sýna fram á að heili drengja og stúlkna sé ólíkur,“ segir skólastjórinn og bætir því við að stúlkur þurfi auk þess rólegra umhverfi en drengir.

Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnuskólanna, og hugmyndafræðingur Hjallastefnunnar, en í henni hefur verið notast við kynjaskiptingu síðastliðin sautján ár, segir að hugmyndir Peggy séu mikilvægar vegna þess að gamla kynjaskiptingin hafi lengi eingöngu verið notuð í einkaskólum í Bandaríkjunum. „Það sem Peggy gerir er að beita aðferðinni sem jafnréttisáhaldi til að jafna aðstöðumun ríkra og fátækra. Það er svo merkilegt fyrir okkur á þessu vellauðuga landi að kynnast þeirri hlið því mikið af börnunum í skólanum hjá Peggy eru fátækar blökkustúlkur. Að hafa skóla kynjaskipta er því ekki bara bundið við Hjallastefnuskólana, eða við ríka einkaskóla í öðrum löndum, heldur vill framsæknasta skólafólkið nota þessa aðferð til að bæta aðstöðu allra barna. Jafnréttisskortur kynjanna er ein af grundvallarskekkjunum í því að við getum kallað okkur lýðræðisríki,“ segir Margrét Pála og augljóst er að hún er ánægð með útbreiðslu hugmyndarinnar um kynjaskipta skóla.

„Það var því gríðarlega áhugavert að heyra hvað Peggy hafði að segja, það snerti hjörtu okkar sem höfum verið að vinna þessari aðferð fylgi hér heima og á Norðurlöndunum að hlusta á hana, sem kemur úr allt öðrum aðstæðum en við, en skynjar samt sömu styrkleikana og veikleikana í kynjaskiptu skólastarfi og við. Það er nauðsynlegt að muna að við erum ekki ein í heiminum.“ ingi@frettabla-

Fleiri í háskóla á Íslandi en í Noregi og Danmörku:

# Íslendingar í háskólanámi aldrei fleiri

Íslendingum á aldrinum 20 til 40 ára sem stunda háskólanám hefur fjölgað mikið á liðnum árum, að því er kemur fram í Norrænu tölfræðihandbókinni 2006. Hlutfall þeirra var 10,5 prósent af heildaríbúafjölda árið 2000, en fjórum árum seinna 15 prósent. Á þessum árum fór Ísland fram úr Danmörku og Noregi og jafnaði við Svíþjóð, en Finnland er efst Norðurlandaþjóðanna; um 19 til 20 prósent þeirra eru háskólanemendur.

Um helmingur þeirra Íslendinga sem stunda nám erlendis, eru nemar á Norðurlöndunum og flestir þeirra í Danmörku. Að þessu leyti má segja að Ísland sé norrænast Norðurlandanna.

Einnig er athyglisvert að námslán á Íslandi eru hærri en á öðrum Norðurlöndunum, en á móti þessu kemur að hin ríkin veita hluta aðstoðarinnar í formi styrkja sem námsmennirnir þurfa ekki að endurgreiða.

Í bókinni er líka greint frá því að vöxtur vergrar þjóðarframleiðslu á Íslandi hafi verið hærri en hjá hinum Norðurlandaþjóðunum og rúmlega tvisvar sinnum hærri en í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Aðeins í Noregi eru meðaltekjur á íbúa hærri en á Íslandi. - ifv



HÁSKÓLANEMENDUR Íslenskum háskólanemendum á aldrinum 20 til 40 ára hefur fjölgað mikið.



tilboðin í nettó
ennþá betri verð
þú sparar 239 kr/kg
GOÐI
959 kr/kg
Verð áður 1.198 kr/kg
Goða kryddað lambalæri
þú sparar 1.049 kr/kg
35% afsláttur við kassa
Verð nú 1.949 kr/kg
Verð áður 2.998 kr/kg
meyrnuð piparsteik
þú sparar 1.189 kr/kg
35% afsláttur við kassa
Verð nú 2.209 kr/kg
Verð áður 3.398 kr/kg
Nautafille
þú sparar 972 kr/kg
35% afsláttur við kassa
Verð nú 1.806 kr/kg
Verð áður 2.778 kr/kg
Roast beef kryddað
999 kr/kg
Smálúðuflök 1 kg.
þú sparar 162 kr/kg
25% afsláttur við kassa
Verð nú 487 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg
Ísfugl kjúklingalæri m/legg
GOÐI
Goða pylsur
99 kr/pk
Goða pylsur 5 stk.
680g
Hunt's Ketchup
99 kr/stk
Hunts tómatsósa
Náttúra
Basmati hrísgrjón
50% afsláttur við kassa
Verð nú 190 kr/pk
Verð áður 379 kr/pk
Náttúra hrísgrjón Basmati 3,5 kg
Náttúra
100% Jasmine hrísgrjón
50% afsláttur við kassa
Verð nú 250 kr/pk
Verð áður 499 kr/pk
Náttúra hrísgrjón Jasmin 3,5 kg
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 26. október til 29. október eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó

FRANCOIS MITTERAND (1916–1996) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

*„Margaret Thatcher er með augnaráð Stalíns og rödd Marilyn Monroe.“*

*Mitterand var forseti Frakklands frá 1981 til 1995.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 26. OKTÓBER 1984

## Hjarta úr apa grætt í stúlkubarn



Á þessum degi árið 1984 var hjarta úr bavíana grætt í fjórtán daga gamalt stúlkubarn. Aðgerðin var framkvæmd af Leonard L. Bailey skurðlækni við Loma Linda háskólasjúkrahúsið í Kaliforníu. Þetta var í fyrsta sinn sem reynt var að græða hjarta úr bavíana í manneskju.

Stúlkan, sem nefnd var Baby Fae, fæddist með vanþroskað hjarta, en nær alla vinstri hlið þess vantaði í stúlkuna. Nokkrum dögum eftir fæðingu barnsins sannfærði Bailey móður þess að leyfa honum að skipta hjartanu út fyrir heilbrigt apahjarta enda væru lífslíkur barnsins að öðrum kosti sáralitlar.

Þrisvar áður hafði hjarta úr dýri verið grætt í menn, síðast árið 1977, en enginn lifði lengur en rúma þrjá daga. Bailey hélt því fram að ólíklegra væri að líkami svo ungs barns myndi hafna hjartanu þar sem ónæmiskerfi þess væri ekki orðið þroskað.

Baby Fae lifði aðgerðina af og lífsbarátta hennar næstu daga dró að sér heimsathygli. Hún lifði lengur en nokkur önnur mannvera eftir slíka aðgerð en þó fór svo að líkaminn hafnaði hinu nýja hjarta og Fae dó úr nýrnabilun vegna þeirra ónæmisbælandi lyfja sem henni voru gefin. Fae dó 15. nóvember 1984 eftir tuttugu daga harða baráttu.

### MERKISATBURÐIR

**1951** Winston Churchill verður forsætisráðherra Breta í annað sinn þegar Íhaldsflokkurinn sigrar í kosningum.

**1958** Pan Am flýgur fyrstu Boeing 707 þotunni frá New York til Parísar á átta klukkutímum og 41 mínútu.

**1965** Reykjanesbraut, milli Hafnarfjarðar og Keflavíkur, er formlega opnuð til umferðar.

**1994** Leiðtogar Ísraela og Jórdana skrifa undir friðarsamkomulag milli þjóðanna.

**1995** Tuttugu manns farast þegar snjóflóð fellur úr Skollahvilft á byggðina á Flateyri við Önundarfjörð.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir, og amma,*

**Ingibjörg Gestsdóttir**
Engjaseli 60,

lést að morgni mánudagsins 23. október á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sævar Bragi Arnarson**
**Ásta Ingunn Sævarsdóttir** **Garðar Gunnar Ásgeirsson**
**María Sævarsdóttir** **Jón Ólafur Kjartansson**
**Jónína Edda Sævarsdóttir** **Guðlaugur Ottesen Karlsson**
**Gestur Örn Sævarsson** **Þórdís Jóhannsdóttir**
**Gestur Vigfússon**
**og barnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elínborg Gísladóttir**
Álftamýri 56, Reykjavík,

sem lést á Landsspítala - háskólasjúkrahúsi 15. október sl. verður jarðsungin frá Áskirkju föstudaginn 27. október kl. 15.00.

**Höskuldur Einarsson** **Sigríður R. Ólafsdóttir**
**Þórlaug Einarsdóttir** **Erling Hermannsson**
**Sigrún B. Einarsdóttir**
**Guðrún Einarsdóttir** **Kristján Sæmundsson**
**og barnabörn og barnabarnabörn**


LEGSTEINAR
Kynningarafsláttur á völdum tegundum
REIN Viðarhöfða 1 : 110 Reykjavík : Sími 566 7878 : Fax 566 8787
rein@rein.is : www.rein.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

SÓLSTEINAR
Gæði
Þjónusta
Gott verð
Úrval
Fagmennska

Kársnesbraut 98 | Kópavogur | S: 564 4566
www.solsteinar.is | sol@solsteinar.is




**SÉRA JÓN OG SÉRA BIRGIR** Kunna vel við sig í sókninni enda kemur þangað mikill straumur fólks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HALLGRÍMSKIRKJA: VAR VÍGÐ FYRIR 20 ÁRUM

# Stórafmæli þjóðarhelgidóms

Hallgrímskirkja var vígð á þessum degi fyrir réttum tveimur áratugum og stendur mikil hátíð fyrir dyrum í tilefni af því. „Við reynum að gleðjast þegar það koma tyllidagar og ástæða er til,“ segir séra Jón Dalbú Hróbjartsson, en hann og séra Birgir Ásgeirsson eru sóknarprestar í Hallgrímskirkju.

Afmælisdagskráin, sem stendur í þrjá daga, hefst klukkan 17.30 í dag þegar Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri opnar sýningu um tilurð og sögu kirkjunnar. „Það er vonandi bara upphafið að því sem koma skal og vonandi eigum við eftir að gera enn betur í þeim efnum,“ segir séra Jón. Aðalafmælismessa hátíðarinnar fer fram á sjálfan Hallgrímsdag annað kvöld. Þar predikar og þjónar fyrir altari biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson. Á laugardag gengst Listvinafélag Hallgrímskirkju í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir stórri ráðstefnu undir yfirskriftinni: Hallgrímur Pétursson (1614-1674) og samtíð hans.

Að sögn séra Jóns er Hallgrímskirkja þjóðarhelgidómur. „Ég held að það orð fangi þýðingu kirkjunnar vel. Við sem störfum hér reynum líka að standa undir því með því að bjóða upp á öflugt starf fyrir alla aldurshópa, bæði hvað snertir helgihald og fræðslu- og listastarfsemi, sem er fjölbreytt eins og flestir vita.“

Það tók langan tíma að reisa Hallgrímskirkju, rúma fjóra áratugi, og er í rauninni ekki lokið enn. „Það á enn eftir að klára húsið til fulls og svo þarf að fara að laga kirkjuturninn,“ útskýrir séra Jón. „Við vonumst til að ríki, borg og kirkja taki höndum saman og lagi það sem þarf að laga strax á næsta ári.“

Hann segir að sér og séra Birgi líði afskaplega vel í sókninni. „Þetta er dálítið eins og að vera prestur á torgi, maður er alltaf að rekast á fólk allan daginn. Það er gaman að segja frá því að samkvæmt talningu tóku 1.600 manns þátt í því starfi sem hér fer fram, fyrstu viku í október. Þá lögðu 5.600 ferðamenn leið sína hingað á sama tíma svo hér er mikill mannsöfnuður allt árið um kring.“

Nánari upplýsingar um afmælisdagskrá Hallgrímskirkju má finna á heimasíðu kirkjunnar, hallgrimskirkja.is. bergsteinn@frettabladid.is



†

*Elskuleg móðir okkar og amma,*

**Þórey Kristín Guðmundsdóttir**
(Dóda) hjúkrunarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ,

andaðist mánudaginn 23. október. Útför verður auglýst síðar.

**Sveinn Haukur Björnsson**
**Hugi Ingibjartsson**
**Jón Guðni Ómarsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rose E. Halldórsson**
Reynimel 61,

**verður jarðsungin frá Neskirkju á morgun, föstudag 27. október kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.**

**Frank M. Halldórsson**
**Betsy Halldórsson**
**Georg Halldórsson** **Stefanía Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**70 ára afmæli**

**Í dag, 26. október, á ástkær móðir okkar**

**Kristín Hansen**

**70 ára afmæli.**
**Við og fjölskyldur okkar óskum þér innilega til hamingju með afmælisdaginn. Með hjartans þökk fyrir allt elsku mamma.**
***Þínir afkomendur.***

# Neytandi!

## Sértu að fara að mála er rétt að gera samanburð á verði og gæðum






Allir ljósir litir

**DEKACRYL 7**
Gljástig 7 — 10 lítrar
**Kr. 3.150,-**



**PENSILL** 70mm
**Kr. 109,-**




**SCALA GÓLFLAKK**
Allir litir — 2,5 lítrar
**Kr. 2.685,-**




**MAKO**
Plastyfirbreiðsla — 20 m²
**Kr. 215,-**




**DEKA ROCK**
Samskeytaspartl — 28 kg
**Kr. 1.490,-**




**SCALA MASTERLACK**
40% gljái — 1 líter
**Kr. 868,-**

Allir ljósir litir




**DEKAPRO 20**
Gljástig 20 — 4 lítrar
**Kr. 2.495,-**




Allir ljósir litir

**DEKAPRO 10**
Gljástig 10 — 10 lítrar
**Kr. 3.515,-**



**MÁLNINGAR LÍMBAND**
50 metrar — 25 mm
**Kr. 224,-**




**DEKAPRO 02**
Loftamálning — 10 lítrar
**Kr. 2.970,-**



**HORNAMÁLARI**
**Kr. 585,-**



**BOSTIK**
Akrýlkítti — 300 ml
**Kr. 190,-**




**DALAPRO MEDIUM**
Spartl — 3 lítrar
**Kr. 874,-**



**MAKO SETT**
Bakki, rúlla pensill, spartlspaði
**Kr. 570,-**




**DEKA TAK**
Olíugrunnur — 1 líter
**Kr. 650,-**

## Hjá okkur færðu aðeins gæðamálningu á góðu verði

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Höfum opnað verslun á Húsavík*




## STUÐ MILLI STRÍÐA í leit að jafnvægi og jólaboðum

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR ER FÆDD UNDIR ÓÁKVEÐNISSTJÖRNU



Ég er, og hef oft kynnt mig sem, óákveðnustu manneskju í heimi. Ég er svo lengi að gera upp hug minn um málefni líðandi stundar að fólk er löngu búið að missa áhugann þegar ég opna munninn. Á tímabili í lífi mínu var ég farin að óttast að vitsmunaþroska mínum væri ábótavant, eða að ég þjáðist af seinvirkni eins og aðrir eru haldnir ofvirkni. Eftir að ég hóf að renna augunum reglulega yfir stjörnuspár spekinganna hef ég hins vegar hallast að því að þetta sé allt fæðingardegi mínum að kenna.

Grunur minn var svo gott sem staðfestur þegar ég kynntist einni bestu vinkonu minni, sem er einmitt fædd í sama stjörnumerki. Við stöllurnar erum vogir, og samkvæmt stjörnuspámönnum er það því hlutur okkar í lífinu að vera í eilífri leit að jafnvægi. Á sambýlisárum okkar hafði þetta ýmsar og misskrautlegar afleiðingar. Við komumst þannig báðar að því að á meðan við erum nokkuð óþolandi í óákveðninni hvor í sínu lagi erum við gersamlega vonlausar saman. Við höfum eytt heilu kvöldunum í að reyna að ákveða hvað við viljum borða og mörgum klukkutímum í að spá í hvaða svarti bolur væri bestur undir lokuðu peysuna, öðrum vinkonum okkar til ómældrar óánægju.

Fólkið í kringum mig virðist hins vegar enn sem komið er hafa lítinn skilning á því að ég er fædd undir óákveðnistjörnu. Ég vil því nýta tækifærið og minna á að líða fer að jólum. Þeir sem þola mig enn og hafa hug á að bjóða mér í piparkökugerð, jólaglöggsdrykkju eða á spilakvöld ættu því að fara að hafa samband. Þá gæti ég mögulega verið búin að gera upp hug minn um miðjan desember eða svo.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Stjörnum prýdd Kaupmannahöfn

Nú hefur verið tilkynnt hvaða tónlistarmenn munu koma fram á næstu verðlaunahátíð MTV-tónlistarstöðvarinnar sem frændur vorir í Danmörku halda 2. nóvember næstkomandi. Það er Íslandsvinurinn og rapparinn Snoop Dog sem er aðalnúmerið á hátíðinni í ár en ásamt rapparanum mun hin margrómaða Nelly Furtado heiðra Kaupmannahöfn með nærveru sinni. Breska hljómsveitin Keane mun einnig koma fram en hún spilaði á Airwaves-hátíðinni í fyrra. The Killers, Muse og P. Diddy eru meðal þeirra stóru nafna sem ætla að koma fram á hátíðinni.

Það verða örugglega fleiri stjörnur sem bætast á listann þegar nær dregur og svo mikið er víst að Kaupmannahöfn verður stjörnum prýdd fyrstu vikuna í nóvember.



**SNOOP DOG** Er á leiðinni til Kaupmannahafnar þar sem hann mun koma fram á MTV-hátíðinni.



**NELLY FURTADO** Hefur slegið í gegn á ný á þessu ári og mun gleðja Kaupmannahafnarbúa með tónlist sinni á MTV-hátíðinni.

Mikill spenningur er kominn í Dani vegna hátíðarinnar en Ráðhústorgið verður undirlagt og verðlaunaafhendingin verður í Bella Center. Það er hinn vinsæli poppari, Justin Timberlake, sem verður kynnir á hátíðinni og það er vel við hæfi þar sem nýja platan hans er mikið spiluð þessa dagana á útvarpsstöðvum úti um allan heim.

# Ford í góðu formi

Leikarinn Harrison Ford segist vera í nógu góðu formi til að leika fornleifafræðinginn Indiana Jones í fjórðu myndinni sem er í undirbúningi.

Ford, sem er 64 ára, lék Jones síðast árið 1989 í myndinni The Last Crusade. George Lucas og Stephen Spielberg hafa lengi verið að vinna í handriti að fjórðu myndinni en lítið hefur ennþá komið út úr þeirri vinnu.

Ford vonast til að Sean Connery endurtaki hlutverk sitt sem faðir Indiana Jones. „Hann er mikilvægur hluti af þessum myndum. Ég held að Sean sé ennþá til í að leika í myndinni og ég yrði mjög ánægður ef hann myndi láta til leiðast," sagði Ford, sem var nýverið staddur hér á landi.



**INDIANA JONES** Leikarinn Harrison Ford er tilbúinn að leika Indiana Jones í fjórða sinn.

# Barist í þriðja sinn

Hin alþjóðlega hljómsveitakeppni Global Battle of the Bands verður haldin hérlendis þriðja árið í röð í Hellinum, tónleikasal Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar, í nóvember.

Keppnin er opin öllum hljómsveitum sem áhuga hafa, hvort sem þær hafa gefið út efni áður eða ekki. Hljómsveitin Finnegan vann keppnina í fyrra en þar áður bar Lights on the Highway sigur úr býtum.

Keppt verður fjögur kvöld, 15., 16., 22. og 23. nóvember og verður valin ein hljómsveit af hverju kvöldi til að keppa til úrslita hérlendis föstudaginn 24. nóvember. Sigurhljómsveit úrslitakvöldsins mun síðan keppa fyrir hönd Íslands á tónleikastaðnum London Astoria í desember.

Skráning er hafin og er hægt að nálgast skráningarform og nánari upplýsingar á www.hljomsveitir.is. Heimasíða Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar er www.tonaslod.is.



**FINNEGAN** Rokksveitin Finnegan vann keppnina hér heima á síðasta ári.



**!** **Kl. 21**
*Nykurhópurinn er með ljóðalestur á Litla ljóta andarunganum í kvöld. Hefst gamanið kl. 21.00. Þar verða saman komin nokkur skáld úr hópnum og lesa birt og óbirt ljóð. Þau eru Arngrímur Vídalín, Emil Hjörvar Pedersen, Jón Örn Loðmfjörð, Kári Páll Óskarsson, Bjarney Gísladóttir og Urður Snædal.*
*Aðgangur er ókeypis og öllum heimill*

# menning
menning@frettabladid.is

# Skáld fara í skólana

Rithöfundasambandið hefur sett saman dagskrár fyrir þrjú mismunandi aldursstig í skólum landsins og sendir nú félaga sína í heimsókn í skólana. Lögð er áhersla á notkun nýrra miðla. Fara höfundar tveir og tveir saman í heimsókn, lesa upp og eiga samtal við unga lesendur sína. I hópi þeirra sem fara í þessa för eru skáldin Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Ásberg, Einar Már og Einar Kárason, Áslaug Jónsdóttir og Kristín Steinsdóttir, Gerður Kristný og Sigrún Eldjárn, Ragnheiður Gestsdóttir og Þorgrímur Þráinsson.

Hafa þegar á fjórða tug skóla tryggt sér heimsókn skáldanna og standa vonir til að svo vel takist um gestkomuna að áframhald verði á. Það eru borg og ríki sem styrkja verkefnið.

Áður fyrr voru heimsóknir skálda í skóla tíðar, en þeir voru flestir fyrir eldri bekkinga. Með þessum mannvali er reynt að brúa bil með hressu prógrammi fyrir hvern aldurshóp.



SIGURÐUR PÁLSSON LJÓÐSKÁLD SÆKIR UNGLINGA HEIM

## > Ekki missa af

Hugleik sem er með allra síðustu sýningu á Systrum eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Það er aukasýning á föstudagskvöld kl. 20 og systratilboð í gangi. Leikið er í Möguleikhúsinu við Hlemm.

Hausttónleikum Krabbameinsfélagsins í Langholtskirkju í kvöld. Þar koma fram meðal annarra KK, Ellen systir hans, Magnús Eiríksson, Regína Ósk og fleiri listamenn. Tónleikarnir eru í minningu Jóhönnu Arndísar Stefánsdóttur og hefjast kl. 20.00.


NASA
FÖSTUD. 27. OKT. 2006
STÓRTÓNLEIKAR
BAGGALÚTUR
FLÍS & BOGOMIL
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1000 KR
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

LAUGARD. 28. OKT. 2006
RISADANSLEIKUR
SKÍTAMÓRALL
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1500 KR
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA
RADAR




**JON FOSSE LEIKSKÁLDIÐ NORKA** Sækir Þjóðleikhúsið heim um helgina.



**HELGA JÓNSDÓTTIR** Stýrir lestri á verki Fosse.



**HLÍN AGNARSDÓTTIR** Leiðir samræður við skáldið.

# Þingað um leikrit Fosse

**Um helgina verður efnt til þings í Þjóðleikhúsinu um Jon Fosse, leikskáldið norska sem hefur á fáum árum vakið athygli víða um álfur fyrir verk sín. Jon mætir á þingið og gefst áhugamönnum um feril hans og verk að heyra hann sjálfan ræða um hvernig það er að vera eitt mest umtalaða leikskáld Norðurlanda um þessar mundir.**

Auk Jons verður gestur á þinginu einn helsti leikgagnrýnandi Svía, Leif Zern, sem hefur skrifað bók um skáldið. Leif hefur starfað sem menningarritstjóri á dagblaðinu Expressen. Zern skrifaði áralangt um leiklist og leikhús í Dagens Nyheter.

Þriðji gestur hátíðarinnar er Berit Gullberg, útgefandi frá Stokkhólmi, en hún hefur átt veg og vanda af því að kynna verk Jons Fosse um allan heim.

Á þessu ári sýndi Þjóðleikhúsið Sumardag eftir Jon Fosse á Smíðaverkstæðinu en það var í fyrsta sinn sem verk eftir þetta vinsæla leikskáld er sýnt í íslensku atvinnuleikhúsi. Áður hafði Útvarpsleikhúsið kynnt verk hans íslenskum áheyrendum. Jon Fosse er eitt vinsælasta leikskáld í Evrópu um þessar mundir og hann kemur hingað til lands beint frá München þar sem hann var viðstaddur frumsýningu á nýjasta leikriti sínu. Þjóðverjar hafa reyndar tekið honum flestum þjóðum betur, en þess sjást merki að Fosse nær víða hljómgrunni.

Norræn leikskáld hafa lengi átt nokkuð erfitt uppdráttar á leiksviðum Evrópu og Bandaríkjanna, einkum eru ensku málsvæðin snúin. Hafa leikskáld á borð við Noren komist að, en tónninn er víða andsnúinn norrænum leikskáldskap.

Með framgöngu Fosses sjá menn vinsældir í líkingu við hina sígildu höfunda, Strindberg og Ibsen.

Dagskrá Fosse-hátíðarinnar er sett saman af leiklestrum á laugardag á smíðaverkstæðinu: kl. 15. er flutt verkið Nafnið og sonurinn. Þýðandi er Hjalti Rögnvaldsson. Átta leikarar flytja verkið. Um kvöldið er síðasta sýning á Sumardegi eftir Jon Fosse að höfundi viðstöddum.

Á sunnudag kl. 15. verður þingað um leiksskáldskap Fosse á Smíðaverkstæðinu. Aðalfyrirlesari er Leif Zern, en þátttakendur í pallborði verða Berit Gullberg útgefandi, Atli Ingólfsson tónskáld og Hallmar Sigurðsson, leiklistarstjóri Ríkisútvarpsins. Að loknum pallborðsumræðum mun Hlín Agnarsdóttir, leikstjóri og leikskáld, ræða við Jon Fosse. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Í tengslum við Fosse-hátíðina sýnir leikhópurinn Jelena verkið Purpura í Loftkastalanum, unglingaverk sem Jon Fosse skrifaði sérstaklega fyrir fræðsludeild Breska þjóðleikhússins. Verða sýningar í Verinu í Loftkastalanum dagana 26.-29. október kl. 21.00. Fimm ungir áhugamenn leika í sýningunni undir stjórn Friðriks Friðrikssonar.

**- pbb**

# Fínn afmælispakki

**[TÓNLIST]**
**UMFJÖLLUN**

Það lá fyrir strax og tilkynnt var um 50 ára afmælistónleika Bubba Morthens í Höllinni að það yrði einstakur viðburður.

Að margra mati, þ.á m. mín, hefur Bubbi gert flest sín bestu verk þegar hann hefur verið meðlimur í hljómsveitum og að fá að sjá allar hljómsveitirnar hans á einum tónleikum var mikið tilhlökkunarefni.

Tónleikarnir voru nýlega gefnir út bæði á tvöfaldri geislaplötu og mynddisk. Báðar útgáfurnar eru eins uppbyggðar. Þarna eru 24 lög með hljómsveitunum sex (GCD, Stríð og frið, Das Kapital, MX-21, Utangarðsmönnum og Egó í þeirri röð sem þær komu fram á tónleikunum), fimm lög með Bubba einum og eitt lag, Stúlkan sem starir á hafið, í flutningi Heru Hjartardóttur.

Lagalistinn er auðvitað glæsilegur. Þarna eru margir ef helstu smellum Bubba í gegnum tíðina, en líka minna þekkt lög og ný. Flutningurinn er svolítið misjafn, en gleði og góð stemning skín í gegn. Gott dæmi um það er þegar salurinn fer í miðju GCD-prógrammi að syngja afmælissönginn.

Hápunktarnir voru lögin fjögur með MX-21 (Þorsteinn Magnússon gítarleikari í miklum ham), Utangarðsmannalögin fimm (nostalgía!) og Blindsker af því að það hefur alltaf verið mitt uppáhalds Bubbalag og það var gaman að heyra það í flutningi Das Kapital, með saxófón og öllu tilheyrandi.

Að sjálfsögðu er miklu meiri fengur í DVD-útgáfunni. Tónleikarnir voru teknir upp á fjölmargar kvikmyndatökuvélar og þess vegna er úr miklu myndefni að moða. Allt er þetta mjög faglega unnið. Það eru flott skot bæði af sviðinu og einstöku hljóðfæraleikurum og af áhorfendum í salnum. Og hljómurinn er ágætur.

Það eina sem fór í taugarnar á mér á tónleikunum sjálfum var að Simmi og Jói hefðu verið fengnir til að kynna þá. Mér til mikillar ánægju var búið að klippa þeirra hlut burt úr útgáfunni sem maður sér á mynddisknum að undanskilinni örstuttri upphafskynningu.

Auk tónleikanna sjálfra eru þrjár stuttar „fluga á vegg“ heimildarmyndir sem aukaefni á DVD-útgáfunni. Þær sýna unirbúninginn, afmælisveislu sem haldin var í minni sal í Laugardalshöllinni rétt fyrir tónleikana að viðstöddum forsetanum og Dorrit og stemninguna baksviðs rétt fyrir tónleika. Skemmtileg viðbót sem sýnir þennan viðburð í lífi Bubba og aðdáenda hans frá öðrum sjónarhornum.

Á heildina litið er þetta fínn afmælispakki. Þeir sem á annað borð kunna að meta Bubba ættu að vera sáttir.

**Trausti Júlíusson**




**BUBBI**
06.06.06

**Niðurstaða:** 06.06.06 er fínn afmælispakki sem ætti að falla í kramið hjá Bubba-aðdáendum. DVD-útgáfan nær enn betur að fanga þá hátíðarstemningu sem ríkti á tónleikunum.

# Megas hylltur!

## Pældu í því sem pælandi er í



**Frábærir listamenn flytja lög Megasar með sínu nefi**

**Kominn út!**




1. Hjálmar
   *Saga úr sveitinni*
2. KK
   *Dauði Snorra Sturlusonar*
3. Ragnheiður Gröndal
   *Táraborg*
4. Magnús Eiríksson
   *Gamli sorrí Gráni*
5. Hera
   *Meðstreymi*
6. Baggalútur
   *Undir rós*
7. Þrumukettir
   *Drukknuð börn*
8. Raxon Paxon
   *Fram og aftur blindgötuna*
9. María Sól
   *Heilræðavísur*
10. Papar
    *Við Birkiland*
11. Rúnar Júlíusson
    *Borgarblús*
12. Páll Óskar & Monika
    *Þóttú gleymir Guði*
13. Trabant
    *Björt ljós, borgarljós*

---

## Væntanlegar þann 9. nóvember:

Megas – Drög að upprisu
– upphaflega platan + aukaplata

Megas – Þrír blóðdropar
– upphaflega platan + aukaefni

Megas – Hættuleg hljómsveit
& glæpakvendið Stella
– upphaflega platan + aukaplata

Megas – Greinilegur púls
– frábærir tónleikar frá Púlsinum 1991,
áður óútgefnir. Tvöföld plata



**Góða skemmtun!** ►

sena

# Halldór í Dvergnum

Á morgun verður Halldór Ásgeirsson með gjörning í hinu litla og þrönga rými Gallerís Dvergs á Grundarstíg. Þar opnaði Halldór



Halldór við gjörninga sína í síðustu viku.
GALLERÍ DVERGUR/BIRT MEÐ GÓÐFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNSINS

sýningu sína sem hann kallar Hrauntákn í síðustu viku.

Gallerí Dvergur er í kjallara bakhúss á Grundarstíg 21 í Þingholtunum í Reykjavík. Halldór flytur gjörning sinn föstudaginn 27. október kl. 21 og endurtekur hann á laugardag á sama tíma. Sýningin verður að auki opin í kvöld milli 18-20

Sýningarrýmið Gallerí Dvergur hefur verið starfrækt í nokkra mánuði á ári frá 2002 og hafa verið haldnar þar alls 18 einkasýningar innlendra sem og erlendra listamanna, svo og tónleikar og vídeósýningar. Ókeypis er inn og allir eru velkomnir.

Sýningar þessa árs hafa allar tekið mið af tímatengdri list, með áherslu á rýmistengda vinnu, og verður mið tekið af því áfram á komandi ári. Gallerí Dvergur stendur að sýningu Halldórs í tengslum við Sequences-listahátíðina, sem leggur áherslu á (raun-)tímalistir. -pbb



**GAMALT DEILUMÁL Í KIRKJULÍFI REYKJAVÍKUR** Fyrst var deilt um stofnun safnaðar, síðan um útlit kirkju og stærð, en nú stendur Hallgrímskirkja flestum til yndisauka og er mörgum andlegt skjól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hér er hlið himinsins

**Í dag hefjast hátíðahöld til að minnast þess að tuttugu ár eru liðin frá því að Hallgrímskirkja var vígð. Verður opnuð sýning í forkirkjunni þar sem saga þessa mikla mannvirkis er rakin.**

Sýninguna opnar borgarstjóri Reykjavíkur í dag kl. 17.30 að viðstöddu stórmenni en Borgarskjalasafn stendur að sýningunni í samstarfi við sóknarnefnd og hið öfluga Listvinafélag kirkjunnar.

Sýningin stendur yfir í Hallgrímskirkju til 30. nóvember og verður í kjölfarið sett upp á Reykjavíkurtorgi í Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Á sýningunni er rifjuð upp tilurð og byggingarsaga kirkjunnar í máli og myndum. Þar verður minnst einstakra þátta úr byggingarsögunni en ekki hvað síst hinnar miklu fórnfýsi sem fylgismenn kirkjunnar lögðu á sig til að gera bygginguna hennar að veruleika en baráttan fyrir byggingunni tók langan tíma, meira en fjóra áratugi.

Hallgrímskirkja var teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins. Fyrsta skóflustungan var tekin hinn 15. desember 1945 en kirkjan var ekki vígð fyrr en 41 ári síðar og þá var raunar mörgu enn ólokið. Á ýmsu gekk á byggingartímanum og vakti kirkjan miklar deilur, bæði stærð, útlit og staðsetning hennar. Í revíu á fimmta áratugnum varð þessi brandari til: Hvað er Hallgrímskirkja? Hún er eins og sæljón. Nei, hún er rándýr.

Það gekk oft erfiðlega að afla fjár til að standa straum af framkvæmdum en í stórum dráttum komu um 60 prósent úr sjóðum safnaðarins og frá einkaaðilum en auk þess studdu bæði ríki og borg verkið.

Hallgrímskirkja er minningarkirkja um Hallgrím Pétursson. Hún er hönnuð í nýgotneskum stíl og er bæði helsta kennileiti Reykjavíkur og stærsta kirkja Íslands. Þar er jafnframt stærsta orgel landsins, Klais-orgelið, sem var vígt 1992.

Á sýningunni er einkum fjallað um tilurð og byggingarsögu kirkjunnar, en hún skiptist í átta þemu. Þar á meðal er velt upp spurningum og eins og þessum tveimur sem hér fljóta með:

Til hvers var holtið nýtt þar sem skólapiltar reistu vörðuna sem það var síðan kennt við? Hvert var upphaf safnaðarins og hvaðan kom hugmyndin um háborg íslenskrar menningar sem Guðjón Samúelsson setti fram á öðrum áratug aldarinnar síðustu?

Þá er greint frá byggingarsögunni og minnst vígslunnar og einnig er hið mikla listalíf sem kirkjan hefur fóstrað rifjað upp. - pbb

# Óspennandi ævintýri

**BÓKMENNTIR**

**HÁSKI OG HUNDAKJÖT: Á VIT KÍNVERSKRA ÆVINTÝRA**

**HÖF:** HÉÐINN SVARFDAL BJÖRNSSON

**ÚTGEFANDI:** VAKA HELGAFELL

**NIÐURSTAÐA:** AUÐLESIN EN ÓEFTIRMINNILEG FERÐASAGA.

Bókin Háski og hundakjöt fékk nýlega verðlaun í samkeppninni um Íslensku barnabókaverðlaunin. Þetta er fyrsta bók höfundarins, Héðins Svarfdals Björnssonar sem þar segir sögu ungs pilts sem ferðast til Kína ásamt föður sínum.

Háski og hundakjöt er sumpart óvenjuleg saga, aðstæðurnar eru óneitanlega framandi og bjóða upp á skemmtilega frásögn en sagan nær þó litlu flugi.

Aðalpersónan, fótboltastrákurinn Aron Björn, er ósköp venjulegur íslenskur unglingur úr fremur venjulegri fjölskyldu nema hvað faðir hans er búsettur í Bandaríkjunum og þarf starfs síns vegna að ferðast til Kína. Þegar þangað er komið skilur hann piltinn eftir næstum óþægilega eftirlitslausan á meðan hann vasast í viðskiptum sínum.

Á meðan ferðast Aron um í mannmergðinni og kynnist meðal annars jafnöldrum sínum í borginni Zhaoqing. Hann lærir um siði og menningu í Kína á þessu ferðalagi sínu og eignast góða vini – ekki síst vegna þess að hann er klæddur í fótboltabol og getur sýnt góða takta á vellinum. Vitanlega er líka illmenni í sögunni, svikull samstarfsmaður föður Arons sem hann á sinn þátt í að afhjúpa að lokum.

Þessi bók er auðveld aflestrar og nokkuð spennandi framan af. Það er skemmtilegt að lesa um fyrstu upplifanir Arons í Kína en lesendur þurfa að bíða nokkuð lengi eftir því að hann lendi í




nokkrum ævintýrum – þau virðast í það minnsta nokkuð hversdagleg í samanburði við hasar sem boðið er upp á í öðru menningarefni fyrir börn og unglinga. Hápunktar sögunnar, þegar reynir helst á hetjuna staðföstu og úrræðagóðu, eru alls ekki hádramatískir heldur undirstrika þeir hversu venjulegur íslenskur piltur hann Aron Björn er.

Háski og hundakjöt er ekki beinlínis spennusaga og vart leiftrandi af húmor eða frumleika þegar kemur að persónusköpun eða fléttu. Persónur bókarinnar eru fáar og engar þeirra eftirminnilega litríkar. Frásögnin er sögð í þriðju persónu og rödd Arons fær lítið rými innan hennar sem mér finnst miður því fyrir vikið finnst mér hann næsta ómótuð persóna. Frásögnin er myndræn og örar kaflaskiptingarnar minna dálítið á klippingu í kvikmynd – þessi bók myndi kannski henta vel hvíta tjaldið ef hægt væri að krydda hana með töluvert meira fjöri.

Kristrún Heiða Hauksdóttir




Fös. 27.okt. kl.20
Sun. 29. okt. kl.20
Fös. 3. nóv. kl.20

"Ein sú besta, ef ekki besta sýning sem ég hef séð" Eyrún Sigurðardóttir myndlistarmaður

ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

# Blár andi

Veröld hefur gefið út Bláa andann af Babýlon eftir P. B. Kerr og er það sjálfstætt framhald sögunnar Iknaton-ráðgátan sem kom út í fyrra hjá sama forlagi.



Sagan fjallar um John og Filippíu sem eru engir venjulegir 12 ára krakkar. Þau eru að hálfu menn og að hálfu andar. Þau geta gert sig ósýnileg, breytt sér í dýr og látið óskir rætast. En þegar dularfull og stórhættuleg bók hverfur upphefst hörkuspennandi en bráðfyndin atburðarás þar sem leikurinn berst frá New York til Íraks með viðkomu í Berlín, Transylvaníu og Kaíró.

# Stórfengleg söngkona

**Annað kvöld frumsýnir Þjóðleikhúsið á stóra sviðinu nýjan breskan gamanleik með söngvum, Stórfengleg! Þar er í aðalhlutverki Ólafía Hrönn Jónsdóttir, en höfundur verksins heitir Peter Quilter og hefur einkum samið léttmeti fyrir svið. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir.**



**FRÚIN STÓRFENGLEGA VAR FYRIR SKRAUTLEGA BÚNINGA** Þórdís Arnljótsdóttir, Örn Árnason og Ólafía Hrönn Jónsdóttir í hlutverkum sínum.

Gamanleikurinn byggir á ferli og stíl bandarískrar söngkonu og skemmtikrafts, Florence Foster Jenkins, sem var auglýst sem „versta söngkona allra tíma". Jenkins varð víðfræg fyrir hljómplötur sínar og tónleika sem hún hélt í New York á 4. og 5. áratugnum. Hún þótti heillandi persónuleiki, var gædd óbilandi sjálfstrausti og dómgreindarskorti því hún hélt ekki lagi.

Jenkins tilheyrði hópi listamanna sem gerði út á lélega frammistöðu. Margir þeirra höfðu fulla vitund um hæfileikaleysi sitt, en samkvæmt fréttatilkynningum Þjóðleikhússins var Jenkis laus við það. Listamenn af þessari gerð voru ófáir í „vaudeville"-húsum Bretlands og Bandaríkjanna. Hér á landi var bresk húsmóðir, frú Miller, nokkuð vinsæl á sjöunda áratugnum fyrir falskan söng.

Höfundur verksins, Peter Quilter, hóf feril sinn sem leikari í sjónvarpi en vakti fyrst athygli sem leikskáld árið 1998. Síðan hafa leikrit hans verið þýdd yfir á mörg tungumál og leikin í tæplega tuttugu löndum víða um heim. Verk hans hafa meðal annars verið sýnd í Sydney, Amsterdam, Helsinki, Prag, Höfðaborg og Toronto við miklar vinsældir. Tvö leikverk eftir hann hafa verið sýnd á West End í London, poppsöngleikurinn BoyBand árið 1999, sem einnig var sýndur á leikför um Evrópu, og Stórfengleg! eða Glorious! árið 2005.

Verkið var tilnefnt til Laurence Olivier-verðlaunanna sem besti nýi gamanleikur ársins. Ingunn Ásdísardóttir þýddi.

Auk Ólafíu eru leikarar í sýningunni þau Örn Árnason, Stefán Hallur Stefánsson, Edda Arnljótsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir.

Stefán Hallur og Dóra koma fram í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu. Jóhann G. Jóhannsson stjórnar tónlist og Þórunn Sigþórsdóttir er aðstoðarleikstjóri. Frosti Friðriksson gerði leikmynd en Þórunn Elísabet Sveinsdóttir búninga og Björn Bergsteinn Guðmundsson hannaði lýsingu. - pbb


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE
Í SJÖUNDA HIMNI
MEÐ HEMMA GUNN
Bubbi Morthens og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir í fyrsta sinn saman í viðtali
Bríet Sunna syngur með Jónsa úr hljómsveitinni Í svörtum fötum
Hemmi Gunn hittir hinn 5 ára gamla Hemma Gunn
Strákarnir úr Mammút mæta á svæðið
... og heilmargt fleira í beinni í kvöld kl. 20:05
Landsbankinn


Arested Developement kl. 22:25


Búbbarnir kl. 19:40


Entourage kl. 22:00

brottnámið úr kvennabúrinu w. a. mozart
ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR

**BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart** 25 ára og yngri: 50% afsl.
9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20 - UPPSELT - 10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - UPPSELT
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl.19.15

**SKUGGALEIKUR - NÝ ÍSLENSK ÓPERA - FRUMSÝNING 18. NÓVEMBER** - miðasala hafin
Tónskáld: Karólína Eiríksdóttir, textahöfundur; Sjón
Samstarfsverkefni Íslensku óperunnar og Strengjaleikhússins

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN



„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG."
AMADEUS

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 28/10 kl. 14
Sun 29/10 kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Fös 27/10 kl. 20 UPPS. Lau 28/10 kl. 20
Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MANNTAFL**
Sun 29/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

**MEIN KAMPF**
Fös 27/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

**REGÍNA ÓSK ÚTGÁFUTÓNLEIKAR**
Í djúpum dal-útgáfutónleikar
Mið 1/11 kl. 21 Miðaverð 2.000

**AMADEUS**
Í kvöld kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

**DOGMA LEIKARANS**
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Sýnt á 3ju hæðinni
Lau 28/10 kl. 17
Lau 4/11 kl. 17
Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

**FJÖLSKYLDUSÝNING Íd**
Lau 11/11 kl. 14 Frums.
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14

Frítt fyrir 12 ára og yngri
13-16 ára hálfvirði

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
Frumsýning 27/10 **uppselt,** 2. sýn. lau. 28/10 **uppselt,** 3. sýn. sun. 29/10 **örfá sæti laus,** 4. sýn. lau. 4/11 **örfá sæti laus,** 5. sýn. sun. 5/11 **örfá sæti laus**, 6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 29/10 **örfá sæti laus**, sun. 5/11 **kl. 14:00 uppselt,** lau. 11/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 12/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 18/11 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 **örfá sæti laus**, fös. 3/11 **örfá sæti laus**, fim. 9/11 **örfá sæti laus**, fös. 10/11 **örfá sæti laus**, fim 16/11, fös. 17.11.

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 4/11, sun. 5/11, fös. 10/11 **örfá sæti laus**.

**FOSSE HÁTÍÐ:**
**SUMARDAGUR** eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

**NAFNIÐ OG SONURINN** – leiklestur á tveimur verkum eftir Jon Fosse
Lau. 28/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.

**MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE**
Sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Lau. 4/11, sun. 5/11 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, lau. 11/11, fös. 17/11, lau. 25/11.

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
lau. 28/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt,** sun. 29/10 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt,** lau. 4/11 **kl. 11:00 uppselt** og **kl. 12:15 örfá sæti laus**, sun. 5/11 kl. **11:00 uppselt** og **kl. 12:15 uppselt,** lau. 11/11 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og **kl. 12:15 uppselt,** sun. 12/11 **kl. 11:00 örfá sæti laus** og kl. **12:15 örfá sæti laus**.

*Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október*
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
**Fjölbrautaskóla Snæfellinga Grundarfirði** í dag fim. 26/10 kl. 20:00.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.



REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


HEIMSÞEKKT SKÁLDKONA, DACIA MARAINI, SÆKIR ÍSLAND HEIM:

# Skáld og baráttukona


**Dacia Maraini** Er úr innsta kjarna valdamikilla listamanna á Ítalíu og er víða um lönd viðurkennd sem mesta kvenskáld þeirra að frátalinni Elsu Morante.

Um aldir hafa Íslendingar átt samskipti við Ítalíu. Héðan fór fiskur fyrr á öldum og beint til hafnar í Genúa. Við lutum um aldir kirkjustjórn þar í landi og þangað sóttu menn vakningu í listum og menningu. Vínin þeirra drekkum við og pastað er tíður kostur á öllum heimilum, en aldrei höfum við lagt okkur eftir að læra tungu þeirra og fylgjast með því sem efst er á baugi í menningunni þar suður frá.

Þessa vikuna minna ítölsk stjórnvöld á tungu sína og menningu um víða veröld. Átakið kalla þau „La settiman della lingua italiana nel mondo" og er þetta í sjöunda skipti sem til þess er gripið. Af því tilefni er hingað komin í boði stjórnvalda skáldkonan Dacia Maraini sem er einn af virtustu núlifandi rithöfundum heimalands síns.

Dacia er Flórensbúi en hefur gert sögu lands síns og þjóðar að sínum heimabæ í verkum sínum Hún hefur sent frá sér skáldsögur, smásögur, ljóð, yfir 30 leikrit ásamt fjölmörgum ritgerðum um bókmenntir og leikhús.

Dacia hefur leikstýrt átta kvikmyndum (þeirra á meðal stuttmyndium og heimildarmyndum fyrir sjónvarp) og tekið þátt í að skrifa kvikmyndahandrit ásamt höfundum eins og Pier Paolo Pasolini, Marco Ferreri og Margarethe Von Trotta.

Mariani tók saman við Alberto Moravia rithöfund snemma á sjöunda áratugnum. Þau ferðuðust saman víða um heiminn og dvöldu um tíma í Afríku. Ritratto di donne africane er ein af hennar þekktustu heimildarmyndum frá þeim tíma, 1977.

Verk hennar einkennast af persónulegum hugleiðingum um félagslegar umbreytingar sem og stöðnun og í þeim koma sterkt fram viðhorf hennar gagnvart ofbeldi á konum og börnum. Meðal hennar þekktustu verka eru í enskum þýðingum Woman at War (1975) sem fjallar um ítölsku femínistahreyfinguna, Isolina (1985), sönn saga um ofbeldi gegn konum og The Silent Duchess (1990) sem fjallar um líf daufdumbrar aðalskonu á Sikiley á fyrri helmingi átjándu aldarinnar. Nýjasta skáldsaga Maraini ber titilinn Colomba og kom út árið 2004.

Í tengslum við ítölsku menningarvikuna er haldin ráðstefna þar sem Dacia kynnir verk sín og afstöðu.

Það er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur sem stendur fyrir ráðstefnunni hér ásamt ítalska sendiráðinu og er hún í húsakynnum Norrænahússins í dag kl 17.30-19.30. Aðgangur er öllum opinn og er gestum boðið upp á léttar veitingar. Þar verður rætt við skáldkonuna á ensku. **- pbb**

# Prinsinn og betlarinn

Tvær ævisögur poppara komu út fyrir skömmu í Bretlandi: Adam Ant hefur sett saman æviferil sinn, Stand and Deliver, og Cris Salewicz, áhangandi Clash, hefur tekið saman bók sem hann kallar Redemption Song um ævi Joes Strummer.

Strummer var stofnandi og forkólfur Clash, höfuðbandsins í breska pönkinu. Strummer var óvenjulegur maður sem lést af hjartaáfalli 2002. Í bókinni er honum raunar lýst sem tveimur mönnum. Hann var kominn af velstæðu fólki, faðir hans var í utanríkisþjónustunni, og gegndi hann síðar meðal forréttindafólks í efsta lagi Bretlands.

Í einkalífi sínu hélt hann sig á þeim slóðum, bjó í sveitum Somerset á setri og unni gönguferðum með hunda sína. Ævisagnaritari gerir því skóna að hinn maðurinn sem Strummer geymdi hafi orðið til þegar bróðir hans féll fyrir eigin hendi. Þá hófst uppreisn Strummers. Hann droppaði úr skóla og tók upp nýtt nafn. Sem pönkstjarna var hann ófyrirleitinn og harð-


**JOE STRUMMER LAGASMIÐUR OG TEXTASKÁLD CLASH** Róttækur uppreisnarmaður af góðum ættum.

vítugur viðskiptis, Clash var undir hans leiðsögn pólitískt og reitt band: London Calling, Sandinista og Combat Rock eru róttæk lagasöfn. Enda var þetta tími Thatcher.

Adam Ant lýsir í sinni ævisögu líka tveimur mönnum: hann hefur um langt skeið þjáðst af geðhvarfasýki en er ekki síður markaður af frægðarferlinum.

Hann var af lágum stigum, gekk í listaskóla en foreldrar hans voru í þjónustugeiranum. Hann vildi komast áfram og lenti í höndum Malcolms McLaren, sem þá var í sambúð með Vivienne Westwood og umboðsmaður Sex Pistols. Þaðan lá leið hans í fræga undergroundmynd Dereks Jarman, Jubilee. McLaren setti hljómsveitir á stofn eftir hentisemi. Þeim lenti saman og Adam var orðinn nægilega þekktur til að fá samning. Fyrstu vinsældalög hans spruttu fram 1982/1983.

Myndböndin voru skrautleg. Hann skipti ört um búninga en frægðin var til einnar nætur. Þá fór hann til Ameríku og reyndi fyrir sér sem leikari. Frægð hans þar var mest af samböndum við konur: Jamie Lee Curtis og Heather Graham. Og geðhvarfasýkin náði tökum á honum.

Opinberar framkomur hans síðari ár hafa verið undanfari handtöku fyrir óspektir á almannafæri. Hann var um tíma tíður gestur á geðdeildum.

Nú á tímum á hann það eitt eftir að rekja raunasögu sína og skrifa tilbúið nafn sitt í bækur fyrir gamla aðdáendur. **- pbb**


AUSTURBÆR
**danny** and the **deep** blue sea
"pönkuð ástarsaga"
**Frumsýning:**
fim 2. nóv kl. 20:00
**Sýningar**
fös 3. nóv kl. 20:00 uppselt
fös 3. nóv kl. 22:00 uppselt
lau 4. nóv kl. 20:00
lau 4. nóv kl. 22:00
**Aðeins þessar sýningar**
**Miðaverð kr. 2000**
**Sýningin fer fram á ensku**

**ROCK´N ROLL í 50 ár á Íslandi**
Vegna mikillar aðsóknar og fjölda áskorana verða aukatónleikar í Austurbæ
**25. og 26. október kl. 20.00**
Kynnir: Þorgeir Astvaldsson
**Miðaverð kr. 2000**
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700**



Sýnt í Iðnó
**BEST Í HEIMI**
Frumsýning Uppselt 28. okt.
Sunnudagur 29. okt.
Laugardagur 4. nóv.
Sunnudagur 5. nóv.
Miðasala er opin virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Kvikur pallíettufoss á gafli húss

Ung kona sem hér hefur starfað um hríð tekur þátt í vakningu myndlistarmanna þessa dagana með óvenjulegum hætti. Hún hefur gert veggmynd á gaflinn á Bankastræti 6 úr pallíettum. Verkið kallar Theresa Himmer Sequinfall og vísar þar til vakningarhátíðar starfssystkina sinna Sequences.

Theresa hefur dvalið hér frá því vorið 2005 og starfar á Studio Granda. Hún er menntaður arkitekt frá Arkitektaskólanum í Árósum og lagði þar stund á tilraunir í byggingarlist og landslagshönnun.

Verkið vísar beint í íslenska hefð í myndlist, fossamyndirnar. Það er gert úr skrautefni sem oftast er notað í skartklæði kvenna og leikhúsfólks, glitplötur hringlaga sem þekktastar eru undir alþjóðlega heitinu, pallíettur. Hún hefur fest 13.500 slíkar á nagla á gafl í miðborg Reykjavíkur en undir er óhrjálegur steinveggur með veggjakroti. Þegar vind hrærir verður fossmyndin á veggnum lifandi.



**THERESA HIMMER** Fyrir framan verk sitt, Sequinfall, í miðborg Reykjavíkur.

Í tilkynningu frá Sequences er vakin athygli á að efnið er í raun í andstöðu við það náttúrulega fyrirbæri sem myndin dregur fram á alls ólíklegum stað: hráefnið er úr plasti í miðri borg á ókræsilegum gafli. Þessi gervifoss er á stöðugri hreyfingu, næstum lifandi, eins og náttúran sjálf.

Vakning myndlistarmanna hefur á hátíðinni sótt inn á opinber svæði með áköfum og upplýsandi hætti. Verk Theresu er þar engin undantekning og verður vísast vegfarendum gleðigjafi meðan það er uppi.

- pbb

# Dauðar stjörnur þéna vel

Löngum var sagt að ekkert kæmi listamönnum eins vel og að falla frá á hátindinum. Bandaríska tímaritið Forbes hefur birt í sjötta sinn lista yfir látna afreksmenn sem enn afla góðra tekna. Þeir þrettán efstu á listanum höfðu síðustu tólf mánuði 247 milljónir dala í tekjur samanlagt að sögn Forbes. Tekjurnar byggja á ólíkum stofnum: margir eru með tekjur af höfundar- og flutningslaunum, aðrir selja löngu liðna ímynd sem er enn nýtileg sem féþúfa. Viðmið Forbes var að árstekjur hins látna urðu að vera yfir sjö milljón dala markinu liðna tólf mánuði.



Elvis Presley hefur lengi trónað á toppi listans en Kurt Cobain velti honum úr sessi. Skýrist það af sölu Courtney Love á fjórðungi í fyrirtækinu sem heldur um höfundarrétt Cobains fyrir 50 milljónir dala.



Presley er í öðru sæti, Charles M. Schulz, höfundur Peanuts, er í þriðja en myndasögur hans eru enn víða birtar. Gamall aðdáandi Presleys, John Lennon, er í fjórða sæti enda er eiginkona hans ötul við að halda gengi hans á markaði á floti. Albert Einstein er í fimmta sæti. Þá koma þau í röð: Andy Warhol myndlistarmaður, barnabókahöfundurinn bandaríski Dr. Seuss, Ray Charles, Marilyn Monroe, Johnny Cash og J.R.R. Tolkien. Lestina reka bítillinn George Harrison og Bob Marley.

- pbb




LÉTT BYLGJAN 967

14:00 Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir
Gunnar Magnússon
Katrín Pétursdóttir Young
Óðinn Bolli
Tinna Gunnarsdóttir
Þórdís Zoega
15:00 Atli Hilmarsson
Ámundi
Gunnar Karlsson
Siggi Eggertsson
Sól Hrafnsdóttir
Stefán Kjartansson
16:00 Bergþóra Guðnadóttir
Aftur
ELM
Sigrún Baldursdóttir
Steinunn Sigurðardóttir
Sunna Dögg Ásgeirsdóttir
17:00 Arkibúllan
Einrúm
Guðmundur Jónsson
Hjördís og Dennis
Teiknistofan Tröð
Yrki

RJÓMI
24 HÖNNUÐIR 240 MÍNÚTUR

RJÓMI íslenskrar hönnunar verður dreginn fram í dagsljósið þegar tuttugu og fjórir af áhugaverðustu hönnuðum Íslands kynna verk sín í tíu mínútur hver í hönnunarmaraþoni ásamt því sem nemendur LHÍ og HR kynna fimm vikna rannsóknarvinnu í formi viðskiptahugmynda sem lýsa spennandi tækifærum þar sem sérkenni íslenskrar hönnunar eru dregin fram.

Viðburðurinn verður haldinn í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, milli klukkan 13:00 og 18:00 laugardaginn 28. október 2006.

Þann 29. október mun sýningin færast yfir til höfuðstöðva Marels og vera opin til 11. nóvember 2006.

Sýningin er opin öllum og aðgangur er ókeypis / www.rjomi.is

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS - ICELAND ACADEMY OF THE ARTS - HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK Marel Íslandsprent FRÉTTABLAÐIÐ BYKO GLITNIR

## GOTT GLÁP



**Mýrin:** Myndin sem allir eru að tala um og er sýnd fyrir fullum sölum. Baltasar Kormáki tekst hér að flytja glæpasögu Arnalds Indriðasonar með miklum glæsibrag á hvíta tjaldið. Mynd sem ekki er hægt að leyfa sér að missa af.

**Infernal Affairs:** The Departed eftir Martin Scorsese er byggð á þessari hressilegu Hong Kong-mynd og djöfulgangurinn er síst minni hjá löggum og bófum sem berast á banaspjótum í Hong Kong en Boston. Hörkumynd.

**Monster House:** Fínn spennuhrollur fyrir kalda krakka sem kalla ekki allt ömmu sína og stærsti kosturinn við hana er sá að hárin rísa einnig á fullorðna fólkinu.

# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN GUÐRÚN DANÍELSDÓTTIR, GARÚN, AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI

## *Woody Allen mesta hetjan*



**Eftirlætis kvikmynd:**
Það fer alltaf eftir því í hvernig skapi ég er. Núna er það... Fried Green Tomatoes.

**Eftirminnilegasta atriðið:**
Það er örugglega þegar ég sá Hannibal Lecter í fyrsta sinn, það var ógeðslegt. Hann blikkaði ekki augunum, algjör viðbjóður.

**Uppáhaldsleikstjóri:**
Luc Besson.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Það er Woody Allen. Hann er hvunndagshetjan og bara snillingur.

**Mesti skúrkurinn:**
Flottasti skúrkurinn er Goldfinger úr James Bond-myndinni. Mér fannst hann mjög flottur.

**Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér?**
Allir „heimskir" karakterar í íslenskum bíómyndum, eins og heimska fólkið úr Blossa. Þeir eru bara of mikið.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Það væri íslensk hryllingsmynd sem gerist á sjó. Leikstjórinn væri Reynir Lyngdal og ég væri mjög til í að leika á móti Theódóri Júlíussyni.



## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

## *Skotleyfi á Bond afturkallað*

Þrátt fyrir að fátt bendi til annars en að enski leikarinn Daniel Craig muni koma sterkur inn sem nýr James Bond og skila hlutverki þess skotglaða kvennaljóma með miklum sóma heyrast enn efasemdaraddir frá heittrúuðum aðdáendum þessa svalasta njósnara hennar hátignar. Ráðning Craigs í hlutverkið mætti strax mikilli andstöðu harðra Bond aðdáenda sem fundu honum allt til foráttu. Allt frá því að hann væri ljóshærður til þess að leikaranum sjálfum væri ekki vel við byssur. Aðfinnsluefnin voru flest léttvæg og andúðin illa ígrunduð og kjánaleg. Háralitur Bonds og í raun húðlitur skiptir ekki máli. Hann þarf bara að vera töff. Samuel L. Jackson gæti því alveg leikið hann rétt eins og Pierce Brosnan. Craig er töffari og nýtt sýnishorn úr Casino Royale hefði átt að þagga niður í grátkórnum. Hann er vissulega öðruvísi Bond en hann er eitursvalur og ef stiklan gefur rétta mynd af Casino Royale sem heild þá megum við eiga von á hörku Bond mynd.

Heimurinn sem við lífum í breytist hratt og Bond verður að breytast með eigi hann að komast af. Ný kynslóð harðjaxla á borð við Jack Bauer og Jason Bourne kalla nú á aðra endurnýjun á Bond og aðdáendur hans mega eiga von á uppfærðum töffara sem stenst kröfur nýrrar aldar. Afdráttarlausri stefnubreytingu sem þessari er upplagt að fylgja úr hlaði með nýjum og ferskum manni sem á að vera eitthvað annað og meira en skugginn af Connery. Framleiðendur Bond myndanna reyndu á sínum tíma að taka U- beygju þegar Ástralinn lánlausi George Lazenby tók við af Connery í On Her Majesty's Secret Service. Þar var gert lúmskt póstmódernískt grín að fjarveru Connerys og þeirri óþægilegu stöðu sem arftakinn var í. Þetta skilaði sér í bráðsmellinni og stórlega vanmetinni Bond mynd sem leið fyrir það að aðdáendur njósnarans ætluðu sér aldrei að gefa Lazenby tækifæri.



Það mátti líka svo sem finna ýmislegt að leikaranum en líkurnar á að sagan endurtaki sig í nóvember eru hverfandi. Craig er maður til þess að standa andstreymið af sér og úrtöluliðið mun, þegar upp verður staðið, þurfa að éta stóru orðin.






# Erlendar staðalmyndir í íslenskum búningi

**Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur á morgun sem nefnist Afbrotafræði íslenskra glæpasagna. Þar mun hann m.a. fjalla um Mýrina út frá afbrotafræðilegu sjónarhorni.**



HELGI GUNNLAUGSSON Helgi segir að veruleikinn sé ekki eins einfaldur og honum er lýst í bókum Arnaldar Indriðasonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrirlestur Helga er hluti af sjöundu félagsvísindaráðstefnu Háskólans sem verður haldin í Odda og Lögbergi frá klukkan 9 til 17. „Ég skoða týpurnar í bókum Arnaldar, til dæmis gerendur glæpa og hvernig lýsingin er á þeim," segir Helgi. „Ég skoða fíkniefnasalana, fórnarlömb eiturlyfja og leynilögregluna sjálfa. Þarna eru ákveðnar staðalmyndir sem við sjáum í erlendum bókum. Arnaldur setur þetta í íslenskan búning."

**Með erfðasyndina í blóðinu**

Helgi segir að glæpamennirnir í bókum Arnaldar séu oftast nær málaðir mjög dökkum litum og eigi sér í raun engar málsbætur. „Holberg [í Mýrinni] er til dæmis algjör mannleysa og nauðgari. Hann er fyrirlitlegur karakter og maður er í raun og veru gáttaður á því hvernig hann getur gengið laus. Hann er hálfgert „monster" sem er meira að segja með erfðasyndina í blóðinu þar sem dauðinn birtist," segir Helgi. „Vafalítið eru einhver dæmi um svona glæpamenn en yfirleitt eru þeir margbrotnari en þetta. Vissulega fremja þeir glæpi en þeir eru ekki illmenni út í gegn."

**Eva á sér ekki viðreisnar von**

Að sögn Helga lýsir Arnaldur heimi fíkniefnanna á einfaldari hátt en hann er í raun og veru. „Eins og kemur skýrt fram í Dauðarósum þá koma fíkniefnin að utan og fíkniefnasalinn á bak við allt saman slettir amerísku og er samviskulaus dópsali. Þarna er staðalmynd á ferðinni því raunveruleikinn er miklu blandaðari. Það er til dæmis mjög þunn lína á milli dópsala og dópista," segir hann.

„Fleiri staðalmyndir má nefna eins og Birtu í Dauðarósum og Evu Lind. Henni er lýst sem algjörlega viljalausu verkfæri sem á sér enga viðreisnar von og er næstum því dæmd til að deyja. Eva Lind er í dauðadái alla bókina í Grafarþögn. Það eru til neytendur af mörgu tagi og það er fíkniefnaneysla úti um allt í samfélaginu. Það eru samt fæstir sem eru eins og Eva Lind, sem er ekki með sjálfri sér."

**Ofsalega vel gerð mynd**

Helgi er búinn að sjá Mýrina á hvíta tjaldinu og finnst hún að mörgu leyti mjög góð. „Hann er flottur handverksmaður hann Baltasar. Í sambandi við framvinduna þá skautar hann svolítið hratt yfir og það eru oft óljósar tengingar. Mér fannst Elliði mjög góð týpa og þetta er ofsalega vel gerð mynd en það eru vankantar í henni," segir hann.



ERLENDUR Ingvar E. Sigurðsson fer með hlutverk Erlends í kvikmyndinni Mýri.

**Erlendur er ekki algjör gunga**

„Erlendur fellur inn í þessa týpu sem við þekkjum úr skandinavískum raunsæisbókmenntum og rannsóknarlöggum á borð við Morse. Hann gerir ekki allt með tilþrifum en það er stundum smá töggur í honum. Hann er Íslendingur sem heitir Erlendur og er að takast á við hið nýja Ísland og verja það fyrir erlendu glæpunum," segir Helgi.

„Síðan er þarna Sigurður Óli sem er menntaður frá Ameríku og tekur þessu með hneykslun en gengur samt í gegnum þetta, því svona er þetta bara. Hann er að sumu leyti skilgetið afkvæmi nútímasamfélagsins og hugsar til dæmis meira um sjálfa sig en aðra."

Fyrirlestur Helga verður á milli kl. 15.00 og 17.00 á morgun í stofu 102 í Lögbergi og eru allir áhugamenn um bækur Arnaldar Indriðasonar og kvikmyndina Mýrina hvattir til að mæta.

freyr@frettabladid.isv

# Jet Li lætur hnefana tala

Nýjasta mynd kínverska bardagalistamannsins og leikarans Jets Li, Fearless, verður frumsýnd um helgina. Myndin er sérstakt gæluverkefni leikarans en hún fjallar um Huo Yuanjia, frægasta bardagalistamann Kína fyrr og síðar.

Huo fæddist árið 1869 og lést 1910 en nafn hans er enn í hávegum haft í Asíu og myndin hefur notið gríðarlegra vinsælda í álfunni þar sem hún hefur í aðsókn slegið út myndir á borð við Crouching Tiger, Hidden Dragon, Hero og House of Flying Daggers.



JET LI Leikur átrúnaðargoð sitt, Huo Yuanjia, af lífi og sál í Fearless.

Persónulegir harmleikir dundu á Huo sem gafst þó aldrei upp og barðist til metorða en hann þykir hafa fest sannan anda asískra bardagalista í sessi sem leið til andlegrar fyllingar og friðar. Huo stofnaði JingWu-bardagaskólann en skólinn kemur við sögu í Bruce Lee myndinni Fist of Fury og í Fist of Legend með Li sjálfum.

Leikstjóri myndarinnar, Ronnie Yu, hefur líkt og Jet Li haldið sig í Hollywood undanfarin ár og gerð þar myndir eins og The 51st State, Bride of Chucky og Freddy vs. Jason. Þeir félagar sneru aftur á heimaslóðir til þess að gera sögu Huos skil og höfðu sér til fulltingis Yuen Wo Ping sem sá um bardagaatriðin í The Matrix og Kill Bill. Hann þykir ná nýjum hæðum í útfærslu raunverulegra slagsmála í Fearless þar sem lítið er um tæknibrellur og kempurnar láta einfaldlega hnefana tala á tjaldinu.

# Löggu- og bófahasar hjá Scorsese

The Departed, nýjasta mynd leikstjórans Martins Scorsese, verður frumsýnd á Íslandi á morgun. Myndin hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda sem keppast við að hlaða hana lofi og eina ferðina enn er byrjað að spá leikstjóranum Óskarsverðlaununum en hann missti síðast af þeim árið 2004 með The Aviator.

The Departed er þvottekta glæpamynd sem er byggð á Hong Kong-myndinni Infernal Affairs og menn eru því mikið með byssurnar á lofti. Scorsese kann vel til verka þegar glæpir, fúlmenni og ofbeldisverk eru annars vegar og nægir í því sambandi að nefna Mean Streets, Taxi Driver, Goodfellas og Casino.

Jack Nicholson fer mikinn í myndinni sem glæpaforinginn Frank Costello sem gerir lögreglunni í Boston lífið leitt. Ofurkapp er lagt á að koma kauða bak við lás og slá en hann er háll sem áll. Yfirvöld bregða því á það ráð að koma nýútskrifuðum lögreglumanni, Billy Costigan, sem er tengdur glæpaklíku Costellos fjölskylduböndum, inn í innsta hring gengisins.

Costello hefur svo aftur á móti komið einum sinna manna, Colin Sullivan, í raðir lögreglunnar þannig að báðir hópar fylgjast grannt hvor með öðrum. Leonardo DiCaprio leikur Billy og Matt Damon fer með hlutverk Colins en þetta er í þriðja sinn sem DiCaprio leikur undir stjórn Scorsese en samstarf þeirra hófst með Gangs of New York og hélt svo áfram með The Aviator.

Báða aðila tekur fljótt að gruna að þeir séu með svikara í sínum röðum og uppljóstrararnir tveir leggja því ofurkapp á að fletta hvor ofan af öðrum þar sem það segir sig sjálft að sá þeirra sem fyrr verður dreginn fram í dagsljósið er dauðans matur. Refskákin sem þeir tefla blindandi verður til þess að þeir flækjast enn frekar í vef svika og lyga þannig að blóðugt lokauppgjör er óumflýjanlegt.

Nicholson, DiCaprio og Damon bera myndina uppi en eru dyggilega studdir öflugum aukaleikurum á borð við Martin Sheen, Alec Baldwin, Mark Wahlberg og breska erkitöffaranum Ray Winstone.



**FANTABRÖGÐ** Leonardo Di Caprio fær að kenna á tuddanum Ray Winstone í The Departed en menn eru ekki teknir neinum vettlingatökum þegar þeir lenda upp á kant við Jack Nicholson.



**SVEITASÆLA** Gamla nautið Ben reynir að hafa vit fyrir Otis syni sínum.

# Dýragrín

Tölvuteiknimyndin Barnyard segir frá líflegri tilveru dýra á bóndabæ nokkrum. Gamli bóndinn telur sig ráða lögum og lofum á bænum en þegar hann sér ekki til reisir búfénaður hans og húsdýr sig á tvö fætur, horfir á sjónvarp, sprellar og skemmtir sér.

Gamla nautið Ben hefur vit fyrir hinum dýrunum og gætir þess að bóndinn komist ekki að þessu leyndarmáli þeirra og sér einnig reglulega um að treysta girðingar og varnir bæjarins svo að sléttuúlfar haldi sig fjarri.

Otis er sonur Bens og er alger andstæða föður síns. Hann er sprelligosi mikill og hugsar um það eitt að lifa og leika sér. Ábyrgðarleysi hans er pabba gamla þyrnir í augum og þegar Ben missir heilsuna fer allt úr böndunum þar sem sonurinn hefur ekki dug í sér til að fylla skarð föðurins.

Bónda fer að gruna að ekki sé allt með felldu og leyndarmál dýranna er í hættu auk þess sem sléttuúlfarnir fikra sig nær og vilja þurran blóði væta góm. Öll spjót standa því á glaumgosanum Otis sem þarf að fara að hugsa sinn gang alvarlega.

Barnyard er frumsýnd með íslensku og ensku tali á morgun.

**FRUMSÝNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM



**The Departed**
Internet Movie Database - 8.6/10
Rottentomatoes.com - 93% = Fersk
Metacritic.com - 85/100



**Fearless**
Internet Movie Database - 7.7/10
Rottentomatoes.com - 72% = Fersk
Metacritic.com - 70/100

**The Wendell Baker Story**
Internet Movie Database - 5.7/10
Rottentomatoes.com - Dómar ekki komnir
Metacritic.com - Dómar ekki komnir



**Barnyard**
Internet Movie Database - 4.7/10
Rottentomatoes.com - 25% = Rotin
Metacritic.com - 42/100



> **Athugaðu...**
> *...að áleggið á uppáhaldspitsunni þinni gæti verið góður pastaréttur ef þú blandar því í tómatmauk og hitar á pönnu. Túnfiskur, paprika, tabasco og óreganó virkar alveg jafn vel með pasta og á pitsu.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: ATLI ÞÓR ALBERTSSON LEIKARI

## Fékk seigan hund í langlokubrauði

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Kókópuffs.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Grillaði humarinn sem ég var með um helgina. Ég bar hann fram með hvítlaukssmjöri og steinselju.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, paprika er ógeðsleg. Mér finnst uppáhaldsréttur konunnar minnar, hakk og spagettí, líka vondur.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég legg mikið upp úr því hvernig maturinn er borinn fram. Það skiptir ekki máli hvernig hann er á bragðið, það verður aukaatriði.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Mér finnst rosa gott að fá mér popp.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ost og pestó.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég tæki með mér kókópuffs og Matreiðslubók Nönnu, þar er hægt að finna allar uppskriftir í heiminum og hægt að fletta upp eftir hráefni.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Hundakjöt. Ég fékk það í Suður-Ameríku, borið fram í langlokubrauði. Það var mjög seigt, enda varla úrvalshundur heldur eitthvað gamalt grey.





ÞRÚGUR GLEÐINNAR
**Einar Logi Vignisson**

## Vinsæl en veit ekki af því

Hann er vinsæll og veit af því. Þannig lýsti Hallbjörn Hjartarson svo glæsilega Steingrími Hermannssyni í lagi tileinkuðu honum. Ef þrúgan grenache yrði persónugerð er ólíklegt að sjálfsmynd hennar yrði jafn traust. Hún er að öllum líkindum mest ræktaða þrúga heims en samt er hún lítt kunn þorra neytenda og vín úr henni njóta ekki sömu frægðar og virðuleika og vín úr helstu vínþrúgum heims. Ástæðanna er helst að leita í erfðafræðinni. Grenache er ein erfiðasta vínþrúgan í ræktun vegna þess hve auðvelt er að rækta hana. Hljómar sem öfugmæli en kemur til af því að séu aðstæður of góðar, nóg af vatni og sæmilegur hiti, þá gefur vínviðurinn af sér óhóflegt magn af fljótsprottnum vínberjum. Slíkur ofvöxtur þykir ekki góð latína í víngerð þar sem miklu skiptir að þrúgurnar vaxi hægt en örugglega og nái að kalla fram einkenni úr jarðveginum.

Fljótsprottin vínber framkalla þunn og léttvæg vín. Þannig er megnið af víni úr grenache alkóhólríkt borðvín sem suðrænar þjóðir gera skil með hraði á nokkrum mánuðum frá því að það er sett á flöskur. Þessi vín eru ekki til geymslu og rata sjaldnast út fyrir landsteinana. Séu aðstæðurnar til ræktunar hinsvegar temmilega erfiðar, þurrkur og rýr jörð, og vínviðurinn giska gamall þá geta vín úr grenache sannarlega orðið dásamleg. Hún er aðalþrúgan í suðurhluta Rhône og undirstaðan í hinum frægu vínum héraðsins Chateauneuf-du-Pape. Þau vín geta innihaldið allt að þrettán mismunandi þrúgutegundir en grenache er alltaf aðalþrúgan.

Sökum þess hversu vel grenache hentar til blöndunar með öðrum þrúgum er ekki algengt að fá vín eingöngu úr grenache. Helst er það í spænskum vínum, t.d. frá héruðunum Navarra og Priorato. Grenache virðist hafa þann mikla kost að draga fram það besta í öðrum þrúgum og slípa af vankantana. Þetta sést best í sambúðinni við syrah-þrúguna í frönsku vínunum og við tempranillo í spænsku vínunum.

Á uppskerudögum í vínbúðum sem lýkur í næstu viku eru níu vín úr grenache á lækkuðu verði. Fimm þeirra eru frá Frakklandi, flott vín sem gefa góða mynd af því hvað býr í þrúgunni. Þarna eru líka bæði dæmigerður fulltrúi einfaldleikans í spænsku hefðinni og risavín frá Spáni með öllum þeim glæsileika sem einkenna stóru spænsku vínin. Ástralir eiga tvo fulltrúa þar sem shiraz er blandað við að frönskum sið.



**Á botninn hvolft:**
Ekki eru allir hrifnir af eikuðum vínum en vilja samt stór og bragðmikil vín með steikinni. Slík vín má fá úr grenache.




**Vínskólinn**

*Fræðsla um létt vín, vínsmökkunarnámskeið fyrir alla.*

Næstu námskeið:

2.11 **Ólífuolíur** – Ostabúð Skólavörðustig 8
*Vín og ólífuolíur hafa margt sameiginlegt fyrir sælkerann - nýr heimur!*
7.11 **Nýja Víngerðin frá Spáni** – Hótel Centrum
*Margt nýtt en þó hefðbundið frá uppáhaldslandi okkar Spáni.*
9.11 **Matur og Vín** - Hótel Centrum
*Góð verkleg ráðgjöf um vínin með matnum, kemur alltaf á óvart.*
14.11 **Smökkum og gískum** - Hótel Centrum
*Skerpa skynfæri í léttum leik, þekkja betur vínin og eigin smekk.*
16.11 **Vín frá Alsace** – Hótel Centrum
*Hvítvínin sem hafa heillað mörgum uppúr skónum.*
21.11 **Þrúgurnar og vínviðurinn** – Hótel Centrum
*Hvað stendur bakvið þrúgunöfnin, hvernig fer vínrækt fram?*

Allar nánari upplýsingar á www.vinskolinn.is
Skrá sig: dominique@vinskolinn.is • Sími 898 4085




**ELDAR FREKAR FYRIR AÐRA** Carmen finnst gaman að halda matarboð, en segist geta verið duglegri að elda fyrir sjálfa sig.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Eldar katalónskan mat

**Carmen Jóhannsdóttir er nýsnúin heim úr ferðalögum erlendis. Hún dvaldist síðast í Barcelona, þaðan sem hún er ættuð.**

„Ég er svo heppin að eiga ættir að rekja út í heim. Þá er af meiri, eða fjölbreyttari menningu að taka,“ segir Carmen. „Ég ólst upp við spænska og katalónska matargerð og elda eiginlega frekar þannig mat en íslenskan.“ Matarmenning í löndum Suður-Evrópu er sem kunnugt er ólík þeirri íslensku, og Carmen segist njóta hennar þegar hún dvelst á Spáni. „Mér finnst ótrúlega gaman að sitja lengi við að borða. Ég er nýkomin frá Barcelona þar sem ég var að heimsækja vini, og við tókum heilt kvöld í að fara á milli staða og borða eitthvað smávegis á hverjum og einum,“ sagði hún, en bætti því við að hér heima ætti hún það til að festast í því að borða á hlaupum eins og aðrir.

Carmen segist hafa tekið eftir því í vinahóp sínum að strákar hafi nú meiri áhuga á mat en stelpur. „Það eru vinir mínir frekar en vinkonur sem eru að prófa sig áfram í eldamennsku og tala sín á milli um hvað þeir hafa eldað,“ sagði Carmen. Hún er einnig með kenningu um hver orsökin sé. „Ætli stelpurnar séu ekki bara orðnar latar, það er svo gott að hafa gæja til að dunda við sig,“ segir hún og hlær.

Uppskriftina sem Carmen lætur lesendum Fréttablaðsins í té segir hún vera týpískan katalónskan rétt. „Þetta er fyrst og fremst hugsað sem forréttur en getur líka alveg verið léttur réttur,“ segir hún.

**Gambas a la ajo eða rækjur í hvítlauk.**
**Fyrir fjóra.**
**400 g frosnar rækjur**
**ólífuolía**
**cayenne pipar**
**steinselja**
**4 hvítlauksrif**
**pínulítið salt**

Látið rækjurnar þiðna og hellið öllum vökva af þeim. Takið fram fjórar litlar, eldfastar skálar og hellið hálfum bolla af olíu í hverja skál. Pressið eitt hvítlauksrif út í hverja skál og hrærið vel saman. Hitið í ofni við 220 gráður þar til að hvítlaukurinn er farinn að krauma. Það þarf að passa vel að laukurinn brenni ekki. Þegar hann er farinn að krauma á yfirborði olíunnar eru rækjurnar og steinseljan sett út í. Setjið skálarnir aftur inn í ofn í 15-20 mínútur. Berið fram með fersku snittubrauði og frekar þurru hvítvíni. Gott kampavín væri náttúrulega alls ekki verra.

# Hollur matur á Café Sigrúnu

Sigrún Þorsteinsdóttir býr í London ásamt manni sínum. Hún starfar bæði þar og hérlendis sem sérfræðingur í aðgengismálum fatlaðra á netinu. Meðfram því heldur hún úti uppskriftasíðunni Café Sigrúnu, með einum 300 uppskriftum. Hún segir um 200 manns skoða síðuna daglega.

„Þetta eru mestmegnis grænmetisuppskriftir, uppskriftir án sykurs, hveitis, gers og almennt án aukaefna. Ég forðast unnar matvörur og það endurspeglast í uppskriftunum,“ segir Sigrún.

Sigrún viðurkennir að erfitt geti verið að skipta um mataræði. „Sérstaklega ef fólk þekkir engan sem getur veitt því ráð. Það getur líka verið dýrt og flókið að kúvenda því allt í einu. Það er ekki auðvelt að byrja en alveg þess virði!“ segir Sigrún. Hún segir best að taka lítil skref. „Það má baka í stað þess að steikja, og nota jógúrt í stað rjóma í köldum sósum. Svo má breyta uppskriftum, nota minni sykur og spelti til helminga við hveiti.“ Sigrún segir mikilvægt að kunna að lesa í upplýsingar utan á pakkningum matvöru. „Þetta ætti að vera kennt í skólum. Fólk á að vera meðvitað um hvað það lætur ofan í sig, við eigum bara einn líkama.“ Uppskriftir má nálgast á www.cafesigrun.com.



**HOLLUR ÚTILEGUMATUR Í GÖNGUFERÐ Í SKOTLANDI** Sigrún hætti að borða sykur og skyndibita fyrir tuttugu árum og saknar þess ekki.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR

**SIGRÚN MÆLIR MEÐ ÞESSUM UPPSKRIFTUM FYRIR BYRJENDUR:**
- Kjúklingabaunasúpa
- Morgunverður í glasi
- Brauð með sólblóma- og sesamfræjum
- Sultukaka með carobkremi

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

# Nylon kemur með jólin til Coventry

Hvalveiðar Íslendinga virðast ekki hafa mikil áhrif á Nylon-flokkinn því honum hefur verið


**STEVE BROOKSTEIN** Sigraði í fyrstu X-Factor keppninni á Bretlandi og verður Nylon innan handar í Coventry.

úthlutað það erfiða verkefni að koma með jólin til ensku borgarinnar Coventry ef marka má breska vefinn Iccoventry.icnetwork.co.uk. Þar kemur fram að stúlkurnar muni kveikja á jólaljósum bæjarins þann 19. nóvember við hátíðlega athöfn á Millenium Place.

Nylon gaf nýlega út tvöfalda A-hliða smáskífu með lögunum Closer og Sweet Dreams en síðarnefnda lagið gerði góða hluti á breskum dansstöðum fyrir nokkru. Stúlkurnar verða hins vegar ekki einar um hituna í Coventry því með þeim á sviði verður fyrsti sigurvegari raunveruleikaþáttaraðarinnar X-Factor, Steve Brookstein, sem hlaut á sínum tíma sex milljónir atkvæða í sjónvarpsþáttunum.

Fram kemur á vefnum að Nylon sé svar Íslendinga við Spice Girls og er nafnið á sveitinni sagt vera hálfundarlegt. Þá er einnig sagt frá því að hljómsveitin hafi haft betur í plötuslagnum hér á Íslandi við breska poppgoðið Robbie Williams í desember, eitthvað sem kemur Bretanum spánskt fyrir sjónir. **- fgg**


**NYLON** Koma með jólin til Coventry en þær taka þátt í að kveikja á jólaljósum bæjarins.

# Rétti fram hjálparhönd

Rokkarinn Courtney Love segist hafa hjálpað söngvara Babyshambles og unnusta ofurfyrirsætunnar Kate Moss, Pete Doherty, í meðferð. „Ég hringdi í hann og skipaði honum að fara í meðferð og leita sér hjálpar,“ segir Love í samtali við breska blaðið Daily Star. Einnig segir Love að hún hafi talað við móður kappans og Moss til að fá þær til að mæta með Doherty á AA fundi. „Þetta gerði ég til að halda Doherty og Moss saman og mér sýnist að það hafi gengið framar vonum.“


**COURTNEY LOVE**

Love veit sínu viti um þessi mál því hún hefur sjálf gengið í gegnum ýmsar eiturlyfja- og áfengismeðferðir.

# Moss segir Mills lygara

Sápan í kringum skilnað Pauls McCartney og Heather Mills heldur áfram en nú hefur ofurfyrirsætan Kate Moss, sem er besta vinkona Stellu McCartney, stigið fram og sagt sitt álit á Mills. „Ég hef hitt Heather og hún er bölvaður lygari,“ á Moss að hafa sagt við vini sína samkvæmt breska blaðinu The Sun og mun ofurfyrirsætan hafa hringt í Stellu og boðið henni til að veita henni stuðning sinn.

The Sun er sjálft komið í hringiðu skilnaðarins en á þriðjudaginn tilkynnti Heather að hún hygðist fara í mál við blaðið auk tveggja annarra vegna fréttaflutnings þeirra af þessu öllu. The Sun birti í gær sex lygar fyrirsætunnar sem fjölmiðlar hafa afhjúpað að undanförnu. Þegar hefur verið greint frá fortíð fyrirsætunnar sem nektarfyrirsætu og vændiskonu en The Sun segir jafnframt frá því að fyrrverandi eiginmaður hennar, Alfie Karmal, hafi sagt hana vera haldna lygaáráttu en Mills fór frá honum fyrir skíðakennarann Milos. Æskuvinkona Mills, Margret Ambler, hótaði Mills lögsókn vegna þeirrar yfirlýsingar að þær hefðu báðar verið misnotaðar kynferðislega. Margret hélt því fram að þetta hefði einungis átt við um sig. Mills rændi nafni þekkts rannsóknarblaðamanns og þóttist vera hann í viðtölum í von um að það myndi hjálpa henni til að fá starf í sjónvarpi og Mark Mills, faðir Heather, hefur jafnframt lýst því yfir að Heather hafi margoft logið kynferðislegri misnotkun upp á hann.


**STENDUR MEÐ MCCARTNEY** Kate Moss telur Mills vera bölvaðan lygara og segist vera tilbúin að bera vitni í skilnaðarmálinu.

The Sun segir jafnframt frá því að málskjölin viðkvæmu hafi verið send með faxi til AP-fréttastofunnar frá blaðamannabúð í London. Átta síðurnar voru augljóslega undirbúnar af lögfræðingi Heather, Anthony Julius, að mati The Sun en lögfræðistofa hans er í fimmtán mínútna fjarlægð frá búðinni og eigandi hennar segist muna eftir skolhærðri konu á aldrinum 35 til 45 ára faxa einhver skjöl á þessum tíma. **freyrgigja@frettabladid.is**


**ERFIÐIR TÍMAR** Heather Mills á undir högg að sækja heima fyrir en fræga fólkið í Bretlandi virðist standa þétt við bakið á Paul McCartney.


ÍSLENSKA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍAN KYNNIR

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS

STUTTMYNDAKEPPNI Á EDDUNNI 2006

FYRIR UNGA KVIKMYNDAGERÐARMENN Á ALDRINUM 15-25 ÁRA

EDDA 2006

Hvatningarverðlaun Landsbankans eru veitt í stuttmyndakeppni Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar sem ætluð er efnilegu kvikmyndagerðarfólki á aldrinum 15 – 25 ára.



FYRSTU VERÐLAUN SONY HDV

Skila skal 5 eintökum á DVD eða VHS ásamt útfylltum og undirrituðum eyðublöðum á skrifstofu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14, 101 Rvík fyrir kl. 17:00 þann 3. nóvember

- SKILAFRESTUR ER FÖSTUDAGURINN 3. NÓVEMBER KL. 17:00
- MYNDIRNAR SKULU VERA ALLT AÐ 20 MÍNÚTUM Á LENGD
- MYNDIRNAR SKULU EKKI VERA ELDRI EN EINS ÁRS
- SÁ SEM SKRÁIR VERK TIL KEPPNI SKAL HAFA TIL ÞESS UMBOÐ FRÁ ÖÐRUM RÉTTHÖFUM

Á Edduhátíðinni 19. nóvember 2006, verða Hvatningarverðlaun Landsbankans veitt í annað sinn. Verðlaunin eru veitt í Stuttmyndakeppni IKSA, en keppnin er hugsuð fyrir stuttmyndir sem gerðar eru af ungu fólki.

Hæfar til keppni eru stuttmyndir sem gerðar hafa verið á síðusta ári af ungu fólki á aldrinum 15-25 ára. Valið verður í undanúrslit úr innsendum verkum þær myndir sem þykja skara fram úr að gæðum.

Skilafrestur á myndum er til kl. 17:00 föstudaginn 3. nóvember nk. Sá sem skráir verk til keppni skal hafa til þess umboð frá öðrum rétthöfum. Dómnefnd er skipuð þremur einstaklingum sem standa framarlega í kvikmyndagerð á Íslandi. Fjallað verður um öll innsend verk og munu viðmið dómnefndar byggja á þáttum eins og sköpun, meðferð tæknilegra þátta, frásagnarstíl og frumleika.

Myndirnar skulu ekki vera meira en 20 mínútur að lengd og mega ekki innihalda efni sem telst til kláms, tilhæfulauss ofbeldis, auglýsingar eða annað sem varðað getur við lög. Þær skal senda inn í fimm eintökum á formatti sem er útsendingarhæft og í viðunandi gæðum fyrir net og sjónvarp.

Undanúrslit verða kunngerð þann 10. nóvember. Myndir sem keppa til verðlaunanna verða sýndar, í heild eða hluta, í Sjónvarpinu sunnudaginn 12. nóvember. Einnig verða þær til sýnis á netinu vikuna fyrir Edduhátíðina og þar mun almenningi gefast kostur á að skoða þær og greiða um þær atkvæði sem vega munu 35% í endanlegu atkvæðagildi.

Þegar atkvæðagreiðslu á netinu er lokið mun dómnefnd taka aftur til starfa og fjalla um myndirnar þrjár. Ákvörðun dómnefndar vegur 65% í endanlegu vali á verðlaunahafa.

Tilgreina skal í nafni hvers sótt er um þátttöku í keppninni og tilgreina hverjir standa að verkinu. Skráningareyðublaði fylgir skilmálablað þar sem upplýsingar um höfundarrétt og leyfisveitingar koma fram og er það forsenda þátttöku að þær upplýsingar séu lesnar og að kvöðum sem þar koma fram sé framfylgt.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.LOGS.IS

Landsbankinn



**FRJÓIR HÖNNUÐIR** Þau Árni, Magnea, Oddný, Róshildur, Snæbjörn, Stefán Pétur og Sverrir útskrifuðust öll saman úr Listaháskólanum og ákváðu að búa til vinnustofu fyrir vöruhönnuði þar sem þau taka að sér verkefni úr öllum áttum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ungir hönnuðir opna Grettisborg

„Við erum öll nýútskrifuð úr Listaháskólanum í vöruhönnun,“ segir Snæbjörn Stefánsson, einn af sjö hönnuðum sem eru þessa dagana í óða önn að opna vinnustofu á Grettisgötu. Stofan ber nafnið Grettisborg og tekur hópurinn að sér ýmiss konar hönnun. Vöruhönnun er ungt fag en þetta er í fjórða skiptið sem Listaháskólinn útskrifar hóp úr þessu fagi.

„Vöruhönnun er mjög opið svið innan hönnunar og getum við tekið að okkur verkefni allt frá drykkjarílátum í að hanna útlit á tölvu,“ segir Snæbjörn og bætir því við að styrkur félaganna á Grettisborg felist í því hversu mörg þau eru saman og geta því tekið að sér stærri verkefni. „Við erum samt öll að vinna sjálfstætt líka og tökum að okkur einstaklingsverkefni.“

Snæbjörn hefur ekki áhyggjur af því að róðurinn verður þungur fyrir ungt hönnunarfyrirtæki fyrst um sinn. „Við erum öll vön því að vera fátækir námsmenn þannig að þó svo að þetta fari hægt af stað þá erum við að fjárfesta í okkar eigin framtíð. Það er samt ákveðin vakning í samfélaginu núna að hönnun geti verið arðbær þannig að við lifum í voninni,“ segir þessi ungi hönnuður að lokum.

Grettisborg verður opnuð á föstudaginn klukkan 17 með pompi og prakt þar sem gestir og gangandi geta komið við á Grettisgötu 51a og séð vinnustofu og verk hönnuðanna. Heimasíða hönnunarteymisins er www.grettisborg.com. **- áp**

# POPP OG KÓK

## OG NÝJUSTU MYNDIRNAR




TILBOÐ 19.-29. OKTÓBER

**NÝ MYND + ELDRI + POPP + 2L. COKE**

# 790 KR.



# BÓNUSVÍDEÓ

*Leigan í þínu hverfi*

*EF MYNDIN THE DA VINCI CODE, MI3 EÐA THE BENCHWARMERS ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐIÐ GILDIR 19.-29. OKTÓBER UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.







# Íslenskt kvöld á In the City-hátíðinni

Fimm íslenskum tónlistarmönnum og hljómsveitum hefur verið boðið að koma fram á In the City-tónlistarhátíðinni þann 31. október.

Það eru Elíza Geirsdóttir Newman, Ólöf Arnalds úr Mammút, Úlpa og Þórir (My summer as a salvation soldier). Munu listamennirnir koma fram á alþjóðlegu kvöldi og verður þetta í fyrsta skipti sem sérstakt íslenskt kvöld verður haldið í sögu hátíðarinnar.


**ÞÓRIR** Tónlistarmaðurinn Þórir, sem kallar sig einnig My summer as a salvation soldier, kemur fram á In the City. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

In the city er ein stærsta tónlistarráðstefna og -hátíð sinnar tegundar í Evrópu og fer hún fram ár hvert í Manchester á Englandi. Hún spannar fjóra daga og koma allir helstu aðilar tónlistarheimsins þar saman, þar á meðal plötufyrirtæki, útgefendur, tónleikahaldarar, umboðsaðilar, fjölmiðlar og tónlistarmenn.

Íslenska kvöldið, Iceland In the city, fer fram á lokakvöldi hátíðarinnar á The Life Café í Manchester sem er einn glæsilegasti tónleikastaður borgarinnar.

Ásamt því að spila á hátíðinni fá íslensku listamennirnir einnig heimasíðu og lag á safnplötu sem verður dreift til allra þeirra sem koma á hátíðina.

In the City hefur verið leiðandi í að uppgötva nýja tónlistarmenn og hafa hljómsveitir eins og Coldplay, Oasis og Muse slegið í gegn eftir að hafa komið fram á þessari hátíð.

# Djass með sykri

Hljómsveitin Black Clock heldur útgáfutónleika í kjallara Hornsins við Hafnarstræti í kvöld.

Sveitin gaf nýverið út sína fyrstu plötu sem nefnist A Song For You. Söngvari er Seth Sharp, sem hefur m.a. haldið tónleika til heiðurs Prince, Jón Elíasson píanóleikari, Hallgrímur Jensson sellóleikari og Valtýr Sigurðsson trommari. „Hljómsveitin rekur sögu sína ár aftur í tímann en við komum saman í þessari mynd núna í sumar,“ segir Valtýr. Bætir hann því við að sveitin hafi verið dugleg að spila á Horninu á fimmtudögum og á hinum ýmsu kaffihúsum bæjarins. Tónlist sveitarinnar lýsir hann sem djassi með mjólk og sykri og nokkurs konar poppi með blúsuðum fíling.

Á meðal laga á plötunni eru útgáfur Black Clock á lagi Daft Punk, There Is Something About Us og Móðir mín í kví kví. Þar fyrir utan eru þar að mestu hinir ýmsu djassstandardar.

Tónleikarnir á Horninu í kvöld hefjast klukkan 21.


**BLACK CLOCK** Hljómsveitin Black Clock heldur útgáfutónleika í kvöld.


**DAMIEN RICE** Írinn Damien Rice gefur út nýja plötu í byrjun nóvember.

# Rice með smáskífu

Fyrsta smáskífulagið af næstu plötu Damiens Rice nefnist 9 Crimes. Platan sjálf, sem heitir 9, kemur út hér á landi 6. nóvember. Hefur hún að geyma tíu ný lög með Rice. Síðasta plata hans, O, naut mikilla vinsælda á sínum tíma og hefur nýju plötunnar verið beðið með mikilli eftirvæntingu.

Til að fylgja plötunni eftir mun Rice spila í kvöldþætti Jays Leno þann 9. nóvember, í þætti Jools Holland kvöldið eftir og 17. nóvember verður hann í þætti Conans O'Brien.

Tvennir tónleikar eru síðan fyrirhugaðir í Los Angeles og New York í nóvember.


**FABÚLA** Söngkonan Fabúla heldur tónleika á Rosenberg í kvöld.

# Fabúla með tónleika

Söngkonan Fabúla, sem nýverið gaf út plötuna Dusk, heldur grenndartónleika á Rosenberg í kvöld ásamt Jökli Jörgenssen, Birki Rafni Gíslasyni og Sigtryggi Baldurssyni.

Í næstu viku halda þau norður í land og munu leika á Græna hattinum fimmtudaginn 2. nóvember. Útgáfutónleikar verða í Tjarnarbíói þann 24. nóvember, en miðar á þá tónleika verða seldir á www.midi.is og hefst miðasala 1. nóvember.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22 og er aðgangseyrir 500 krónur. Finna má nánari upplýsingar um tónleikahald hljómsveitarinnar á www.myspace.com/fabulaband.












| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 6 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 6 - 8 | B.i. 12 |
| THE GUARDIAN | kl. 6 - 9 | B.i. 12 | AN INCONVENIENT TRUTH | kl. 6 - 10:10 | Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8 -10:30 | B.i. 12 | BÖRN | kl. 8 | B.i. 12 |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 5 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | STEP UP | kl. 6 | B.i. 7 |
| THE GUARDIAN VIP | kl. 5 | | THE THIEF LORD | kl. 4 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | | | |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | B.i. 12 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl.5:30-8:30-10:10 | B.i. 12 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| BEERFEST | kl. 10:10 | B.i. 12 |
| BÖRN | kl. 8 | B.i.12 |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 8 | B.i. 12 |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 10 | B.i. 12 |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE GUARDIAN | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| THE THIEF LORD | kl. 6 | Leyfð |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 - 8 | Leyfð |
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 10 | B.i. 12 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


# Blóðug slagsmál í Róm

Rokkarinn Pete Doherty er ekki hættur að lenda í vandræðum þrátt fyrir að vera orðinn edrú og hættur neyslu allra eiturlyfja. Á tónleikum sveitar hans Babyshambles í Róm á dögunum lenti Doherty saman við ljósmyndara með þeim afleiðingum að ljósmyndarinn fór alblóðugur upp á sjúkrahús. Doherty slapp þó betur eftir slaginn og fékk bara aðhlynningu frá kvenkyns aðdáendum á svæðinu að sögn sjónarvotta. Það er spurning hvað unnustu hans Kate Moss finnist um þetta athæfi en hún ber, að sögn bresku slúðurpressunnar, barn þeirra undir belti.

Þetta voru ekki einu vandræðin á tónleikunum á Ítalíu en trommari Babyshambles fékk glerflösku í hausinn frá áhorfanda og leystust tónleikarnir upp stuttu síðar.



**PETE DOHERTY** Heldur áfram að lenda í vandræðum þrátt fyrir að vera búinn að fara í meðferð.

# Féll í yfirlið á Indlandi

Leikkonan fræga Angelina Jolie hefur ekki átt sjö dagana sæla á Indlandi þar sem hún er við upptökur á nýjustu mynd sinni, A Mighty Heart. Myndin fjallar um blaðamanninn David Pearls sem var myrtur í Pakistan. Jolie tekst á við hlutverk eiginkonu Pearls, Marianne. Á meðan á upptökum hefur staðið hefur liðið yfir Jolie þrisvar sinnum. Talsmaður leikkonunnar hefur greint frá því að myndin taki rosalega á Jolie andlega vegna þess hversu sorgleg hún er. „Angelina var að taka upp mjög sorglegt atriði en það er þegar Marianne kemst að því að eiginmaður hennar var myrtur og leið bókstaflega yfir leikkonuna," segir sjónarvottur á tökustað en það var í þriðja sinn sem þetta kemur fyrir Jolie.



**ANGELINA JOLIE** Er stödd á Indlandi þessa dagana að taka upp myndina A Mighty Heart en hún stendur eitthvað völtum fótum því liðið hefur yfir leikkonuna þrisvar sinnum meðan á upptökum hefur staðið.

Með Angelinu í Indlandi er Brad Pitt kærasti hennar, en hann er einnig framleiðandi myndarinnar, og þrjú börn þeirra.

# Bitlausir morðingjar

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Í fyrstu botnaði ég ekkert í vinsældum The Killers. Það er ekkert við hljóm þeirra sem heillar mig og þetta eina lag sem þeir hafa átt vinsælt hreyfði lítið sem ekkert við mér. Það er engu líkara en liðsmenn sveitarinnar hafi stolið gömlu hljómborði frá The Human League áður en var farið í að hljóðrita þessa plötu og fyrir vikið er hún útötuð í laglínum spiluðum með frekar hallærislegum hljóðgervli sem á að líkja eftir alvöru strengjum. Þetta gerir hljóminn svolítið barnalegan, og stundum pirrandi. Miðað við að hljómsveitin heitir því hættulega nafni The Killers, er undarlegt að þeir skuli vera með hljóm sem er eins bitlaus og hugsast getur.

Það er þó einhver í þessari hljómsveit nægilega næmur til þess að detta inn á laglínur sem gleymast seint. Það sannast vel á hetjuslagaranum When You Were Young. Lag sem minnir, ótrúlegt en satt, í senn á Editors og Meat Loaf.

Ég hef ekki séð þessa sveit á tónleikum, en ég get vel ímyndað mér að hún sé töluvert beittari þar, því ég fæ alltaf á tilfinninguna að sveitinni sé haldið örlítið á bremsunni á þessari plötu. Kannski var hljómur þeirra settur í gegnum sandblásarann til þess að hægt væri að bera á borð eitthvað sem myndi vera ólíklegra til þess að gefa frá sér flísar? Hver veit? Að minnsta kosti trúi ég að það hefði verið hægt að láta þessa plötu hljóma mun meira spennandi. Gott dæmi er lagið For Reason´s Unknown. Frábært lag sem hefði auðveldlega verið hægt að láta springa út eins og atómsprengjutilraun í Norður-Kóreu. Í staðinn springur það eins og vatnsblaðra í andlitið á manni.




**THE KILLERS: SAM´S TOWN**

**Niðurstaða:** Önnur plata The Killers er gerð með silkihönskum. Hljómur sem á ekki að geta gengið fram af neinum manni og nægilega grípandi á köflum til að hafa aðdáendur sátta.

Ég skil núna vel af hverju The Killers hafa náð svona miklum vinsældum. Það er bara vegna þess að innanborðs eru ágætis lagahöfundar og inn á milli leynast lög sem auðvelt er að mata ofan í þá sem kvarta sjaldan og erfitt að setja út á fyrir þá sem reyna að finna eitthvað að öllu.

Þetta er þannig afbragðs rokkplata fyrir þá sem eru ekkert sérstaklega mikið fyrir rokk. Plata fyrir þá sem vilja í rauninni popp, en leyfa rafmagnsgítarnum að sannfæra sig um að þeir séu í rauninni harðir rokkarar. En popp er popp, og sem slík er þetta sæmilegasta plata en aldrei neitt meira en það.

**Birgir Örn Steinarsson**



**ROBERT PLANT** Nýr DVD-mynddiskur frá Robert Plant er að koma út.

# Plant á DVD

Goðsögnin Robert Plant, fyrrverandi söngvari Led Zeppelin, gefur út í næstu viku DVD-mynddisk sem inniheldur tónleika í síðustu tónleikaferð hans.

Ísland var einmitt einn viðkomustaður ferðarinnar og heppnuðust þeir tónleikar, sem voru haldnir í Laugardalshöll, afar vel.

Á meðal laga á disknum eru Zeppelin-lögin No Quarter, Black Dog og Whole Lotta Love. Einnig er þar að finna útgáfu Plants af Hendrix-laginu Hey Joe.




**> Ásthildur tilnefnd sem besti framherjinn**

Íslenski landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir hefur farið mikinn með Malmö í sænska boltanum í vetur og verið potturinn og pannan í leik liðsins. Frammistaða hennar hefur vakið verðskuldaða athygli og nú er búið að útnefna Ásthildi sem eina af þremur bestu framherjum sænsku deildarinnar. Hinar tvær sem eru tilnefndar eru sænsku landsliðskonurnar Victoria Svensson og Lotta Schelin. Ásthildur hefur skorað mest af þessum þremur stúlkum á tímabilinu, eða 19 mörk. Þetta er mikil viðurkenning fyrir Ásthildi og verður spennandi að sjá hvort hún hreppir hnossið þegar kjörinu verður lýst þann 13. nóvember næstkomandi.



**sport**

sport@frettabladid.is

ARI FREYR SKÚLASON: ER HÆGT OG SÍGANDI AÐ KOMA SÉR FYRIR HJÁ HÄCKEN EN LENTI Í LEIÐINLEGRI LÍFSREYNSLU

# *Loftpúðanum var stolið úr nýja bílnum*

Knattspyrnumaðurinn ungi, Ari Freyr Skúlason, er hægt og sígandi að aðlagast lífinu í Svíþjóð en hann gekk í raðir Häcken frá Val í sumar. Ari Freyr hefur ekki fengið mikið að spreyta sig í liði Häcken frá því að hann kom til liðsins en strákurinn er þó ekki að örvænta.

„Við erum í mikilli fallbaráttu og þjálfarinn er svo hræddur við að breyta liðinu. Einn stjórnarformannanna skilur ekki af hverju ég fæ ekkert að spila og mér finnst ég standa mig vel á æfingum en ég er alltaf sautjándi maður í liðinu. Ég hita alltaf upp með liðinu fyrir leiki en svo fer ég inn í klefa, skipti um föt og horfi á leikina. Það er frekar svekkjandi. Ég bíð samt bara rólegur og fæ vonandi að spila meira á næsta ári, ég er ekkert að stressa mig,“ sagði hinn 19 ára gamli Ari Freyr.

Ari keypti sér Audi bifreið fyrir einni og hálfri viku síðan, sem væri ekki til frásögu færandi nema fyrir það að brotist var inn í bílinn stuttu síðar. „Ég var nýbúinn að tryggja bílinn minn og þremur dögum síðar var brotist inn í hann og loftpúðanum úr bílnum var stolið, sem mér finnst alveg fáránlegt. Það er víst eitthvert sprengiefni í loftpúðabúnaðinum í Audi og þeir stela þessu og nota sprengiefnið til að sprengja upp öryggisskápa. Þetta er alls ekki í fyrsta skiptið sem þetta gerist í þessum Audi bílum og lögreglan lítur á þetta sem mjög alvarlegt mál,“ sagði Ari Freyr. Hann sagðist samt mest sakna leðurjakkans sem einnig var stolið, en hann hafði Ari fengið í afmælisgjöf frá foreldrum sínum.

„Ég ætlaði ekki að trúa því að loftpúðanum hefði verið stolið þegar ég kom út og sá að búið var að brjótast inn í bílinn minn, en það er engin þjófavörn á bílnum þannig að hann var auðveld bráð. Það er samt frekar fyndið að segja frá þessu öllu saman.“

Ari Freyr býr hjá íslenskri fjölskyldu eins og staðan er í dag en hann mun líklega flytja í sína eigin íbúð um áramótin. „Ég þarf að fara að læra sænskuna en það er mjög vel hugsað um mann hérna og allir vilja allt fyrir mann gera.“






**KÁRI ÁRNASON** Á æfingu með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Kári Árnason:

## Tímabilið hugsanlega búið

**FÓTBOLTI** Kári Árnason á enn við meiðsli að stríða en hann meiddist í landsleik Lettlands og Íslands fyrr í mánuðinum. Hann hefur ekkert leikið með Djurgården í sænsku úrvalsdeildinni síðan þá og missti af leik liðsins gegn Örgryte í gær.

„Þetta batnaði frekar fljótt í upphafi en nú finnst mér eins og meiðslin hafi staðið í stað í eina viku. Ég missi pottþétt af leiknum á sunnudag en gæti hugsanlega náð þeim næsta sem er síðasti leikur tímabilsins,“ sagði Kári.

Helgi Valur Daníelsson hefur einnig átt við meiðsli síðan í landsleiknum en lék með Öster í gær. **- esá**




**SÍMUN SAMUELSEN** Hér í leik með Keflavík gegn KR í sumar. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Símun Samuelsen:

## Til reynslu hjá OB í Danmörku

**FÓTBOLTI Símun Eiler Samuelsen, færeyski landsliðsmaðurinn í röðum Keflavíkur, fór í síðustu viku til reynslu hjá danska úrvalsdeildarliðinu OB. Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði í samtali við Víkurfréttir að tilboð bærist í hann í janúar og að hann færi aftur utan og æfði með liðinu. Símun, sem er 21 árs, er samningsbundinn Keflavík í eitt ár til viðbótar. - esá**

Sænska landsliðið:

## Vill fá Zlatan í næsta leik

**FÓTBOLTI** Roland Andersson, aðstoðarþjálfari sænska landsliðsins, sagði í sjónvarpsviðtali í vikunni að óskað yrði eftir því að Zlatan Ibrahimovic kæmi í sænska landsliðið á nýjan leik fyrir næsta leik. Svíar mæta þá liði Fílabeinsstrandarinnar í vináttulandsleik í næsta mánuði.

Zlatan var rekinn úr liðinu vegna agabrots í september og gaf ekki kost á sér í næstu leiki Svía. **- esá**

# Ætla aftur út í atvinnumennsku

**Snæfellingurinn Hlynur Bæringsson er farinn að rífa niður fráköst á ný með Snæfell eftir ársdvöl í Hollandi. Hlynur segist vera reynslunni ríkari og stefnir aftur út síðar. Hann mun þó vanda valið betur næst er hann semur við erlent félag. Hlynur segir að Snæfell verði á meðal fjögurra efstu liða deildarinnar.**



**KÓNGUR UNDIR KÖRFUNNI** Hlynur Bæringsson er þekktur fyrir að rífa niður mörg fráköst í leikjum og hann rífur hér niður eitt af 19 fráköstum sínum gegn KR á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson er kominn aftur í íslenska körfuboltann eftir ársdvöl í Hollandi og hann hefur minnt verulega á sig í fyrstu tveim leikjum Snæfells í vetur. Í sigurleik gegn Fjölni skoraði Hlynur 12 stig og tók 11 fráköst en hann var enn öflugri í tapleik gegn KR í Vesturbænum þar sem hann skoraði 22 stig og reif niður 19 fráköst og þar af 11 sóknarfráköst.

„Þetta tímabil verður skemmtilegt enda lítur út fyrir að deildin sé mjög jöfn. Það er fínt að hafa bara einn Kana og svo finnst mér Evrópubúarnir í deildinni betri núna en oft áður. Þetta eru ekki alveg sömu pulsurnar og voru oft hérna,“ sagði Hlynur og hló við en Snæfellsliðið sem hann spilar með í dag er nokkuð breytt frá því að hann lék síðast. Stærsti munurinn er þó að nýr þjálfari er kominn í brúna en Bandaríkjamaðurinn Geoff Kotila tók við liðinu af Bárði Eyþórssyni.

„Hann er frábær. Við erum ekki alveg farnir að gera eins og hann vill en það hlýtur að detta inn því hann er mjög fær í sínu starfi og mjög vel liðinn af leikmönnum. Hann er mikill keppnismaður eins og Bárður og sættir sig ekki við neitt kjaftæði. Ég er mjög sáttur við hann og liðið þurfti góðan þjálfara því það var að missa mjög góðan þjálfara,“ sagði Hlynur sem leikur með nýtt númer á bakinu, 10, en hann lék áður í treyju númer 4. „Ég hef verið með mörg númer í gegnum tíðina og alltaf verið sama númer hvað ég er.“

Hlynur lék í Hollandi síðasta vetur ásamt félaga sínum Sigurði Þorvaldssyni en báðir sneru þeir til baka eftir árið og gengu í raðir Snæfells á ný.

„Ég er reynslumeiri í dag og hef eitthvað bætt mig. Ég var oftast að spila gegn mjög sterkum leikmönnum úti og maður tekur framförum við slíkar aðstæður þó að aðstæðurnar hjá félaginu hafi ekki verið eins góðar og maður gerði ráð fyrir. Ég sé ekkert eftir því að hafa farið út en ég sé eftir því að hafa ekki vandað valið betur. Þetta var ekki alveg boðlegt hjá félaginu. Það var margt furðulegt þarna og umgjörðin ekki nógu góð. Þjálfun og aðstæður voru ekki góðar. Það voru ágætir peningar þarna samt og stærstu liðin í deildinni hafa nóg af peningum á milli handanna,“ sagði Hlynur sem ætlar aftur út. „Það er alveg pottþétt. Ég fer samt ekki bara út til einhvers liðs svo ég geti montað mig af því að vera atvinnumaður á sumrin. Ég ætla að vanda valið betur og fer bara til liðs þar sem ég veit að allt er í lagi.“

Hlynur segist hafa það gott í Hólminum og það ríkir virðing og traust í samstarfi hans og Snæfells sem lýsir sér best í því að hann hefur ekki einu sinni skrifað undir samning við félagið. „Það er heiðursmannasamkomulag í gangi og ég treysti því,“ sagði Hlynur sem hefur verið að leika meiddur í fyrstu leikjunum. „Ég er slæmur í hnénu og bakinu. Ég er bara eins og gamalt hrökkbrauð. Nú er bara að styrkja sig til að losna við meiðslin. Ég mun síðan bæta mig eftir því sem líður á tímabilið,“ sagði Sigurður en pressa er á honum og liðinu að standa sig í vetur. Hversu langt telur hann að Snæfell komist í vetur?

„Við höfum ekki sett okkur nein markmið enn sem komið er. Það verður erfitt að vera með einn útlending og taka titil en við eigum að geta verið í toppbaráttunni. Mér finnst eðlilegt að stefna á topp fjögur í deildinni eins og staðan er í dag. Svo gætum við gert einhvern usla í úrslitakeppninni,“ sagði Hlynur Bæringsson.

henry@frettabladid.is

Matthías Guðmundsson eftirsóttur:

## Mörg íslensk lið á eftir Matthíasi

**FÓTBOLTI** Matthías Guðmundsson er kominn heim á nýjan leik eftir að hafa verið til reynslu hjá AGF í Danmörku og Álasundi í Noregi. Norska félagið virtist áhugasamt um Matthías sem býst þó ekki við tilboði frá félaginu á næstu dögum. „Álasund er að skoða sín mál eins og er og það verður væntanlega einhver bið á mínum málum þar. Ég get hins vegar ekki beðið mikið lengur og er því að skoða mín mál hér á Íslandi,“ sagði Matthías. Hann er uppalinn hjá Val en rifti samningi sínum við félagið eftir að tímabilinu lauk í haust.

Aðspurður segir hann að flest lið í úrvalsdeildinni hafi sett sig í samband við hann. „Það eru ýmsar þreifingar í gangi eins og er. Ég er þó ekki búinn að útiloka neitt og ef eitthvað spennandi kemur upp mun ég skoða það vel.“ **- esá**




**MATTHÍAS GUÐMUNDSSON** Leikur sennilega ekki með Val næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðjón Baldvinsson var í mánuð hjá Lilleström:

## Ánægja með Guðjón hjá Lilleström

**FÓTBOLTI** Guðjón Baldvinsson, sóknarmaður Stjörnunnar, hefur undanfarinn mánuð dvalist hjá norska úrvalsdeildarliðinu Lilleström þar sem hann hefur verið til reynslu ásamt félaga sínum úr Stjörnunni, Andrési Má Logasyni. Komu þeir heim í gær og segir Guðjón að hann hafi fengið jákvæð viðbrögð frá forráðamönnum liðsins.

„Þetta byrjaði ekkert allt of vel en mér gekk betur eftir því sem á leið og því báðu þeir mig um að vera lengur. Í gær spilaði ég æfingaleik með liðinu og náði að skora mark. Eftir leikinn sagði þjálfarinn mér að þeir myndu skoða þetta mál mjög vandlega og var mjög jákvæður í minn garð,“ sagði Guðjón.

Hann segir að sér hafi litist mjög vel á liðið og að atvinnumennskan heilli. „Þetta var mikil reynsla að vera þarna úti og er þetta mjög spennandi.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þó nokkur lið í efstu deild hér á landi hafi sett sig í samband við Stjörnuna með það fyrir augum að ræða við Guðjón. **- esá**



**HARKA** Það var tekið á því í leik HK og Stjörnunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SS-bikarkeppni kvenna:

## Létt hjá Stjörnunni gegn HK

**HANDBOLTI** Tveir leikir fóru fram í 16-liða úrslitum SS-bikarkeppni kvenna í handbolta í gær. Stjarnan vann auðveldan sigur á HK, 38-25, og FH vann Akureyri 25-16.

Stjarnan hafði níu marka forystu í hálfleik þar sem vörn og markvarsla var í fyrirrúmi. HK náði þó að draga úr hraðanum í Stjörnuliðinu eftir því sem leið á leikinn og forða þannig enn stærra tapi. **- esá**

DHL-deild kvenna:

## Haukar unnu ÍBV í Eyjum

**HANDBOLTI Einn leikur fór fram í DHL-deild kvenna í gærkvöldi er ÍBV tók á móti Haukum í Vestmannaeyjum. Gestirnir báru þriggja marka sigur úr býtum eftir að hafa leitt með sama mun í hálfleik.**

**Leikurinn var nokkuð sveiflukenndur en Haukarnir voru lengst af með yfirhöndina. Þeir voru yfirleitt með þriggja marka forystu en ÍBV tókst af og til að saxa á þá og komst svo yfir í stöðunni 22-21 er stundarfjórðungur var til leiksloka. En Haukar náðu sér á strik í lokin og innbyrtu sigur. - esá**

Kristján Valdimarsson:

## Aftur í Fylki

**FÓTBOLTI** Allt útlit er fyrir að Kristján Valdimarsson snúi aftur í lið Fylkis þar sem hann er uppalinn. Kristján gekk til liðs við Grindavík í fyrra en ákvað að fara þaðan eftir að liðið féll í haust.



**KRISTJÁN VALDIMARSSON**

„Þetta er 99 prósenta öruggt og verður sennilega gengið frá þessu á morgun,“ sagði Kristján við Fréttablaðið í gær. Hann tók þátt í tólf leikjum með Grindavík í sumar en þar áður hafði hann leikið 35 leiki fyrir Fylki í deild og bikar. Kristján hefur helst leikið í stöðu bakvarðar. **- esá**

Eiður Smári Guðjohnsen lék á miðjunni með Barcelona í spænsku bikarkeppninni í gær:

# Eiður skoraði bæði mörk Barcelona

**FÓTBOLTI** Það var boðið upp á grannaslag í spænsku bikarkeppninni í gær þegar Evrópumeistarar Barcelona fóru nokkra kílómetra út fyrir bæjarmörkin og heimsóttu lið Badalona. Það er eins og gefur að skilja neðrideildarlið á Spáni og mátti búast við auðveldum sigri Börsunga.

Eiður Smári Guðjohnsen reyndist vera hetja sinna manna en hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri. Hann var í byrjunarliðinu hjá Barcelona en á miðjunni og er það í fyrsta skipti sem hann gegnir því hlutverki hjá liðinu. Margar skærustu stjörnur liðsins vantaði í lið Börsunga en Javier Saviola var fremsti sóknarmaður.

Leikurinn byrjaði ekki vel og sér í lagi fyrir Eið Smára. Á tíundu mínútu leiksins missti hann boltann á miðjunni með þeim afleiðingum að leikmenn Badalona komust í ágætt færi. En ekkert kom út úr því.

Sjálfum gekk Börsungum ekkert að sækja og áttu þeir ekki skot að marki fyrstu 20 mínútur leiksins. Leikmenn Badalona vörðust vel og ætluðu ekki að gefa stóra bróður neitt eftir. Eiður átti þó gott skot að marki á 29. mínútu en hafði ekki heppnina með sér. Leikar stóðu því markalausir í hálfleik.



**HETJAN** Zambrotta og Xavi fagna öðru marki Eiðs Smára í leiknum. NORDIC PHOTOS/AFP

Það stefndi í stórslys hjá lærisveinum Franks Rijkaard en þá tók Eiður til sinna mála og bjargaði deginum. Fyrra markið kom á 62. mínútu er hann fylgdi eftir skoti Saviola og skoraði sjálfur með góðu skoti. Seinna markið kom stundarfjórðungi síðar þegar hann færði sér mistök markvarðar Badalona í vil og afgreiddi knöttinn í markið.

Tarradellas minnkaði muninn á lokamínútu leiksins fyrir Badalona með marki úr vítaspyrnu.

Þó svo að andstæðingurinn hafi ekki verið í hálfkvisti við Chelsea eða Real Madrid var frammistaða Eiðs Smára kærkomin eftir vonbrigði vikunnar á undan þar sem Barcelona tapaði fyrir áður töldum liðum. **- esá**








**BLÓÐHEITIR STUÐNINGSMENN** Króatískir stuðningsmenn láta vel í sér heyra á leikjum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enskir stuðningsmenn:

## Enn og aftur til vandræða

**FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur sektað enska og króatíska knattspyrnusambandið fyrir hegðun stuðningsmanna þjóðanna eftir leik Króatíu og Englands.**

**Málið verður tekið fyrir 9. nóvember og enska knattspyrnusambandið ætlar að rannsaka málið í þeirri von að sleppa við sektina. „Þetta kemur okkur mjög á óvart og okkur finnst sektin ekki vera réttlætanleg,“ sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins.**

**Króatar gætu þurft að leika fyrir luktum dyrum ef þeir verða fundnir sekir í málinu.** - dsd

# Fór ekki fram á sölu og verður í FH

Tryggvi Guðmundsson vill stöðva þær gróusögur sem hafa verið í gangi um meinta óánægju hans í FH. Hann segir ekkert hæft í þeim, hann sé samningsbundinn FH næsta árið og muni leika áfram með liðinu.

**FÓTBOLTI** Undanfarnar vikur hefur sú gróusaga komist á kreik að Tryggvi Guðmundsson sé ósáttur hjá FH og vilji fara frá liðinu. Hann sé orðinn óánægður með það hlutverk sem hann gegnir innan liðsins og vilji losna af vinstri kantinum.

Tryggvi segir sjálfur í samtali við Fréttablaðið að kominn sé tími til að kveða þessar sögur í kútinn. „Þetta er bara bull. Ég á eitt ár eftir af samningi mínum og fór ekki fram á að ég yrði seldur frá félaginu. Ég verð því áfram í FH,“ sagði Tryggvi afdráttarlaust.

Hann segir þó að hann hafi fundað með Ólafi Jóhannessyni, þjálfara FH, þar sem hlutverk Tryggva innan liðsins var rætt. „Ég tel það mjög eðlilegt og fagmannlegt að leikmenn og þjálfarar ræði um framtíð liðsins og það sem getur betur farið næsta ár. Ég er ekki ósáttur við þau svör sem ég fékk á fundinum.“

Tryggvi spilaði síðustu leiki FH í sumar sem framliggjandi miðjumaður. „Ég sagði einhvern tímann í léttum dúr að ég hefði öðlast nýtt líf í þessum leikjum. Þá var ég loksins með boltann og mér fannst gaman að spila. Eftir það fór ég að íhuga að losna af kantinum. Það er það eina sem ég sagði á þessum fundi. Óli stillir upp liðinu eins og hann telur það vera best enda er hann fær þjálfari. Og ég mun spila á kantinum verði ég settur þangað. Ég vil samt meina að ég sé betri fyrir framan markið. Ég verð bara að æfa vel í vetur þannig að ég geti gefið fyrir, hlaupið inn í teiginn og klárað sjálfur,“ sagði hann og hló.



**TRYGGVI GUÐMUNDSSON** Segir ekkert hæft í þeim sögum að hann vilji losna frá FH. Hér fagnar hann Íslandsmeistaratitlinum með Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/

Hann segist ekki vita hvernig þessi saga komst á kreik. „Það er greinilega til fullt af fólki sem hefur lítið annað að gera en að bulla um svona hluti.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is








**ÁFRAM Í SVÍÞJÓÐ** Larsson fagnar hér marki sínu gegn Englendingum á HM í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY

Henrik Larsson:

## Er ekki á leið til Aston Villa

**FÓTBOLTI** Undanfarna daga hefur sænski sóknarmaðurinn Henrik Larsson verið orðaður við Aston Villa. Martin O'Neill, framkvæmdastjóri Aston Villa, var framkvæmdastjóri Celtic þegar Henrik Larsson lék þar.

Þeir félagar, Larsson og O'Neill, hafa báðir neitað þessum fréttum. „Martin O'Neill er frábær framkvæmdastjóri og ég á ekkert nema góðar minningar um hann, en ég verð áfram hjá Helsingborg,“ sagði Larsson. - dsd



**DAVID WEIR** Lá meðvitundarlaus í fimm mínútur á vellinum. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Weir:

## Rotaðist og fór á sjúkrahús

**FÓTBOLTI David Weir, fyrirliði Everton, missti meðvitund í nokkrar mínútur þegar hann og Leon Barnett, leikmaður Luton, skullu saman í leik liðanna í ensku deildabikarkeppninni í fyrrakvöld. Hugað var að honum í fimm mínútur á vellinum áður en hann var borinn í búningsklefann þar sem hann náði meðvitund. Hann var síðan fluttur upp á sjúkrahús þar sem hann gisti um nóttina.**

**Búist er við því að Weir verði frá næstu þrjár vikurnar.** - esá

## Allt að 30% afsláttur



**Hillurekki, Lilkit**
170x75x30, 5 hillur
burðarþol 50 kg
5803656
**1.995** ~~2.899~~

**Hillurekki, Duorack**
175x90x30, 5 hillur
burðarþol 50 kg
5803658
**2.995** ~~3.995~~

**Hillurekki, Titan**
20x100x40, 6 hillur
burðarþol 100 kg
5803660
**6.599** ~~8.995~~

**Hillurekki, Star Galva**
180x90x35, 6 hillur
burðarþol 90 kg
5803663
**3.595** ~~5.455~~

# Þarftu að skipuleggja?

## Allt fyrir geymsluna og bílskúrinn!!

## 60% afsláttur



**Vinnuborð**
m/þvingum
5079907
**999** ~~2.595~~



**Verkfæratöskur, Keter**
19" og 12,5"
5024489
**1.299** ~~2.495~~



**Verkfærataska, Keter**
22" Hammer
5024624
**1.899** ~~2.999~~

50% afsláttur



**Verkfærarekki, Keter**
á vegg
5024761
**295** ~~595~~



**Verkfærataska, Keter**
17" Falcon
5024626
**599** ~~1.295~~



**Verkfæravagn, Keter**
á hjólum, 46x28x62
5024487
**2.995** ~~6.995~~

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Enski deildabikarinn*

| | |
|---|---|
| CREWE-MANCHESTER UNITED | 1-2 |

0-1 Solskjær (26.), 1-1 Varney (73.), 1-2 Lee (119.).

| | |
|---|---|
| MILTON KEYNES DONS-TOTTENHAM | 0-5 |

0-1 Mido (36.), 0-2 Defoe (44.), 0-3 Defoe (51.), 0-4 Mido (60.), 0-5 Keane (90.).

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE-PORTSMOUTH | 3-0 |

1-0 Rossi (48.), 2-0 Solano (53.), 3-0 Solano (90.).

| | |
|---|---|
| BLACKBURN-CHELSEA | 0-2 |

0-1 Joe Cole (53.), 0-2 Kalou (81.).

| | |
|---|---|
| CHARLTON-BOLTON | 1-0 |

1-0 M. Bent (17.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-READING | 4-3 |

1-0 Fowler (44.), 2-0 Riise (45.), 3-0 Paletta (50.), 3-1 Bikey (75.), 4-1 Crouch (77.), 4-2 Lita (81.), 4-3 Song (85.).

### *Ítalska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ATALANTA-CAGLIARI | 3-3 |
| CHIEVO-AC MILAN | 0-1 |
| EMPOLI-UDINESE | 1-1 |
| INTER-LIVORNO | 4-1 |
| PALERMO-MESSINA | 2-1 |
| REGGINA-PARMA | 3-2 |
| AS ROMA-ASCOLI | 2-2 |
| SAMPDORIA-LAZIO | 2-0 |
| SIENA-CATANIA | 1-1 |
| TORINO-FIORENTINA | 0-1 |

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **INTERN** | **8** | **5** | **3** | **0** | **16-9** | **18** |
| PALERMO | 8 | 6 | 0 | 2 | 18-13 | 18 |
| **AS ROMA** | **8** | **4** | **2** | **2** | **13-6** | **14** |
| UDINESE | 8 | 3 | 4 | 1 | 10-5 | 13 |
| **ATALANTA** | **8** | **3** | **4** | **1** | **13-10** | **13** |
| SIENA | 8 | 3 | 4 | 1 | 9-7 | 12 |
| **LIVORNO** | **8** | **3** | **3** | **2** | **7-8** | **12** |
| SAMPDORIA | 8 | 2 | 4 | 2 | 14-13 | 10 |
| **EMPOLI** | **8** | **2** | **4** | **2** | **9-8** | **10** |
| MESSINA | 8 | 2 | 3 | 3 | 10-11 | 9 |
| **CATANIA** | **8** | **2** | **3** | **3** | **11-14** | **9** |
| AC MILAN | 8 | 4 | 3 | 1 | 7-4 | 7 |
| **CAGLIARI** | **8** | **0** | **6** | **2** | **7-9** | **6** |
| TORINO | 8 | 1 | 3 | 4 | 4-11 | 6 |

### *Spænska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| PORTUENSE-VALENCIA | 1-2 |
| ECIJA-REAL MADRID | 1-1 |
| G. SEGOVIANA-SEVILLA | 0-1 |
| DEPORTIVO-RACING SANTANDER | 1-0 |
| PENA SPORT-OSASUNA | 0-0 |
| RAYO VALLECANO-OSASUNA | 1-1 |
| MALAGA-REAL SOCIEDAD | 4-1 |
| RECREATIVO-REAL BETIS | 0-0 |
| CASTELLON-VILLARREAL | 0-2 |
| BADALONA-BARCELONA | 1-2 |

**Eiður Smári** skoraði bæði mörk Barca.

| | |
|---|---|
| ATHLETIC BILBAO-MALLORCA | 1-1 |

### *Þýska bikarkeppnin*

| | |
|---|---|
| PFULLENDORF-KICKERS OFFENBACH | 0-2 |

**Helgi Kolviðsson** sat á varamannabekk Pfullendorf allan leikinn.

| | |
|---|---|
| OSNABRÜCK-GLADBACH | 2-1 |
| ROT WEISS ESSEN-EINTRACHT FRANKF. | 1-2 |
| DUISBURG-LEVERKUSEN | 3-2 |

Eftir framlengingu.

| | |
|---|---|
| STUTTGART KICKERS-HERTHA BERLÍN | 0-2 |
| BAYERN MÜNCHEN-KAISERSLAUTERN | 1-0 |

### *Danska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BRÖNDBY-AAB | 1-2 |

**Hannes Þ. Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Bröndby.

| | |
|---|---|
| NORDSJÆLLAND-FC MIDTJYLLAND | 1-4 |
| AC HORSENS-ESBJERG | 1-1 |
| RANDERS-VEJLE | 0-1 |
| SILKEBORG-VIBORG | 1-2 |

**Hörður Sveinsson, Bjarni Ólafur Eiríksson** og **Hólmar Örn Rúnarsson** léku allir allan leikinn fyrir Silkeborg sem tapaði í gær sínum sjöunda heimaleik í röð í dönsku úrvalsdeildinni.

| | |
|---|---|
| OB-FC KAUPMANNAHÖFN | 0-0 |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FCK** | **13** | **9** | **3** | **1** | **24-8** | **30** |
| MIDTJYLLAND | 14 | 8 | 3 | 3 | 29-17 | 27 |
| **AAB** | **14** | **8** | **2** | **4** | **20-14** | **26** |
| OB | 14 | 7 | 5 | 2 | 18-12 | 26 |
| **NORDSÆLL.** | **14** | **7** | **2** | **5** | **29-18** | **23** |
| BRÖNDBY | 14 | 5 | 6 | 3 | 20-14 | 21 |
| **ESBJERG** | **14** | **5** | **4** | **5** | **26-25** | **19** |
| RANDERS | 13 | 4 | 3 | 6 | 16-19 | 15 |
| **HORSENS** | **14** | **2** | **7** | **5** | **10-16** | **13** |
| VIBORG | 14 | 4 | 1 | 9 | 14-30 | 13 |
| **SILKEBORG** | **14** | **2** | **2** | **10** | **13-28** | **8** |
| VEJLE | 14 | 2 | 2 | 10 | 17-35 | 8 |

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| ÖRGRYTE-DJURGÅRDEN | 1-1 |

**Sölvi Geir Ottesen** spilaði fyrri hálfleikinn fyrir Djurgården en **Kári Árnason** var ekki með vegna meiðsla.

| | |
|---|---|
| ÖSTER-MALMÖ FF | 2-1 |

**Emil Hallfreðsson** jafnaði metin fyrir Malmö á 43. mínútu leiksins. **Helgi Valur Daníelsson** lék allan leikinn fyrir Öster.

### *Heimsbikarinn í handbolta*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| GRIKKLAND-SPÁNN | 16-22 |
| SVÍÞJÓÐ-TÚNIS | 33-34 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| DANMÖRK-SERBÍA | 37-31 |
| ÞÝSKALAND-KRÓATÍA | 27-30 |

Heil umferð í Iceland Express deild kvenna í gærkvöldi:

# Þriggja stiga sigur Keflavíkur

**KÖRFUBOLTI** Þrír leikir fóru fram í Iceland Express deild kvenna í gærkvöldi þar sem hæst bar leikur Grindavíkur og Keflavíkur suður með sjó. Skemmst er frá því að segja að Keflavík vann þriggja stiga sigur í æsispennandi leik en liðið var þar að auki án Birnu Valgarðsdóttur sem er meidd.

Stúdínur unnu góðan sigur á Hamar í Hveragerði, 68-60, og Íslandsmeistarar Hauka unnu léttan sigur á Breiðabliki, 100-52.

Keflavík var sem fyrr segir án Birnu Valgarðsdóttur og munar um minna í liði Keflavíkur. Það var greinilega mikil taugaspenna hjá báðum liðum því leikmenn gerðu mörg mistök. En leikurinn var jafn og spennandi og komst hvorugt liðið langt fram úr.

Grindavík var með forystu eftir þriðja leikhluta en byrjaði þann fjórða mjög illa. Keflavík vann fyrstu sex mínúturnar í leikhlutanum 13-3. Þær María Ben Erlingsdóttir og Svava Stefánsdóttir komu sterkar inn á þessum leikkafla og skoruðu ellefu stig af þessum þrettán. Takesha Watson skoraði 35 stig fyrir Keflavík en 30 þeirra komu á fyrstu 25 mínútum leiksins. Eftir það varð hún þreytt og gat ekki haldið keyrslunni uppi. Keflavík hélt forystunni allt til loka og vann, 72-69.



HELENA SVERRISDÓTTIR Fór fyrir Haukum sem unnu léttan sigur á liði Breiðabliks.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hildur Sigurðardóttir átti mjög góðan leik hjá Grindavík framan af en missti dampinn í fjórða leikhluta er henni tókst ekki að skora stig. Stigahæst hjá Grindavík var Tamara Bowie með 33 stig.

Haukar og Keflavík eru með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar en Hamar og Breiðablik eru enn án stiga.

**- esá**

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express deild kv.*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-KEFLAVÍK | 69-72 |

**Stig Grindavíkur**: Tamara Bowie 33 (16 frák.), Hildur Sigurðardóttir 14 (10 frák., 8 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 10 (8 frák.), Jovana L. Stefánsdóttir 6, Lilja Ó. Sigmarsdóttir 2, Íris Sverrisdóttir 2, Alma R. Garðarsdóttir 1.

**Stig Keflavíkur**: Takesha Watson 35 (8 frák.), María Ben Erlingsdóttir 17, Margrét Sturludóttir 8 (13 frák.), Svava Stefánsdóttir 5 (12 frák.), Bryndís Guðmundsdóttir 3, Ingibjörg Vilbergsdóttir 2, Bára Bragadóttir 2.

| | |
|---|---|
| HAMAR-ÍS | 60-68 |
| BREIÐABLIK-HAUKAR | 52-100 |

### *DHL-deild kvenna*

| | |
|---|---|
| ÍBV-HAUKAR | 26-29 |

**Mörk ÍBV**: Pavla Plaminkova 10, Valentina Radu 6, Pavla Nevarilova 4, Sæunn Magnúsdóttir 2, Andrea Löw 2, Renata Horvath 2.

**Mörk Hauka**: Ramune Pekarskyte 9, Erna Þráinsdóttir 6, Harpa Melsted 5, Sandra Stojkovic 4, Anna Stefánsdóttir 3, Sigrún Brynjólfsdóttir 2.

### *SS-bikarkeppni kvenna*

| | |
|---|---|
| STJARNAN-HK | 38-25 |

**Mörk Stjörnunnar**: Alina Petrache 3, Rakel Bragadóttir 8, Kristín Clausen 7, Kristín Guðmundsdóttir 3, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6, Sólveig Lára Kjærnested 3, Anna Blöndal 3, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1, Björk Gunnarsdóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Júlíanna Þórðardóttir 1.

**Mörk HK**: Aukse Vysniauskaite 7, Rut Jónsdóttir 4, Arna Sif Pálsdóttir 4, Tatjana Zukovska 5, Hjördís Rafnsdóttir 1, Elísa Viðarsdóttir 4.

| | |
|---|---|
| FH-AKUREYRI | 25-16 |

# Við stefnum á að vera stórlið á evrópskan mælikvarða

**Akureyringurinn Arnór Atlason hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína með danska handknattleiksliðinu FC Kaupmannahöfn á þessari leiktíð.**

**HANDBOLTI** Handboltamaðurinn Arnór Atlason hefur verið að gera það gott með danska félaginu FC Kaupmannahöfn upp á síðkastið og skorað grimmt. Arnór skoraði til að mynda sex mörk í sigri Kaupmannahafnarliðsins um síðustu helgi þegar liðið vann sinn sjöunda leik í röð. Arnór og félagar hans í íslenska landsliðinu eru þessa dagana við æfingar í Þýskalandi en landsliðið mætir Ungverjum í tveimur leikjum ytra um næstu helgi.

Fréttablaðið náði tali af Arnóri sem segist kunna vel við sig í Kaupmannahöfn. „Það er alltaf gaman þegar vel gengur og ég kann rosalega við mig þarna. Þetta er ekki eins sterk deild og í Þýskalandi en hún er öðruvísi. Það eru mörg góð lið þarna,“ sagði Arnór sem eignaðist son fyrir þremur vikum.

Arnór hefur verið að spila ýmist sem vinstri skytta eða leikstjórnandi hjá FC Kaupmannahöfn. „Við skiptum þessu með okkur, ég og Martin Boquist. Það er nákvæmlega eins og ég vil hafa það. Mér líkar betur við þetta en að spila alltaf sömu stöðuna,“ sagði Arnór sem er með tveggja ára samning við danska liðið.



MEÐ LANDSLIÐINU Hér er Arnór í leik með íslenska landsliðinu gegn Slóvenum á HM í Túnis.

FC Kaupmannahöfn er sem stendur í efsta sæti deildarinnar og Arnór segir að stefnan sé sett hátt hjá félaginu.

„Þetta er hörkuklúbbur, með háleit markmið og það ætti að vera spennandi að vera þarna lengur en þessi tvö ár. Markmið félagsins er að verða stórlið á evrópskan mælikvarða. Við erum á toppnum núna ásamt Kolding, en bæði Kolding og GOG eru að standa sig vel í Meistaradeildinni. Svo eru líka mjög góð lið þarna eins og Skjern, Århus og Álaborg en við erum á réttri leið.

Knattspyrnulið félagsins er búið að vera yfirburðalið hérna í mörg ár og nú á að leggja aukna áherslu á handboltann. Þannig að það er mikil pressa,“ sagði Arnór en þess má einnig geta að Gísli Kristjánsson, fyrrverandi leikmaður Gróttu/KR, leikur einnig með FC Kaupmannahöfn.

Það er erfiður nóvembermánuður framundan hjá Arnór og félögum hans í FC Kaupmannahöfn, liðið leikur sjö leiki í nóvember og mætir meðal annars Kolding, GOG og Skjern.

**dagur@frettabladid.is**

Sex leikir fóru fram í enska deildabikarnum í gær og þar af voru tíu úrvalsdeildarlið í eldlínunni:

# Manchester United marði sigur á Crewe

**FÓTBOLTI** Tíu úrvalsdeildarlið voru í eldlínunni í þeim sex leikjum sem fram fóru í enska deildabikarnum í gær.

Manchester United átti í erfiðleikum með Crewe á útivelli og heimamenn skoruðu mark á 15. mínútu sem réttilega var dæmt af vegna rangstöðu. Það var svo Norðmaðurinn Ole Gunnar Solskjær sem kom Manchester United yfir tíu mínútum síðar með góðu marki. Heimamenn mættu ákveðnir til síðari hálfleiks og sókn þeirra bar árangur á 73. mínútu þegar Luke Varney jafnaði metin og staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma. Allt stefndi í vítaspyrnukeppni þegar Kieran Lee skoraði sigurmarkið á síðustu mínútu leiksins, 2-1.

Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson voru báðir í byrjunarliði Reading sem sótti Liverpool heim í gær. Robbie Fowler var að leika sinn fyrsta leik í langan tíma og það var hann sem skoraði fyrsta mark leiksins á síðustu mínútu fyrri hálfleik. John Arne Riise skoraði mark stuttu síðar og Liverpool hafði yfir í hálfleik, 2-0. Gabriel Paletta skoraði þriðja mark Liverpool í leiknum áður en Andre Bikey klóraði í bakkann fyrir Reading. Peter Crouch kom Liverpool í 4-1 en Reading-menn voru hvergi af baki dottnir. Leroy Lite og Shane Long náðu að minnka muninn í eitt mark en lengra komust þeir ekki. Lokatölur því 4-3.



COLE ER MÆTTUR AFTUR Joe Cole lék sinn fyrsta leik á tímabilinu í gær og skoraði fyrra mark Chelsea.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Englandsmeistarar Chelsea heimsóttu Blackburn. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en Joe Cole kom Chelsea yfir á 53. mínútu. Salomon Kalou skoraði sitt fyrsta mark fyrir Chelsea þegar hann kom gestunum í 2-0 níu mínútum fyrir leikslok og þar við sat.

Newcastle tók á móti Portsmouth á heimavelli sínum í gær og það var Guiseppe Rossi, sem er í láni frá Manchester United, sem kom Newcastle yfir leiknum í upphafi síðari hálfleiks. Perúmaðurinn Nolberto Solano skoraði tvö mörk fyrir heimamenn áður en yfir lauk.

Charlton fékk Bolton í heimsókn. Marcus Bent skoraði sigurmark Charlton eftir sautján mínútna leik. Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn í vörn Charlton og fékk tvö ágæt færi til að skora í leiknum en tókst ekki að koma tuðrunni í netið.

**- dsd**


**ALLT MÉR AÐ KENNA** Iain Dowie hefur farið hræðilega illa af stað með Charlton. NORDIC PHOTOS/GETTY

Iain Dowie:

## Tekur alla ábyrgð á sig

**FÓTBOLTI** **Iain Dowie, framkvæmdastjóri Charlton, á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir en Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton hafa farið ákaflega illa af stað í ensku úrvalsdeildinni. Dowie vill að öll gagnrýni á liðið beinist að sér, en ekki leikmönnum.**

**„Þetta er allt á minni ábyrgð. Ég er framkvæmdastjóri liðsins og ég vil ekki hafa það að leikmönnum sé kennt um slakt gegni, þeir eru allir að leggja sig fram," sagði Iain Dowie en Charlton situr á botni deildarinnar með fjögur stig eftir níu leiki og Dowie er talinn vera mjög valtur í sessi.** - dsd


**BECKHAM** Hitar upp í leik Real Madrid og Barcelona þar sem hann kom inn á sem varamaður. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Beckham:

## Real sagt vilja selja Beckham

**FÓTBOLTI** Real Madrid er til í að selja David Beckham á fimm milljónir punda þegar félagaskiptaglugginn opnar í janúar. Þetta er fullyrt í The Sun í gær.

Samningur Beckhams rennur út í vor og hefur hann ekki skrifað undir nýjan samning. Hann hefur verið á varamannabekk liðsins undanfarnar vikur. Real keypti Beckham á sínum tíma frá Manchester United á 25 milljónir punda. Hann hefur verið orðaður við fjölda liða í ensku úrvalsdeildinni. - esá

Sænska úrvalsdeildin:

## Liðum fjölgað árið 2008?

**FÓTBOLTI** **Sænska knattspyrnusambandið hefur borið fram tillögu um að liðum í sænsku úrvalsdeildinni verði fjölgað úr fjórtán í sextán árið 2008. Málið hefur verið víða rætt og vill stór meirihluti innan hreyfingarinnar sem fjölgun. Ef af þessu verður mun aðeins eitt lið falla úr úrvalsdeildinni á næsta ári og þrjú koma upp. Eftir það falla tvö neðstu liðin og það þriðja neðsta mun spila aukaleiki við liðið í þriðja sæti í 1. deildinni um laust úrvalsdeildarsæti.**

**Hér á Íslandi hefur sams konar umræða farið lengi fram og hefur KSÍ komið með þá tillögu að leika þrefalda umferð og/eða fjölga liðum úr tíu í tólf – en ekki fyrr en árið 2010.** - esá

Óvenjumargir leikmenn hafa meiðst í spænsku deildinni í vetur og alvarlegum meiðslum fer fjölgandi:

# Þrjátíu og fimm leikmenn eru á sjúkralistanum

**FÓTBOLTI** Tímabilið er rétt byrjað í efstu deildinni á Spáni en þrátt fyrir það eru sjúkralistar margra liða orðnir ansi langir. Hvorki fleiri né færri en þrjátíu og fimm leikmenn hafa meiðst það sem af er tímabilinu.

Algengustu meiðslin eru skaði á liðböndum í hné, ökklameiðsli eru í öðru sæti og þar á eftir koma rifnir vöðvar. Aukin pressa er á læknum félaganna í dag að halda leikmönnum gangandi auk þess sem álagið á leikmenn fer sífellt vaxandi. Þá er sérstaklega átt við leikmenn hjá toppliðunum. Þeir leikmenn spila mikið í Evrópukeppnum og tóku flestir þátt í HM í Þýskalandi í sumar.

Hér á eftir má sjá þau lið sem farið hafa hve verst út úr meiðslum:

VALENCIA
Asier Del Horno (tvo mánuði), David Albelda (tvo mánuði), Ruben Baraja (þrjár vikur), Carlos Marchena (sex mánuði) og Vicente (þrjár vikur).

ATLETICO MADRID
Maxi Rodriguez (sex mánuði), Martin Petrov (sex mánuði) og Miguel Mista (einn mánuð).

DEPORTIVO LA CORUNA
Juan Carlos Valeron (fjóra mánuði), Rodolfo Bodipo (sex mánuði) og Pablo Alvarez (þrjá mánuði).

VILLARREAL
Gonzalo Rodriguez (sex mánuði), Robert Pires (sex mánuði) og Guillermo Franco (ekki vitað).

- dsd


**MAXI RODRIGUEZ** Sleit krossband í leik með Argentínumönnum gegn Spánverjum í byrjun október. NORDIC PHOTOS/GETTY


4

## Málsvari einstaklingsfrelsis

„Sigurður Kári er góður fulltrúi ungs fólks á Alþingi og öflugur málsvari grundvallarsjónarmiða ungra sjálfstæðismanna um einstaklingsfrelsi og lágmarksríkisafskipti."
**Borgar Þór Einarsson, formaður SUS**

**Yfir helmingur borgarbúa er undir 35 ára aldri.**
**Sjálfstæðisflokkurinn þarf ungan og reynslumikinn málsvara sjálfstæðisstefnunnar á þing.**

**Við styðjum Sigurð Kára Kristjánsson, alþingismann í 4. sæti**


Helga Kristín Auðunsdóttir
1. varaformaður SUS


Nanna Kristín Tryggvadóttir
nemi


Baldur Kristjánsson
ljósmyndari


Borgar Þór Einarsson
formaður SUS


Árni Már Þrastarson
nemi


Þorsteinn Davíðsson
lögfræðingur


Selma Björnsdóttir
söng- og leikkona


Dagur Sigurðsson
handknattleiksmaður


Þorvaldur Davíð Kristjánsson
nemi


Elva Dögg Melsteð
framkvæmdastjóri


Kristinn Vilbergsson
forstjóri


Hera Grímsdóttir
ráðgefandi verkfræðingur


Arna Hauksdóttir
doktorsnemi


Ingunn Vilhjálmsdóttir
starfsmannastjóri


Bjarney Sonja Ólafsdóttir
tölvunarfræðingur


Fanney Birna Jónsdóttir
formaður Orators og stjórnarmaður í Heimdalli


Gísli Marteinn Baldursson
borgarfulltrúi


Atli Rafn Björnsson
viðskiptafræðingur og fyrrv. formaður Heimdallar


Einar Bárðarson
framkvæmdastjóri


Heiðrún Lind Marteinsdóttir
laganemi


Atli Rafn Sigurðsson
leikari


Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



**www.sigurdurkari.is**

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október
**Kosningaskrifstofa Sigurðar Kára - Aðalstræti 6**

## > Philip Seymour Hoffman



fæddist þann 23. júlí 1967 í Fairport, New York. Philip er einstaklega hæfileikaríkur leikari og vann Óskarinn sem besti leikari í aðalhlutverki á þessu ári sem Truman Capote í myndinni sem ber það einfalda nafn Capote. Hann leikur í myndinni Owning Mahoney sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó kl. 18 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR VELTIR FYRIR SÉR PLATI OG ALVÖRU

# Góðir fjölmiðlar og vondir

Mamma Ívars Arnar, sem er mikil poppstjarna og kallar sig Dr. Mister, var í viðtali í Mogganum. Um leið og hún sagði „suma" fjölmiðla bera ábyrgð á vafasömu líferni sonar síns og viðhalda því – þá vildi hún meina að sonur hennar væri ekki hann heldur annar. Mamman þykir hafa sýnt fádæma hugrekki að koma svona fram.

Mogginn reit svo leiðara í vikunni þar sem segir: „Fjölmiðlar eru ekki bara leiðslur með stjórnlausu rennsli. Þeir bera ábyrgð en hvernig fara þeir með hana?"

Svo merkilegt þótti Kastljósfólkinu á RÚV þetta viðtal að þeir fengu mömmuna til að endurtaka þessa merkilegu staðreynd á skjánum. Og fylgdu því svo eftir með viðtali við Ívar Örn sem tjáði Kastljósinu að Ívar Örn væri eitt og Dr. Mister væri annað. Sem fyrirmynd er Dr. Mister vond en Ívar Örn kannski ágætur.

Hér á landi eru „sumir" fjölmiðlar í því að níða skóinn af heiðarlegu fólki. Eins og Sirkus og Séð og heyrt að ekki sé nú rætt um DV. Sem hafa allskonar vitleysu eftir fólki. Sem það sagði að vísu en meinti ekkert með því. Og þar kemur einmitt að umræddri ábyrgð og ábyrgðarleysi. Góðir fjölmiðlar eiga að hafa vit fyrir viðmælendum sínum og passa upp á áhorfendur og lesendur. Að ekkert beri nú fyrir augu þeirra sem passar ekki við slétt og fellt yfirborðið. Eins og við viljum hafa það.



En sem betur fer eru nokkrir fjölmiðlar góðir og vara grandalausa borgara eins og mig við þessum óbermum á fjölmiðlamarkaði. Og undirliggjandi er þá staðhæfing þeirra miðla um eigið ágæti – að sjálfir séu þeir góðir. Þá erum við til dæmis að tala um Mogga og Kastljós.

Ef einhver sér mótsögn í þessu, eitthvað bogið – ekki þá skrifa mér póst.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.00** C.S.I: Miami SKJÁREINN



▶ **19.40** Búbbarnir STÖÐ 2



▶ **22.25** Soprano-fjölskyldan SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** KF Nörd SÝN



▶ **19.30** Seinfeld SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Handboltakvöld**

**16.40 Mótorsport**

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknmálsfréttir**

▶ **18.00 Stundin okkar (4:30)**

**18.30 Lína (5:7)**

**18.40 Tea á Geu**

**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.35 Kastljós**

**20.25 Á ókunnri strönd (12:12)**

**21.15 Launráð (100)**

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Soprano-fjölskyldan**

**23.20 Aðþrengdar eiginkonur (38:47)**

**0.05 Kastljós**

**0.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 The Italian Job** (B. börnum)

**8.00 Live From Bagdad 10.00 Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs 12.00 Owning Mahowny**

**14.00 Live From Bagdad 16.00 Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs 18.00 Owning Mahowny**

**20.00 The Italian Job** (Ítalska verkefnið) Ævintýraleg og magnþrungin hasarglæpamynd. Bönnuð börnum.

**22.00 The Matrix Reloaded** (Bönnuð börnum)

**0.15 Monster** (Stranglega bönnuð börnum)

**2.00 Good Thief (Double Down)** (Góði þjófurinn) Bönnuð börnum.

**3.45 The Matrix Reloaded** (B. börnum)

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í fínu formi 2005 9.35 Oprah (113:145)**

**10.20 William and Mary (4:6) 11.10 Whose Line Is it Anyway? 4 11.35 Punk´d (1:16)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours 13.05 Í fínu formi 2005 13.20 My Sweet Fat Valentina 14.05 My Sweet Fat Valentina 14.50 Two and a Half Men (3:24) 15.15 Related (17:18) 16.00 Jimmy Neutron 16.20 Leðurblökumaðurinn 16.40 Ofurhundurinn 17.05 Myrkfælnu draugarnir (19:90) (e) 17.20 Fífí 17.30 Engie Benjy 17.40 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður** Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samtengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Búbbarnir (10:21)** Búbbarnir eru mættir á sjónarsviðið og hafa tekið yfir íslenska fjölmiðla - með látum. Hér eru á ferð fyrstu íslensku brúðugrínþættirnir; taumlaust fjör fyrir alla fjölskylduna.

**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón ▶ Hemma Gunn sem sendur er út í beinni útsendingu frá miðborginni öllu fimmtudagskvöld í vetur, nánar tiltekið frá skemmtistaðnum NASA við Austurvöll.

**21.10 Big Love (9:12)** (Margföld ást) Bill vill halda veislu til að fagna því að Don hefur ákveðið að fá sér fjórðu eiginkonuna. Bill er samt annars hugar því greiðslukortareikningur Nicki er orðinn svimandi hár. Aðalhlutverk: Bill Paxton, Jeanne Tripplehorn, Chloe Sevigny. Bönnuð börnum.

**22.00 Entourage (8:14)** (Viðhengi) Vince fær meðleikkonu sem er fyrrverandi kærasta hans og það á eftir að skapa ansi óþægilegar aðstæður. 2005. Bönnuð börnum.

**22.25 Arrested Development (2:18)** (Tómir asnar) Michael gengur af göflunum yfir framgöngu Cobs á stjórnarfundi sem sjálfur gengur á lagið vegna lagavandræða Michaels. Á meðan er George eldri handtekinn í Mexíkó. 2004.

**22.50 Grey´s Anatomy (8:22)** (Læknalíf)

**23.35 Judge Dredd** (Str. b. börnum)

**1.10 Shield (8:11)** Stranglega bönnuð börnum. **2.00 Return to the Batcave**

**3.30 The Others** (Bönnuð börnum)

**5.10 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.

**6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**

**8.00 Dr. Phil (e)**

**15.40 Bak við tjöldin: The Departed**

**15.55 Love, Inc (e)**

**16.20 Beverly Hills 90210**

**17.05 Dr. Phil**

**18.00 6 til sjö**

**19.00 Melrose Place**

**19.45 Game tíví**

**20.10 The Office**

**20.35 Gegndrepa** Ný, íslensk þáttaröð þar sem 20 einstaklingar berjast til síðasta manns vopnaðir vatnsbyssum og blöðrum. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna. Þessi skemmtilegi leikur byggir á vinsælum netleik.

**21.00 The King of Queens**

**21.30 Sigtið - Ný þáttaröð!** Hann er kominn aftur... Í vor var það „Sigtið með Frímanni Gunnarssyni", en nú er það „Sigtið án Frímanns Gunnarssonar". Eftir að hafa gloprað sjónvarpsþættinum út úr höndunum þarf Frímann nú að finna sér eitthvað nýtt að gera. Hann skrifar bók, setur upp leikrit, passar börn, fer með Listalestinni út um allt land, lendir í ástarsambandi, kennir í Háskólanum, veikist alvarlega (líklega) og margt margt fleira. Hann var vonlaus sjónvarpsmaður, hvernig ▶ mun hann standa sig á öðrum sviðum?

**22.00 C.S.I: Miami** Bandarísk sakamálasería um Horatio Crane og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Dæmdur barnaníðingur er myrtur og sönnunargögnin benda til þess að Alexx sé morðinginn. Hún er ekki sú eina sem var illa við manninn og CSI-gengið verður að finna rétta morðingjann til að sanna sakleysi starfssystur sinnar.

**22.55 Jay Leno**

**23.40 America's Next Top Model VI (e)** Bandarísk raunveruleikasería.

**0.35 2006 World Pool Masters (e)** Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar.

**1.25 Beverly Hills 90210 (e)**

**2.10 Melrose Place (e)**

**2.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld**

**20.00 Entertainment Tonight**

**20.30 The War at Home** (Snow Job)

**21.00 Hell´s Kitchen** Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsey er kominn aftur með aðra seríuna af Hell/s Kitchen.

**22.00 Chappelle/s Show** Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft.

**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun!

**23.15 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli.

**23.40 Vanished (e)** Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur ▶ hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug. En þegar þau hjón fara í veislu til heiðurs Söru gerast atburðir sem enginn gat séð fyri og Sara hverfur sporlaust.

**0.25 Ghost Whisperer (e)** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu.

**1.10 Seinfeld (e)**

**1.35 Entertainment Tonight (e)**

**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin (e)**

**14.00 Inter Milan - Livorno (e)** frá 25.10

**16.00 Tottenham - West Ham** frá 22.10

**18.00 Reading - Arsenal (e)** frá 22.10

**20.00 Liðið mitt (b)** Böðvar Bergs og gestir í beinni útsendingu.

**21.00 Chelsea - Portsmouth (e)** frá 21.10

**23.00 Liðið mitt (e)** Fótboltaspjall í beinni. Böddi Bergs og gestir.

**00.00 AC Milan - Palermo (e)** frá 22.10

**02.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

### Í SJÖUNDA HIMNI MEÐ HEMMA GUNN



Aðalgestir Hemma Gunn í skemmtiþættinum Í sjöunda himni með Hemma Gunn verða Bubbi Morthens og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir í sínu fyrsta viðtali saman, þar sem þau munu ræða um ástina og nýja lífið sem þau eru að hefja saman fjarri skarkala höfuðborgarinnar í Kjósinni. Idol-stjarnan Bríet Sunna er um þessar mundir að gefa út sína fyrstu sólóplötu og þar er að finna dúett sem hún syngur með Jónsa úr Í svörtum fötum. Þau taka lagið í fyrsta sinn opinberlega hjá Hemma Gunn. Sjálfur Gísli Súrsson mætir á svæðið í öllum sínum herklæðum, Hemmi Gunn hittir hinn 5 ára gamla alnafna sinn Hemma Gunn og drengirnir úr hinni stórefnilegu hljómsveit Mammút endurnýja gömul kynni sín við Hemma. Í sjöunda himni með Hemma Gunn er sendur út í beinni útsendingu úr hjarta borgarinnar frá NASA við Austurvöll.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### DESPERATE HOUSEWIVES

### Á RÚV KL. 23.25

Það er alltaf eitthvað að gerast á Wysteria Lane sem er sögustaður þessarar vinsælu þáttaraðar. Susan, Bree, Gabrielle og Edie eru alltaf að grúska í annarra manna málum og spurning upp á hverju þær taka í kvöld. Þættirnir eru án efa meðal þeirra vinsælustu í heimi í augnablikinu og er það engin furða þar sem þeir eru einstaklega frumlegir og skemmtilegir. Með aðalhlutverk fara Teri Hatcher, Felicity Huffman, Eva Longoria og Marcia Cross.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Tónlistarkvöld Útvarpsins
**20.05** Í siglingu með Húna II
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Diskópakk
**23.18** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.30 US PGA í nærmynd** Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
**19.00 Pro bull riding** (St. Louis, MO - Enterprise Rent-A-Car Classic) Þarna eru atvinnumenn á ferðinni sem náð hafa mikilli færni í því að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.
**20.00 Veitt með vinum** (Laxá Aðaldalur, Árnes) Veitt með vinum eru vandaðir veiðiþættir í umsjón Karl Lúðvíkssonar.
**20.30 Skólahreysti 2006** (Undankeppni 1) Samantekt frá skólahreysti 2006. 45 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu keppa í Skólahreysti. Keppt er í upphífingum armbeygjum, dýfu, fitnessgreip og hraðbraut. Hvert lið samanstendur af tveimur strákum og tveimur stelpum úr 9. og 10. bekk.
**21.15 KF Nörd (9:15)** (KF Nörd) Þættirnir um knattspyrnufélagið Nörd hafa slegið í gegn hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndunum. Hversu mikilli færni geta Nördarnir náð upp í knattspyrnunni á örfáum mánuðum?
**22.00 Sterkasti maður í heimi 1985** (World´s Strongest Man 1985)
**23.00 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.
**23.30 KB banka mótaröðin í golfi 200** (Icelandair mótið) Þáttur um Icelandairmótið í golfi sem var þriðja mót sumarsins á KB bankamótaröðinni. Mótið fór fram á Hólmsvelli í Leiru í lok júní. Þar fór Íslandsmótið fram í fyrra og sigruðu þá þau Heiðar Davíð Bragason GKJ og Ragnhildur Sigurðardóttir GR.

## DR 1

**12.20** Søren Ryge - Min sommerferie **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Liga DK **15.00** Frikvarter **15.20** Candy Floss 2006 **15.35** Lovens vogtere **16.00** Fandango - med Chapper **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **16.55** Dagens Danmark **17.25** TV Avisen **17.30** Rabatten **18.00** Danmark Ekspeditionen **18.30** Musik for Folket - hundrede år med Nordisk Film **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Nutty Professor II: Familien Klump **21.45** Det ægte par **22.15** Ørnen **23.10** Liga DK

## NRK1

**12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Ian tar regien **13.30** Zombie hotell **14.00** Siste nytt **14.03** Nødlanding **14.30** Dunder **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Gnottene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Livet på kjøpesenteret **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Örnen **20.30** Etaten **21.00** Kveldsnytt **21.10** Kulturnytt **21.15** Urix **21.45** Presidenten **22.25** Blackpool

## SVT 1

**12.55** Anslagstavlan **13.00** Mitt i naturen **13.30** Packat & klart **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Max och Ruby **16.30** Expedition vildmark **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Tinas kök **18.30** Söderlund & Bie **19.00** Med Vesuvius som granne **20.00** Ubåt 137 på grund **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** Uppdrag Granskning **22.40** Entourage **23.10** Mannen från U.N.C.L.E.



**HRÓSIÐ ...**



*...fær Einar Kárason fyrir að leggja Árna Johnsen lið á næstu plötu.*

# Skrifar ævisögu Hannesar Hólmsteins

„Þetta er hugsað sem jólagjöfin frá Nýhil í ár," segir Óttar Martin Norðfjörð, höfundur bókarinnar Hannes – Nóttin er blá, mamma. Um er að ræða fyrsta bindi af þremur um ævi Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors í stjórnmálafræði, og lýsir uppvexti hans og unglingsárum. „Hin ritin tvö koma til með að heita Hólmsteinn og Gissurarson," segir Óttar.

Bókin, sem telur reyndar ekki nema tvær blaðsíður, var ekki skrifuð í samráði við titilpersónuna en hugmyndina fékk Óttar eftir að Hannes Hólmsteinn skrifaði ævisögu Halldórs Laxness í þremur bindum.

„Þá kom greinilega í ljós að í frjálsu þjóðfélagi er hægt að skrifa ævisögu um hvern sem er, jafnvel í óþökk viðfangsefnisins og nánustu aðstandenda þess, án þess að fá skammir fyrir. Mér fannst því gráupplagt að vera fyrstur allra til að skrifa ævisögu Hannesar." Forlagið Nýhil gefur ritið út og ætlar ekki að selja það heldur gefa.

Áður hefur Óttar gefið út ljóðabækur og skáldsöguna Barnagælur, sem kom út í fyrra, auk þess sem hann stýrir menningarriti DV. Fyrir ævisögu Hannesar leitaði hann fanga á leitarsíðunni Google og heimasíðu stjórnmálafræðingsins, sem nú búið er að leggja niður. „Ég fékk hugmyndina að bókinni fyrir þremur árum og var þá svo kænn að prenta heimasíðuna hans út og styðst því við heimildir sem ekki eru lengur aðgengilegar," segir Óttar, sem býst við að Hólmsteinn og Gissurarson komi út jólin 2007 og 2008.

**- bs**



**ÓTTAR MARTIN** Fékk hugmyndina að ævisögu Hannesar fyrir þremur árum.





**LÁRÉTT**
**2** ofneysla **6** ónefndur **8** upphrópun **9** for **11** sem **12** óbundið, laust mál **14** labba **16** skóli **17** fiskur **18** tímabils **20** bor **21** leikni.
**LÓÐRÉTT**
**1** betl **3** hvað **4** ógæfu **5** fley **7** nirfill **10** sefa **13** rá **15** heila **16** tal **19** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** óhóf, **6** nn, **8** aha, **9** aur, **11** er, **12** prósi, **14** lalla, **16** ma, **17** áll, **18** árs, **20** al, **21** list. **LÓÐRÉTT: 1** snap, **3** ha, **4** óheilla, **5** far, **7** nurlari, **10** róa, **13** slá, **15** alla, **16** mál, **19** ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Halldór Ásgrímsson.
2. Nokkrar notalegar ábreiður.
3. Egill Ólafsson.

allt tilboð
Alla föstudaga

EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON: SAMDI ÞAKKARÓÐ TIL BÓ Á NÝRRI PLÖTU

# Stórsöngvarinn klökkur yfir framtakinu

„Hinn eini sanni Bo er náttúrlega sterkur titill," útskýrir Eyjólfur Kristjánsson sem samdi þakkaróð til stórsöngvarans Björgvins Halldórssonar fyrir nýju plötuna sína og Stefáns Hilmarssonar, Nokkrar notalegar ábreiður. Eyjólfur er mikill aðdáandi Björgvins, eins og gefur að skilja, og fannst því tilvalið að þakka honum fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar með viðeigandi hætti, með dægurlagi. „Björgvin á stóran þátt í því að ég ákvað að gerast tónlistarmaður," heldur Eyjólfur áfram en viðurkenndi að hann héldi að Björgvin vissi ekki einu sinni af þessari textasmíð. Söngvarinn vildi hins vegar ekki meina að lagið væri tákn um að ferill Björgvins væri kominn að ákveðinni endastöð. „Nei, Björgvin á nóg eftir, eins og kemur reyndar fram í textanum," lýsir Eyjólfur yfir.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Björgvin var hann fastur inni í upptökuveri við að leggja lokahönd á mynddisk með tónleikum sínum í Laugardalshöll. Björgvin kom af fjöllum þegar Fréttablaðið bar lagið undir hann og sagðist ekki hafa haft hugmynd um lagið. „Þeir hafa verið þöglir sem gröfin en þetta er mjög sniðugt af þeim, ég er bara klökkur," sagði Björgvin þegar blaðamaðurinn hafði leyft honum að hlusta á bút úr laginu í gegnum síma. „Ég þekki reyndar lagið, þetta er eftir David Gates úr Bread, algjör klassík," bætir Björgvin við.

Bæði Stefán Hilmarsson og Eyjólfur komu fram með Björgvin á tónleikunum í Laugardalshöll og kom það því stórsöngvaranum á óvart að hafa ekki heyrt um lagið fyrr. Björgvin útilokaði ekki að semja lag handa þeim Eyfa og Stefáni og slíkt gæti jafnvel verið að finna á næstu plötu. Honum fannst þetta hins vegar ekki vera neinn kveðjusöngur fyrir sig og sinn feril. „Ég verð fastur inni í hljóðveri í allan vetur enda með þrjá diska í burðarliðnum. Ég er hvergi nærri hættur heldur loksins að byrja því núna finnst mér ég loksins kunna þetta."



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Segir Björgvin eiga stóran þátt í því að hann ákvað að gerast tónlistarmaður.



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON Er hvergi af baki dottinn enda með þrjá diska í burðarliðnum.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lögmaðurinn **Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson** fagnaði 35 ára afmæli sínu um síðustu helgi. Blásið var til veglegrar veislu á heimili unnustu Vilhjálms, **Önnu Lilju Johansen,** á Laufásvegi og ekkert var til sparað í veigum og veitingum fyrir gesti. Plötusnúðurinn **Jóhann Bjarni Kolbeinsson** af Café Óliver hélt uppi stuðinu og meðal ræðumanna var stjörnulögmaðurinn **Sveinn Andri Sveinsson,** samstarfsmaður afmælisbarnsins.



**Karl Pétur Jónsson,** fyrrum fulltrúi forstjóra 365, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Auk þess að stunda MBA-nám við Háskólann í Reykjavík æfir Karl Pétur stíft fyrir New York-maraþonið sem hann ætlar að hlaupa í næsta mánuði. Þetta er í fyrsta skiptið sem Karl hleypur heilt maraþon en hann mun vera afar vel undirbúinn. Auk hefðbundinna æfinga tók hann líka vel á því í flutningum fyrir skemmstu en Karl og eiginkona hans, **Guðrún Tinna Ólafsdóttir** (Ragnars Grímssonar), eru flutt inn í æskuheimili hennar á Seltjarnarnesi.



Íslenska útrásin tekur sífellt á sig undarlegri myndir. Glitnir hefur nú ákveðið að gerast aðalstyrktaraðili Kaupmannahafnarmaraþonsins sem haldið verður þar í borg í maí á næsta ári. Skýring þessa liggur í aukinni sókn bankans á danska markaðinn en ekki skemmir fyrir að **Bjarni Ármannsson,** forstjóri Glitnis, er mikill áhugamaður um maraþonhlaup og er sífellt að bæta sig sem hlaupari. Telja má öruggt að hann verði meðal fjölda íslenskra hlaupara í Köben á næsta ári.



**-hdm**




# Útrýmingarsala og hvaladagar

Samkvæmt skilti í glugga verslunarinnar Rúm og sófi í Borgartúni stendur nú yfir útrýmingarsala þar á bæ. Svavar Guðmundsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar, sagðist ekki hafa miklar áhyggjur af því að útrýmingin færi öfug ofan í fólk. „Við erum bara að útrýma vörunum og höfum svoleiðis mokað þeim út þennan mánuð sem útrýmingarsalan hefur staðið yfir. Það er gaman að snúa þessu aðeins við," sagði hann. Svavar segir aðstandendur búðarinnar leggja metnað sinn í að gera öðruvísi auglýsingar. „Nú standa líka yfir hvalveiðidagar í búðinni og þeir munu halda áfram næstu vikurnar. Þá fá þau sjötíu prósent þjóðarinnar sem eru hlynnt hvalveiðum sjötíu prósenta afslátt á vörunum okkar. Hvalveiðiandstæðingar eru hins vegar tíu prósent þjóðarinnar, og fá þess vegna tíu prósenta afslátt," útskýrði Svavar.




**ÚTRÝMINGARSALA Á SÓFUM OG RÚMUM** Verslunarstjóri segir árangur auglýsinga Rúm og sófa hafa verið framar vonum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Þó að fólk hafi brugðist misjafnlega við auglýsingunum segist Svavar ennþá tilbúinn til að fara ótroðnar slóðir. „Fólk kemur hérna við og hringir í okkur af því að því finnst þetta skemmtilegt. Viðbrögðin hafa í raun verið langt umfram væntingar okkar. Svo stendur líka stórum stöfum utan á búðinni „we are crazy"," sagði Svavar, og ætti fólk því ekki að vera hissa á öðruvísi auglýsingaherferðum Rúm og sófa.

**-sun**

# Kuldakast
# ÁLFELGUR OG DEKK!

## Samsettir gangar á dúndurverði
## 95.900 kr. (fullt verð ~~128.990~~ kr.)

**Toyota Land Crusier 90**



16x7 álfelga fyrir Land Crusier 90 og Chaparral 32" dekk



16x8 Dick Cepek-álfelgur og Chaparral 32" dekk

**Toyota Hilux og Toyota Hiace**



16x7 Dick Cepek-álfelgur fyrir Hilux og Hiace og Chaparral 32" dekk

**Jeppa- og vélsleðagalli kr. 18.600**



*Gallinn er úr **slitsterku** næloni og er allur fóðraður að innan með hlýju vatteruðu lagi og auk þess er rakalag. Allir saumar eru límdir.*

**Dick Cepek-álfelgur margar stærðir**



**TILBOÐSVERÐ frá kr. 13.700 stk.**

**Margar gerðir**



*Margar gerðir af **kuldahönskum** fyrir jeppa- og útivistarfólk. Verð frá **kr. 1.990***

**TILBOÐ – 15% verðlækkun**



***Loftdæla** er nauðsynlegur búnaður. Margar gerðir. Verð frá **kr. 4.165***

06-0049 KC

ARCTIC TRUCKS®

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**DR. GUNNA**

## *Nafli alheimsins*

Við Íslendingar erum rosalega uppteknir af því að bera okkur saman við aðrar þjóðir og kunn er tilhneiging okkar til að vilja skora hátt á ýmsum listum, oftar en ekki „miðað við höfðatölu“. Þannig séð erum við bara eins og til dæmis Súðvíkingar sem eru rígmontnir af sínu plássi og finnst allt á Ísafirði hálf slappt. Ísland er fullt af krummaskuðum sem þykjast nafli Íslands og samanlagt erum við krummaskuð sem þykist nafli alheimsins. Því finnst okkur nánast minnkun í því að vinna á smáþjóðarleikunum en flott ef við mjökumst aðeins upp lista bestu knattspyrnuþjóða í heimi. Við berum okkur bara saman við þá bestu.

**ÞÓTT** við næðum 300.000 manns á dögunum erum við ennþá bara í 178. sæti yfir stærstu þjóðir heims. Þessi staðreynd er auðvitað reiðarslag og ámóta mikið spark í pung þjóðarstoltsins og þegar kom upp úr kafinu að handbolti er í 126. sæti yfir vinsælustu íþróttagreinar heimsins, einu sæti á eftir mexíkósku hanaati. Alls konar lúseraþjóðir eru fjölmennari en við. Til dæmis Vestur-Sahara, sem er einn stór sandkassi og ekki fræg fyrir annað en að þangað eru í boði dagsferðir frá Kanaríeyjum; Lúxemborg er miklu fjölmennari en Ísland, en það eina merkilega þar eru vinsældir íslensku söngkonunnar Þórunnar; og Möltumenn eru hundrað þúsund hræðum fleiri en við. Samt er Maltasúkkulaði það eina merkilega við Möltu og Harrison Ford hefur örugglega aldrei komið þangað.

**BEST** væri því ef við einbeitum okkur að þessum 52 löndum sem eru fámennari en við. Ef við berum okkum sífellt saman við þau getum við örugglega haldið brjóstkössunum þöndum. Fyrir neðan okkur á listanum eru upp til hópa aðrar einmanalegar eyjar en ólíkt Íslandi eru þær snauðar af ólgandi krafti og glæsilegri menningu. Eiga Barbadosar til dæmis einhvern sem er jafn frægur og Björk? Er einhver Kári Stefánsson að gera góða hluti á Samóaeyjum? Er stórfengleg útrás í gangi hjá hlutabréfaliðinu á Tonga? Nei! Við skörum fram úr þessum dvergum í öllu tilliti! Íslandi allt!

**EINU** sinni fór ég til útlanda í miðju „fjölmiðlafrumvarpsmálinu“, sem hafði skekið þjóðfélagið vikum saman. Það var ótrúlegt að vera þar sem enginn minntist einu orði á það mál eftir allan hamaganginn. Þá uppgötvaði ég nauðsyn þess að komast úr sveittri naflalónni. Í naflanum er nefnilega oftar en ekki óþefur.





**Hver þarf Bangkok þegar við höfum Hverfisgötuna?**

Mig langaði út. Til útlanda. Langt í burtu – Bangkok eða eitthvað. En kærastinn var með betri hugmynd. Kíkjum á Hverfisgötuna! „Til hvers?“ spurði ég. „Bara. Gaman,“ sagði hann. Og svo skelltum við okkur í bæinn. Gripum tækifærið. Það var æði. Allt sem ég þurfti.

**gríptu augnablikið og lifðu núna**

vodafone

Sigríður Andersen

5-7. SÆTI

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík, 27. og 28. október.

www.sigridurandersen.is

Einfaldar og skýrar reglur styrkja réttarríkið og auðvelda löggæslu.

Kosningaskrifstofa stuðningsmanna Sigríðar Andersen er í Landssímahúsinu við Austurvöll.
Síminn er 561 4567. Alltaf heitt á könnunni.

